

Stjórnartíðindi

1947 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. 6, 9, og 253.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1947

A-DEILD



REYKJAVÍK 1947
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

Efnisyfirlit.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	1. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um mennta- skóla	1
2	31. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um inn- flutning og gjaldeyrismeðferð	1—2
3	S. d.	Lög um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki	2
4	S. d.	Lög um viðauka við lög nr. 95 23. júní 1936, um heim- ilisfang	3
5	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um ald- urshámark opinberra embættis- og starfsmanna	3
6	4. febr.	Forsetaúrskurður um skipun og skiptingu starfa ráð- herra o. fl.	4—5
7	12. febr.	Lög um héraðsskjalasöfn	5—6
8	S. d.	Lög um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn	6—8
9	14. febr.	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1947	8
10	28. febr.	Forsetaúrskurður um breyting á forsetaúrskurði frá 4. febrúar 1947, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.	9
11	S. d.	Lög um tilraunastöð háskólans í meinafræði	9—10
12	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipu- lag á fólksflutningum með bifreiðum	10
13	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 45 7. maí 1946, um heitu- mál	11
14	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 93 28. desember 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947	11
15	12. marz	Forsetabréf um heimild íslenskra ríkisborgara til að bera erlend heiðursmerki	12
16	S. d.	Lög um menntun kennara	12—20
17	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 69 7. sept. 1943, um breyt- ing á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkis- ins á tóbaki	20
18	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um líf- eyrissjóð hjúkrunarkvenna	20—21

IV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
19	12. marz	Lög um tekjuskattsviðauka árið 1947	21
20	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 33 1. febrúar 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, og á lögum nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga	22
46	15. marz	Auglýsing um leiðbeiningabók fyrir starfsmenn utan-rikisráðuneytisins	174
21	28. marz	Lög um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936	23
22	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis	23—24
23	S. d.	Lög um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17. 19. júní 1933	24—25
24	31. marz	Lög um breyting á lögum nr. 93 28. des. 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947	25
25	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkis-sjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna	26
45	2. apríl	Auglýsing um staðfestingu flugsamninga	150—174
29	9. apríl	Lög um vernd barna og ungmenna	29—39
47	10. apríl	Auglýsing um samning um norrænt póstsamband ..	175—183
26	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af inn-lendum tollvörutegundum	27
27	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 84/1932, um bifreiða-skatt o. fl.	27—28
28	S. d.	Lög um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947 ..	28—29
30	22. apríl	Lög um að tryggja manneldisgildi hveitis	39—40
31	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 4 27. jan. 1943, um dýra-lækna	40
32	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur	41
33	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gríms-neshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg	41
34	S. d.	Vegalög	42—57
48	28. apríl	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	183
35	1. maí	Fjárlög fyrir árið 1947	57—126
36	S. d.	Lög um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946	126
37	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dal-víkurhreppi jörðina Böggvisstaði	127
38	S. d.	Lög um skipulag og hýsingu prestssetra	127—132
39	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafs-fjarðarhreppi jörðina Hringverskot í Ólafsfirði	132
40	6. maí	Lög um breyting á lögum nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans	133
41	9. maí	Lög um breyting á lögum nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði	133
42	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um at-vinnu við siglingar á íslenskum skipum	134

V

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
43	9. maí	Lög um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.	134—140
44	S. d.	Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra	141—149
54	12. maí	Auglýsing um fullgildingu alþjóða póstmálasamninga	187
55	S. d.	Auglýsing um þátttöku í alþjóða hvalveiðisamningum	188
49	17. maí	Lög um viðauka við lög nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir	184
50	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði	184—185
51	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar sildarverksmiðjur	185
52	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 22 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun váttryggingarfélags fyrir fiskiskip	185—186
53	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir ..	186—187
56	S. d.	Auglýsing um staðfestingu Íslands á stofnskrá alþjóða flóttamannastofnunar hinna sameinuðu þjóða	188
57	24. maí	Lög um bæjarstjórn á Sauðárkróki	189—192
58	S. d.	Lög um Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu	192—194
59	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör	194
60	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 47 7. maí 1946, um sildarniðursuðuverksmiðju ríkisins	195
97	S. d.	Bréf handhafa valds forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, um þinglausnir	321
61	31. maí	Lög um váttryggingarlög fyrir fiskiskip	195—204
62	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar	205
63	S. d.	Lög um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur	205—208
64	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur	208
65	S. d.	Lög um viðauka við og breytingar á lögum nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar	209
66	S. d.	Lög um Ræktunarsjóð Íslands	210—212
67	5. júní	Lög um eignakönnun	213—223
68	S. d.	Lög um eftirlit með skipum	224—242
69	S. d.	Lög um breytingar á lögum nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarékt og loðdýralánadeild, og lögum nr. 94 14. maí 1940, um breytingar á þeim lögum	243—245
70	S. d.	Lög um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlags- eftirlit	245—250
71	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.	250—253
72	S. d.	Lög um innkaupastofnun ríkisins	254

VI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
73	5. júní	Lög um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt	255
74	S. d.	Lög um inngöngu Íslands í Bernarsambandið	255—256
75	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.	256—257
76	S. d.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands	257
77	S. d.	Lög um félagsheimili	257—259
78	S. d.	Lög um fyrningarsjóð ríkisins	260
79	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar sildarverksmiðjur	261
80	S. d.	Framfærslulög	261—274
81	S. d.	Lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum	274—276
82	S. d.	Lög um matsveina- og veitingaþjónaskóla	277—278
83	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 29 frá 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám undanfarins dóms eða sáttar ..	278
84	S. d.	Lög um veiting ríkisborgararéttar	279—280
85	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús	280—281
86	S. d.	Lög um þjóðleikhús	281—283
87	S. d.	Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna	283—286
88	S. d.	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1943	286—287
89	S. d.	Lög um fiskimálasjóð	287—289
90	S. d.	Lög um afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarþifreiðar	289
91	S. d.	Fjáraukalög fyrir árið 1943	290—300
92	S. d.	Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins	301
93	S. d.	Lög um aðstoð til vatnsveitna	301—303
94	S. d.	Lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.	303—312
95	S. d.	Lög um lögræði	312—320
96	S. d.	Lög um embættisbústaði dómara	320
98	14. júní	Auglýsing um, að forseti Íslands sé kominn heim og hafi aftur tekið við stjórnarstörfum	321
99	26. júní	Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar	321—324
100	28. júní	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Frakklands	324
101	S. d.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Bretlands um afnám vegabréfsáritana	325
102	8. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla	325
103	S. d.	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 67 1947, um eignakönnun	326
104	30. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum	327

VII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
105	3. sept.	Bráðabirgðalög um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri	328—329
106	S. d.	Bráðabirgðalög um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928	329
107	19. sept.	Forsetabréf um, að reglulegt Alþingi 1947 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 1. október 1947 ..	330
108	S. d.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám	330
109	S. d.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla	331
110	S. d.	Auglýsing um inngöngu Íslands í Bernarsambandið ..	331—339
111	30. sept.	Tilskipun um, að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Sviss	339—340
112	S. d.	Lög um loðdýrarékt	340—344
113	13. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar	344
134	S. d.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 47 frá 30. júní 1942	368—370
114	27. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum	345
115	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 28 frá 14. apríl 1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947	345
116	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum	346
117	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla	346
118	8. des.	Lög um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat	347
131	20. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	366
119	22. des.	Lög um viðauka við lög nr. 67 1947, um eignakönnun	347
120	S. d.	Lög um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma	348
121	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka	348—349
122	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla	349
123	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám	349
124	S. d.	Lög um dýralækna	350—352
125	S. d.	Lög um bráðabirgðagreiðslur á árinu 1948	353
126	S. d.	Lög um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar	353—354
132	24. des.	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Belgíu	366

VIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
127	29. des.	Lög um breyting á lögum um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur, nr. 85 frá 9. okt. 1946	354—355
128	S. d.	Lög um dýrtíðarráðstafanir	355—364
129	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna	365
130	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1948	365
133	31. des.	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir	367

Yfirlit

eftir stafrófsröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Aldurshámark.			
5	31. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna ..	3
Almannatryggingar.			
126	22. des.	Lög um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar	353—354
Alþingi.			
9	14. febr.	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1947	8
22	28. marz	Lög um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis	23—24
97	24. maí	Bréf handhafa valds forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, um þinglausnir	321
107	19. sept.	Forsetabréf um, að reglulegt Alþingi 1947 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 1. október 1947 ..	330
131	20. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis	366
Bankamál.			
102	8. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla	325
106	3. sept.	Bráðabirgðalög um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928	329
117	27. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla	346
Barnavernd.			
29	9. apríl	Lög um vernd barna og ungmenna	29—39
Beitumál.			
13	28. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 45 7. maí 1946, um beitu- mál	11
Bernarsambandið.			
74	5. júní	Lög um inngöngu Íslands í Bernarsambandið	255—256
110	19. sept.	Auglýsing um inngöngu Íslands í Bernarsambandið ..	331—339

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
Bifreiðar, fólksflutningar.			
12	28. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum	10
27	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl.	27—28
90	5. júní	Lög um afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarbifreiðar ..	289
Bráðabirgðafjárgreiðslur.			
14	28. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 93 28. desember 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947	11
24	31. marz	Lög um breyting á lögum nr. 93 28. desember 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947	25
125	22. des.	Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1948	353
Brúargerðir.			
53	17. maí	Lög um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir	186—187
Byggðasöfn.			
8	12. febr.	Lög um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn Böggvisstaðir, sjá jarðasala.	6—8
Dómarabústaðir.			
96	5. júní	Lög um embættisbústaði dómara	320
Dýralækna.			
31	22. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna	40
124	22. des.	Lög um dýralækna	350—352
Dýrtíðarmál.			
25	31. marz	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna	26
128	29. des.	Lög um dýrtíðarráðstafanir	355—364
129	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna	365
133	31. des.	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir	367
Egilsstaðakaupún.			
58	24. maí	Lög um Egilsstaðakaupún í Suður-Múlasýslu	192—194
Eignakönnun.			
67	5. júní	Lög um eignakönnun	213—223

XI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
103	8. júlí	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 67 1947, um eignakönnun	326
119	22. des.	Lög um viðauka við lög nr. 67 1947, um eignakönnun	347
Embættismenn.			
5	31. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna ..	3
96	5. júní	Lög um embættisbústaði dómara	320
Félagsheimili.			
77	S. d.	Lög um félagsheimili	257—259
Ferðaskrifstofa.			
20	12. marz	Lög um breyting á lögum nr. 33 1. febrúar 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, og á lögum nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.	22
Fiskimálasjóður.			
89	5. júní	Lög um fiskimálasjód	287—289
Fjárhagsráð.			
70	S. d.	Lög um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlags- eftirlit	245—250
Fjárlög, fjáraukalög.			
14	28. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 93 28. desember 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947	11
24	31. marz	Lög um breyting á lögum nr. 93 28. desember 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947	25
35	1. maí	Fjárlög fyrir árið 1947	57—126
91	5. júní	Fjáraukalög fyrir árið 1943	290—300
125	22. des.	Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1948	353
Flugmál.			
45	2. apríl	Auglýsing um staðfestingu flugsamninga	150—174
49	17. maí	Lög um viðauka við lög nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir	184
65	31. maí	Lög um viðauka við og breytingar á lögum nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar	209
Fóðurvörur, sjá landbúnaður.			
Fólksflutningar.			
12	28. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum	10
90	5. júní	Lög um afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarbifreiðar ..	289

XII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Fornminjar.	
8	12. febr.	Lög um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn	6—8
		Forsetaúrskurðir, forsetabréf.	
6	4. febr.	Forsetaúrskurður um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.	4—5
10	28. febr.	Forsetaúrskurður um breytingu á forsetaúrskurði frá 4. febrúar 1947, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.	9
15	12. marz	Forsetabréf um heimild íslenzkra ríkisborgara til að bera erlend heiðursmerki	12
80	5. júní	Framfærslulög	261—274
		Fyrningarsjóður.	
78	S. d.	Lög um fyrningarsjóð ríkisins	260
		Gagnfræðanám.	
108	19. sept.	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám	330
123	22. des.	Lög um breytingu á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám	349
		Gjaldeyrismál.	
2	31. jan.	Lög um breytingu á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð	1—2
105	3. sept.	Bráðabirgðalög um útflutning og innflutning á íslenzkum og erlendum gjaldeyri	328—329
		Hafnargerðir og landingarbætur.	
32	22. apríl	Lög um breytingu á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur	41
64	31. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur	208
		Háskólinn.	
11	28. febr.	Lög um tilraunastöð háskólans í meinafræði	9—10
21	28. marz	Lög um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936	23
40	6. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans	133
134	S. d.	Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 47 frá 30. júní 1942	368—370
		Heiðursmerki.	
15	12. marz	Forsetabréf um heimild íslenzkra ríkisborgara til að bera erlend heiðursmerki	12

XIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Heilbrigðismál.	
30	22. apríl	Lög um að tryggja manneldisgildi hveitis	39—40
		Heimilisfang.	
4	31. jan.	Lög um viðauka við lög nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang	3
		Héraðsskjalasöfn.	
7	12. febr.	Lög um héraðsskjalasöfn	5—6
		Hjúkrunarkonur.	
18	12. marz	Lög um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lifeyrissjóð hjúkrunarkvenna	20—21
		Hreppstjórar.	
75	5. júní	Lög um breyting á lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur o. fl.	256—257
		Hringverskot, sjá jarðasala.	
		Hvalveiðar.	
55	12. maí	Auglýsing um þátttöku í alþjóða hvalveiðisamningum Hveiti, sjá heilbrigðismál. Innflutningur, sjá verzlun.	188
		Innkaupastofnun.	
72	5. júní	Lög um innkaupastofnun ríkisins	254
		Jarðasala.	
33	22. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímshreppi kirkjufjörðina Stóru-Borg	41
37	1. maí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi fjörðina Böggvisstaði	127
39	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafsfjarðarhreppi fjörðina Hringverskot í Ólafsfirði	132
		Kennarar.	
16	12. marz	Lög um menntun kennara	12—20
		Kirkjujarðasala, sjá jarðasala.	
		Krónuseðlar.	
102	8. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla	325
117	27. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla	346

XIV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
Landbúnaður.			
31	22. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna	40
44	9. maí	Lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjár sjúkdóma og útrýmingu þeirra	141—149
63	31. maí	Lög um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fódurvörur	205—208
66	S. d.	Lög um ræktunarsjóð Íslands	210—212
94	5. júní	Lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.	303—312
104	30. júlí	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum	327
113	13. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar	344
114	27. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum	345
116	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum	346
118	8. des.	Lög um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat	347
124	22. des.	Lög um dýralækna	350—352
Launamál.			
75	5. júní	Lög um breyting á lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur o. fl.	256—257
Leiðbeiningabók.			
46	15. marz	Auglýsing um leiðbeiningabók fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins	174
Lífeyrissjóður.			
18	12. marz	Lög um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna	20—21
Ljósmaðralög.			
23	28. marz	Lög um breyting á ljósmaðralögum, nr. 17 19. júní 1933	24—25
Loðdýrarækt.			
69	5. júní	Lög um breytingar á lögum nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og lögum nr. 94 14. maí 1940, um breytingar á þeim lögum	243—245
112	30. sept.	Lög um loðdýrarækt	340—344
Lögræði.			
95	5. júní	Lög um lögræði	312—320

XV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
Lögtak.			
83	5. júní	Lög um breyting á lögum nr. 29 frá 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám undanfarins dóms eða sáttar ..	278
Matsveinar.			
82	S. d.	Lög um Matsveina og veitingaþjónaskóla	277—278
Meinafræði.			
11	28. febr.	Lög um tilraunastöð háskólans í meinafræði	9—10
Menntaskólar.			
1	1. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla	1
109	19. sept.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla	331
122	22. des.	Lög um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla	349
Milliríkjasamningar.			
45	2. apríl	Auglýsing um staðfestingu flugsamninga	150—174
47	10. apríl	Auglýsing um samning um norrænt póstsamband	175—183
54	12. maí	Auglýsing um fullgildingu alþjóða póstmálasamninga	187
55	S. d.	Auglýsing um þátttöku í alþjóða hvalveiðisamningum	188
56	17. maí	Auglýsing um staðfestingu Íslands á stofnskrá alþjóða flóttamannastofnunar hinna sameinuðu þjóða	188
74	5. júní	Lög um inngöngu Íslands í Bernarsambandið	255—256
99	26. júní	Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Svíþjóðar	321—324
100	28. júní	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Frakklands	324
101	S. d.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Bretlands um afnám vegabréfsáritana	325
110	19. sept.	Auglýsing um inngöngu Íslands í Bernarsambandið ..	331—339
111	30. sept.	Tilskipun um, að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Sviss	339—340
132	24. des.	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Belgíu	366
127	29. des.	Lög um breyting á lögum um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur, nr. 85 frá 9. okt. 1946	354—355
Óskilgetin börn.			
87	5. júní	Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna	283—286
Póstmál.			
47	10. apríl	Auglýsing um samning um norrænt póstsamband	175—183
Prestssetur.			
38	1. maí	Lög um skipulag og hýsingu prestssetra	127—132

XVI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Rafmagn.	
36	1. maí	Lög um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946	126
92	5. júní	Lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins	301
		Réttarfarslökkjöf.	
83	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 29 frá 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar ..	278
		Ríkisborgararéttur.	
84	S. d.	Lög um veiting ríkisborgararéttar	279—280
		Ríkisstarfsmenn, sjá embættismenn.	
		Ríkisreikningur.	
88	S. d.	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1943 ..	286—287
		Ríkisstjórn.	
6	4. febr.	Forsetaúrskurður um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.	4—5
10	28. febr.	Forsetaúrskurður um breytingu á forsetaúrskurði frá 4. febrúar 1947, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.	9
48	28. apríl	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands	183
98	14. júní	Auglýsing um, að forseti Íslands sé kominn heim og hafi aftur tekið við stjórnarstörfum	321
		Ræktunarsjóður, sjá landbúnaður.	
		Sambandsslit.	
127	29. des.	Lög um breyting á lögum um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur, nr. 85 frá 9. okt. 1946	354—355
		Sauðárkrókur.	
3	31. jan.	Lög um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki	2
57	24. maí	Lög um bæjarstjórn á Sauðárkróki	189—192
		Sauðfjársjúkdómar, sjá landbúnaður.	
		Sifjamál.	
87	5. júní	Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna	283—286
		Siglingar, skip.	
42	9. maí	Lög um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum	134
43	S. d.	Lög um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatriggingu skipshafna o. fl.	134—140

XVII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
52	17. maí	Lög um breyting á lögum nr. 22 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun váttryggingafélags fyrir fiskiskip	185—186
61	31. maí	Lög um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip	195—204
68	5. júní	Lög um eftirlit með skipum	224—242
Síldarverksmiðjur.			
51	17. maí	Lög um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur	185
60	24. maí	Lög um breyting á lögum nr. 47 7. maí 1946, um síldar- niðursuðuverksmiðju ríkisins	195
79	5. júní	Lög um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur	261
Skattar, tollar.			
19	12. marz	Lög um tekjuskattviðauka árið 1947	21
26	14. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af inn- lendum tollvörutegundum	27
27	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl.	27—28
28	S. d.	Lög um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947	28—29
71	5. júní	Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um toll- skrá o. fl.	250—253
73	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um brey- ting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eign- arskatt	255
76	S. d.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands	257
81	S. d.	Lög um útlutningsgjald af sjávarafurðum	274—276
85	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús	280—281
115	27. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 28 frá 14. apríl 1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947	345
121	22. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka	348—349
130	29. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1948	365
Skemmtanir.			
120	22. des.	Lög um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma	348
Skólamál.			
1	1. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla	1
108	19. sept.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám	330

XVIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
109	19. sept.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla	331
122	22. des.	Lög um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla	349
123	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám	349
Stóra-Borg, sjá jarðasala.			
Sýsluvegasjóðir.			
50	17. maí	Lög um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði	184—185
Tannlæknar.			
40	6. maí	Lög um breyting á lögum nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans	133
62	31. maí	Lög um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar	205
Tilraunastöð.			
11	28. febr.	Lög um tilraunastöð háskólans í meinafræði	9—10
Tóbakseinkasala.			
17	12. marz	Lög um breyting á lögum nr. 69 7. sept. 1943, um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki	20
Tryggingar.			
43	9. maí	Lög um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.	134—140
52	17. maí	Lög um breyting á lögum nr. 22 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun váttryggingafélags fyrir fiskiskip	185—186
61	31. maí	Lög um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip	195—204
Tunnusmíði.			
41	9. maí	Lög um breyting á lögum nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði	133
Ungmennavernd.			
29	9. apríl	Lög um vernd barna og ungmenna	29—39
Útanríkisráðuneytið.			
46	15. marz	Auglýsing um leiðbeiningabók fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins	174
Útsvör.			
59	24. maí	Lög um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör	194

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Vatnsveitur.	
93	5. júní	Lög um aðstoð til vatnsveitna	301—303
		Vegabréf.	
100	28. júní	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Frakklands	324
101	S. d.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Bretlands um afnám vegabréfsáritana	325
132	24. des.	Auglýsing um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Belgiu	366
34	22. apríl	Vegalög	42—57
		Veitingaþjónar, sjá matsveinar.	
		Verzlun, verzlunarlóðir.	
2	31. jan.	Lög um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð	1—2
3	S. d.	Lög um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki	2
63	31. maí	Lög um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur	205—208
72	5. júní	Lög um innkaupastofnun ríkisins	254
		Vörumerki.	
111	30. sept.	Tilskipun um, að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skali einnig ná til Sviss	339—340
		Þjóðjarðasala, sjá jarðasala.	
		Þjóðleikhús.	
85	5. júní	Lög um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús	280—281
86	S. d.	Lög um þjóðleikhús	281—283

L Ö G

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

1

1. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

16. gr. laga nr. 58/1946 orðist þannig:

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og 17, er hann verður 60 ára. Kennsluskylda núverandi kennara skal þó haldast óbreytt frá því sem ákveðið er í reglugerð fyrir Menntaskólann í Reykjavík, nr. 3 frá 8. febrúar 1937. — Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, ef þörf gerist, svo og vegna mikillar heimavinnu, eða taka tillit til slíkra aukastarfa þegar ákveðin er lengd árlegs starfstíma kennara. — Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra. — Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.

2. gr.

Lög þessi gilda frá 1. október 1946.

Gjört á Bessastöðum, 1. janúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

2

31. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna hljóði svo:

Hver sá, sem fær leyfi til innflutnings eða gjaldeyriskaupa eða hvors tveggja, skal greiða viðskiptaráði $\frac{1}{2}$ % af upphæð þeirri, er leyfið hljóðar um. Skal gjaldi þessu varið til þess að standast kostnað af viðskiptaráði og framkvæmd þessara laga. Heimilt er að undanþiggja gjaldeyrisleysi fyrir námskostnaði frá gjaldi þessu.

Leyfisgjöld, sem til falla vegna útgáfu leyfa samkvæmt tillögum nýbyggingaráðs, renna til þess, enda sé sá innflutningur greiddur með gjaldeyri af nýbyggingarreikningi.

1947

2

2

2. gr.

31. jan. 2. málsgr. 9. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1947, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 88 frá 30. nóv. 1946.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

3

L Ö G

31. jan.

um sölu verzlunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Sauðárkrókshreppi verzlunarlóðina á Sauðárkróki, eins og hún er ákveðin með lögum 28. nóv. 1919, og fari salan fram frá 1. jan. 1947 að telja.

Land það eða lóðir, sem Sauðárkrókshreppur eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að selja, en heimilt að leigja. Þó skal hreppnum skylt að afsala ríkinu á kostnaðarverði hluta af landi því eða lóðum, er hreppurinn eignast með lögum þessum, þurfi ríkið síðar á því að halda vegna opinberra framkvæmda. Um leigu til hreppsins eftir þann hluta verzlunarlóðarinnar, sem hreppurinn leigir öðrum, skal fara eftir reglugerð, er ríkisstjórnin staðfestir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Pétur Magnússon.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang.

4

31. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þeir menn, er gegna störfum erlendis á vegum utanríkisráðuneytisins við sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar og taki laun úr ríkissjóði, skulu eiga heimilisfang í Reykjavík og vera skráðir þar á manntal, hafi þeir eigi sjálfir tilkynnt heimilisfang á öðrum stað hér á landi og skýrt ráðuneytinu frá því. Utanríkisráðuneytið tilkynnir manntalsskrifstofu Reykjavíkur árlega, hverjir starfsmenn þess gegni störfum erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.

5

31. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- a. Í stað orðanna „65 ára“ í 1. málsg. laganna komi: 70 ára.
b. 2. málsg. 1. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er þó þessum embættis- og starfsmönnum að láta af störfum, þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára, eða hvenær sem er eftir þann tíma, með fullum eftirlaunarétti.

2. gr.

Síðari málsg. 2. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

6

4. febr.

FORSETAÚRSKURÐUR

um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar og tillögu forsætisráðherra set eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

- I. **Forsætisráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson.** Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, Alþingi, nema að því leyti, sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, sem varða stjórnarráðið í heild, Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla. Enn fremur félagsmál, þar undir alþýðutryggingar, atvinnubætur, vinnudeilur, sveitarstjórnar- og framfærslumál. Félagsdómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berklasjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingarsjóðir, lífsábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingarsjóðir, þar með talið Brunabótafélag Íslands, nema sérstaklega séu undan teknir. Byggingarfélög.
- II. **Ráðherra Bjarni Ásgeirsson.** Undir hann heyra landbúnaðarmál, þar undir ræktunarmál, þar á meðal skógræktarmál og sandgræðslumál, búnaðarfélög, búnaðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar í sveitum, dýralækningamál, þjóðjarðamál, Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur rafmagnsmál, þar á meðal rafmagnsveitur ríkisins og rafmagnseftirlit. Vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorkunotkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu. Námurekstur. Kaupfélög og samvinnufélög. Landsmiðjan. Atvinnudeild Háskólans. Rannsóknaráð ríkisins. Mælitækja- og vogaráhaldamál.
- III. **Ráðherra Bjarni Benediktsson.** Undir hann heyrir dómaskipun, dómsmál, önnur en félagsdómur, þar undir framkvæmd refsíðoma, hegningar- og fangahús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málf lutningsmenn, lögreglumálefni, önnur en gæzla landhelginnar, áfengismál, strandmál, sífjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignaréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins, verzlunarmál, sem ekki eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum, þar undir verzlunarskólar. Enn fremur utanríkismál.
- IV. **Ráðherra Emil Jónsson.** Undir hann heyra samgöngumál, önnur en flugmál, þar á meðal vegamál, skipagöngur, atvinna við siglingar, Stýrimannaskólinn, skipaskoðun ríkisins, póst- og símamál, loftskeytamál, vitamál, hafnarmál, iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög, eftirlit með verksmiðjum og vélum, einkaréttarleyfi. Enn fremur viðskiptamál, þar undir innflutningsverzlun og utanríkisverzlun, önnur en verzlun með sjávarafurðir. Bankar, sparisjóðir, gjaldeyrismál og verðlagsmál (dýrtíðarráðstafanir).
- V. **Ráðherra Eysteinn Jónsson.** Undir hann heyra menntamál, þar undir skólar, sem ekki eru sérstaklega undan teknir, útvarpsmál og viðtækjaverzlun. Barnaverndarmál. Menntamálaráð. Leikhúsa- og kvikmyndamál. Kirkjumál. Ríkisprentsmiðjan. Veðurstofan. Heilbrigðismál, þar á meðal sjúkrahús og heilsu-

hæli. Enn fremur flugmál, þar undir flugvallarekstur, svo og gæzla landhelginnar. 6

VI. Ráðherra Jóhann Þ. Jósefsson. Undir hann heyra fjármál ríkisins, þar undir skattamál, tollamál og önnur mál, er varða tekjur ríkissjóðs, svo sem, ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna. Undirskrift ríkisskuldabréfa, fjárlög, fjáruaukalög og reikningsskil ríkissjóðs, hin umboðslega endurskoðun, embættisveð, Eftirlit með innheimtumönnum ríkisins, laun embættismanna, eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra, peningamál, þar undir peningasláttu. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er varða fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráðherra. Þá heyra einnig undir hann Hagstofan, mæling og skrásetning skipa, og enn fremur sjávarútvegsmál, þar undir Fiskifélagið og Fiskimálanefnd, sildarútvegsmál (sildarverksmiðjur og Sildarútvegsnefnd), svo og utanríkisverzlun með sjávarafurðir.

4. febr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafundi halda, ef einhver ráðherra æskir að bera þar upp mál.

Með úrskurði þessum er úr gildi felldur forsetaúrskurður 31. maí 1945, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., svo og forsetaúrskurður frá 2. ágúst 1945, um breyting á þeim úrskurði.

Gjört í Reykjavík, 4. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

um héraðsskjalasöfn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sýslunefnd og bæjarstjórn er heimilt að koma á fót í sýslunni eða kaupstaðnum héraðsskjalasafni, er varðveiti á sem tryggilegastan hátt skjöl og handrit og aðrar ritaðar heimildir, sem snerta sérstaklega hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélag og ekki ber að afhenda þjóðskjalasafninu, sbr. þó 3. gr., svo sem skjallæg gögn féлага og stofnana, er styrks njóta af opinberu fé. Með reglugerð, sem sett verður samkv. 5. gr., má ákveða, að þessum aðilum sé skylt að láta slík skjöl af hendi við héraðsskjalasafn. Í héraðsskjalasafni skal einnig varðveita kirkju- og manntalsbækur þær úr hlutaðeigandi kirkjusöknum, sem ritaðar eru samkv. l. nr. 3 1945.

Heimilt er sýslunefndum og kaupstöðum að koma á fót sameiginlegu héraðsskjalasafni fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað þar, sem það þykir betur henta og samkomulag næst um það, og er safnið þá sameign þessara aðila.

2. gr.

Þjóðskjalavörður hefur yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum, sem sett eru á stofn samkv. lögum þessum, enda skal geymslustaður þeirra háður samþykki hans. Nú telur þjóðskjalavörður, að héraðsskjalasafni sé hætta búin sökum vanhírðu

7 eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar
12. febr. áskoranir, og getur hann þá að fengnu samþykki menntamálaráðherra látið flytja safnið á þjóðskjalasafnið á kostnað þeirra aðila, er að safninu stóðu.

3. gr.

Nú hefur héraðsskjalasafni verið komið á fót samkv. 1. gr. og það fullnægir skilyrðum 2. gr. um húsnæði, enda telur þjóðskjalavörður að öðru leyti vel borgið stjórn safnsins og vörzlu skjalanna, og á þá safnstjórnin rétt á að fá til varðveislu á safninu eftirtalin skjalasöfn úr þeim sýslum og kaupstöðum, sem ákveðið er, að héraðsskjalasafnið nái til:

1. Skjalasöfn hreppstjóra.
2. — sýslunefnda og bæjarstjórna.
3. — hreppsnefnda.
4. — undirskattanefnda og yfirskattanefnda.
5. — sáttanefnda.

Enn fremur skjalasöfn þeirra annarra nefnda, sem annars er skylt að geyma á þjóðskjalasafninu, ef starfssvið þeirra nær ekki út fyrir þau sýslu- eða bæjarfélög, sem eru sameigendur héraðsskjalasafnsins á hverjum stað.

4. gr.

Héraðsskjalasöfn njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyriræli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal afhendingu skjala til héraðsskjalasafna, varðveislu þeirra og afnot, og má ákveða í reglugerð viðurlög fyrir brot á fyrirælum hennar, en slík brot skulu sæta meðferð opinberra mála.

Gjört í Reykjavík, 12. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fornleifum þeim, er þjóðminjavörður telur ástæðu til að varðveita, er skylt að viðhalda á kostnað ríkissjóðs, svo sem þjóðminjavörður telur nauðsynlegt til þess að fornleifarnar varðveitist, sbr. 8. gr. laga um verndun fornminja frá 16. nóv. 1907.

2. gr.

Nú telur Þjóðminjavörður ástæðu til að varðveita hús eða önnur mannvirki vegna menningarsögulegs gildis þeirra eða af öðrum ástæðum, þótt hús þessi eða mannvirki hafi ekki enn náð þeim aldri, að þau verði talin til fornleifa, og er Þjóðminjaverði þá heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að taka byggingar þessar eða mannvirki á fornleifaskrá, enda fer þá um viðhald þeirra samkv. 1. gr. Um bætur eða tjón, sem eigandi eða notandi verður fyrir vegna þessara ráðstafana, fer samkv. 6. gr. laga um verndun fornminja frá 16. nóv. 1907.

8

12. febr.

3. gr.

Byggingar í eign ríkisins, sem varðveittar eru sem fornleifar samkv. ákvæðum 2. gr., er heimilt með samþykki Þjóðminjavarðar að nota til þess að koma þar fyrir byggðasafni, þ. e. gripum, áhöldum og alls konar munum, er tilheyrðu slíkum byggingum og tíðkaðist að nota á því tímabili, er þessar byggingar voru reistar, svo að bygging og húsbúnaður verði í fullu samræmi.

Nú er um fleiri en eina byggingu að ræða og ágreiningur um, hverja þeirra skuli velja til afnota fyrir byggðasafnið, og skal þá hlíta um það úrskurði Þjóðminjavarðar. Afnot af framangreindum byggingum skulu bundin þessum skilyrðum:

1. Að safnið teljist sjálfstæð deild í Þjóðminjasafni Íslands og verði undir eftirliti Þjóðminjavarðar.
2. Að safnið sé viðurkennd eign héraðs eða héraða (landsfjórðungs) og eigandi þess skuldbindi sig til að annast viðhald safnsins og umsjón með því, svo að í góðu lagi sé.
3. Að þeir aðilar, er að byggðasafninu standa, leggi alveg sérstaka áherzlu á að afla safninu gripa og annars þess, er þar á að vera og talið er sérkennilegt fyrir hlutaðeigandi hérað eða landsfjórðung, en er að hverfa.

4. gr.

Nú ákveður hérað eða héruð í sameiningu að koma upp byggðasafni, en ekki eru varðveittar á þeim slóðum fornar byggingar, sem hæfar eru taldar til slíkrar safngeymslu, að dómi Þjóðminjavarðar, og á þá aðili eða aðilar rétt á styrk úr ríkissjóði til þess að reisa safnhús, allt að $\frac{1}{4}$ kostnaðar, enda samþykki Þjóðminjavörður uppdrátt að húsinu og safnið verði að öllu leyti háð ákvæðum laga þessara.

5. gr.

Byggðasöfn, er fullnægja ákvæðum laga þessara, njóta styrks úr ríkissjóði, þannig að árlegur kostnaður af viðhaldi og umsjón þeirra greiðist að $\frac{2}{3}$ úr ríkissjóði og $\frac{1}{3}$ af þeim, er að byggðasafninu standa.

6. gr.

Þjóðminjavörður hefur yfirumsjón með byggðasöfnum, sem sett eru á stofn samkv. lögum þessum og njóta styrks úr ríkissjóði.

Nú telur Þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hætta búin sökum vanhvirðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur hann þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, tekið gripi af safnsins til varðveizlu.

1947

8

8

7. gr.

12. febr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyriræli um framkvæmd laganna, þar á meðal um tölu þeirra byggðasafna, er styrks njóta samkvæmt þeim.

Gjört i Reykjavik, 12. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

9

L Ö G

14. febr.

um samkomudag reglulegs Alþingis 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1947 skal koma saman fyrsta dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavik, 14. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

FORSETAÚRSKURÐUR

10

28. febr.

um breyting á forsetaúrskurði frá 4. febrúar 1947, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar og tillögu forsætisráðherra, set eftirfarandi ákvæði um breyting á forsetaúrskurði frá 4. febrúar 1947, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

Af málefnum þeim, er í nefndum úrskurði voru falin Bjarna ráðherra Ásgeirssyni, skulu húsmæðraskólar í sveitum heyra undir Eysteinn ráðherra Jónsson.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

11

28. febr.

um tilraunastöð háskólans í meinafræði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Að Keldum í Mosfellssveit skal starfrækja tilraunastöð, er vinni að rannsóknum á búfjár sjúkdómum og öðrum skyldum verkefnum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Stofnun þessi nefnist Tilraunastöð háskólans í meinafræði, og skal hún lúta læknaeild háskólans.

2. gr.

Forstöðumaður Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði skal skipaður af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknaeildar háskólans og yfirdýralæknis Íslands.

3. gr.

Við stofnunina starfi 3 sérfræðingar auk forstöðumanns. Skal einn þeirra vera efnafræðingur. Skulu þeir skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknaeildar, forstöðumanns tilraunastöðvarinnar og yfirdýralæknis. Forstöðumaður á sæti og atkvæðisrétt á fundum læknaeildar.

4. gr.

Forstöðumaður tekur laun eftir 5. flokki launalaga, en aðrir sérfræðingar samkvæmt 6. flokki. Laun annarra starfsmanna ákveðast af forstöðumanni, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins.

11

28. febr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans og tilraunaráðs búfjárræktar, reglugerð um starfsemi og starfssvið tilraunastöðvarinnar.

5. gr.

Ákvæði laga nr. 64 7. maí 1940 gilda ekki um stofnun þessa.
Lög nr. 86 10. okt. 1946 eru úr gildi numin.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

12

28. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- a. Aftan við orðin „skal vera fimm manna nefnd“ í 1. mgr. 2. gr. laganna bætist við orðin: og fimm menn til vara.
- b. Í stað „þriggja almanaksára“ í 2. mgr. sömu lagagreinar komi: fimm almanaksára.

2. gr.

- a. A-liður 3. gr. laganna orðist svo:
Að sérleyfið gildi fyrir fimm ár og sé óframseljanlegt.
- b. E-liður sömu lagagreinar orðist svo:
Að sérleyfishafi sé skyldur að flytja póst eftir gjaldskrá og reglum, er ráðherra setur.

3. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nefnd sú, sem skipuð er samkvæmt 2. gr., og sú stofnun, sem fer með þessi mál, skulu hafa sem nánasta samvinnu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1947.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

13

28. febr.

um breyting á lögum nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Ráðherra er heimilt, ef hann telur ástæðu til og að fengnum tillögum beitu-nefndar, að setja reglur um beituskurð á vetrarvertíð, svo sem um hver vera megi hámarksnotkun á beitu í hvern róður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

14

28. febr.

um breyting á lögum nr. 93 28. desember 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „1. marz“ í síðari mgr. 1. gr. laganna komi: 1. apríl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

15
12. marz

FORSETA BRÉF

um heimild íslenzkra ríkisborgara til að bera erlend heiðursmerki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, set eftirfarandi ákvæði um heimild íslenzkra ríkisborgara til þess að bera erlend heiðursmerki:

1. gr.

Íslenzkir ríkisborgarar, sem hér eftir kunna að verða sæmdir erlendum heiðursmerkjum, skulu áður en eða jafnframt því að þeim berst heiðursmerkið í hendur, leita leyfis forseta Íslands til að veita því viðtöku og bera það.

2. gr.

Umsóknir um slík leyfi skulu stílaðar til forsetans og sendar forsetaritari, sem annast fyrirgreiðslu þeirra.

Ritað í Reykjavík, 12. marz 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

16
12. marz

L Ö G

um menntun kennara.

I. KAFLI

Um Kennaraskóla Íslands.

1. gr.

Kennaraskóli Íslands starfar í fjórum ársdeildum, eigi skemur en 8 mánuði á ári.

2. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. kennarastarf í barna- og unglingaskólum landsins;
2. uppeldisstörf félagslegs eðlis, svo sem við barna- og unglingaheimili, barnaleikvelli, fávítahæli, störf á vegum barnaverndarnefnda og annað þess konar;
3. framhaldsnám við Háskóla Íslands, Ípróttakennaraskóla Íslands, handíðakennaraskóla og húsmæðrakennaraskóla.

3. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi, sem tekinn er í fyrsta bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót og ári eldri fyrir hverja aðra ársdeild;
2. að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið eða gert hann sjálfan óhæfan til kennslustarfa;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

4. gr.

Rétt til inngöngu í fyrsta bekk veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með þeirri lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð. Þeim, sem búa sig ekki undir almennt kennarapróf, heldur smábarnakennslu, kennslu í sérgreinum eða uppeldisstörf önnur en kennslu, veitir miðskólapróf verknámsdeildar einnig sama rétt með sams konar takmörkunum.

16
12. marz

5. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, eitt Norðurlandamál, ensku, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði, heilsufræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristin fræði, uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, skrift, teiknun, handavinnu, íþróttir og söng. Nánari ákvæði um nám og námsgreinar setur fræðslumálastjórn í reglugerð.

6. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok skólaárs, og er próf fjórða bekkjar almennt kennarapróf. Ljúka má námi í einstökum gagnfræðagreinum í öðrum eða þriðja bekk, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á kennaraprófsskírteini.

7. gr.

Þeim, er búa sig eingöngu undir kennslu við smábarnaskóla, í sérgreinum eða undir það að taka að sér uppeldisstörf önnur en kennslu, er eigi skylt að stunda nám í öllum þeim greinum, er að framan hafa verið taldar. Fer um nám þeirra og réttindi eftir reglugerð, er fræðslumálastjórn setur.

8. gr.

Með reglugerð, er fræðslumálastjórn setur, má ákveða, að stúdentspróf í almennum námsgreinum, svo sem íslenzku og íslenzkum fræðum, erlendum tungumálum, náttúrufræði, landafræði og sögu, hafi kennaraprófsgildi. Skulu þeir stúdentar, er þreyta kennarapróf, ekki prófskyldir í þeim námsgreinum, sem í reglugerðinni eru taldar. Einkunnir stúdentsprófsins í þessum greinum skulu færðar á kennaraprófsskírteini þeirra og reiknaðar í aðaleinkunn kennaraprófsins.

9. gr.

Með reglugerð, er fræðslumálastjórn setur, má ákveða, að kennarapróf í almennum námsgreinum, svo sem íslenzku og íslenzkum fræðum, erlendum tungumálum, náttúrufræði, landafræði og sögu skuli hafa stúdentsprófsgildi. Skulu þeir, sem stúdentspróf þreyta að loknu kennaraprófi, ekki prófskyldir í þeim námsgreinum, er reglugerðin greinir. Einkunnir kennaraprófsins í þessum greinum skulu færðar á stúdentsprófsskírteini þeirra og reiknaðar í aðaleinkunn stúdentsprófsins.

10. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum. Kennsluskylda skólastjóra skal ákveðin í erindisbréfi. Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild, auk skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara eftir þörfum í samráði við fræðslumálastjórn.

11. gr.

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og 17, er hann verður 60 ára. Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna

- 16 önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð
12. marz og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, ef þörf gerist, svo og vegna mikillar heimavinnu, eða taka tillit til slíkra aukastarfa, þegar ákveðin er lengd árlegs starfstíma kennara. — Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra. — Þegar nefnd er kennlustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennlustund.

II. KAFLI

Um kennlustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands.

12. gr.

Við heimspekideild Háskóla Íslands skal koma á fót kennlustofnun í uppeldisvísindum, jafnskjótt og aðstaða er fengin til æfinga- og tilraunakennslu. Hlutverk þessarar stofnunar er að veita kennurum við barnaskóla og skóla gagnfræðastigsins, menntaskóla og sérskóla menntun í uppeldisfræði, sálarfræði og kennslufræði. Auk þess skulu kennarar í uppeldisvísindum annast rannsóknir og leiðbeiningar í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem samrýmist kennlustörfum þeirra.

13. gr.

Þeir nemendur, sem búa sig undir kennlustörf við skóla gagnfræðastigsins, skulu stunda kennsluæfingar í þeim skólum, en þeir, sem búa sig undir að verða kennarar í menntaskóla eða sérskóla, skulu stunda kennsluæfingar í menntaskóla eða samsvarandi sérskóla. En að öðru leyti fara kennsluæfingar og annar hagnýtur starfsundirbúningur fram í æfinga- og tilraunaskóla. Háskólakennarar, sem þessa kennslu annast, og nemendur þeirra hafa aðgang að slíkum skóla til athugana og tilrauna.

14. gr.

Rétt til að stunda nám í uppeldisvísindum við stofnun þessa og taka þar próf hafa allir þeir, sem lokið hafa almennu kennaraprófi, svo og stúdentar.

15. gr.

Til að veita þessari stofnun forstöðu og annast þar kennslu skal skipaður einn prófessor. Um skipun hans, launakjör og stöðu fer eftir sömu reglum og um aðra prófessora háskólans. Prófessorinn í forspjallsvísindum og almennri heimspeki annast þar enn fremur kennslu, eftir því sem samrýmist störfum hans. Að öðru leyti skal kennsla falin aukakennurum, er heimspekideild ræður, og greiðist kostnaður úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum.

Um samstarf þessarar stofnunar og æfinga- og tilraunaskóla skal kveða á í reglugerð.

16. gr.

Í kennlustofnun í uppeldisvísindum í háskólanum skal kenna eftirtaldir greinar:

- lífeðlisfræði, almenna og hagnýta sálarfræði, sálarfræði barna og unglinga, heilbrigðra, geðveiklaðra, vangefinna og siðferðilega vangæfra;
- vísindalega og hagnýta uppeldisfræði, sögu uppeldisfræðinnar, sögu uppeldisins, einkum hér á landi, og uppeldislega siðfræði og félagsfræði;
- almenna kennslufræði og kennsluæfingar í einstökum greinum.

Þeir nemendur, sem búa sig undir kennlustörf við skóla gagnfræðastigsins, menntaskóla eða sérskóla, skulu leggja stund á almenna sálarfræði barna og unglinga og kennslufræði, einkum í þeim greinum, sem þeir öðlast réttindi til að kenna.

Kennsla fer fram í fyrirlestrum, tilraunum og æfingum. Sérstaka áherzlu ber að leggja á sjálfstæða vinnu nemenda.

Að öðru leyti fer um nám og próf eftir reglugerð, sem sett er samkvæmt 2. gr. háskólalaganna 23. júní 1936.

III. KAFLI

Um æfinga- og tilraunaskóla.

17. gr.

Stofna skal í Reykjavík skóla til kennsluæfinga og tilrauna.

18. gr.

Skólinn starfar sem æfingaskóli kennaraskólans. Skal hann hafa uppeldis- og kennslufræðilegar athuganir með höndum, einkum varðandi barnafræðslu og gagnfræðanám. Skal hann og hafa forgöngu um, að slíkar athuganir verði gerðar í öðrum skólum og unnið úr þeim. Þá getur fræðslumálastjórn falið skólanum að annast útgáfu leiðbeiningarrita fyrir kennara og aðra uppalendur, enn fremur samningu og útgáfu verkefna fyrir skólana, m. a. verkefna í landspróf.

19. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón skólans og setur honum reglugerð. Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

20. gr.

Skólanum stjórnar skólastjóri og þriggja manna ráð, skipað skólastjóra kennaraskólans, prófessor við kennslustofnun í uppeldisvísindum og sérfræðingi í uppeldis- og fræðslumálum, er kennslumálaráðherra skipar til fjögurra ára að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, og sé hann formaður ráðsins. Ráðið annast venjuleg skólanefndarstörf við skólann og hefur auk þess á hendi yfirstjórn þeirra athugana, sem fram fara á vegum skólans, sér um, að sendar séu skýrslur um þær, og gerir ásamt skólastjóra tillögur til fræðslumálastjórnar um nýjungar í skólumálum, sem það telur rétt að taka upp samkvæmt niðurstöðum tilraunanna.

21. gr.

Skólaráð gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um veitingu skólastjórastöðunnar. Skólastjóri við skólann skal hafa lokið háskólanámi í uppeldis- og kennslufræðum og auk þess starfað með góðum árangri að skóla- eða uppeldismálum.

22. gr.

Skólaráð gerir tillögur til fræðslumálastjórnar um val kennara, og hve margir kennarar skulu vera á hverjum tíma. Að jafnaði skal leitast við að fá hina færustu meðal starfandi kennara við aðra skóla til að kenna og gera tilraunir við skólann, enda fái þeir þá leyfi frá störfum við skóla sína, eftir því sem nauðsynlegt er talið.

23. gr.

Í skólanum skulu starfa að minnsta kosti eins margar deildir og skólaskylda nær til margra aldursára á hverjum tíma.

IV. KAFLI

Um Íþróttakennaraskóla Íslands.

24. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands starfar að Laugarvatni. Hann er eins árs skóli, og er skólaárið eigi skemmra en 9 mánuðir. Heimilt er enn fremur að halda námskeið í ýmsum íþróttum við skólann.

16

12. marz

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. sérkennslu í íþróttum í barna- og gagnfræðaskólum, svo og öðrum skólum, sem reknir eru eða styrktir af almanna fé.
2. kennarastörf í íþróttum, einni grein þeirra eða fleiri, hjá félögum, stofnunum eða einstaklingum.

26. gr.

Aðalkennslugreinar skólans skulu vera: Íþróttir alls konar, líkams- og heilsufræði, íþróttasaga, íþróttakennslufræði og kennsluæfingar, svo og fræðsla um nauðsynleg áhöld og mannvirki til íþróttaiðkana. Um námsefni skal nánar ákveðið í reglugerð.

27. gr.

Inntökuskilyrði eru þessi:

1. að nemandi sé eigi yngri en 18 ára um næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til íþróttaiðkana;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði;
4. að nemandi hafi lokið miðskólaprófi eða hlotið hliðstæða menntun.

28. gr.

Til þess að öðlast íþróttakennararéttindi samkvæmt 1. tölulið 25. gr. skal nemandi hafa lokið prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands og almennu kennaraprófi. Í reglugerð skal setja ákvæði um námsefni og prófkröfur fyrir þá nemendur, sem öðlast vilja takmörkuð réttindi til íþróttakennslu samkvæmt 2. tölulið 25. gr.

29. gr.

Við íþróttakennaraskólann skal starfa einn fastur kennari auk skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara í samráði við fræðslumálastjórn.

30. gr.

Þriggja manna skólanefnd hefur umsjón með skólanum. Í skólanefnd eiga sæti: Íþróttafulltrúi ríkisins, skólastjóri gagnfræðaskólans á Laugarvatni og einn maður, er fræðslumálastjórn skipar til fjögurra ára í senn.

31. gr.

Í reglugerð skólans setur fræðslumálastjórn nánari ákvæði um verkswið skólastjóra og skólanefndar.

V. KAFLI

Um Handiðakennaraskóla Íslands.

32. gr.

Stofna skal skóla til að veita menntun þeim, sem vilja gerast sérkennarar í handiðum við barnaskóla, skóla gagnfræðastigsins og húsmæðraskóla. Skólinn nefnist Handiðakennaraskóli Íslands. Skólinn veitir sérmenntun í hvers konar handavinnu karla og kvenna og teiknun. Hann á að fræða nemendur um uppeldisgildi þessara námsgreina og gefa þeim kost á æfingum í að kenna þær.

33. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi sé eigi yngri en 19 ára um næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til handiðanáms;

3. að nemandi sé óspilltur að siðferði; 16
 4. að nemandi hafi lokið almennu kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að 12. marz
 dómi fræðslumálastjórnar.

34. gr.

Fastir nemendur skólans skulu njóta kennslu eigi skemur en 9 mánuði. Auk þess getur skólinn tekið við nemendum á skemmri námsskeið, annaðhvort til undirbúnings undir hið reglulega nám eða til viðbótarnáms á eftir því. Þá getur skólinn einnig haft námsskeið í einstökum greinum handíða.

35. gr.

Í reglugerð skal kveða nánar á um námsgreinar og námsefni. Þar skulu og settar reglur um viðbótarnám fyrir þá, sem vilja gerast sérkennarar í handíðum við skóla gagnfræðastigsins.

36. gr.

Við skólann skal starfa einn fastur kennari auk skólastjóra. Stundakennara ræður skólastjóri í samráði við fræðslumálastjórn. Launakjör skulu vera hin sömu og við Íþróttakennaraskóla Íslands.

37. gr.

Þangað til stofnaður er skóli sá, sem um ræðir í 32. gr., fer kennsla sú, sem honum er ætlað að inna af höndum, fram í kennaradeild Handíða- og myndlistarskólans í Reykjavík. Ríkissjóður kostar þá deild að öllu leyti, meðan svo stendur.

VI. KAFLI

Um húsmæðrakennaraskóla.

38. gr.

Húsmæðrakennaraskóli skal starfa í Reykjavík eða nágrenni hennar. Hann skal hafa aðstöðu til þess búreksturs, sem nauðsynlegur er vegna námsins.

39. gr.

Þegar hús verður reist yfir skólann, skal þar vera heimavist fyrir þá nemendur, er búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla, svo og aðra nemendur, er heimili eiga utan Reykjavíkur.

40. gr.

Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. hússtjórnarkennslu í húsmæðraskólum og skólum gagnfræðastigsins;
2. ráðskonustörf við heimavistarskóla og aðrar opiuberar stofnanir.

41. gr.

Námstími þeirra, er ætla að verða húsmæðraskólakennarar, skal vera 2 ár hið minnsta, en 1 ár fyrir þá nemendur, er búa sig undir hússtjórnarkennslu í skólum gagnfræðastigsins og ráðskonustörf.

Nánari ákvæði um námstíma skulu sett í reglugerð.

42. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi sé eigi yngri en 21 árs fyrir næstu áramót;
2. að nemandi sé heilbrigður;
3. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

16

12. marz

43. gr.

Nemendur, sem búa sig undir kennslu við húsmæðraskóla eða gagnfræðaskóla, skulu áður hafa lokið almennu kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að dómi fræðslumálastjórnar. Enn fremur skulu þeir hafa stundað fjögurra mánaða nám í húsmæðraskóla og unnið að minnsta kosti 12 mánuði samtals að heimilisstörfum í kaupstað eða sveit.

Þeir nemendur, sem búa sig undir ráðskonustörf, skulu auk skyldunáms hafa lokið prófi í húsmæðraskóla og unnið 12 mánuði hið minnsta við eldhússtörf í mat-söluhúsi, heimavistarskóla, sjúkrahúsi eða hliðstæðum stofnunum.

44. gr.

Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum:

V e r k l e g a r : Matreiðsla, ræsting og þvottur, garðrækt, hirðing húsdýra og húsafurða, meðferð ungbarna og kennsluæfingar.

B ó k l e g a r : Manneldisfræði, efnis- og áhaldafraði og búreikningar.

Í reglugerð skal kveða nánar á um námsgreinar og námsefni. Þar skulu og settar reglur um próf og einkunnir.

45. gr.

Við skólann skal starfa einn fastakennari auk skólastjóra. Stundakennara ræður skólastjóri í samráði við fræðslumálastjórn.

46. gr.

Þriggja manna skólanefnd, kosin til fjögurra ára í senn, hefur umsjón með skólanum.

Skólanefnd skal þannig skipuð: Félag húsmæðrakennara tilnefnir einn, Kvenfélagasamband Íslands annan, en fræðslumálastjórn hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar.

47. gr.

Fræðslumálastjórn setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

48. gr.

Heimilt er að halda námsskeið fyrir kennara í aðalkennslugreinum skólans, enn fremur fyrir fóstrur samkvæmt ákvæðum reglugerðar.

VII. KAFLI

Um réttindi kennara o. fl.

49. gr.

Dá eina má skipa kennara eða skólastjóra við skóla þá, sem um getur í lögum þessum, sem hafa:

- almenna kennaramenntun eða stúdentsmenntun að viðbættu háskólanámi í uppeldis- og kennslufræðum, er fræðslumálastjórn metur gilt;
- lokið háskólaprófi í þeirri fræðigreinin, sem ætlazt er til, að verði aðalkennslugrein hlutaðeigenda;
- kennt tvö til þrjú ár og hlotið meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra.

Verknámskennarar, þar með taldir íþróttakennarar, þurfa þó ekki að fullnægja skilyrðum b-liðar, en verða að hafa sérmenntun í kennslugreinum sínum, er fræðslumálastjórn metur gilda.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu, 16
skal þá fræðslumálastjórn leitast við að fá hæfan mann, og má að tveimur árum 12. marz
liðnum gera hann að föstum kennara, enda komi meðmæli hlutaðeigandi skóla-
stjóra til.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, sem skipa fastar stöður við
skóla þá, er hér um ræðir, er lög þessi koma til framkvæmda.

50. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í tíu ár við þá skóla, er í lögum þessum greinir,
og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni,
skal hann þá senda fræðslumálastjórn beiðni um orlof ásamt greinargerð um,
hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinar-
gerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum árs orlof með fullum launum.
Engum kennara skal þó veita slíkt orlof oftár en einu sinni. Beiðni um orlof skal
send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er
þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að
gæfa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum
launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal
þess gætt, að það trufla ekki störf skólanna né torveldi þau.

51. gr.

Sá, sem lokið hefur almennu kennaraprófi, hefur rétt til að kenna við barna- og
unglingaskóla.

52. gr.

Próf frá þeim stofnunum, sem veita kennurum framhaldsmenntun og taldar
eru í II., IV. og V. kafla þessara laga, veitir þeim, sem því hafa lokið, rétt til starfs
sem sérkennurum við barnaskóla. En það telst sérkennarastaða, ef hálfur starfstími
kennarans eða meira er í sérgrein hans eða sérgreinum, og skal sérmenntaður
kennari hafa forgöngurétt til slíkrar stöðu umfram kennara með almennu kenn-
arprófi.

53. gr.

Nú eru kenndar í barnaskólum fleiri sérgreinar en sérmenntun er hægt að fá
í við stofnanir þær, sem um ræðir í 52. gr., og fer um réttindi sérkennara í þeim
samkvæmt ákvörðun fræðslumálastjórnar í hvert sinn, nema sérstök lög verði
um það sett. Þó skal þess gætt, svo sem tók eru á, að kröfur um almenna og sér-
staka menntun þessara kennara séu eigi minni en gert er ráð fyrir í lögum þessum.

54. gr.

Um réttindi almennra kennara og sérkennara við skóla gagnfræðastígsins fer
eftir samsvarandi reglum og við barnaskóla. Þó skulu gerðar til þeirra meiri mennt-
unarkröfur, eftir því sem fært er á hverjum tíma.

55. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón þeirra skóla, er um getur í lög-
um þessum. Kostnaður við rekstur þeirra greiðist úr ríkissjóði.

16

12. marz

56. gr.
Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 50 1943, um Kennaraskóla Íslands, lög nr. 12 1942, um Íþróttakennaraskóla Íslands, svo og önnur ákvæði, er koma í bág við þau.

Gjört í Reykjavík, 12. marz 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

17

12. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 69 7. sept. 1943, um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „150“ í 2. mgr. 1. gr. laganna komi: 250.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. marz 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

18

12. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvorir um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

Ber launagreiðanda að halda eftir iðgjaldahluta sjóðfélaga af launum hans og standa lífeyrissjóðnum skil á báðum iðgjaldahlutum.

Vanræki launagreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyrissjóðnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

18

12. marz

*Gjört í Reykjavík, 12. marz 1947.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.**L Ö G**

19

12. marz

um tekjuskattsviðauka árið 1947.**FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:*

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1947 leggja á tekjur ársins 1946 skattaauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattaui.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000, greiðast 2%.

Af	9—	10 þús. kr. greiðist	20 kr. af	9 þús. og	4 % af afgangi.
—	10—	12 — — —	60 — —	10 — —	5 % — —
—	12—	14 — — —	160 — —	12 — —	6 % — —
—	14—	17 — — —	280 — —	14 — —	7 % — —
—	17—	20 — — —	490 — —	17 — —	8 % — —
—	20—	25 — — —	730 — —	20 — —	9 % — —
—	25—	30 — — —	1180 — —	25 — —	10 % — —
—	30—	40 — — —	1680 — —	30 — —	11 % — —
—	40—	100 — — —	2780 — —	40 — —	12 % — —
—	100—	125 — — —	9980 — —	100 — —	10 % — —
—	125—	150 — — —	12480 — —	125 — —	7 % — —
—	150—	200 — — —	14230 — —	150 — —	5 % — —
—	200	— — —	16730 — —	200 — —	— —

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. marz 1947.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

20

12. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 33 1. febrúar 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins og á lögum nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. gr. laga nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, komi ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

Ferðaskrifstofa ríkisins skipuleggur ódýrar orlofsdvalir og orlofsferðir og gerir sér far um að semja um afslátt á dvalarkostnaði og fargjöldum með farartækjum ríkisins og einkafyrirtækjum fyrir hópferðir, sem farnar eru fyrir orlofsfé. Skal ferðaskrifstofan leita samvinnu við stéttarfélag launþega, til þess að orlofslöggjöfin geti komið að sem bestum notum.

Hið sama gildir um hópferðir, sem stofnað er til af bændum landsins.

2. gr.

Orðin „og um innheimtu stimpilgjalds, er ræðir um í 7. og 8. gr.“ í niðurlagi 6. gr. laganna, sem verður 7. gr., falli niður.

3. gr.

7. gr. laganna, sem verður 8. gr., orðist svo:

Heimilt er að greiða kostnað við rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins af sérleyfisgjaldi bifreiða, sem innheimt er samkvæmt 6. gr. laga nr. 22 30. janúar 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

4. gr.

8. gr. laganna falli niður.

5. gr.

19. liður laga nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, og samhljóða ákvæði í eldri lögum eru úr gildi numin.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. marz 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

21

28. marz

um breyting á lögum um Háskóla Íslands, nr. 21 1. febr. 1936.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

28. gr. laga nr. 21 1. febr. 1936 orðist þannig:

Nemendur í islenzkum fræðum geta valið um, hvort þeir ganga undir kandidatspróf eða meistaraþróf. Kennararnir í islenzkum fræðum dæma einir um úrlausnir í meistaraþrófi. Meistarar greiða sama gjald fyrir prófvottorð sem kandidatar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 28. marz 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

22

28. marz

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

31. gr. laga nr. 115 1936 orðist svo:

Nú vill alþingismaður beiðast skýrslu ráðherra, óska upplýsinga eða svars um einstök atriði eða mál, og gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu Alþingi, er afhent sé forseta. Fyrirspurnir skulu vera skýrar, um afmörkuð atriði og mál, og sé við það miðað, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli. Engar greinargerðir skulu skráðar né prentaðar með fyrirspurnum. Forseti felur skrifstofu Alþingis að safna saman þeim fyrirspurnum, er þannig kunna fram að koma, og láta prenta þær vikulega, ef horizt hefur ein fyrirspurn eða fleiri, og útbýta meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi sameinaðs Alþingis ber forseti það undir atkvæði umræðulaust, hvort fyrirspurn, hver um sig á listanum, skuli leyfð eða ekki. Eigi síðar en viku eftir að fyrirspurnalista er útbýtt, skal forseti síðan taka á dagskrá þingsins í upphafi fundar sérstakan lið, er nefnist fyrirspurnir. Ráðherra sá eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara þá fyrirspurn þeirri eða fyrirspurnum, sem leyfðar hafa verið, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðum. Þó mega þingmenn, aðrir en ráðherrar, ekki tala oftast en tvisvar um hverja fyrirspurn, og eigi lengur en 5 mínútur í senn.

- 22 Rétt er alþingismönnum einnig að nota sér heimild 54. gr. stjórnarskrárinnar
28. marz um að beiðast skýrslu ráðherra í þingdeildum.
Við umræður um fyrirspurnir má engar ályktanir gera.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. marz 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

23

28. marz

L Ö G

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjar-sjóði, og fer um upphæð þeirra eftir því, sem bæjarstjórn ákveður í samræmi við launakjör annarra starfsmanna kaupstaðarins.

Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði.

Launin skal greiða á manntalsþingi, og miðast upphæð þeirra við manntal umdæmis við síðustu áramót þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun vera 500 krónur.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manna, skulu árslaun vera 500 krónur að viðbættum 16 krónum fyrir hverja fulla fimmu tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í umdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúatölu jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir 1600 krónur í byrjunarlaun. Launin skulu hækka eftir 3 ár um 85 kr. og eftir önnur 3 ár um 85 kr.

Ef tveimur eða fleiri ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fást ekki skipuð hvort í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er nema mega allt að samanlögðum launum hinna fyrri umdæma.

Á laun þessi greiðist verðlagsuppbót af aðilum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans, hver þau skuli vera.

2. gr.

23

28. marz

8. gr. laganna falli burt.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Landlæknir skal í samráði við aðalkennara Ljósmeðraskólans semja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skyldur ljósmeðra og gjöld fyrir ljósmóðurstörf þau, er þær inna af hendi.

Ef sængurkona er svo fátæk, að hún, þrátt fyrir ákvæði 34. gr. laga um almannaþryggingar frá 7. maí 1946, getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimting á, að sveitar sjóður greiði henni þóknun fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

4. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 63 1. des. 1944, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skulu ljósmæðrum í fyrsta sinn greidd laun eftir þeim á manntalsþingum 1947.

Gjört í Reykjavík, 28. marz 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

24

31. marz

um breyting á lögum nr. 93 28. des. 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari mgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Heimild þessi gildir þó eigi lengur en til 1. maí 1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 14 28. febr. 1947.

Gjört í Reykjavík, 31. marz 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

25

31. marz

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu frá 15. sept. 1946 að telja, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neyzlumörum eða á annan hátt.

Ef vara er seld tvenns konar verði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar og hún sér um, að hæfilegt neyzlumagn vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er í vísitölu, að viðbættum 25% sé á boðstólum með lægra verðinu, skal vísitalan eingöngu miðuð við það.

2. gr.

Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er til sölu á tímabilinu frá 1. ágúst til 20. september ár hvert, og á kartöflum, sem teknar eru upp og seldar á sama tíma, skal eigi hafa áhrif á vísitöluna, enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. marz 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

26

14. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. liður 1. kafla 2. gr. laganna orðist svo: lakkrís og lakkrísvörur 1 kg 210.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta til ársloka 1947 með 100% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, að viðbættu 50% álagi samkv. lögum nr. 94 1946, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld með viðauka. Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla greindra laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl.

27

14. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til viðhalds og umbóta akvegum skal greiða sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum sem hér segir:

- af benzíni 4 auro innflutningsgjald af hverjum lítra.
- af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 3 — þrjár — krónur í innflutningsgjald af hverju kg.
- af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga, 36 — þrjátíu og sex — krónur á ári af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.
- af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, 90 — níutíu — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

- af bifhjólum 60 — sextíu — krónur árlega af hverju hjóli.

Undanþegnar gjaldi samkvæmt c- og d-liðum eru skólabifreiðar.

27

14. apríl

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgr., svolátandi:

Eigendur jeepbifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkvæmt c-lið 1. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattanefndum, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

3. gr.

8. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hækkun bifreiðaskattsins tekur til þess skatts, sem féll í gjalddaga 1. apríl þ. á.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

28

14. apríl

L Ö G

um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Vörumagnstollur.

Til ársloka 1947 skal innheimta vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari lögum um breyting á þeim lögum með þeim hækkunum, er hér greinir:

- a. af benzíni samkvæmt 27. kafla tollskrárlaganna 15. lið með 20 auru af kg í stað 1 eyris.
- b. af öllum öðrum vörum með 200% álagi, með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr.

2. gr.

Verðtollur.

Á sama tíma skal verðtollur innheimtur með 65% álagi, með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr.

3. gr.

Undanþegar tollhækkun þeirri, er um getur í 1. og 2. gr., eru eftirtaldar vörur: Tollskrárkafla 9 nr. 1—2, kaffi, óbrennt, brennt eða brennt og malað.

—	10	— 1—7, korn ómalað.
—	11	— 1—12, mjöl og grjón.
—	17	— 1—6, sykur.
—	22	— 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9, tóbak.
—	25	— 10, salt.
—	27	— 1—4, kol.
—	—	— 14, steinolía.

Enn fremur eru allar vörur, sem tollur er greiddur af samkvæmt milliríkja-
samningum, undanskildar tollhækkun samkvæmt þessum lögum.

28

14. apríl

4. gr.

Sama aðflutningsgjald af benzíni og segir í 1. gr. a skal greiða af öllum benzín-
birgðum í landinu, er lögin öðlast gildi, að frádregnu þegar greiddu aðflutnings-
gjaldi samkvæmt gildandi tollskrá. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum
eiganda. Gjaldið skal greiða hvort heldur benzínið er í vörzlum eiganda sjálfs eða
ekki. Sérhver sá, sem á eða hefur umráð yfir 300 l af benzíni eða meira þann dag,
er lög þessi öðlast gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga.

5. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollhækkana sam-
kvæmt lögum þessum, og er verðlagseftirlitinu skylt að sjá um, að svo verði ekki
gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollhækkunina eða með því að breyta
verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki í krónutölu vegna tollhækk-
unarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

29

9. apríl

um vernd barna og ungmenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Vernd barna og ungmenna tekur yfir:

1. Almenn eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili.
2. Eftirlit með hegðun og háttsemi utan heimilis.
3. Ráðstöfun í vist, í fóstur, til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir.
4. Eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnahælum, dagheimilum, leik-
skólum, sumardvalarheimilum, fávítahælum fyrir börn og ungmenni o. s. frv.
5. Eftirlit með börnum og ungmennum, líkamlega, andlega eða siðferðislega
miður sín. Koma hér einkum til greina börn og ungmenni, blind, málhölt,
fötluð, fávíta og á annan hátt vangefin, svo og börn og ungmenni, sem framið
hafa lögprot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum.
6. Vinnuvernd.
7. Eftirlit með skemmtunum.

29

9. apríl

2. gr.
Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum: barnaverndarnefndir og barnaverndarráð.

3. gr.

Barnaverndarnefndarmenn og barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðila og annað starfslíð á vegum þeirra eru opinberir starfsmenn og hljóta þá vernd, sem slíkum mönnum er tryggð, og bera skyldur samkv. því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða visir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.

II. KAFLI

Um barnaverndarnefndir.

4. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera í hverjum kaupstað landsins. Utan kaupstaða vinnur skólanefnd störf barnaverndarnefndar og hefur að því leyti réttindi hennar og skyldur. Þó getur hreppsnefnd eða barnaverndarráð ákveðið, að sérstök barnaverndarnefnd skuli kosin.

5. gr.

Barnaverndarnefnd (skólanefnd) hefur eftirlit með uppeldi og hegðun barna og ungmenna til 16 ára aldurs, svo og eldri ungmenna, ef þau eru líkamlega. andlega eða siðferðislega miður sín, og þá allt að 18 ára aldri.

6. gr.

Bæjarstjórn í kaupstað kýs barnaverndarnefnd, í Reykjavík 7 manna, í öðrum kaupstöðum 5 manna. Ef kjósa skal barnaverndarnefnd utan kaupstaða (sbr. 4. gr.), skal hún skipuð 3 mönnum og valin af hreppsnefnd. Skulu nefndarmenn vera kunnir að grandvarleik og bera sem bezt skyn á mál þau, sem barnaverndarnefnd fjallar um. Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í bæjarstjórn. Kjósa skal með sama hætti varamenn í barnaverndarnefnd.

7. gr.

Kjörtími barnaverndarnefndar er hinn sami og bæjarstjórnar. Fyrsta kosning samkv. lögum þessum gildir þó einungis, þangað til bæjarstjórnarkosningar fara næst fram.

8. gr.

Það er borgaraskylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta skorazt undan kosningu þeir, er átt hafa sæti í nefnd allt síðasta kjörtímabil. Maður eldri en 60 ára getur skorazt undan kosningu fyrir fullt og allt.

Bæjarstjórn (bæjarráð) ákveður þóknun nefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfum úr bæjarsjóði.

9. gr.

Barnaverndarnefndarmenn skipta með sér störfum og kjósa formann, varaformann og ritara. Ritari heldur nákvæma fundarbók um störf nefndar og sendir barnaverndarráði skýrslu um þau fyrir miðjan febrúar ár hvert.

10. gr.

29

Í Reykjavík skal bæjarráð að fengnum tillögum barnaverndarnefndar ráða fulltrúa, er annast skal dagleg störf barnaverndarnefndar í umboði hennar. Skal hann vera kunnáttumaður um uppeldismál.

9. apríl

Barnaverndarnefnd ræður annað starfsfólk að fengnum tillögum fulltrúa og að fenginni heimild bæjarráðs.

Barnaverndarnefnd utan Reykjavíkur er heimilt með samþykki bæjarstjórnar eða hreppsnefndar að ráða sér fulltrúa og annað starfsfólk.

11. gr.

Um störf og starfsháttu fer að öðru leyti eftir IV. kafla þessara laga.

III. KAFLI

Um barnaverndarráð.

12. gr.

Ráðherra skipar barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það skipað 3 mönnum og eiga heima í Reykjavík. Einn skal skipaður skv. tillögu Prestafélags Íslands, annar samkv. tillögu Sambands íslenskra barnakennara, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins, en að öðru leyti skiptir ráðið með sér störfum. Á sama hátt skulu skipaðir jafnmargir varamenn. Ritari heldur fundarbók um störf ráðsins. Barnaverndarráðsmaður má ekki veita forstöðu barnahæli né vera í stjórn þess.

Ráðherra ákveður þóknun barnaverndarráðsmanna, og greiðist hún ásamt kostnaði af ráðinu úr ríkissjóði.

Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs fer eftir V. kafla þessara laga.

IV. KAFLI

Um störf og starfsháttu barnaverndarnefndar.

13. gr.

Barnaverndarnefnd er ályktunarfær, þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund, enda sé formaður eða varaformaður á fundi. Ef svipta á forráðamenn barns umráðarétti yfir því, þurfa hið fæsta 2 nefndarmenn í 3 manna nefnd, 4 í 5 manna nefnd og 5 í 7 manna nefnd að gjalda ráðstöfuninni jákvæði.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarnefndarmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

14. gr.

Ef bráðan bug þarf að vinda að ráðstöfun, sem ber undir barnaverndarnefnd, getur formaður — eða fulltrúi í umboði hans — framkvæmt hana, en leggja skal málið til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd svo fljótt sem kostur er.

15. gr.

Ef lögfræðingur á ekki sæti í barnaverndarnefnd, er héraðsdómara skylt að veita henni lögfræðilega aðstoð, eftir því sem samrýmist embættisstörfum hans.

16. gr.

Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er

- 29 heimilt að fara á heimili og hæli til rannsóknar á högum barns og ungmennis, taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar, er um kann að bera. Svo getur hún og krafizt vitna-leiðslu fyrir dómi til skýringar máli.

17. gr.

Barnaverndarnefndir skulu veita hver annarri atbeina til skýringar málum og í framkvæmd hvers konar barnaverndarráðstafana.

18. gr.

Ef opinber starfsmaður verður í starfa sínum var við misfellur á uppeldi og aðbúð barna og ungmenna, er honum skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum og þeim, sem fara með framfærslumál, skylt að fylgjast eftir föngum með hegðun og uppeldi barna og ungmenna og hafa náðð samstarf við barnaverndarnefnd.

Um tilkynningarskyldu annarra manna fer svo sem segir í 46. gr.

19. gr.

Skylt er lögæzlumanni að aðstoða barnaverndarnefndir og gera þeim viðvart, ef hann verður þess vís, að ábótavant sé framferði, uppeldi eða aðbúð barns eða ungmennis.

Ef brot eru framin, sem börn innan 16 ára eru viðriðin, ber lögæzlumanni og dómara þegar í stað að tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn máls og láta nefndarmenn, fulltrúa eða annan starfsmann vera viðstaddan yfirheyrslu. Getur dómari krafizt þessa, ef honum þykir þörf.

20. gr.

Jafnan skal leita, ef þess er kostur, umsagnar foreldra eða forráðamanna barns eða ungmennis, áður en framkvæmdar eru meiri háttar ráðstafanir, svo sem taka barns af heimili.

21. gr.

Barnaverndarnefnd skal kosta kapps um að fylgjast sem bezt með framferði, uppeldi og aðbúð barna og ungmenna í umdæmi sínu og hafa stöðugt samband við aðra þá aðila, sem stöðu sinnar vegna öðlast vitneskju um þessi efni.

22. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að heimilishögum, uppeldisháttum, framferði foreldra, forráðamanna eða annarra heimilismanna, aðbúnaði eða hegðun barns sé ábótavant, og skal hún þá láta málið til sín taka á þann hátt, er bezt þykir við eiga, eftir því sem á stendur.

23. gr.

Ef barn verður munaðarlaust, skal barnaverndarnefnd aðstoða þá, er láta sig hag þess varða, eða hreppsnefnd eða framfærslunefnd við að koma því í fóstur á gott heimili, enda er óheimilt að vista slík börn á öðrum heimilum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, samþykkir.

24. gr.

Ef fjárhagur foreldra barns eða forráðamanna er svo bágborinn, að það nýtur ekki sómasamlegrar aðbúðar og uppeldis, skal barnaverndarnefnd hlutast til um, að ráðin verði bót á því. Ef barn líður skort vegna örbirgðar, skal barnaverndarnefnd þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til bráðabirgða, og greiðist kostn-

aður úr bæjar-(sveitar-)sjóði, að svo miklu leyti sem almannatryggingunum ber ekki að greiða hann.

29

9. apríl

Ekki má taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna.

Ef fjárhagur foreldra barns eða forráðamanna er svo bágborinn, að það nýtur ekki sómasamlegrar aðbúðar og uppeldis, skal barnaverndarnefnd hlutast til um, að ráðin verði bót á því. Ef barn líður skort vegna örbirgðar, skal barnaverndarnefnd þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til bráðabirgða, og greiðist kostnaður úr bæjar-(sveitar-)sjóði.

Ekki má taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna.

25. gr.

Nú stafar heilsu barns eða ungmennis hættu af sjúkdómi, er aðrir heimilismenn hafa tekið, eða það er sjúkt og fær ekki viðunandi hjúkrun og læknishjálp, og skal þá barnaverndarnefnd í samráði við heimilislækni gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til verndar heilsu barns eða ungmennis.

26. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að uppeldi barns eða ungmennis, aðbúnaði eða atleti er ábótavant vegna hirðuleysis foreldra eða forráðamanna, van-kunnáttu þeirra, andlegra eða siðferðislegra annmarka, líkamlegs eða andlegs heilsuleysis, drykkjuskapar, eiturylfjanautnar, lauslætis eða annars siðleysis, refsiverðs athæfis o. s. frv., og skal þá barnaverndarnefnd gera viðeigandi ráðstafanir. Kemur þá m. a. til greina að leiðbeina foreldrum og forráðamönnum og áminna þá, skipa heimili eftirlitsmann, eiga hlut að því, að sjúklingi eða annmarkamanni verið komið brott af heimili, eða taka barn af heimili, ef það þykir bezt henta, og má þá fela öðrum foreldravaldið. Ef ungmenni yfir 16 ára á í hlut, skal barnaverndarnefnd fara eftir ákvæðum 31. gr., eftir því sem við á.

Það er borgarakvöð að taka skipun sem eftirlitsmaður heimilis samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

27. gr.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni eða ungmenni háski búinn af háttsemi eða framferði heimamanns, svo sem vegna ofdrykkju eða annars ósæmilegs athæfis, en því gæti annars líðið vel á heimilinu, er henni skylt, ef umvandanir og aðrar ráðstafanir koma ekki að haldi, að kæra málið fyrir valdsmanni þeim, er í hlut á. Er honum þá skylt að gera ráðstöfun, sem tryggir hag barnsins eða ungmennisins að þessu leyti, og í því skyni jafnvel heimilt að vikja manni brott af heimili um stundarsakir eða til frambúðar, ef hann bætir ekki ráð sitt, sbr. 47. gr.

28. gr.

Ef barnaverndarnefnd verður þess vís, að hegðun barns sé ábótavant, svo sem vegna ódælsku og óknytta, slæpingsháttar, flækings, betls, vanrækslu á námi, drykkjuskapar eða annarrar óreglu, lauslætis eða lögbrotá, skal barnaverndarnefnd hefjast handa um viðeigandi aðgerðir. Skal hún þá ráðgast um við foreldri eða forráðamenn, áminna barnið og reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut. Ef barn er í skóla eða við nám, skal barnaverndarnefnd ráðgast við kennara eða meistara um betrun á hegðun þess, en við dómara, ef um lögbrot er að tefla. Ef nauðsyn þykir héra til, skal barnaverndarnefnd taka barn brott af heimili og fá því góðan samastað á heimili til umsjár eða í vist á hæli eða uppeldisstofnun, enda sé höfð hliðsjón af annmörkum þess, sbr. 26. gr., og skulu þeim, sem við því taka, veittar leiðbeiningar um, hvernig með það skuli fara. Sá, sem tekur við slíku

29 barni, skal ekki láta það frá sér fara án vitundar barnaverndarnefndar á staðnum, 9. apríl né þeirrar, er barninu hefur ráðstafað.

Þegar annmarkabarn eða ungmenni, sbr. 31. gr., er vistað á heimili, skal þess gætt, að á heimilinu séu ekki önnur börn eða ungmenni, sem ætla má, að stafi hætta af sambúð við það.

Jafnframt ákvæðum þessarar greinar skulu haldast ákvæði refsilaga um ráðstöfun vegna lögbrota barna yngri en 15 ára.

Nú verður barn 16 ára á heimili, hæli eða uppeldisstofnun, þar sem barnaverndarnefnd hefur komið því fyrir, og skal þá sú ákvörðun barnaverndarnefndar haldast, þar til hún ákveður annað. Rétt er aðila, þegar hann er orðinn 16 ára, eða lögráðamanni hans að bera málið á ný undir barnaverndarnefnd og barnaverndarráð.

29. gr.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni eða ungmenni til dvalar í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar, skal hún tilkynna það þeirri barnaverndarnefnd, sem þá ber að fylgjast með högum þess. Jafnframt ber þeirri nefnd skylda til að sjá um, að barnið eða ungmennið skipti ekki um dvalarstað nema með leyfi þeirrar barnaverndarnefndar, er barninu hefur ráðstafað.

30. gr.

Þegar barni er ráðstafað brott af heimili, sbr. 26. og 28. gr., skal leggja áherzlu á, að því sé séð fyrir lögskipaðri fræðslu eða fræðslu við sitt hæfi, ef annmarkabarn á í hlut. Nú er barn fullra 15 ára, og skal þá barnaverndarnefnd leitast við að ráðstafa því til þess starfs eða náms, er bezt svarar til hæfis þess og því má að gagni koma. Kostnaður af þessu greiðist hlutfallslega af rikissjóði og sveitarsjóðum samkv. fræðslulögum, séu foreldrar eða framfærendur ekki aflögu-færir.

31. gr.

Ef ungmenni eldra en 16 ára er haldið annmörkum þeim, er í 28. gr. getur, skal barnaverndarnefnd reyna að bæta hegðun og framferði þess með leiðbeiningum og áminningum, viðræðum við venzlafólk, húsbændur, kennara, meistara o. s. frv.

Ef ungmenni lætur skipast við áminningar barnaverndarnefndar og fellst á, að því sé komið í vist eða til náms, er barnaverndarnefnd skylt að veita atbeina sinn til þess, enda ráðstafi dómari eða ráðherra ekki á annan veg ungmenni, sem framið hefur lögbrot og eldra er en 15 ára. Jafnframt skulu gilda áfram ákvæði 30. gr. laga nr. 19 1940.

Nú hefur ungmenni lokið vist, sem því hefur verið fengin samkvæmt ákvæðum þessara laga, og skal þá barnaverndarnefnd sú, sem í hlut á, veita því atbeina sinn til þess að komast í vist, í atvinnu eða til náms við þess hæfi.

32. gr.

Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar barnaverndarnefndar.

33. gr.

Rétt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með högum þeirra vegna umkomuleysis eða annmarka. Skylt er nefndinni að hafa eftirlit með slíkum börnum, svo og þeim börnum, sem ekki njóta umsjónar nema annars foreldris eða hvorugs, og má hún setja slíkum börnum eftirlitsmann, sem sé trúnaðarmaður hennar.

34. gr.

Ef barnaverndarnefnd kemst að raun um, að þeir, sem hafa á vögum sínum fósturbarn eða tökubarn, vanræki uppeldi þess, atlæti eða aðbúnað, þá er henni auk annarra ráðstafana, er lög leyfa, heimilt að leggja bann við, að þeir taki vandalaus börn framvegis.

35. gr.

Áður en ráðherra veitir heimild til stofnunar eða rekstrar barnahælis eða annarrar uppeldisstofnunar, skal hann leita umsagnar barnaverndarráðs. Ekki má fela forstöðu slíks hælis eða stofnunar öðrum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, telur þar til hæfa, eða barnaverndarráð, ef hæli er ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum hvaðanæva af landinu.

Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skal hún jafnan fylgjast með, hvað verður um börn, sem tekin eru af slíkum hælum, og samþykkja þá staði, sem þau fara til, ef ekki er um að ræða heimili foreldra. Skal hún gæta þess vandlega, að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur hæli eða stofnanir en þær, sem hlotið hafa löggildingu lögum sankvæmt.

Ef meðferð barns á barnahæli eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks hælis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skal barnaverndarnefnd með leiðbeiningum og áminningum leitast við að bæta úr því, sem áfátt er. En komi það ekki að haldi, skal hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fær eigi úr bætt, getur það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt hæli eða stofnun rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar. Bera má mál þessi undir dómstóla, en ekki frestar það framkvæmd úrskurðar barnaverndarráðs eða ráðherra.

36. gr.

Áður en ráðstafað er sankvæmt lögum þessum barni eða ungmenni, sem er líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, sbr. 5. tölul. 1. gr., skal barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð, ef unnt er, láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til, hvernig með skuli fara.

Ríkisstjórn skal í þessu skyni, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, setja á stofn og reka athugunarstöð eða stöðvar að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Þar, sem athugunarstöð er sett, skal leita umsagnar viðkomandi barnaverndarnefndar um stað, stærð og fyrirkomulag. Á athugunarstöð skulu barnaverndarnefndir hvaðanæva af landinu eiga kost á að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum, og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa um stuttan tíma, unz athugun þeirra er lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.

Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu þessarar stöðvar í samráði við barnaverndarráð.

37. gr.

Ríkisstjórninni er skylt, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu hæli þessi vera a. m. k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á hælum þessum, fræðslu, uppeldi og aga þar.

Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á hælum þessum og öðrum hælum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 35. gr. getur, fer samkv. lögum nr. 78 1936. Þegar leitað er samninga um vist á slíkum hælum, skal það gert í samráði við barnaverndarráð.

29

9. apríl

Rétt er barnaverndarnefnd að leita í samráði við oddvita eða framfærslunefnd samninga um meðlag með barni eða ungmenni, sem ráðstafað er samkvæmt lögum þessum gegn meðlagi. Ágreiningi má skjóta til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar (bæjarráðs), er skal tafarlaust leggja úrskurð á málið. Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til æðra stjórnvalds.

Þá er barni eða ungmenni er ráðstafað svo sem nú var sagt, skal framfæranda skylt, eftir því sem hann er megnugur, að bera kostnað af því. Nú telur framfærandi sér kostnað um megn, og skal valdsmaður sá, sem í hlut á, kveða upp úrskurð um meðlagsskyldu, er hann hefur rannsakað efni og ástæður aðila. Má skjóta þeim úrskurði til ráðherra.

Að öðru greiðist kostnaður úr sveitarsjóði, shr. þó 24. og 37. gr. þessara laga.

39. gr.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum. Ekki má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðju, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi. Sama gildir um ráðningu barns til vinnu á skipi. Til iðnaðarnáms má ekki ráða barn yngra en 16 ára. Rétt er ráðherra að setja reglugerðir, er taki yfir landið í heild, ef við á, en annars einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, vinnutíma, aðbúð, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar.

Rétt er, að ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna taki m. a. yfir: vernd sendisveina í starfa, þar á meðal útbúnað flutningatækja þeirra; takmörkun á blaðasölu barna og ungmenna og annarri verzlunarstarfsemi þeirra; starfa barna og ungmenna í veitingahúsum og opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar, svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkvæmt henni, varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

40. gr.

Barnaverndarnefnd skal vinna gegn áfengisneyzlu barna og ungmenna og aðstoða í því efni áfengisvarnarnefnd í umdæmi sínu.

41. gr.

Barnaverndarnefnd er skylt að hafa í umdæmi sínu eftirlit með kvikmyndasýningum, leiksýningum og öðrum opinberum sýningum. Er þeim, sem veita slíkum sýningum forstöðu, skylt að veita barnaverndarnefnd kost á því að kynna sér efni sýningar á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur sýningu skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni. Skulu þá forstöðumenn sýningar geta þess á sinn kostnað í auglýsingum um hana.

Í Reykjavík — og víðar, ef þörf gerist, — er ráðherra heimilt að skipa eftirlitsmann kvikmynda og annan til vara að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Annast hann skoðun allra kvikmynda, sem þar eru sýndar, og úrskurðar um þær með sama hætti og áður segir um barnaverndarnefnd. Úrskurð sinn stimplar eftirlitsmaður á seðil, er fylgir hverri mynd, og gildir úrskurðurinn um þá mynd, hvar sem er á landinu. Kvikmyndahús greiðir eftirlitsmanni eða varaeftirlitsmanni (barnaverndarnefndarmanni, shr. 1. mgr.) þóknun þá, er ráðherra ákveður fyrir hverja mynd.

Ef forstöðumaður brýtur gegn reglum, sem honum eru settar samkv. ákvæð- **29**
um greinar þessarar, varðar það sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, nema 9. apríl
þyngri refsing liggji við að lögum.

42. gr.

Rétt er að setja með reglugerð ákvæði til verndar börnum og ungmennum gegn siðspillandi áhrifum, vondum fordæmum og freistingum.

Rétt er að takmarka í reglugerð útvistir barna og ungmenna á kvöldum og nóttum, ferðir út í skip og banna þeim aðgang að opinberum knattborðsstofum og öðrum skemmtistöðum, sem eru ekki við barna og ungmenna hæfi.

Í reglugerð má leggja bann við starfa kvenna innan 18 ára á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hættu búin.

Rétt er að takmarka í reglugerð heimild manna til að fela börnum og ungmennum fjárhæðir í vörzlu eða til umráða og hafa tiltekin verzlunarviðskipti við börn.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar, sem sett er samkv. grein þessari, varðar sömu viðurlögum og brot gegn ákvæðum 39. gr.

43. gr.

Ef maður viðhefur í návist barns eða ungmennis ósiðlegt, ruddalegt eða ósæmilegt orðbragð eða athæfi, ertir það eða dregur dár að því eða særir það á ósæmilegan hátt eða beitir það refsingum, ógnunum eða hótunum og slíkt orðbragð eða athafnir má telja því skaðsamlegar andlega eða líkamlega, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

44. gr.

Ef maður leiðir barn eða ungmenni allt að 18 ára á hættulega siðferðislega glapstigu, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef maður verður áskynja um brot samkvæmt 1. mgr. og lætur ógert að afstýra því, ef honum er það fært, eða gera hlutaðeigandi löggæzlumanni eða barnaverndarnefnd viðvart.

45. gr.

Ef foreldrar, forráðamenn, forstöðumaður eða starfsmaður barnahælis eða uppeldisstofnunar, kennari, meistari eða aðrir, sem forsjá barna og ungmennis allt að 18 ára er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hættu búin, þá varðar það refsingu samkv. 191 gr. laga nr. 19 1940. Þegar maður er dæmdur til refsingar eftir grein þessari, má beita hann ákvæðum 64., 65. og 68. gr. sömu laga.

46. gr.

Hver, sem verður þess vís, að foreldrar, forráðamenn, kennari, meistari eða aðrir þeir, sem forsjá barns eða ungmennis er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hættu búin, skal skyldur að tilkynna það barnaverndarnefnd, þar sem barnið er.

Vanræksla í þessu efni varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik, sem telja má, að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta.

29

9. apríl

47. gr.

Það varðar mann sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum, ef hann heim-sækir gegn forboði barnaverndarnefndar, barnaverndarráðs eða dómara barn eða ungmenni, sem ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum eða almennum hegningarlögum. Hver, sem á brott nemur barn eða ungmenni, er ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum, tælir það til brotthlaups, leynir því eða aðstoðar það við að strjúka, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Sömu refsingar varðar það mann, ef hann óhlýðnast úrskurði valdsmanns að vikja brott af heimili samkv. 27. gr. eða sækir á heimili, eftir að honum hefur verið vikið þaðan. Beita má hér ákvæðum 64. og 65. gr. laga nr. 19 1940.

Hver, sem annars tálmar rannsókn eða framkvæmd, sem fram á að fara samkvæmt lögum þessum, gefur ranga eða villandi skýrslu þeim, sem slíka rannsókn eða framkvæmd á að annast, eða hlýðir ekki því, sem lagt er fyrir hann samkvæmt heimild í lögum, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra.

V. KAFLI

Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs.

48. gr.

Barnaverndarráð er ályktunarfært, ef allir ráðsmenn sitja fund og tveir þeirra fylgjast að máli.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarráðsmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

49. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs er að hafa yfirumsjón starfa allra barnaverndarnefnda á landinu. Skal það veita barnaverndarnefndum hvers konar leiðbeiningar um starfa þeirra, skilning á lagaákvæðum, er þær varða, o. s. frv.

50. gr.

Nú verður barnaverndarráð þess víst, að barnaverndarnefnd rækir ekki störf þau, sem henni eru falin í lögum, og skal barnaverndarráð þá krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína.

51. gr.

Ef barnaverndarráði þykir ástæða til, getur það tekið mál í umdæmi barnaverndarnefndar til meðferðar, hvort sem hún hefur áður um fjallað eða ekki. Fer um tilhögun þeirrar rannsóknar, eftir því sem við á, á sama hátt sem um starfa barnaverndarnefnda.

52. gr.

Barnaverndarráð heimtir ársskýrslur frá barnaverndarnefndum og gefur út útdrátt úr þeim ásamt skýrslu um störf sín ekki sjaldnar en annað hvert ár. Ráðherra getur að fengnum tillögum barnaverndarráðs beitt dagsektum, 5—20 kr. á dag, ef barnaverndarnefnd vanrækir að standa skil á fyrirskipuðum skýrslum.

53. gr.

Barnaverndarráð hefur yfirumsjón allra barnahæla og uppeldisstofnana á landinu og beint eftirlit með hælum þeim og uppeldisstofnunum, sem ætluð eru til viðtöku börnum og unglingum hvaðanæva af landinu. Skal það fela einum ráðs-

manna eða sérstökum fulltrúa að vitja til eftirlits hvers hælis eða stofnunar svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Er forráðamanni þeirrar stofnunar, er í hlut á, skylt að greiða fyrir eftirliti og veita eftirlitsmanni færi á að rannsaka börn og ungmenni, sem þar eru vistuð, húsakynni þeirra, þrif, heilsufar, eldi, aðbúnað og þroska, veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunarinnar o. s. frv.

Tálmanir gegn framkvæmd eftirlits varða refsingu að lögum, sbr. 3. gr. og 47. gr., 3. mgr.

54. gr.

Aðili, er ráðstöfun barnaverndarnefndar varðar hagsmuni hans, getur horið málið undir barnaverndarráð, og er því skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar. Slík áfrýjun frestar ekki framkvæmd ráðstöfunar barnaverndarnefndar.

VI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

55. gr.

Mál samkvæmt 44., 45. og 46. gr. þessara laga skulu rekin að hætti opinberra mála.

56. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi numin lög nr. 43 23. júní 1932, um barnavernd, lög nr. 76 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, lög nr. 62 4. júlí 1942, um eftirlit með ungmennum o. fl., og önnur þau lög, er fara í bág við þessi lög.

Gjört í Reykjavík, 9. apríl 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

Stjórnartíðindi 1947, A. 7.

L Ö G

um að tryggja mannelisgildi hveitis.

30

22. apríl

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum mannelisráðs að skipa fyrir með reglugerð um ráðstafanir til að tryggja sem best mannelisgildi hveitis, sem selt er á íslenskum markaði. Má í því skyni krefjast sérstakrar tilhögunar við mölun hveitisins, svo og að það skuli blandað viðeigandi næringar- og hollustuefnum, annars hvors eða hvors tveggja í senn.

22. apríl

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, skulu varða allt að 10000 kr. sekt, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

22. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 4 27. jan. 1943, um dýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Dýralæknar skulu vera 8, tveir í Sunnlendingafjórðungi, og skal annar hafa búsetu í Reykjavík, þrír í Vestfirðingafjórðungi, tveir í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi. Atvinnumálaráðherra skipar þá og kveður á um bústað þeirra að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum.

Nú er ekki kostur nægilega margra lærðra dýralækna, og er atvinnumálaráðherra þá heimilt, í samráði við yfirdýralækni, að fela mönnum, er yfirdýralæknir telur treystandi til að bæta úr þörf búfjáreigenda, að gegna störfum dýralæknis um stundarsakir fyrir hæfilega þóknun úr ríkissjóði, enda liggi fyrir um það eindregnar óskir frá hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

L Ö G

32

22. apríl

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í B-kafla 2. gr. laganna kemur á eftir 45. lið:
Leirhöfn á Melrakkasléttu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 22. apríl 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

33

22. apríl

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg fyrir það verð og með þeim greiðsluskilmálum, er um semur.

Óheimilt er Grímsneshreppi að selja jörðina öðrum en ríkissjóði og þá fyrir kostnaðarverð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 22. apríl 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

VEGALÖG

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um flokkun vega.

1. gr.

Vegir á Íslandi eru þjóðvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppsvegir.

2. gr.

Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland.

1. *Suðurlandsvegur:* Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa, Holt, Rangárvelli, Hvolhrepp, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur. Um Höfðabrekkuheidi, Mýrdalssand, Skaffártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Örafi, Breiðamerkursand, Suðursveit, um Flatey á Mýrum til Melatanga, um Höfn í Hornafirði, Nes, Almanskard og um væntanlega brú á Jökulsá í Lóni innan við Stafafell, að Lónsheiði.
2. *Reykjanesbraut:* Frá Reykjavík um Hafnarfjörð og Keflavík til Sandgerðis.
3. *Grindavíkurvegur:* Af Reykjanesbraut á Vogastapa um Grindavík að Reykjanesvíta.
4. *Hafnavegur:* Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum að Kirkjuvogi í Höfnum.
5. *Garðskagavegur:* Af Reykjanesbraut nálægt Útskálum að Garðskagavita.
6. *Álftanesvegur:* Af Hafnarfjarðarvegi til Bessastaða.
7. *Vífilsstaðavegur:* Af Hafnarfjarðarvegi til Vífilsstaða.
8. *Útvarpsstöðvarvegur:* Af Suðurlandsvegi skammt innan við Reykjavík að Útvarpsstöð á Vatnsendahæð.
9. *Elliðavatnsvegur:* Af Suðurlandsbraut hjá Rauðavatni um Vatnsenda og Vífilsstaði til Hafnarfjarðar.
10. *Krisuvík- og Selvogsvegur:* Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð um Krisuvík, Selvog og Ölfus að Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði.
11. *Þorlákshafnarvegur:* Af Selvogsvegi nálægt Hlíðarenda til Þorlákshafnar.
12. *Biskupstungnabraut:* Af Suðurlandsvegi undir Ingólfsfjalli um Grimsnes og Biskupstungur, hjá Vatnsleysu til Geysis.
13. *Bræðratunguvegur:* Af Biskupstungnabraut austan við Tungufljótsbrú að Bræðratungu.
14. *Sogsvegur:* Af Biskupstungnabraut skammt fyrir austan Sogsbrú, hjá Ljósa-fossi og austan við Þingvallavatn til Þingvalla.
15. *Kiðjabergsvegur:* Af Suðurlandsvegi fyrir vestan Hraungerði, um væntanlega brú á Hvítá hjá Kiðjabergi, á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
16. *Þingvallabraut:* Af Vesturlandsvegi nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
17. *Grafningsvegur:* Af Þingvallabraut nálægt Heiðabæ, sunnan Þingvallavatns og hjá Úlfjótuvatni að Sogsvegi nálægt Ljósa-fossi.
18. *Laugardalsvegur:* Af Sogsvegi nálægt Þingvallavatni, um Laugardal hjá Laugarvatni að Biskupstungnabraut hjá Múla.
19. *Laugarvatnsvegur:* Af Biskupstungnabraut hjá Svinavatni að Laugardalsvegi hjá Laugarvatni.
20. *Skeiða- og Hreppavegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa upp Skeið og Hrunamanna-hrepp að Gullfossvegi vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
21. *Gullfossvegur:* Af Biskupstungnabraut hjá Tungufljóti til Gullfoss.

22. *Gnúpverjavegur*: Af Skeiðavegi sunnan Laxár, hjá Ásum og norðan Miðfells upp Þjórsárdal að Ásólfstöðum. 34
22. apríl
23. *Skálholtsvegur*: Af Skeiðavegi nálægt Reykjum, yfir Hvítá hjá Iðu, um Skálholt að Biskupstungnabraut austan Brúarár.
24. *Villingaholtsvegur*: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt suður með Þjórsá um Parta og Fljótshóla, að Gaulverjabæjarvegi.
25. *Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarvegur*: Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri að Eyrarbakkevegi.
26. *Hamarsvegur*: Af Gaulverjabæjarvegi norðan Gaulverjabæjar um Hamarsbæi og Skógsnes á Villingaholtsveg nálægt Sýrlæk.
27. *Eyrarbakkevegur*: Frá Selfossi að Eyrarbakka.
28. *Kaldaðarnesvegur*: Af Eyrarbakkevegi nálægt Sandvík að Kaldaðarnesi.
29. *Ásvegur*: Af Suðurlandsvegi móts við vegamót Landvegur um Ás að Sandhólaferju.
30. *Landvegur*: Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Land hjá Múla að Galtalæk.
31. *Hagabraut*: Af Landvegi fyrir ofan Lýtingsstaði um Haga, Stúfholt, Skammbeinsstaði að Landvegi neðan við Köldukinn.
32. *Þykkvabæjarvegur*: Af Suðurlandsvegi vestan Ægissíðu að Hábae í Þykkvabæ.
33. *Árbæjarvegur*: Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá, um Árbæ á Landveg nálægt Lækjarbotnum.
34. *Bakkabæjavegur*: Af Suðurlandsvegi austan við Þverárbrú, sunnan Þverár yfir væntanlega brú á Hólsá hjá Ártúni á Þykkvabæjarveg.
35. *Landeyjavegur syðri*: Af Suðurlandsvegi hjá Hemlu, hjá Akurey, Bergþórs- hvoli, Lágafelli og Miðey að Suðurlandsvegi nálægt Ossabæ.
36. *Fljótshlíðarvegur*: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð að Múlakoti.
37. *Vallavegur*: Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol og Velli.
38. *Merkurvegur*: Af Suðurlandsbraut austan við Markarfljótsbrú inn að Stóru-Mörk.
39. *Dyrhólavegur*: Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal um Loftsalí að Dyrhólaey.
40. *Reynishverfisvegur*: Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Reyniskirkju í Mýrdal.
41. *Álftaversvegur*: Af Suðurlandsvegi við Skálmárbrú á Mýrdalssandi að Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri.
42. *Búlandsvegur*: Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Búlandi.
43. *Meðallands- og Landbrotsvegur*: Af Suðurlandsvegi í Skaftártungu um Ása-brú, Leiðvöll og Langholt í Meðallandi. Um Eldvatnsbrú hjá Fljótum og upp Landbrot austanvert á Suðurlandsveg við Skaftárbrú.
44. *Kirkjubæjarklaustursvegur*: Af Suðurlandsvegi austan við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri á Síðu.
45. *Inn-Nesja- og Mýravegur*: Af Suðurlandsvegi hjá Hólum í Hornafirði vestur yfir Fljót innra, nálægt Hoffelli, út Mýrar að Suðurlandsvegi hjá Flatey. Yfir Hornafjarðarfljót ytra, undan Bjarnanesi.
46. *Hornsvegur*: Af Suðurlandsvegi hjá Almannaskarði að Horni.

B. Um Vesturland.

1. *Vesturlandsvegur*: Af Suðurlandsvegi innan við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, um Leirársveit, Hafnarskóg og Andakil. Yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufá. Um Norðurárdal, Bjarnadal, Miðdali, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Kollabúðarheiði, Þorskafjarðarheiði og Langadal til Arngerðareyrar.

- 34
22. apríl
2. *Keldnavegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Grafarholti í Mosfellssveit að Keldum.
 3. *Reykjavegur*: Af Vesturlandsvegi við Varmárbrú um Álafoss, um Reykja- hverfi, hjá Miðdal og á Suðurlandsveg hjá Geithálsi.
 4. *Kjósarskarðsvegur*: Frá vegamótum Vesturlandsvegur hjá Skorá um Möðru- velli og Fellsenda á Þingvallaveg hjá Syðri-Stíflisdal.
 5. *Reynivallavegur*: Af Vesturlandsvegi norðan Laxárbrúar um Reynivelli að vegamótum Kjósarskarðsvegur hjá Möðruvöllum.
 6. *Dragháls- og Skorradalsvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Ferstiklu á Hvalfjarðar- strönd um Ferstikluháls, Svinadal, vestan Skorradalsvatns, um Hestháls yfir Andakil að Vesturlandsvegi hjá Hvítárvöllum.
 7. *Andakilsfossavegur*: Af Vesturlandsvegi nálægt Ausu, hjá Andakilsfossu og Grund að Háafelli í Skorradal.
 8. *Leirársveitarvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú um Leirá yfir Laxárbrú hjá Hóli og á Vesturlandsveg skammt frá Miðfelli.
 9. *Akranesvegur*: Frá Akranesi að Vesturlandsvegi hjá Lambhaga.
 10. *Akrafjallsvegur*: Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall, hjá Klafa- stöðum og Innra-Hólmi á Þjóðveginn ofan við Akraneskaupstað.
 11. *Melasveitarvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti um Melasveit á Vestur- landsveg sunnan við Höfn.
 12. *Hvalfjarðarferjuvegir*: Af Vesturlandsvegi hjá Eyri í Kjós að ferjulendingu sunnan Hvalfjarðar og af Akrafjallsvegi hjá Klafastöðum að ferjulendingu norðan Hvalfjarðar.
 13. *Lundarreykjadalvegur*: Af Skorradalsvegi á Götuási inn Lundarreykjadal á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.
 14. *Bæjarsveitarvegur*: Af Vesturlandsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit, um Reykjadalárbrú hjá Kleppjárnsreykjum að Reykholtsdalsvegi.
 15. *Borgarnesbraut*: Frá Borgarnesi að Vesturlandsvegi norðan Gufár.
 16. *Borgarfjarðarbraut*: Af Vesturlandsvegi hjá Haugum um Stafholtstungur yfir Hvítárbrú á Kláffossi, um Reykholtsdal og Hálsasveit að Lambá.
 17. *Varmalandsvegur*: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Varmalands- skóla.
 18. *Stafholtsvegur*: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Stafholti.
 19. *Þverárhliðarvegur*: Af Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt og Arnbjargarlæk á Kleifaveg hjá Norðtungu.
 20. *Kleifavegur*: Af Borgarfjarðarbraut hjá Kláffossbrú um Kleifar að Norðtungu.
 21. *Hvítársíðuvegur*: Af Kleifavegi inn Hvítársíðu um væntanlega brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
 22. *Álftaneshreppsvegur*: Af Stykkishólmsvegi vestan Langár um Álftaneshrepp sunnanverðan, sunnan Hólsvatns að Vogalæk.
 23. *Hraunhreppsvegur*: Af Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa, um Hrafnkelsstaði og Laxárholt að Vogu.
 24. *Hnappadalsvegur*: Af Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bildu- hólmi á Skógarströnd.
 25. *Stykkishólmsvegur*: Af Borgarnesbraut fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
 26. *Kolviðarnesvegur*: Af Stykkishólmsvegi vestan við Gerðuberg í Eyjahreppi að Kolviðarneslaug.
 27. *Ólafsvíkurvegur*: Af Stykkishólmsvegi austan við Straumfjarðará um Staðar- sveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
 28. *Útnesvegur*: Af Ólafsvíkurvegi, sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík að Sandi.
 29. *Búðavegur*: Af Útnesvegi utan við Hraunhafnará til Búða.
 30. *Hellissandsvegur*: Frá Ólafsvík um Ennisdal til Hellissands.

31. *Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur*: Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Eyrarsveit til Grafarness. Utan í Búlandshöfða og um Fróðársveit á Ólafs-
víkurveg. 34 22. apríl
32. *Helgafellssveitarvegur*: Af Stykkishólmsvegi nálægt Grishól í Helgafellssveit um Kóngsbakka og Hraunháls á Eyrarsveitarveg í Berserkjahrauni.
33. *Skógarstrandarvegur*: Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Skógarströnd, yfir Hörðudal og á Vesturlandsveg í Miðdölum.
34. *Haukadalsvegur*: Af Vesturlandsvegi sunnan við Haukadalsárbrú um Haukadal inn á móts við Leikskála.
35. *Laxárdalsvegur*: Af Vesturlandsvegi sunnan Laxár í Dölum, um Laxárdal og Laxárdalsheiði að Strandavegi utan Borðeyrar.
36. *Laugavegur*: Af Þjóðveginum í Hvammssveit að Laugum.
37. *Klofnings- og Skarðsstrandarvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Ásgarði um Staðarfell og Skarðsstöð á Vesturlandsveg í Saurbæ.
38. *Salthólmavíkurvegur*: Af Skarðsstrandarvegi hjá Tjaldanesi í Saurbæ til verzlunarstaðarins í Salthólmavík.
39. *Staðarhólsvegur*: Af Skarðsstrandarvegi, við Kirkjuhvol í Saurbæ um Staðarhól að Þverfelli.
40. *Króksfjarðarnesvegur*: Af Vesturlandsvegi í Geiradal að verzlunarstaðnum í Króksfjarðarnesi.
41. *Gautsdalsvegur*: Af Vesturlandsvegi sunnan Geiradalsár, nálægt Bakka að Gautsdal.
42. *Reykhólasveitarvegur*: Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, um Reykhóla að Stað og af Vesturlandsvegi hjá Kinnarstöðum að Hofsstöðum.
43. *Gufudalsvegur*: Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði um Gufudal, Skálanes og Kollafjörð að Kletti austan undir Klettshálsi.
44. *Steinadalsvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Brekku í Gilsfirði, um Steinadalsheiði og á Strandaveg í Kollafirði.
45. *Strandavegur*: Af Norðurlandsvegi vestan Hrutafjarðarar um Borðeyri, út með Hrutafirði, um Stikuháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð og til Hólmavíkur. Um Staðardal og að Vesturlandsvegi á Kollabúðarheiði.
46. *Kaldrananesvegur*: Af Bjarnarfjarðarvegi til Kaldrananes.
47. *Reykjarfjarðarvegur*: Af Strandavegi í Staðardal, um Bjarnarfjörð, Bala, Kaldbak og Veðileysu, um Kúvíkur í Reykjarfirði að Árnesi.
48. *Selstrandarvegur*: Af Reykjarfjarðarvegi norðan Selár út Selströnd um Drangsnes um Bæ til Kaldrananes.
49. *Ármúlavegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Langadalsárbrú innan við Arngerðareyri út Langadalsströnd að Ármúla.
50. *Snæfjallastrandarvegur*: Frá Ármúla um Snæfjallaströnd að Bæjum.
51. *Ögurvegur*: Frá Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp um Múla, um Eyrarfjall og Mjóafjörð í Ögur.
52. *Aðalvíkurvegur*: Frá Heklu við Hesteyri um Hesteyrardal og Stakkadalsheiði til Látra í Aðalvík.
53. *Hnífsdals- og Bolungavíkurvegur*: Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.
54. *Ísafjarðarvegur*: Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði, inn fyrir Önundarfjörð, um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.
55. *Súðavíkurvegur*: Af Ísafjarðarvegi nálægt Seljalandsá í Skutulsfirði um Arnardal til Súðavíkur.
56. *Suðureyrarvegur*: Af Ísafjarðarvegi á Breiðadalsheiði um Botnsheiði út með Súgandafirði um Suðureyri að Stað.
57. *Flateyrarvegur*: Af Ísafjarðarvegi hjá Breiðadal til Flateyrar.

- 34 58. *Hjarðardalsvegur*: Af Ísafjarðarvegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði um Hjarðardal og yfir Dalsá hjá Kirkjubóli í Valþjófsdal.
22. apríl 59. *Núpsvegur*: Frá Alviðruvör um Núp og Gemlufall að Lambadal.
60. *Þingeyrarvegur*: Frá Þingeyri um Brekkudal og Rafnseyrarheiði að væntanlegum ferjustað við Arnarfjörð nálægt Rafnseyri.
61. *Haukadalsvegur*: Frá Þingeyri til Haukadals.
62. *Ketilseyrarvegur*: Frá Þingeyri um Hvamm til Ketilseyrar.
63. *Bildudals- og Patreksfjarðarvegur*: Frá Bildudal um Hálfðán, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.
64. *Dalahreppsvegur*: Frá Bildudal að Bakka í Dalahreppi.
65. *Suðurfjarðavegur*: Frá Bildudal um Suðurfirði að Fossi.
66. *Tálknafjarðarvegur*: Af Bildudalsvegi norðan Tálknafjarðar að Sveinseyri.
67. *Barðastrandarvegur*: Frá Geirseyri um Kleifaheiði, hjá Haga að Brjánslæk.
68. *Rauðasandsvegur*: Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi.
69. *Örlygshafnarvegur*: Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri um Sauðlauksdal, Gjögur í Örlygshöfn og Hafnarfjall að Látrum.

C. Um Norðurland.

1. *Norðurlandsvegur*: Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði og Hrutafjörð, yfir Hrutafjarðarháls, Miðfjörð, Viðidal og Vatnsdalsá hjá Hnausum til Blönduóss. Um Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal, Öxnadalshéiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar. Um Vaðlaheiði, Ljósavatnsskarð, Fljótshéiði og Aðalreykjadal til Húsavíkur. Um Reykjaheiði og Kelduhverfi að Austurlandsvegi, austan við Jökulsárbrú í Axarfirði.
2. *Reykjaskólavegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Reykjum í Hrutafirði að Reykjas skóla.
3. *Miðfjarðarvegur*: Af Norðurlandsvegi austast á Hrutafjarðarhálsi yfir Núpsá á væntanlegri brú nálægt Núpi.
4. *Hvammstangabraut*: Frá Hvammstanga að Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi.
5. *Vatnsnesvegur*: Frá Hvammstanga út Vatnsnes að Hindisvík.
6. *Vesturhópsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Vatnshorni um Vesturhóp út að Hindisvík.
7. *Vatnsdalsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal yfir væntanlega brú á Vatnsdalsá.
8. *Reykjabraut*: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá um Reyki á Svinvetningabraut hjá Tindum.
9. *Svinvetningabraut*: Frá Blönduósi, hjá Svinavatni, um væntanlega brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
10. *Skagastrandarvegur*: Frá Blönduósi um Skagaströnd og Kálfshamarsvík til Hafna.
11. *Þverárfjalls- og Gönguskarðavegur*: Af Skagastrandarvegi utan við Laxá um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal ytri, Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks.
12. *Skagavegur*: Af Gönguskarðsvegi hjá Skíðastöðum út Laxárdal að Skefilsstöðum.
13. *Sauðárkróksbraut*: Frá Sauðárkróki að Norðurlandsvegi hjá Varmahlíð.
14. *Skagafjarðarvegur*: Af Norðurlandsvegi skammt innan við Varmahlíð um Mælifell, um Tungusveit og Kjálka, á Norðurlandsveg nálægt Egilsá í Norðurárdal.

15. *Út-Blönduhlíðarvegur*: Af Hofsóssvegi austan Héraðsvatna um Viðvíkursveit og Blönduhlíð á Norðurlandsveg austan við Héraðsvatnabru á Grundarstokki.
16. *Hofsóssvegur*: Frá Sauðárkróki um Hegranes, Viðvíkursveit og Óslandshlíð til Hofsóss.
17. *Hegranesvegur*: Af Hofsóssvegi hjá Garði að Ríp.
18. *Hólavegur*: Af Hofsóssvegi að Hólum í Hjaltadal.
19. *Siglufjarðarvegur*: Frá Hofsósi um Sléttuhlíð, Fljót og Siglufjarðarskarð til Siglufjarðar.
20. *Flókadalsvegur eystri*: Af Siglufjarðarvegi austan við Haganes, um Barð að Stóru-Reykjum í Flókadal.
21. *Ólafsfjarðarvegur*: Af Siglufjarðarvegi norðan Fljótaár um Stíflu og Lágheiði til Ólafsfjarðar.
22. *Hörgárdalsvegur innri*: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá á Þelamörk yfir Hörgárbrú nálægt Þúfnavöllum.
23. *Hörgárdalsvegur ytri*: Af Hörgárdalsvegi innri nálægt Hörgárbrú hjá Skuggahvammi að Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum.
24. *Dalvíkurvegur*: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugahálsi um Arnarneshrepp og Árskógströnd, hjá Árgerði til Dalvíkur.
25. *Árskógssandsvegur*: Af Dalvíkurvegi utan við Þorvaldsdalsá að Árskógssandi.
26. *Svarfaðardalsvegur*: Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Urðum.
27. *Hrisavegur*: Af Dalvíkurvegi hjá Hrisum um brýr á Skíðadalsá og Svarfaðardalsá að Svarfaðardalsvegi hjá Hreiðarsstöðum.
28. *Hjalteyrarvegur*: Af Dalvíkurvegi hjá Skriðulandi í Arnarneshreppi til Hjalteyrar.
29. *Eyjafjarðarbraut*: Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar um Jörunnarstaði að Torfufelli, ásamt brautinni að Kristneshæli.
30. *Laugalandsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, hjá Laugalandsskóla, um Eyjafjarðararbrú á Stíflu og á Eyjafjarðarbraut skammt utan við Saurbæ.
31. *Svalbarðsstrandarvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Veigastöðum innst á Vaðlaheiði, um Svalbarðsströnd og Höfðahverfi á Fnjóskadalsveg austan við brú á Fnjóská hjá Laufási.
32. *Fnjóskadalsvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Hálsi út Fnjóskadal austanverðan um Höfðahverfi til Grenivíkur.
33. *Kinnarvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði um Köldukinn, yfir Skjálfandafljótsbrú, norður fyrir Garðsnúp á Norðurlandsveg hjá Garði í Aðaldal.
34. *Reykjahverfisvegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Laxamýri í Aðaldal, um Hveravelli í Reykjahverfi og Hvammsheiði, hjá Grenjaðarstað, á Norðurlandsveg hjá Syðra-Fjalli í Aðaldal.
35. *Laxárdalsvegur*: Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárbrúm vestan Laxár að Þverá í Laxárdal.
36. *Bárðardalsvegur vestri*: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts yfir væntanlega brú hjá Stóruvöllum.
37. *Bárðardalsvegur eystri*: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshól, austan Skjálfandafljóts að Sandvík í Bárðardal.
38. *Mývatnssveitar- og Mývatnsöræfavegur*: Af Norðurlandsvegi hjá Breiðumýri um Mývatnsheiði, Mývatnssveit, Námaskarð og Mývatnsöræfi, um brú á Jökulsá og á Austurlandsveg hjá Grímsstöðum á Fjöllum.
39. *Laugaskólavegur*: Af Mývatnssveitarvegi sunnan við Breiðumýri að Laugaskóla.

- 34 40. *Tjörnesvegur*: Frá Húsavík kringum Tjörnes að Norðurlandsvegi hjá Lóni í Kelduhverfi.
22. apríl 41. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur*: Af Norðurlandsvegi austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópaskerskaupþún, yfir Melrakkasléttu, um Raufarhöfn á Axarfjarðarheiðarveg nálægt Svalbarði í Þistilfirði.
42. *Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegur*: Af Kópaskersvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga og Svalbarð í Þistilfirði til Þórshafnar.
43. *Langanesvegur*: Frá Þórshöfn um Langanés að Skálum.
44. *Ytri-Lónsvegur*: Af Langanesvegi utan við Sauðanesós, nálægt Ytra-Lóni að Eldjárnsstöðum.

D. Um Austurland.

1. *Austurlandsvegur*: Af Norðurlandsvegi austan við Jökulsá í Axarfirði, um Hólsfjöll hjá Grímsstöðum, hjá Möðrudal um Möðrudalsöræfi, Jökuldalsheiði, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal hjá Eydölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs. Um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði að Suðurlandsvegi í Lóni.
2. *Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur*: Frá Þórshöfn norðan Brekkaheiðar, um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð á Austurlandsveg vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Hafnarvegur*: Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi við Bakkaá í Skeggjastaðahreppi að Hafnarkaupþúni.
4. *Vopnafjarðarvegur*: Af Austurlandsvegi hjá Möðrudal um Langadal, yfir Möðrudalsheiði, um Hofárdal til Vopnafjarðar.
5. *Vesturdalsvegur*: Af Strandavegi nálægt Vesturá um Vesturárdal á Vopnafjarðarveg fyrir innan Hof.
6. *Jökuldalsvegur*: Frá Austurlandsvegi við Gilsá í Jökuldal um Hákonarstaði og Brú að Aðalbóli.
7. *Hróarstunguvegur nyrðri*: Af Austurlandsvegi austan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum austan Jökulsár, um væntanlega brú á Lagarfljót á Steinboga, á Úthéraðsveg nálægt Hóli.
8. *Hróarstunguvegur eystri*: Af Austurlandsvegi hjá Rangá, um Kirkjubæ, yfir væntanlega brú á Lagarfljót hjá Fossi og á Úthéraðsveg hjá Bóndastöðum.
9. *Upphéraðsvegur*: Af Austurlandsvegi vestan Lagarfljótsbrúar, um Fell og á Fljótsdalsveg vestan við Jökulsá í Fljótsdal skammt fyrir innan Valbjófsstað
10. *Fjarðarheiðarvegur*: Af Fagradalsbraut hjá Egilsstöðum um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
11. *Seyðisfjarðarvegur*: Frá Seyðisfirði að Þórarinsstöðum.
12. *Úthéraðsvegur*: Af Fjarðarheiðarvegi austan við Eyvindarárbrú um Eiðaþinghá og Hjaltastaðþinghá að Óshöfn. Um Njarðvík og Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar.
13. *Fagradalsbraut*: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal að Búðareyri við Reyðarfjörð.
14. *Eskifjarðarvegur*: Frá Búðareyri við Reyðarfjörð til Eskifjarðarkaupþúns.
15. *Norðfjarðarvegur*: Frá Eskifjarðarkaupþúni um Oddskarð til Neskaupstaðar.
16. *Viðfjarðarvegur*: Frá Eskifjarðarkaupþúni um Vaðlavíkurheiði til Viðfjarðar.
17. *Skóga- og Fljótsdalsvegur*: Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum um Skóga, Hallormsstað, Víðivelli, yfir væntanlegar brýr á Kelduá og Jökulsá, á Upphéraðsveg skammt fyrir innan Valbjófsstað.

18. *Skriðdalsvegur*: Af Skógavegi vestan Grímsár inn Skriðdal um væntanlegar brýr á Geitdalsá og Múlaá, á Austurlandsveg. 34
22. apríl
19. *Þórdalsheiðarvegur*: Af Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði og Fagradalsbraut í Reyðarfirði.
20. *Mjóafjarðarvegur*: Af Fagradalsbraut sunnan við Köldukvísl um Eyvindardal, Slenjudal og Mjóafjarðarheiði að Firði í Mjóafirði.
21. *Fáskrúðsfjarðarvegur*: Af Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Staðarskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
22. *Vattarnesvegur*: Af Fáskrúðsfjarðarvegi fyrir austan Kolmúla að Vattarnesi.
23. *Breiðdalsvíkurvegur*: Af Austurlandsvegi hjá Eydölum í Breiðdal til Breiðdalsvíkur.
24. *Norðurdalvegur*: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að Þorvaldsstöðum.
25. *Stöðvarfjarðarvegur*: Frá Búðum um Hafnarnes og Stöðvarfjörð á Breiðdalsvíkurveg hjá Þverhamri.

3. gr.

Þar, sem þjóðvegur liggur um kaupstað eða kauptún, telst þjóðvegurinn að mörkum kaupstaðarlóðar eða verzlunarlóðar.

Þar, sem mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar eru ekki ákveðin, úrskurðar ráðherra, hvar þjóðvegur endar.

Nú nær byggð meðfram slíkum vegi út fyrir mörk kaupstaðar- eða verzlunarlóðar, og skal þá ekki telja þjóðveg lengra en þar að, sem byggð telst enda samkvæmt úrskurði ráðherra.

4. gr.

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem vegamálastjórnin ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

5. gr.

Sýsluvegir eru þeir vegir um hverja sýslu, þar sem mest er umferð, enda séu þeir eigi þjóðvegir.

Sýslunefndir ákveða að fengnu samþykki vegamálastjórnarinnar, hvar sýsluvegir skuli liggja, hver innan sinnar sýslu.

6. gr.

Hreppsvegir eru vegir um hreppa og hreppa í milli, sem hvorki eru þjóðvegir né sýsluvegir. Sýslunefnd ákveður eftir tillögum hreppsnefndar, hvar hreppsvegir skuli liggja.

II. KAFLI

Um stjórn vegamála.

7. gr.

Ráðherra sá, er fer með samgöngumál, hefur yfirstjórn allra vegamála. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar forseti Íslands vegamálastjóra, en ráðherra skipar honum verkfræðinga og aðra aðstoðarmenn eftir þörfum, að fengnum tillögum hans.

8. gr.

Sýslunefndir hafa, undir yfirumsjón vegamálastjóra, umsjón og stjórn þeirra vegagerða og þess viðhalds, sem kostað er af sýslusjóði eða sýsluvegasjóði. Odd-

- 34 viti sýslunefndar hefur umsjón með öllum sýsluvegum, en hann ræður hæfa verk-
22. apríl stjóra til þess að stjórna framkvæmdum. Skytt er sýslunefndum að hlíta ráðum vegamálastjóra um framkvæmd vegagerða.

9. gr.

Hreppsnefnd hefur umsjón með allri vinnu að hreppsvegum, og skal hún ráða hæfa verkstjóra. Hlíta skal hreppsnefnd ráðum sýslunefndar og vegamálastjóra um framkvæmd vegagerða.

III. KAFLI

Um gerð vega, viðhald þeirra og greiðslu kostnaðar.

10. gr.

Allir vegir skulu vera svo gerðir, að nægi umferð þeirri, sem er eða vænta má að verði um þá, að svo miklu leyti sem vegamálastjórnin telur slíkt kleift.

11. gr.

Ríkissjóður kostar umbætur og viðhald þjóðvega. Skulu þeir gerðir akfærir svo fljótt sem fé er veitt til í fjárlögum. Nú verður álitid gagnlegt að gera einhvern þjóðvegarkafra akfæran, og má þá, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, setja það skilyrði, að hlutaðeigandi sveitarfélag eða sýslufélag leggi fram tiltekinn hluta alls vegagerðarkostnaðar.

12. gr.

Vegamálastjórnin ákveður, hvaða fjallvegir skuli gerðir akfærir. Aðrir fjallvegir skulu gerðir reiðfærir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr ríkissjóði.

13. gr.

Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykkt um stofnun sýsluvegasjóðs samkvæmt lögum nr. 10 20. júní 1923, um samþykktir um sýsluvegasjóði, og fer þá um kostnað við sýsluvegi samkvæmt þeim lögum.

Í þeim sýslum, þar sem ekki eru sýsluvegasjóðir, er sýslunefnd heimilt að ákveða, að hvert hreppsfélag skuli árlega greiða í sýslusjóð sérstakan vegaskatt fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Fyrir hvern verkfæran karlmann má sýsluvegagjald þetta nema allt að andvirði eins 8 stunda dagsverks verkamanns í vegavinnu ríkissjóðs í sýslunni hið næsta ár áður en skatturinn er lagður á. Hreppstjórar skulu í októbermánuði ár hvert semja nafnaskrá yfir alla verkfæra karlmenn 20—60 ára, sem heimili hafa í hreppnum. Skulu skrárnar sendar sýslumanni fyrir hver árslok, en sýslumaður ákveður eftir þeim sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal borgað úr sveitarsjóði og greitt sýslumanni á manntalsþingi. Samrit af skránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í té fyrir 20. október.

14. gr.

Sýslunefnd getur ákveðið, að hluta af fé því, er sýslan leggur fram til sýsluvega, verði varið til kaupa á stórvirkum, vélknúnum tækjum til vegagerðar í sýslunni, svo sem jarðýtu og skurðgröfu, enda hafi áður verið leitað um það álits og tillagna vegamálastjóra. Telji vegamálastjóri ráðlegt, að sýslan kaupi slíkar vélar, greiðir ríkissjóður helming af verði vélanna, þar með talinn allur kostnaður við þær, komnar á ákvörðunarstað í sýslunni.

Vélar þessar skulu starfræktar undir yfirstjórn vegamálastjóra.

15. gr.

Sýsluvegir skulu gerast akfærir þar, sem því verður við komið. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um greiðslu styrks til akfærra sýsluvega, sem veittur er í fjárlögum, og má styrkur þessi nema allt að helmingi kostnaðar af viðhaldi sýsluvega og allt að $\frac{3}{5}$ hlutum kostnaðar nýbygginga.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um akfæra sýslu- og hreppsvegi, og fer þar um samkvæmt lögum nr. 38 28. nóv. 1919.

16. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda vegamálastjóra skýrslu um þær vegabætur, er hafa verið framkvæmdar á kostnað sýslusjóðs, ásamt reikningi yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins.

17. gr.

Nú vill sýslunefnd framkvæma á einu ári meiri vegabætur á sýsluvegum en tekjur sjóðsins það ár leyfa, og getur hún þá tekið lán til þeirra; en áður sýslunefnd ákveður lántökuna, skal liggja fyrir áætlun um kostnað við hina fyrirhuguðu vegagerð eftir verkfróðan mann, og skal áætlunin vera samþykkt af vegamálastjóra.

18. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði, en í hann skal greiða hreppsvegagjald, 20 krónur árlega fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd, að fengnu samþykki sýslunefndar, að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra, allt að andvirði eins 8 stunda dagsverks verkamanns í vegavinnu ríkissjóðs í sýslunni hið næsta ár áður en skatturinn er lagður á.

19. gr.

Hver sá maður, sem talinn er í verkfærra skrá, skal greiða hreppsvegagjald í sveitarsjóð. Húsráðandi hver innir gjaldið af hendi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldsins er 31. desember ár hvert.

20. gr.

Til vegagerðar á hreppsvegum má ekki verja minna fé úr sveitarsjóði en nemur hinu lögskipaða hreppsvegagjaldi. Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sé á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvegagjaldið með hækkun þeirri, sem heimiluð er í 18. gr., hrökkvi fyrir henni, og má hún þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði, ef meiri hluti gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar og fund sækja, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, og sé með þeirri samþykkt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðar úr sveitarsjóði umfram hreppsvegagjaldið.

21. gr.

Nú er lítið að vinna að hreppsvegum í hreppi, og má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi hreppsvegargjalds greiðist í peningum í sýslusjóð. Sé aftur á móti hreppsvegavinna mikil í einhverjum hreppi af því að þar eru engir þjóðvegir né sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að allt að jafnmikilli upphæð og hreppsvegagjald hreppsins greiðist úr sýslusjóði.

22. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda vegamálastjóra yfirlit yfir hreppsvegagjöld í sýslunni og yfir gjöld sveitarsjóða til vega.

34

22. apríl

Nú vill hreppsnefnd taka lán til vegagerðar í hreppnum og skuldbinda sveitar-sjóð til greiðslu á láninu ásamt vöxtum af því, og er henni það heimilt, ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögsmætum sveitarfundu, enda samþykki sýslunefnd ályktun hreppsnefndar um lántökuna.

23. gr.

IV. KAFLI

Um jarðrask, landnám, átroðning o. fl.

24. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Enn fremur að leyfa, að vatni, sem veita þarf frá vegi, sé gerð fram-rás yfir land hans. Þó getur enginn krafizt skaðabóta samkvæmt þessum lögum fyrir vatnsrásir, sem eru til orðnar áður en þessi lög öðlast gildi. Bætur fyrir jarð-rask og landnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sé krafizt og álitid verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og landnám vegna þjóðveggar skulu greiðast úr rikissjóði og reiknast með kostnaði vegarins.

25. gr.

Merki, hæla, vörður eða því líkt, sem vegamálastjóri hefur látið setja til að marka útmælda veglínu, má ekki nema burt án leyfis hans.

Rétt er vegamálastjórninni að banna, að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs vegar, sem mælt hefur verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi allt að 3 árum.

26. gr.

Bætur fyrir landnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum máls-aðilum. Kostnaðinn við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, er honum er metin, er nær því, sem honum hefur verið boðið, en því, sem hann hefur krafizt, ella telst kostnaðurinn við matið með skoðabótakostnaðinum.

Nú vill annar hvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan mánaðar frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fjórum dómkvöddum mönnum; kostnaðinn við yfirmat greiðir landeigandi, ef hann hefur krafizt þess og það gengur honum eigi í vil, ella telst hann með öðrum skoðabótakostnaði.

27. gr.

Mat skal fram fara á vettvangi, þá er jörð er snjólaus. Við matið skal hafa til-lit til árlegs afrakstrar af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega allt það, er getur haft áhrif á verðmæli þess, er meta skal; sérstaklega skal hafa tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagerðina. Nú leggst eldri stigur eða vegur niður við lagn-ingu nýs vegar og fellur til landeiganda, og skal þá við matsgerðina meta sérstak-lega hið gamla vegarstæði eða götutroðninga og draga frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir landnám undir hinn nýja veg, eða jarðrask, leiðandi af

lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum, nema sann- 34
að verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi en af hinum eldri vegi 22. apríl
eða stíg.

28. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð
leigð öðrum, greiði landeigandi honum 5 af hundraði árlega af skaðabótaupphæð-
inni meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var þegar bæturnar voru ákveðnar.
Ábúandi á þó bætur fyrir skemmdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og
skal meta þær sérstaklega.

29. gr.

Skaðabóta, er af vegagerð eða vegaviðhaldi leiðir, skal krefjast innan árs frá
því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

V. KAFLI

Um brýr, ferjur, sæluhús, girðingar, hlið o. fl.

30. gr.

Brýr skal gera samkvæmt lögum um brúargerðir.

31. gr.

Kostnað við bifreiðaferjur til flutnings yfir vötn eða firði, svo og við lendingar-
bætur og bryggjur í sambandi við þær, er heimilt að greiða úr rikissjóði og telja með
öðrum kostnaði vegamála.

32. gr.

Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er. Sýslunefndir hafa eftirlit með því,
hver í sinni sýslu, að lögferjum haldi lögferjum í gildu standi og gæti skyldu
sinnar að öðru leyti, eftir þeim nánari reglum, sem sýslunefnd setur á hverjum stað.

Ekki má sýslunefnd hækka lögferjugjöld né afnema lögferju, nema með sam-
þykki vegamálastjóra.

Nú samþykkir sýslunefnd að lækka lögferjugjöld, en lögferjumaður vill ekki
hlíta samþykkt sýslunefndar, og skal þá málinu skotið til úrskurðar vegamálastjóra.

33. gr.

Nú vill sýslunefnd setja lögferju þar, sem ekki var lögferja áður, og skulu þá
taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafist þess, að ferjan sé lögð þeim
til í upphafi. Ferjugjöldin skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum,
dómkvöddum mönnum.

34. gr.

Nú verða ábúendaskipti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefj-
ast þess, að honum sé metið álag á ferjana.

35. gr.

Sæluhús skal gera á fjallvegum og annars staðar þar, er þurfa þykir, og telst
kostnaður við byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði, en kostnaður við viðhald
þeirra og rekstur með viðhaldskostnaði.

36. gr.

Girðingar úr sléttum vír eða vírneti má hvergi setja nær alfaravegi en 1 metra
frá vegjaðri og ekki nær en 3 metra frá miðjum vegi.

Girðingar úr gaddavír hvergi nær en 4 metra frá vegjaðri og 6 metra frá miðj-
um vegi.

34 Grjótgarða, torfgarða og skíðgarða má ekki setja svo nærri vegi, að valdi aðfenni, 22. apríl og ekki nær vegbrún en 10 metra, nema með sérstöku leyfi hlutaðeigandi sjórnarvalda.

Þar, sem skurður er meðfram vegi, skal metrabreið ræma af ytri skurðbakkanum til vegarins, og má ekki gera girðingar eða önnur mannvirki á þeirri ræmu án leyfis.

- IX. Að greiða allt að 100 þús. kr. vegna rekstrarhalla, sem kynni að verða á fyrirhugaðri landbúnaðarsýningu í Reykjavík 1947.
- X. Að lána Jóni Leifs tónskáldi allt að 60 þús. kr. til endurprentunar á tónverkum hans.
- XI. Að verja allt að 100 þús. kr. til brúargerðar á Skjálfandafljóti í Bárðardal í Suður-Þingeyjarsýslu.
- XII. Að láta Búnaðarfélagi Íslands í té ókeypis lóð milli Skúlagötu og Sölvhólsgötu í Reykjavík undir félagshús.
- XIII. Að greiða tryggingarsjóði sjómanna í Bolungavík 33 þús. kr., enda verði samþykktir sjóðsins færðar til samræmis við lög nr. 109 1943.
- XIV. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað, fyrir að kenna kennslukonuefnum vefnað.
- XV. Að greiða 6 þús. kr. til fyrirhleðslu í Staðará, gegn greiðslu $\frac{1}{3}$ kostnaðar annars staðar að. (Endurveiting).
- XVI. Að greiða allt að 300 þús. kr. í endurbyggingarstyrki til sveitabýla, ef framlagið í 16. gr. A. 7. c. hrekkur ekki til.
- XVII. Að greiða Gunnlaugi Ó. Scheving listmálara, Sigurði Sigurðssyni listmálara og Freymóði Jóhannssyni listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk hverjum.
- XVIII. Að veita Ingibjörgu Jóhannsdóttur allt að 50 þús. kr. byggingarstyrk til húsmæðraskóla að Löngumýri.
- XIX. Að verja allt að 20 þús. kr. til þess að láta grafhellur á leiði nokkurra skálda.
- XX. Að greiða bætur samkv. gildandi slysatryggingalögum til ekkjunnar Guðríðar Ólafsdóttur, Ási, Fellum, N.-Múl., og barna hennar, vegna

manns hennar, Guttorms Brynjólfssonar, er fórst ásamt þrem stúlku-börnum hinn 8. nóv. 1946, er sprengja, sem skilin hafði verið eftir við heræfingar, sprakk á mel rétt hjá bænum í Ási. Bætur þessar greiðir ríkissjóður þó því aðeins, að slysið fái ekki bætt frá hernaðaryfirvöldum Bretlands og Bandaríkjanna.

- XXI. Að verja allt að 20 þús. kr. vegna þátttöku Íslendinga í málverkasýningu í Stokkhólmi og vegna sýningar á úrvali úr sömu sýningu í Reykjavík.
- XXII. Að verja allt að 700 þús. kr. til endurbyggingar á Þjórsárbrú.
- XXIII. Að greiða allt að 100 þús. kr. til byggingar sjómannaheimilis í Vestmannaeyjum, gegn a. m. k. $\frac{2}{5}$ hlutum annars staðar að, enda hafi bindindisfélögin í Vestmannaeyjum forgöngu og umsjón með rekstri hússins.
- XXIV. Að verja allt að 500 þús. kr. til byggingar fávita-hælis.
- XXV. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1946 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
- XXVI. Að verja allt að 225 þús. kr. til kaupa á Engey með öllu tilheyrandi.
- XXVII. Að selja strandferðaskipið Súðina, ef viðunanlegt boð fæst, og verja andvirðinu upp í greiðslu kostnaðar af byggingu hinna nýju strandferðaskipa, sem verið er að smíða fyrir ríkissjóð.
- XXVIII. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs rekstrarlán fyrir Samband íslenskra byggingarféлага, allt að 750 þús. kr., gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.
- XXIX. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán fyrir Sláturfélag Austur-Húnavetninga, til þess að stofna mjólkurbú, allt að helmingi stofnkostnaðar. (Endurveiting).
- XXX. Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs 400 þús. kr. lán fyrir Hveragerðis-hrepp til hitaveituframkvæmda, þó ekki yfir 85% af kostnaði við framkvæmdina, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.
- XXXI. Að ábyrgjast fyrir fiskiðjuver útvegsmanna og fiskimanna á þeim stöðum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt, vegna þess að útvegsmenn geti eigi reist þau af eigin rammleik, allt að þriggja milljóna króna lán, er hvíli á öðrum veðrétti á iðjuverinu næst á eftir stofnlánadeildarláni, og megi lánin nema allt að 10% af stofnkostnaði þeirra, enda séu félögin stofnuð og rekin samkv. 3. gr. 1. nr. 41 frá 29. apríl 1946.
- XXXII. Að greiða Sigurði Guðmundssyni skólameistara full laun, ef hann lætur af embætti.
- XXXIII. Að greiða Vigfúsi Einarssyni skrifstofustjóra full laun, ef hann lætur af embætti.
- XXXIV. Að greiða fyrrv. sakadómara, Bergi Jónssyni, full laun fyrir árið 1947.
- XXXV. Að greiða Jóni Sveinbjörnssyni, fyrrv. konungsrítara, 5 þús. kr. eftirlaun.
- XXXVI. Að veita Gunnlaugi Kristmundssyni fyrrv. sandgræðslustjóra full laun frá 1. apríl s. l.
- XXXVII. Að fresta fjárframlögum til framkvæmda, sem ekki eru bundnar í öðrum lögum en fjárlögum, ef atvinnuástandið í landinu eða fjárhagur ríkisins gerir það nauðsynlegt. Ef fé er hins vegar fyrir hendi, en fresta verður framkvæmdum af öðrum ástæðum, skal það fé geymt, er til

35
1. maí

þeirra framkvæmda var ætlað, en þær að öðrum kosti látnar sitja í fyrir-
rúmi á árinu 1948.

XXXVIII. Að taka allt að 25 millj. króna lán til þess að ljúka framkvæmdum, sem
fé er veitt til í fjárlögum, ef tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum, en vinnu-
afl nægilegt atvinnuvegunum að skaðlausu.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1946 og hafa í för með
sér tekjur eða gjöld fyrir rikissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin
samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum,
tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins
fyrir fjárhagstímabilið.

Gjört í Reykjavík, 1. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

36

1. maí

L Ö G

um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Í stað orðanna „til fjögurra ára“ í 50. gr. laganna kemur: til fjögurra al-
manaksára.

2. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur sett raforkuráði ákveðinn frest til afgreiðslu mála, sem því eru
send til umsagnar. Hann getur í reglugerð, að fengnum tillögum raforkuráðs og
umsögn raforkumálastjóra, sett nánari ákvæði um starfshætti og verksvið þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Umboð raforkuráðs þess, er kosið var 29. apríl 1946, fellur niður 31. desem-
ber 1949.

Gjört í Reykjavík, 1. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

L Ö G

37

1. maí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggsvisstaði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Dalvíkurhreppi jörðina Böggsvisstaði í Dalvíkurhreppi fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra matsmanna. Skyllt skal hreppnum að selja ríkinu jörðina aftur eða hluta úr henni, ef ríkið þarf á því að halda fyrir ríkisstofnanir eða ríkisfyrirtæki, og skal endurkaupverðið þá ekki vera hærra en matsverðið við sölu. Enn fremur er Dalvíkurhreppi skyllt að kaupa af ábúanda Böggsvisstaða hús hans og önnur mannvirki á jörðinni við ábúenda-skipti eftir mati úttektarmanna, ef öðruvísi semst ekki.

Land býlisins Árgerðis fylgir með í sölunni með því skilyrði, að hreppsnefnd Dalvíkurhrepps leigi það núverandi héraðslækni Dalvíkurhéraðs til erfðaleigu-ábúðar, samkvæmt lögum nr. 8 1. febrúar 1936, fyrir sama eftirgjald og hann greiðir nú.

Námaréttindi skulu undanskilin sölunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

L Ö G

38

1. maí

um skipulag og hýsingu prestssetra.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Um byggingu íbúðarhúsa.

1. gr.

Á næstu fimm árum skal fara fram rækileg athugun á öllum prestssetrum landsins, og skal þar sérstaklega koma til álita:

1. Hver af núverandi prestssetrum séu vel til þess fallin að vera aðsetur prests í framtíðinni.

- 38
1. maí
2. Hvar æskilegt geti talizt, vegna breyttra aðstæðna, að færa prestssetur og þá hvert.
 3. Hver prestssetur eru sérstaklega fallin til skiptingar í fleiri jarðir og hvernig þeirri skiptingu yrði bezt fyrir komið.
 4. Að gera skipulagsupprætti af þeim prestssetrum, sem líkleg eru til að vera aðsetur prests til frambúðar, hversu þar skuli í aðaldráttum hagað húsaskipun allri og mannvirkjum. Skipulagsnefnd prestssetra annast framkvæmd.

2. gr.

Þegar kirkjumálaráðherra að fengnu álitu biskups hefur staðfest skipulagsupprátt að prestssetri, er óheimilt að reisa á prestssetrinu hús eða mannvirki, sem sett eru niður í bága við upprátt þennan, nema sérstakt leyfi kirkjumálaráðherra komi til í hvert skipti, enda mæli bæði biskup og húsameistari ríkisins með undanþágunni.

3. gr.

Íbúðarhús á prestssetrum skal reisa úr varanlegu efni og á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

4. gr.

Ríkissjóður kostar byggingu íbúðarhúsa á prestssetrum, að svo miklu leyti sem andvirði niðurlagðra bæjarhúsa ásamt hæfilegu álagi á þau og innstæða fyrningarsjóðs prestakallsins í Söfnunarsjóði hrekkur eigi til, og skal Söfnunarsjóður inna það fé af hendi áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því, er greiðslu var krafizt.

5. gr.

Reisa skal árlega prestsseturshús samkvæmt fyrirmælum þessara laga svo fljótt sem auðið er og eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum, þar til lokið er að byggja upp sómasamlega öll prestssetur landsins. Húsameistari ríkisins áætla byggingarkostnað prestsseturshúsa.

6. gr.

Umsókn um byggingu íbúðarhúss skal prestur senda til kirkjumálaráðuneytisins um hendur biskups, er lætur uppi álit sitt á nauðsyn byggingarinnar. Umsókninni skal fylgja álitssgerð hlutaðeigandi prófests og enn fremur lýsing úttektarmanna á ástandi bæjarhúsa og mat á verðgildi þeirra til niðurrifs, svo og á hæfilegu álagi á bæjarhúsin.

7. gr.

Kirkjumálaráðherra ákveður eftir tillögum biskups, hvaða umsóknum skuli sinnt árlega, og skal viðkomandi presti tilkynnt eigi síðar en 15. marz það ár, sem bygging á setri hans er ákveðin. Jafnframt lætur ráðherra byggingarfróðan mann athuga aðstöðu alla, en húsameistara ríkisins gera upprátt að byggingunni og kostnaðaráætlun. Viðkomandi presti skal jafnan gefinn kostur á að gera athugasemdir við upprátt húsameistara. Nú verður ekki samkomulag milli þeirra um stærð húss, eða prestur leggur sérstaka áherzlu á breytingu á húsinu, og má þá á það fallast með því móti, að prestur greiði sjálfur helming þess, er húsið verður dýrara vegna breytinganna að mati húsameistara. Má kirkjujarðasjóður veita presti til þessa embættislán, er afborgist með 6% á ári, og eru af því 4% vextir, en 2% afborgun. — Stærð prestsseturshúss skal miðast við aðstöðu á hverjum stað.

8. gr.

Þegar ákveðið hefur verið að reisa íbúðarhús á prestssetri, felur kirkjumálaráðherra trúnaðarmanni sínum að hafa eftirlit með byggingunni. Prestur annast

framkvæmd verksins, nema ráðherra feli öðrum, og er húsameistara ríkisins skylt **38** að aðstoða prest um kaup útlends efnis og annað, er við verður komið. Val yfir- 1. maí smíðs skal trúnaðarmaður og húsameistari samþykkja.

9. gr.

Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá bæjarfélagi eða sveitar skylt að leggja til ókeyppis hentuga lóð undir íbúðarhús hans. Nú verður eigi samkomulag milli trúnaðarmanns kirkjumálaráðherra og hlutað-eigandi bæjar- eða sveitarstjórnar um stærð og legu slíkrar lóðar, og skal þá ágrein- ingi skotið til skipulagsnefndar bæja og kauptúna til fullnaðarúrskurðar.

10. gr.

Heimilt er ríkisstjórn að kaupa íbúðarhús handa presti, þar sem slíkt þykir hagkvæmara, enda mæli biskup með kaupunum. Gilda um slík hús sömu ákvæði, eftir því sem við á, og um hús reist samkvæmt þessum lögum.

11. gr.

Ef íbúðarhús eða bæjarhús prestsseturs brennur eða eyðist af náttúruvöldum, eftir að ráðstafað hefur verið fjárveitingu til byggingar prestssetra, er ráðuneyt- inu heimilt að leggja fram fé til að endurbyggja prestssetrið samkvæmt lögum þessum, að því leyti, sem tryggingarfé og fyrningarsjóður prestssetursins hrekkur eigi til endurbyggingar.

12. gr.

Prestur skal á eigin kostnað annast árlegt viðhald íbúðarhúss samkvæmt regl- um, sem ráðuneytið setur, og greiða við burtför hæfilegt álag samkvæmt mati út- tektarmanna. Prófastur og biskup skulu líta eftir því á eftirlitsferðum sínum, hvort reglum þessum sé fylgt. Nú kemur í ljós, að viðhaldi er áfátt hjá presti, og skal þá prófastur setja honum hæfilegan frest úr að bæta. Ef prestur lætur samt sem áður hjá líða að framkvæma aðgerðir, skal ráðuneytinu tilkynnt, og er því þá rétt að láta nauðsynlega aðgerð á húsinu fram fara á kostnað prests og taka greiðsluna af launum hans.

13. gr.

Nú verða prestaskipti eða prestur fær veitingu og tekur við prestssetri úr hönd- um annars ábúanda. Skal þá fram fara nákvæm úttekt á prestsseturshúsinu, þar sem lýst sé, hverjar séu nauðsynlegar aðgerðir á húsinu, svo að það geti talizt í forsvaranlegu og íbúðarhæfu ástandi. Komi þá í ljós, að álag fráfaranda á húsið nægi ekki til greiðslu aðgerða þessara, greiðir ríkissjóður það, sem á vantar. Í slíkum tilfellum er ráðuneytinu rétt að senda trúnaðarmann sinn á staðinn til þess að ganga úr skugga um nauðsyn þeirra aðgerða, er úttektarmenn hafa lagt til, að gerðar verði á húsinu.

14. gr.

Íbúðarhús á prestssetrum skulu váttryggð gegn eldi í Brunabótafélagi Íslands eða hjá öðru því tryggingarfélagi, er ráðuneytið samþykkir. Iðgjaldið greiðir prestur, og má halda því eftir af launum hans. Biskup gætir þess, að húsin séu jafnan vá- tryggð fyrir hæfilegri fjárhæð.

15. gr.

Nú telur húsameistari ríkisins ekki rétt að reisa hús á prestssetri, heldur sé endurbót eða viðbygging nauðsynleg og fjárhagslega réttmæt, svo og ef rétt þykir að koma upp raflögn eða vatnsleiðslu á prestssetri, þá skulu um það gilda öll hin sömu fyrirmæli og um byggingu prestsseturshúsa samkvæmt lögum þessum.

38

1. maí

16. gr.

Árgjald prests af prestsseturshúsi, reistu samkvæmt lögum þessum, svo og af viðbótarbyggingum eða endurbótum samkvæmt 15. gr. reiknast þannig:

1. Kvaðalaust framlag Ríkissjóðs er $\frac{2}{5}$ hlutar byggingarkostnaðar, að frádregnu andvirði niðurlagðra húsa og innstæðu fyrningarsjóðs samkv. 4. gr.
2. Hinum $\frac{2}{5}$ hlutum kostnaðar skal deilt með byggingarvisitölu þess árs, er bygging eða endurbót samkv. 15. gr. fór fram, svo að í ljós komi byggingarkostnaður þessara $\frac{2}{5}$ hluta, eins og hann hefði orðið áður en verðhækkun styrjaldarinnar skall yfir.
3. Af þeirri upphæð, sem þá kemur út, talinni í heilum þúsundum að viðbættu visitöluálagi kauplagsnefndar, greiði prestur árlega $3\frac{1}{3}\%$.

Nú hefur prestsseturshús verið byggt eða keypt á tímabilinu frá 1. jan. 1940 og fram til þess að lög þessi taka gildi, eða farið hefur fram meiri háttar aðgerð á eldra húsi, þá skal árgjald prests ákveðið á sama hátt og húsið hefði byggt verið eða endurbætt eftir þessum lögum.

Af íbúðarhúsum þeim á prestssetrum, sem reist hafa verið eða endurbætt fyrir 1. jan. 1940, greiðir prestur 4% af $\frac{2}{5}$ byggingar- og endurbótakostnaðar, þó ekki hærri upphæð en kr. 320 á ári að viðbættri verðlagsvisitölu, og skal gjaldinu haldið eftir af launum hans með $\frac{1}{12}$ mánaðarlega.

17. gr.

Auk árgjalds þess af prestsseturshúsum, sem getið er í 16. gr., greiðir prestur í fyrningarsjóð $\frac{1}{2}\%$ af þeirri upphæð, er honum ber að greiða árgjald af til ríkissjóðs. Gjald þetta tekst af launum prests með $\frac{1}{12}$ hluta mánaðarlega með visitöluálagi.

Fyrningarsjóður er séreign hvers prestakalls. Skal hann ávaxtaður í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands undir umsjón biskups. Nú er prestakall prests-laust um hrið, og sér þá ríkissjóður um greiðslu fyrningarsjóðsgjalds á prestsseturshúsinu.

Ríkissjóður leggur árlega til fyrningarsjóðanna jafnháa upphæð og fyrningarsjóðsgjald nemur samkvæmt ákvæðum fyrri hluta þessarar greinar.

II. KAFLI

Um byggingu peningshúsa o. fl.

18. gr.

Peningshús, hlöður, áburðarhús, safnþrær og önnur nauðsynleg útihús á prestssetrum, er styrks njóta samkvæmt lögum þessum, má aðeins byggja úr varanlegu efni, steinsteypu, timbri og jární eða öðru því byggingarefni, er trúnaðarmaður ráðuneytisins telur heppilegt, enda sé byggingunum valinn staður samkvæmt því, sem skipulagsuppráttur staðarins gerir ráð fyrir, nema undanþága frá því sé veitt samkvæmt 2. gr.

19. gr.

Nú óskar prestur að reisa á prestssetri eitthvert þeirra húsa, er talin eru í 18. gr., og sendir hann þá um það skriflega rökstudda beiðni til ráðuneytisins. Fallist ráðuneytið á nauðsyn prests, lætur það hæfan mann rannsaka aðstöðu alla og gera upprátt og kostnaðaráætlun að byggingunni, og skal prestur síðan reisa húsið eftir þeim upprátti eða öðrum, sem ráðuneytið samþykkir.

20. gr.

Ríkissjóður leggur fram allt aðkeypt efni til byggingarinnar, en prestur kostar alla aðflutninga efnis og vinnu við bygginguna.

21. gr.

Pegar húsið er fullgert, skal það tekið út af trúnaðarmanni ráðuneytisins, og er meðmæli trúnaðarmanns liggja fyrir um, að húsið sé vandað og byggt samkvæmt hinum samþykktu uppdrætti, tekur ráðuneytið við því fyrir hönd jarðarinnar.

38

1. maí

22. gr.

Framlag prests til endurbyggingar útihúsa á prestssetri samkvæmt 20. gr. skal presti endurgreitt svo sem hér segir:

1. Með andvirði niðurlagðra húsa, er vegna hinnar nýju byggingar teljast eigi lengur nauðsynleg jarðarhús að dómi úttektarmanna. Skulu úttektarmenn meta þau til niðurrifs, en prestur kaupir húsin samkvæmt því mati eða á því verði, er samkomulag verður um milli hans og ráðuneytisins.
2. Með álagi því, er prestur hefur tekið á hin niðurlögðu hús, að viðbættu hæfilegu álagi á húsin eftir mati úttektarmanna, eða að frádregnu hæfilegu endurgjaldi, ef húsið hefur endurbætt verið síðan prestur tók við því.
3. Með styrk, sem prestur kann að fá til byggingarinnar, samkvæmt jarðræktarlögum eða öðrum lögum.
4. Með innstæðu endurbyggingarsjóðs útihúsa prestssetursins.

23. gr.

Nú hrekkur endurgreiðsla samkvæmt 22. gr. ekki til fyrir framlagi prests, og lánar þá ráðuneytið fé úr kirkjujarðasjóði fyrir því, sem á vantar. Lán þessi skulu vera embættislán með veði í tekjum embættisins og greiðast með 4% á ári. Af því eru vextir 3%, en 1% afborgun. Um eftirlit, viðhald og álag slíkra húsa fer eftir ákvæðum 12. gr.

24. gr.

Pegar útihús á prestssetri eru niður lögð, er presti skylt að rífa þau innan þriggja ára, frá því að hann hefur við þeim tekið samkv. 22. gr., og slétta á sinn kostnað yfir rústirnar. Vanræki prestur þetta, má láta framkvæma verkið á hans kostnað.

25. gr.

Nú kemur það í ljós við burtför prests af prestssetri eða andlát hans, að hann eða dánarbú hans á útihús, girðingar eða önnur þau mannvirki á prestssetrinu, er að dómi úttektarmanna teljast nauðsynleg til búrekstrar á jörðinni, og skal þá ríkið kaupa þau samkv. mati úttektarmanna, ef fráfarandi óskar. Geti fráfarandi eigi selt ríki eða viðtakanda hús sín eða mannvirki, er honum heimilt að rífa þau eða selja öðrum til niðurrifs.

26. gr.

Nú kaupir ríkissjóður hús eða mannvirki á prestssetri samkvæmt 25. gr., og er þá rétt að hækka afgjald jarðarinnar sem nemur allt að 2% af kaupverðinu.

27. gr.

Af framlagi ríkissjóðs til byggingar útihúsa á prestssetrum samkvæmt lögum þessum, svo og af framlagi því til peningshúsa, er ríkið hefur innt af hendi samkvæmt lögum nr. 63 8. sept. 1931, skal prestur greiða árlega 1% í endurbyggingarsjóð útihúsa. Gjald þetta tekst af launum prests með $\frac{1}{12}$ mánaðarlega. Sé prestssetur prestslaut, greiðist endurbyggingarsjóðsgjaldið úr ríkissjóði. Ríkissjóður leggur endurbyggingarsjóðnum árlega jafnháa upphæð og endurbyggingarsjóðsgjaldinu nemur.

38

1. maí

Endurbyggingarsjóðir útihúsa eru séreign hvers prestakalls undir umsjón biskups. Þá skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Gilda um þá og greiðslur úr þeim öll hin sömu ákvæði og um fyrningarsjóði prestssetra, eftir því sem við á. Núverand „fyrningarsjóðir peningshúsa“ samkv. lögum nr. 63 1931 skulu afhentir biskupi þegar er lög þessi koma til framkvæmda, og renna þeir inn í endurbyggingarsjóði útihúsa prestssetrana.

28. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 63 8. sept. 1931, um hýsingu prestssetra, svo og önnur þau ákvæði, er koma kunna í bága við þessi lög.

30. gr.

Lög þessi skulu koma til framkvæmda 1. júní 1947.

Gjört í Reykjavík, 1. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

39

1. maí

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafsfjarðarhreppi
jörðina Hringverskot í Ólafsfirði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ólafsfjarðarkaupstað kirkjujörðina Hringverskot í Ólafsfirði. Námaréttindi skulu þó undanskilin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

40

6. maí

um breyting á lögum nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. gr. laganna hljóði þannig:

Kveða skal á um tilhögun kennslu og prófa í reglugerð og miðað við það, að náminu verði lokið á 4—5 árum. Sérstaklega skal kveða á um tilhögun tannlæknánáms lækna og læknastúdenta, sem lokið hafa prófi í fleiri eða færri greinum almennrar læknisfræði, enda skulu þeir undanþegnir prófi tannlæknastúdenta í þeim greinum, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

41

9. maí

um breyting á lögum nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmiði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Síldarútvegsnefnd, sbr. lög nr. 74/1934, skal annast allar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum og hafa á hendi stjórn tunnuverksmiðjanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt niður fallið umboð núverandi stjórnar tunnuverksmiðja ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

18

42
9. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Fyrri málsliður b-liðar 8. gr. laganna orðist svo: Hefur eftir 16 ára aldur verið háseti í 36 mánuði á skipum, sem eru stærri en 12 rúmlestir, þar af að minnsta kosti 18 mánuði á skipum stærri en 30 rúml. og af þeim 18 mánuðum að minnsta kosti 6 mánuði á stærri skipum en 60 rúmlesta.

2. gr.

Í stað „60“ í síðari másl. b-liðar sömu lagagr. komi: 30.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 43 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

43
9. maí

L Ö G

um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

1. gr.

Félag, er nefnist Íslensk endurtrygging, skal hafa á hendi starfsemi þá, sem lög þessi kveða á um.

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk félagsins er:

1. Að annast endurtryggingu fyrir íslensk váttryggingarfélög, einkum á sviði sjó-

trygginga, en heimilt er því að taka að sér endurtryggingar á hvaða sviði vá- **43**
trygginga sem er. **9. maí**

2. Að annast stríðsslysaftryggingar íslenskra skipshafna samkvæmt lögum, er um þær gilda á hverjum tíma, svo og stríðsslysaftryggingar og aðrar skyldar slysa-tryggingar íslenskra skipshafna samkvæmt samningum, að því leyti sem félagsstjórn ákveður.
3. Að taka að sér endurtryggingar fyrir erlend vátryggingarfélag, eftir því sem stjórn félagsins telur hentugt.

Skylt er að kaupa hjá félaginu stríðsslysaftryggingar samkvæmt 2. tölulið þess-
arar greinar.

Heimilt er félaginu að taka sams konar tryggingar á erlendum skipum í ís-
lenskri þjónustu.

3. gr.

Áhættufé félagsins er:

A. Framlagt áhættufé.

1. Af ríkissjóði	kr. 1850000.00	
2. Af eftirtöldum tryggingafélögum:		
Tryggingastofnun ríkisins ...	kr. 136000.00	
Brunabótafélagi Íslands	— 136000.00	
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f	— 136000.00	
		— 408000.00
3. Af útgerðarmönnum	— 2706000.00	
		— 2706000.00
		kr. 4964000.00
4. Af öðrum tryggingafélögum, sbr. 5. gr.		

B. Áhættufjárábyrgðir.

1. Ábyrgð ríkissjóðs	kr. 856000.00	
2. Ábyrgðir tryggingafélaganna þriggja:		
Tryggingastofnunar ríkisins ..	kr. 60000.00	
Brunabótafélags Íslands	— 60000.00	
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f	— 60000.00	
		— 180000.00
		— 1036000.00
		Samtals kr. 6000000.00

4. gr.

Sjóðir félagsins eru:

- I. Varasjóður.
- II. Arðjöfnunarsjóður.
- III. Almennur endurtryggingasjóður.
- IV. Bónussjóður. Hann er séreignarsjóður.

5. gr.

Nú semur innlent vátryggingarfélag, sem ekki á áhættufé í félaginu, svo um að tryggja hjá félaginu minnst $\frac{1}{10}$ hluta af þeim endurtryggingum sínum, sem samrým-
ast endurtryggingarstarfsemi félagsins, eða greiða félaginu minnst 100 þús. kr. í ið-
gjöld árlega, og getur stjórn Endurtryggingarinnar þá samið þannig við slíkt félag,
að það leggi fram allt að 100 þús. krónur í áhættufé, er þá nýtur sömu réttinda og
ber sömu skyldur og eldra áhættufé, sbr. þó 11. gr.

43

9. maí

Fé það, ábyrgðir og sjóðir, er um ræðir í 3. og 4. gr., er til tryggingar skuldbindingum félagsins, þannig að fyrst er varasjóður (4. gr. I), næst arðjöfnunarsjóður (4. gr. II), þá áhættufé (3. gr. A. og B. hlutfallslega), þá hinn almenni endurtryggingasjóður (4. gr. III) og loks bónussjóður (4. gr. IV).

6. gr.

Engir þeirra, sem taka þátt í félaginu, ábyrgjast skuldbindingar þess umfram áhættufé, sbr. 3. gr., sjóði, sbr. 4. gr., og tekjuafgang, sem er í vörzlu félagsins á hverjum tíma.

7. gr.

8. gr.

Sérhverjum eiganda áhættufjárins, sbr. 3. gr., ber að afhenda skirteini, er greinir:

1. Nafn eiganda og heimilisfang.
2. Upphæð eignar.
3. Númer skirteinis.

Um skirteinin gilda reglur þær, er hér greinir, og sé þeirra getið á skirteininu:

1. Eigandi er háður lögum, sem um félagið eru sett á hverjum tíma.
2. Skirteini veitir atkvæðisrétt við kosningar í stjórn félagsins, sbr. 9. gr., samkvæmt reglum, er ráðherra setur um þá kosningu, en ekki annan rétt til afskipta af málum þess.
3. Féð er óuppsegjanlegt.
4. Skirteinið verður ekki framselt né veðsett eða látið af hendi á annan hátt, nema félagsstjórn samþykki, og á hún fyrir félagsins hönd innlausnarrétt á því fyrir matsverð dómkvaddra manna.
5. Skirteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, þó aldrei yfir 5%, sbr. þó 3. lið 10. gr.
6. Skirteinum fylgir skattfrelsi samkvæmt 11. gr.

9. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara.

Ríkisstjórnin tilnefnir tvo aðalmenn og tvo til vara. Úr hópi þessara manna tilnefnir hún formann og varaformann félagsstjórnarinnar.

Tryggingarfélög þau, sem áhættufé eiga í félaginu, tilnefna einn aðalmann og einn til vara. Verði þau ekki sammála, tilnefnir ríkisstjórnin mennina úr hópi þeirra, sem tryggingarfélögin hafa stungið upp á.

Eigendur skirteina þeirra, sem um ræðir í 8. gr., tilnefna tvo aðalmenn og tvo til vara. Farist tilnefning af þeirra hálfu fyrir, tilnefnir ríkisstjórnin mennina.

Varamenn taka sæti í forföllum þeirra aðalmanna, sem tilnefndir eru af sama aðila, og í þeirri röð, sem tilnefning eða kosning segir til um.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, sbr. þó 1. mgr., og ákveður starfstilhögu félagsins. Ráðherra ákveður laun hennar.

Stjórnin er tilnefnd til þriggja ára í senn.

10. gr.

Tekjuafgangi félagsins skal ráðstafað þannig:

1. Í varasjóð skal fyrst leggja allt að 10%.
2. Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 5%.
3. Heimilt er stjórn félagsins að mynda arðjöfnunarsjóð og leggja í hann allt að 4% af innborguðu áhættufé á ári hverju. Sjóður þessi má þó aldrei nema meiru en 25% af innborguðu áhættufé.

Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnun-

- arsjóði, getur stjórn félagsins ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að meðalársarður verði 5%. 43
9. maí
4. Sá hluti tekjuafgangs, sem eftir er, skal lagður í hinn almenna endurtryggingasjóð, að því leyti sem stjórn félagsins telur eigi þörf á að yfirfæra hann til næsta árs.

11. gr.

Allt framlagt áhættufé félagsins, hvaðan sem það er runnið, og skirteinin, sem um það verða gefin, eru undanþegin öllum sköttum og gjöldum til ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga, öðrum en eignarskatti til ríkis, en útborgaður arður, í hverri mynd sem er, er skattskyldur samkvæmt almennum skattalögum á hverjum tíma. Þetta ákvæði gildir þó ekki um fé, sem greitt er inn samkvæmt ákvæðum 5. gr., nema viðkomandi aðilar hafi skattfrelsi samkvæmt öðrum lögum.

Á sama hátt er fé í bónussjóði undanþegið öllum sköttum, meðan það er eigi af hendi greitt.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki skatthlunnindum, er einstakir þátttakendur í félaginu kunna að njóta að lögum.

12. gr.

Stjórn félagsins sér um ávöxtun á fé þess.

Að svo miklu leyti sem féð þarf ekki að vera handbært, skal jafnan ávaxta upphæð, er nemi jafnmiklu og innborgað áhættufé, í rikistryggðum verðbréfum eða öðrum verðbréfum, sem skráð eru á opinberu gengi, þó ekki hlutabréfum. Einnig má ávaxta þetta fé að einum fimmta hluta í fasteignum félagsins sjálfs.

Að öðru leyti er félagsstjórn heimilt að ávaxta féð á þann hátt, er hún telur öruggt, svo sem með því að veita lán gegn veði í fasteignum og lán gegn ábyrgð ríkisins eða bæjar- og sýslufélaga.

13. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum tilnefndum af ráðherra, hinum af skirteiniseigendum þeim, er kosningarrétt hafa á tveim mönnum í félagsstjórn samkv. 8. gr.

14. gr.

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga.

Skirteini þess og önnur skjöl, er það gefur út, eru ekki stimpilskyld.

II. KAFLI

Um stríðstryggingar.

15. gr.

Til ársloka 1947 er skylt að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum islenzkum skipum og bátum. Tryggingarskyldan hvílir á útgerðarmanni skipsins, og má ekki færa iðgjöldin þeim, sem tryggðir eru, til útgjalda. Gildir það jafnt, þótt skipverji taki aflahlut í stað kaups.

16. gr.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins með-

- 43 valdandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta eða
9. maí fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.
Trygging samkvæmt lögum þessum tekur til þess, er skipshöfn ferst með skipi,
sem týnist án þess til þess spyrjist, hversu týntz hefur.

17. gr.

Lögboðin trygging skipshafna samkvæmt lögum þessum fær gildi, þótt farizt hafi fyrir að tryggja.

Nú eru samningar gerðir milli stéttarféлага útgerðarmanna og stéttarféлага sjómanna um viðtækari tryggingar í sambandi við stríðsslysaáhættu en ákveðið er í lögum þessum, og skulu aðilar þá tilkynna það félaginu í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti. Gengur tryggingin þá þegar í gildi, sbr. 23. gr. Séu slíkir samningar gerðir milli annarra en fyrrgreindra stéttarféлага, fær hin viðtækari trygging ekki gildi fyrr en félagið gefur út iðgjaldakvittun eða tryggingarskírteini.

18. gr.

Ákveða skal með reglugerð hámark þeirra dánartrygginga, sem félagið má taka að sér í eigin áhættu á hverju skipi í einni og sömu ferð.

Ef sú upphæð nægir ekki til lögboðinnar eða umsaminnar tryggingar á skipshöfninni, skal félagið þó taka það, sem á vantar, enda sé endurtrygging fáanleg hjá öruggu váttryggingafélagi, að dómi félagsstjórnar.

Sé slík endurtrygging ekki fáanleg, eða ef hún ferst fyrir vegna vanrækslu þess, sem tryggingarskyldan hvílir á samkv. 15. gr., ábyrgist ríkissjóður, gegn iðgjaldi, er ráðherra ákveður eftir tillögum félagsstjórnar, þann hluta hinnar lögboðnu tryggingar, sem umfram er eigin áhættu félagsins.

19. gr.

Útgerðarmanni ber hverju sinni að tilkynna félaginu eða umboðsmanni þess, fyrir hvaða upphæð hann þarf að tryggja skipshöfn sína, og veita aðrar þær upplýsingar, er þýðingu hafa fyrir áhættuna.

Nú rennur trygging út, og skal hún þá endurnýjuð óbreytt á kostnað útgerðarmanns, ef hann hefur ekki tilkynnt félaginu í tæka tíð, að henni skuli breytt eða hún falla niður. Útgerðarmaður ber ábyrgð á því, að váttryggingaupphæðir séu nægilega háar.

Ef vanrækt hefur verið að tryggja þá, sem tryggja ber, á félagið engu að síður kröfu á iðgjaldi fyrir áhættuhluta sinn, samkvæmt almennum reglum sínum.

Útgerðarmönnum ber að bæta félaginu, eða eftir atvikum ríkissjóði, allt tjón, er hlýzt af röngum eða villandi upplýsingum þeirra eða annarri vanrækslu á tryggingum, er þeim ber að sjá um.

20. gr.

Iðgjöld ákveður stjórn félagsins fyrir ákveðna ferð eða ákveðinn tíma, í samræmi við áhættuna, þegar trygging hefst eða er endurnýjuð, og með hliðsjón af því, hvað sams konar tryggingar kosta erlendis. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt og hvíla sem lögveð á skipinu eða váttryggingarbotum þess.

21. gr.

Fyrir hvern tryggðan skipverja greiða útgerðarmenn fiskiskipa 5 rúmlesta (brúttó) og stærri kr. 1.50 í iðgjald á viku, en útgerðarmenn smærri báta kr. 0.75

á viku. Hrökkvi iðgjald þetta eigi fyrir áhættunni, greiðir rikissjóður það, sem þá 43
vantar á til að mæta áhættunni. 9. maí

Hlunninda samkv. þessari grein njóta aðeins skip innan við 100 rúmlestir brúttó, enda hafi þau ekki siglt til útlanda á almanaksárinu.

22. gr.

Skráningarstjórar skipshafna skulu senda félaginu afrit af skráningu skipshafna á tryggingarskyld skip.

Þeir skulu og annast innheimtu iðgjalda og umboðsmennsku, eftir því sem félagsstjórn ákveður, gegn þóknun, er um semst við hana.

Verði ágreiningur, sker ráðherra úr.

III. KAFLI

Um stríðsslysabætur.

23. gr.

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglum:

- I. a. Valdi slysið meiðslum, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag, frá því að slysið vildi til, í allt að 52 vikur samtals.
- b. Valdi slysið varanlegri örorku, skal greiða kr. 22000 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%.
- c. Valdi slysið dauða, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

	Ekkja (ekkill) kr.	Börn innan 16 ára kr.	For- eldrar kr.	Samtals kr.
Ekkja (ekkill)	12000	„	„	12000
— með 1 barn	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar)	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri	12000	5000	4000	21000
1 barn	„	12000	„	12000
2 börn	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar)	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar)	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar)	„	„	12000	12000

- II. Auk þeirra trygginga, sem ræðir um í b- og c-lið hér að framan, er skylt að tryggja alla skipverja á skipum 300 smálestir (brúttó) og stærri, öðrum en togurum, fyrir jafnháum upphæðum og þar segir. Skulu upphæðirnar greiddar til tryggða sjálfs eða þeirra vandamanna hans, sem bæturnar eiga að hljóta, nema þeir óski heldur, að félagsstjórnin verji þeim til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingarfélagum. Skerðir slíkur lífeyrir eigi önnur eftirlaun, er hlutaðeigendur kunna að eiga rétt á. Fyrir tryggingarbætur, sem samkv. þessari grein falla til barna innan 16 ára aldurs, er félagsstjórninni heimilt að kaupa barnalífeyri þeim til handa hjá viðurkenndum tryggingarfélagum, enda komi til samþykki forráðamanna barnanna.

43
9. maí

Heimilt skal félagsstjórninni að semja við váttryggingarfélag þau, sem selt hafa lifeyri samkvæmt lögum um stríðsslysabætur, að innleysa skirteini handhöfum að skaðlausu, enda komi samþykki þeirra eða forráðamanna þeirra til.

24. gr.

Börn hljóta því aðeins bætur, að þau hafi verið á framfæri hins látna. Fósturbörn hafa sama rétt til bóta og börn. Þau börn hins látna, sem eru eldri en 16 ára og hafa verið á framfæri hans sökum varanlegrar örorku (eigi minni en 50% örorku), hafa sama rétt til bóta og börn yngri en 16 ára. Systkini hins látna, sem voru algerlega á framfæri hans sökum bernsku eða örorku (50%), þegar slysið vildi til, hafa sama rétt til bóta og börn, en bætur til þeirra skerða þó ekki bótarétt barna eftir reglum fyrstu málsgreinar, staflið c, 23. gr.

25. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær lögöld né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

26. gr.

Eigi hinn tryggði eða bú hans skaðabótarétt gegn þriðja aðila út af atviki því, er olli greiðsluskyldu félagsins, öðlast félagið þann bótarétt, er það greiðir bæturnar, að því leyti er með þarf, til þess að það verði skaðlaust.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

27. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum allt að kr. 100000.00, og skal farið með mál út af brotum á þeim sem almenn lögreglumál.

28. gr.

Nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess, réttindi og skyldur þátttakenda í félaginu, hinna tryggðu og hinna tryggingarskyldu, skulu sett með reglugerð, er stjórn félagsins semur, en ráðherra staðfestir.

Í reglugerðina má setja ákvæði um, að brot gegn henni varði refsingu, allt að kr. 100000.00 sekt.

Þar til ný reglugerð hefur verið staðfest, gilda ákvæði reglugerðar nr. 61 6. maí 1944, eftir því sem við á.

29. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 106 30. des. 1943, um stríðsslysa-tryggingu íslenskra skipshafna, en íslensk endurtrygging tekur við öllum réttindum og skyldum þess.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó taka ákvæði 21. gr. ekki gildi fyrr en 1. jan. 1947.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

44

9. maí

um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Sjúkdómar, er lög þessi ná til, og markmið framkvæmda.

1. gr.

Ákvæði laga þessara ná til eftirtaldrá sjúkdóma:

1. Mæðiveiki.
2. Þurramæði (þingeynsk mæðiveiki).
3. Garnaveiki (paratuberculosis) í búfé.

Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni fjársóttir í lögum þessum.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

2. gr.

Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma þeirra, sem taldir eru í 1. gr., og vinna að útrýmingu þeirra með fjárskiptum innanlands.

II. KAFLI

Um framkvæmdastjórn.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdómanefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanna formann nefndarinnar. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar, og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og hann hefur umboð til.

5. gr.

Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er:

1. Að koma upp varnarlinum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi.
2. Að hafa stjórn annarra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.
3. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.

- 44 4. Að hafa umsjón með kynbótum sauðfjár, er framkvæmdar eru með innflutningi erlendra fjárkynja og tæknifrjóvgun.
9. maí 5. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.

III. KAFLI

Um varnarlinur og varnir.

Varnarlinur teljast:

6. gr.

1. Ófærar ár, vötn og jöklar eða fjöll, sem engar líkur eru til, að sauðfé fari yfir.
2. Tvöfaldar gaddavirsgirðingar.
3. Einfaldar gaddavirsgirðingar.

Varðmenn skal hafa á varnarlinum til öryggis þar, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur þess þörf.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlinum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlinur skulu settar upp á milli fjárskiptasvæða, eftir því sem samkomulag verður um milli framkvæmdastjórna viðkomandi fjárskiptafélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlina í aðalvarnarlinur og auka-varnarlinur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

7. gr.

Girðingastæði skulu valin þar, sem bezt skilyrði eru til varnar frá náttúrunnar hendi. Upprekstrarfélög og einstakar jarðir má svipta aðgangi að löndum sínum, ef nauðsyn krefur. Þegar svo stendur á, skal leitast við að bæta það með tilsvarendi löndum í skiptum, ef unnt er.

Verði ekki samkomulag um landaskipti eða bætur fyrir misst land, skal ákveða bætur með gerðardómi, þar sem aðilar tilnefna sinn manninn hver og landbúnaðarráðherra tilnefnir oddamann. Bætur þær, sem þeir ákveða, greiðast af þeim, er landið fá, og miðast við notagildi landsins. Nægi það eigi, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sýslusjóður það, sem til vantar, að hálfu hvor.

8. gr.

Girðingar á aðalvarnarlinum skulu lagðar og viðhaldið á kostnað ríkissjóðs. Í girðingar í aukavarnarlinur leggur ríkissjóður efni, en hlutaðeigendur í héraði annast á sinn kostnað flutning efnisins frá hafnarstað og uppsetningu girðinganna, en viðhald þeirra kostar ríkissjóður.

Verði ágreiningur um skiptingu kostnaðar við aukavarnarlinur, sker landbúnaðarráðherra úr, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

Varzla meðfram varnargirðingum skal ákveðin af sauðfjársjúkdómanefnd, en framkvæmd af aðliggjandi fjárskiptafélögum á kostnað ríkissjóðs.

Reikninga um kostnað ríkissjóðs samkvæmt þessari grein úrskurðar sauðfjársjúkdómanefnd.

9. gr.

Skýlt er ríkissjóði að viðhalda varnarlinum framvegis, þar til sauðfjársjúkdómanefnd, með samþykki landbúnaðarráðherra, ákveður að leggja þær niður.

Bændur eða upprekstrarfélög, sem lönd eiga að girðingum, sem lagðar eru niður, skulu hafa forkaupsrétt að þeim eftir mati dómkvaddra manna.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlinum hvíli sem mest á herðum fjáreigenda, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

10. gr.

Varðmenn þeir, sem tekizt hafa á hendur vörzlu við varnarlinur þær, sem um ræðir í 6.—9. gr., eru sýslunarmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi. Varðmaður, sem yfirgefur varðstöð sína á þeim tíma, sem honum ber að vera á verði, eða vanrækir starf sitt á annan hátt, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar hefur yfirumsjón og eftirlit með störfum varðmanna.

44

9. maí

11. gr.

Skýlt er vegfarendum, sem fara um hlið á varnargirðingum, að loka þeim tryggilega. Vanræksla í þessu efni, svo og skemmdir á hliðum og girðingum, varða sektum eða fangelsi, allt að þrem mánuðum. Skemmdir skal auk þess bæta að fullu.

12. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, þar sem henni þykir nauðsyn bera til. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

13. gr.

Bannað er að flytja sauðfé yfir varnarlinur, nema með leyfi sauðfjársjúkdómanefndar. Sleppi kindur yfir varnarlinur, skal þeim tafarlaust slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þráfaldlega sækja á að komast yfir varnarlinu. Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta þannig, að eigandi fái fullt niðurlagsverð (haustverð) fyrir. Greiðast þær bætur úr ríkissjóði að svo miklu leyti, sem verð afurðanna hrekkur ekki til.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að láta bann það, er um ræðir í þessari grein, ná einnig til annars búpenings, eftir því sem ástæða er til.

14. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétt og í heimahögum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna.

Nefndinni er enn fremur heimilt að fyrirskipa slátrun á fé, sem kemur fyrir í útréttum, ef henni virðist það hafa þýðingu vegna varnanna. Óskilafé og ómerklinga, sem koma fyrir í næstu byggðarlögum við varnarlinur, má ekki selja til lífs, heldur skal hreppstjóri sjá um, að því fé sé slátrað.

15. gr.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd og sveitarstjórnnum eða stjórnnum upprekstrarfélaga, með samþykki sauðfjársjúkdómanefndar, að fyrirskipa breytingu á upprekstri, fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til að hindra útbreiðslu fjársóttu eða til að tryggja vörzlu og árangur fjárskipta. Slíkar breytingar teljast eigi brot á fjallskilareglugerðum.

16. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar í þeim héruðum, sem talin eru lítið sýkt eða ósýkt, skulu hafa strangt eftirlit með því í öllum réttum og fjallgöngum, að allar veikar eða grunsamlegar kindur, sem þar koma fyrir, séu tafarlaust teknar úr fjársafni og einangraðar eða þeim slátrað. Sama skylda hvílir á bændum í þeim héruðum við smölun heimalanda. Sömuleiðis ber öllum þessum aðilum skylda til að taka allar kindur, sem sloppið hafa yfir varðlinur, strax og þeirra verður vart, en gera skulu þeir það verð úr, sem unnt er, ef kindunum er slátrað.

44

9. maí

17. gr.
Fáist vissa fyrir, að einhver fjársótt hafi borizt yfir varnarlinu, skal framkvæmdastjóri, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, gera þær ráðstafanir til varnar útbreiðslu veikinnar, sem nefndin telur tryggilegastar, og er nefndinni heimilt að láta slátra hinu sjúka eða grunaða fé.

18. gr.

Leyni fjáreigandi veiki í fé sínu, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í ósýkt fé annarra, varðar það fangelsisvist.

19. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, að láta fara fram rannsókn á heilbrigði sauðfjár, eftir því sem hann telur þörf, til þess að afla upplýsinga um þá sjúkdóma, er lög þessi ná til.

20. gr.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í byggðarlögum, sem talin eru ósýkt, eru skyldir til að gera viðkomandi hreppstjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annarra í því byggðarlagi. Sama skylda hvílir á eigendum nautgripa, ef grunsamleg veiki kemur upp í gripum þeirra. Hreppstjóra er skylt að bregða þegar við, er hann hefur fengið slíka tilkynningu, og rannsaka, hvernig veikinni er háttað. Nú telur hreppstjóri, að um einhverja fjársótt geti verið að ræða, og skal hann þá tafarlaust tilkynna það framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvað gera skuli til þess að fá úr því skorið, hvort svo sé, og hvaða ráðstafanir skuli gera að öðru leyti.

21. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki, má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, þar sem veikin er ekki, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ælla má, að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

22. gr.

Þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða grunað af garnaveiki og eigendur óska að fá það rannsakað eða sauðfjársjúkdómanefnd telur það nauðsynlegt, skal rannsóknin gerð svo fljótt sem unnt er. Lyf, tæki, kennslu og leiðbeiningar skal þá leggja til á kostnað ríkissjóðs, en fjáreigendur kosta framkvæmd verksins.

Sveitarstjórnir skulu hafa umsjón með slíkum rannsóknum í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd.

23. gr.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, fyrirskipað að slátra því búfé, er að lokinni rannsókn þeirri, er um ræðir í 22. gr., reynist sjúkt eða grunað.

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður bætur fyrir búfé, sem er slátrað vegna þess að það reynist sjúkt eða grunað við rannsóknir. Bætur fyrir sauðfé skulu miðaðar við niðurlagsverð á haustdegi, en tekið tillit til fódurkostnaðar, sem fallið hefur á það frá síðustu haustnóttum, ef því er slátrað að vetrar- eða vorlagi. Nautgripi skal bæta eftir gangverði í þeirri sveit. Bætur þessar greiðast úr ríkissjóði. Hið sama gildir um fé, sem slátrað er samkv. ákvæðum 17. gr.

IV. KAFLI
Um fjárskiptafélög.

44

9. maí

24. gr.

Sauðfjárjúkdómanefnd gerir tillögur um hagfellda skiptingu þeirra landshluta, þar sem sauðfé er sýkt af fjársóttum, í fjárskiptasvæði.

Við skiptingu þessa skal tekið tillit til:

1. Öruggra varnarlína, sem fyrir hendi eru, og skilyrða til að setja upp nýjar varnarlinur á sem öruggastan hátt.
2. Takmarka upprekstrarlanda og aðstöðu með tilliti til fénaðarferðar og fjallskila.
3. Aðstöðu til, að sauðfjárslátrun og fjárrekstrum í sambandi við hana verði þannig fyrir komið, að eigi stafi sýkingarhætta af og hagkvæmt sé.
4. Möguleika til að útvega nýjan fjárstofn í stað þess sýkta, jafnóðum og fjárskipti fara fram, samanber V. kafla þessara laga.
5. Annarra aðstæðna, er fram kunna að koma og að dómi sauðfjárjúkdómanefndar geta valdið nokkru um, hvort fullum árangri verður náð við fjárskipti og aðrar aðgerðir til útrýmingar fjársóttum þeim, sem um er að ræða.

25. gr.

Nú vilja fjáreigendur á ákveðnu fjárskiptasvæði hefjast handa um fjárskipti, og skulu þeir þá, í samráði við sauðfjárjúkdómanefnd, snúa sér til sýslumanns eða sýslumanna á svæðinu. Skal þá sýslumaður, eða sýslumenn, skrifa öllum hreppsnefndum á viðkomandi svæði áskorun um, að þær hver í sínum hreppi boði fjáreigendur á fund til að ræða málið og kjósa, með hlutbundnum kosningum, þrjá fulltrúa til að mæta á sameiginlegum fundi fyrir fjárskiptasvæðið. Ef hluti úr hreppi er innan fjárskiptasvæðis, mæta þaðan fulltrúar í hlutfalli við tölu fjáreigenda í hreppshlutunum.

Á sama hátt getur sauðfjárjúkdómanefnd haft frumkvæði um málið.

Sýslumaður, eða sýslumenn, boða fulltrúafund eigi síðar en mánuði eftir að hreppsnefndum á svæðinu hefur verið skrifað. Á fundinn skal einnig boða framkvæmdastjóra sauðfjárjúkdómanefndar og hlutaðeigandi dýralækni.

Fulltrúafundur er lögmætur, ef mættir eru $\frac{2}{3}$ hlutar fulltrúa frá þeim hreppum eða hreppshlutum, sem eru á fjárskiptasvæðinu. Nú fallast $\frac{2}{3}$ mættra fulltrúa á að gera samþykkt um stofnun fjárskiptafélags og fjárskipti, og skal þá fundurinn semja frumvarp til slíkrar samþykktar. Skyllt er sauðfjárjúkdómanefnd að láta í té fyrirmyndir að slíkum samþykktum.

26. gr.

Í frumvarpi til samþykktar skal tekið fram:

1. Stærð og takmörk fjárskiptasvæðis, er félagssamtökin ná yfir.
2. Hvenær fjárskipti skuli fara fram.
3. Um skipun fulltrúaráðs og kosningu stjórnar fyrir fjárskiptafélagið, er skipuð sé minnst 3 mönnum.
4. Um verksvið félagsstjórnar, völd og skyldur.
5. Um kvaðir og skyldur, er félagsmenn takast á hendur í sambandi við fjárskipti, vörzlu og aðrar sóttvarnarráðstafanir.
6. Önnur ákvæði varðandi félagssvæðið og aðstöðu þess til annarra héraða og fjárskiptasvæða.

27. gr.

Nú samþykkir fundurinn frumvarp með $\frac{2}{3}$ atkvæða mættra fulltrúa, og skal hann þá kjósa kjörstjórn, er hafi á hendi undirbúning atkvæðagreiðslu á félags-

- 44 svæðinu og talningu atkvæða. Kjörstjórnin velur sér sjálf formann, hún ákveður, hvenær atkvæðagreiðslu skuli lokið, og fyrir hvaða tíma atkvæðaseðlar og fundargerðir skuli komið til kjörstjórnar, og hvenær talning atkvæða skuli fara fram.

28. gr.

Nú hefur frumvarp til félagssamþykktar verið samþykkt á fulltrúafundi með $\frac{2}{3}$ atkvæða allra mætttra fulltrúa, og skal þá kjörstjórn sú, er kosin hefur verið samkvæmt ákvæðum 27. gr., senda það öllum hreppsnefndum í þeim hreppum eða hreppshlutum, er félagssvæðið nær yfir.

Hreppsnefnd skal þá skylt að boða fjáreigendur til fundar í hreppnum samkvæmt kjörskrá, er hún hefur samið, með hæfilegum fyrirvara, og skal taka fram í fundarboði, að frumvarp til stofnunar fjárskiptafélags liggi fyrir til atkvæðagreiðslu. Leiðrétting á kjörskrá má hlutaðeigandi kjörstjórn gera til kjördags.

Atkvæðisrétt um félagsstofnun og fjárskipti hafa fjáreigendur 18 ára eða eldri, þegar atkvæðagreiðsla fer fram, ef þeir hafa átt 15 kindur eða fleiri samkvæmt síðasta skattaframtali.

Afrit af kjörskrá skal fylgja fundarboðinu.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg. Skal um fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar hlíta ákvæðum 26. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar frá 23. júní 1936, eftir því sem við á.

Að lokinni atkvæðagreiðslu innsiglar oddviti atkvæðaseðla og önnur kjörgögn, þar með kjörskrá, og sendir formanni kjörstjórnar fjárskiptasvæðisins.

29. gr.

Kjörstjórn skal koma saman þann dag, er ákveðið hefur verið samkvæmt 27. gr., til að rannsaka fundargerðir kjörfunda og telja atkvæði. Formaður kjörstjórnar stjórnar talningunni og lætur rita kjörfundargerð, er beri með sér, úr hvaða hreppum eða hreppshlutum kjörstjórninni hafa borizt fundargerðir, og tölu atkvæðaseðla.

Tvö samrit skal rita af fundargerðinni, og skal öll kjörstjórn undirrita.

Nú hefur atkvæðagreiðsla fallið þannig, að félagssamþykktin hefur hlotið $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, og sé það að minnsta kosti $\frac{1}{3}$ fjáreigenda samkvæmt kjörskrá, og telst þá félagsstofnunin samþykkt.

Samþykktina skal þá senda sauðfjársjúkdómanefnd í tvíriti, ásamt samriti fundargerðarinnar. Leitar nefndin síðan staðfestingar landbúnaðarráðherra á samþykktinni.

V. KAFLI

Um fjárskipti.

30. gr.

Þegar fjárskiptafélag hefur verið stofnað með staðfestri samþykkt, sbr. 29. gr., skal félagsstjórnin snúa sér til sauðfjársjúkdómanefndar, er ákveður með samþykki ráðherra, hvenær fjárskiptin fara fram.

31. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd hefur ásamt stjórn fjárskiptafélags umsjón með útrýmingu sjúkdóma og fjárskiptum, sem ákveðin eru samkvæmt lögum þessum, og framkvæmdum, sem standa í sambandi við þau.

Sauðfjársjúkdómanefnd ber einkum:

1. Að tryggja það áður en fjárskipti fara fram, að fjárskiptasvæðið sé tryggt með öruggum varnarlínum gegn samgöngum sauðfjár frá sýktum héruðum.

2. Að láta rannsaka heilbrigði fjár, ef ástæða þykir til, í þeim héruðum, sem ætlað er að kaupa lifandi lömb úr. 44
9. maí
3. Að ákveða í samráði við félagisstjórn, hvenær slátrun skuli hefjast og hvenær henni sé lokið.
4. Að hlutast til um, að öll lönd á fjárskiptasvæðinu séu smöluð sauðlaus, og getur nefndin ákveðið, að fjallgöngur og réttir fari fram en venjulega, og að fram fari almennar fjárleitir á afréttum og heimalöndum eftir að slátrun er lokið, og ekki verr mannaðar en í fyrstu göngum. Fjallskilum þessum skal jafna niður eins og öðrum fjallskilum.
5. Að ákveða, hvaðan líflömb séu tekin, og tilkynna það viðkomandi sýslumönnum með nægum fyrirvara, áður en slátrun hefst, en þeir skulu aftur tilkynna það fjáreigendum, og skal þá engum gimbrarlömbum slátrað á svæðinu, þar til kaup hafa farið fram.
6. Að sjá um kaup, flutning og merkingu liflamba, í samvinnu við stjórn viðkomandi fjárskiptafélags.

32. gr.

Fjáreigendur, er hafa heilbrigt sauðfé, eru skyldir til að selja öll þau gimbrarlömb, er þeir hafa til förgunar, og hrútlömb eftir þörfum, til þeirra fjáreigenda, er hafa fjárskipti samkvæmt lögum þessum. Sauðfjársjúkdómanefnd getur ákveðið, með samþykki landbúnaðarráðherra, að fjáreigendur, sem lausir hafa verið við fjársóttir, séu skyldir til að selja öll sín gimbrarlömb þriðja hvert ár, á meðan fjárskiptum til útrýmingar sjúkdómunum er ekki lokið.

33. gr.

Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða skal ákveða verð liflamba eftir lifandi þunga, miðað við afurðaverð hvers árs. Skulu fjáreigendur þeir, er um ræðir í 32. gr., skyldir til að selja lömbin fyrir það verð, en jafnan sé tryggt, að það sé eigi lægra en fæst fyrir lömbin til slátrunar. Heimilt er þó, ef ástæða þykir til, að ákveða fast söluverð á lömbunum miðað við fyrra árs verð og markaðshorfur á sauðfjárafurðum yfirstandandi árs.

34. gr.

Þegar fjárskipti fara fram í héraði, skal verðlagsnefnd landbúnaðarafurða sjá um, að frystihús á svæðinu sitji fyrir um sölu, svo fjárförgun þurfi eigi að tefjast vegna rúmleysis í frystihúsum.

35. gr.

Líflömb, sem keypt hafa verið, skal hver fjáreigandi hafa í strangri gæzlu fyrsta missirið eftir að þau hafa verið flutt. Sé þess gætt, að eigi leynist í þeim aðrir sjúkdómar, t. d. fjárkláði. Ef fjárkláða hefur orðið vart í þeim héruðum, sem líflömb eru flutt úr, eða ef hans verður vart í líflömbum, sem flutt hafa verið, skal sauðfjársjúkdómanefnd fyrirskipa og hafa eftirlit með, að útrýmingarböðun fari fram á fjárskiptasvæði því, sem um er að ræða, á sem tryggilegastan hátt.

Fari svo, að sýkt eða grunuð kind komi saman við líflömb á fjárskiptasvæði, skal eigandi lambanna eða sá, er kindarinnar verður fyrst var, tafarlaust gera hreppstjóra aðvart. Ber honum að tilkynna það samstundis framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdómanefndar, sem ákveður, hvort slátra skuli fénu eða ráðstafa á annan hátt.

Eiganda skulu greiddar fullar bætur fyrir fjármissi eða óþægindi af þessum sökum.

36. gr.

Veturinn eftir fjárskipti er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt í samráði við stjórn fjárskiptafélags að ráða hæfan mann eða menn til að rannsaka sauðfé og leita á

44 heimilum, ef ástæða þykir til, svo að ugglaut sé, að hvergi sé leynt sýktu eða grun-
9. maí uðu fé.

Komi það í ljós, að fé hafi verið haldið á laun, skal það og allt fé, er saman við það hefur getað komið, tekið og slátrað eða ráðstafað á annan hátt, allt á kostnað þess, er leyndi.

Sá, sem leynir fé, skal sæta ábyrgð samkvæmt 175. gr. hegningarlaganna. Verði brot hans til þess, að drepa þurfi fé annarra manna, skal hann skyldur að bæta það tjón og óþægindi, er af hlýzt.

VI. KAFLI

Um fjárframlög ríkisins til fjárskipta.

37. gr.

Framlag ríkisins vegna fjárskipta á árunum 1947 og 1948 miðast við fjártölu eigenda samkvæmt skattaframtali á árinu 1946. Á árinu 1949 miðast við skattaframtal 1947 og svo áfram þannig, að fjárskiptaframlag miðast við skattaframtal tveim árum áður.

Réttur dánarbúa vegna fjárskipta yfirfærast á erfingja, ef þeir halda áfram sauðfjárrækt á svæðinu.

Réttur manna, sem reisa bú eða eru að byrja fjáreign eftir gildistöku laga þessara án þess að vera erfingjar í dánarbúi á fjárskiptasvæði, byggist á næsta skattaframtali á undan fjárskiptum.

Þeir, sem eru hættir búskap og kaupa ekki lömb eða eru fluttir burtu af fjárskiptasvæðinu, þegar fjárskipti fara fram, fá ekki bætur.

Geittfé skal bæta eftir sömu reglu og sauðfé.

38. gr.

Framlag ríkisins greiðist á þann hátt, að fyrir hverja bótaskylda kind fái fjáreigandi hálf lambsverð samkvæmt verði líflamba það haust, sem fjárskipti verða. Kostnað við flutning líffjár inn á fjárskiptasvæðin greiðir ríkissjóður og einnig aðstoð sauðfjársjúkdómanefndar vegna kaupanna. Þetta gildir þó eigi annað fé en það, sem fengið er til að bæta í skarðið fyrir bótaskyldt fé.

Kostnað við umsjón fjárskiptafélaga vegna líffjárkaupa greiði fjáreigendur sjálfir. Fjáreigendur skulu fá líflömb fyrir 70% af bótaskyldri fjártölu, og sé ef unnt er útvegað $\frac{1}{2}$ af þeim haustið, sem fjárskipti verða, en það, sem til vantar, næsta haust á eftir. Sé ekki hægt að útvega lömbin svo fljótt, ber að greiða afurðatjónsbætur fyrir þau, er til vantar, á fyrsta ári, á sama hátt og fyrir er mælt í 40. gr. Framlag ríkisins skal greitt ári eftir, að fjárskipti fóru fram, en vera skal það til tryggingar greiðslu á andvirði keyptra líflamba.

Stjórnun fjárskiptafélaga er heimilt að ráðstafa líffé til fjáreigenda að nokkru með hliðsjón af tekjumöguleikum þeirra, ef mjög fátt líffé er fánlegt.

39. gr.

Veita skal fjáreigendum uppeldisstyrk vegna vanhalds af fjársóttum, þar sem svo hagar til á sýktu svæði, að fjáreigendur geta ekki samkvæmt áætlun nefndarinnar búizt við fjárskiptum næstu 2 ár og hafa ekki viðunandi aðstöðu til mjólkursölu.

40. gr.

Reynist óumflýjanleg nauðsyn að hafa einhver svæði sauðlaus árlangt, eftir að niðurskurður hefur farið fram, skal ríkissjóður greiða fjáreigendum, vegna afurðatjóns, hálf lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind það ár, sem svæðið er sauðlaust. Að öðru leyti skal framlag greitt eins og fyrir er mælt í 38. gr.

41. gr.

44

9. maí

Ef sauðfjársjúkdómanefnd telur nauðsynlegt að útrýma sjúkdómi með niðurskurði á sýktu eða grunuðu svæði, þar sem fjárskiptafélag fæst ekki stofnað samkvæmt lögum þessum, þá getur hún látið útrýminguna fara fram með samþykki landbúnaðarráðherra. Bætur skal þá greiða fjáreigendum samkvæmt mati eftir gildandi lögum um eignarnám, en skylt er matsmönnum að taka til greina sýkingu fjár á svæðinu eða yfirvofandi sýkingarhættu.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði.

42. gr.

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að láta árlega safna skýrslum, eftir því sem hún telur þörf á, um hvers konar vanhöld á sauðfé, sem alið er upp, svo og fénaðarhöld yfirleitt.

Nefndin getur ákveðið, hvort eða að hve miklu leyti kostnaðurinn við þessa skýrslusöfnun greiðist af ríkissjóði.

43. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álitur nauðsynlega til að hindra útbreiðslu fjársóttanna, reyna að finna læknisráð við þeim og útrýma þeim.

Einnig er honum heimilt að láta útbreiða miður næma fjárstofna, innlenda og erlenda, með sæðingu á þeim svæðum, sem fjárskipti eiga ekki að fara fram á næstu tvö árin.

44. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð, er ákveður nánar um framkvæmd laga þessara, allt eftir því sem þurfa þykir og ástæður eru til á hverjum tíma. Sauðfjársjúkdómanefnd hefur einnig heimild til að setja nánari fyrirmæli en ákvæði reglugerðar segja til um einstök framkvæmdaratriði, er að kalla í hvert sinn, ef hún telur þess þörf og landbúnaðarráðherra samþykkir.

45. gr.

Brot gegn lögum þessum, svo og reglugerðum og fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 krónum, eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögglumál.

46. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75 27. júní 1941 og lög nr. 88 9. júlí 1941 svo og önnur ákvæði, er fara í bága við þessi lög.

47. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu flugsamninga.

Samkvæmt heimild í ályktun Alþingis, hinn 28. febrúar 1947, var ríkisstjórn Bandaríkjanna hinn 21. marz 1947 afhent fullgildingarskjal Íslands að samþykkt um alþjóðaflugmál (Convention on International Civil Aviation), sem undirrituð var fyrir Íslands hönd í Chicago 7. desember 1944. Samþykktin gengur í gildi fyrir Ísland 20. apríl 1947.

Í samræmi við téða heimild var ríkisstjórn Bandaríkjanna enn fremur tilkynnt, 21. marz s. l., staðfesting Íslands á alþjóðasamningi um viðkomuréttindi flugfara (International Air Services Transit Agreement), sem undirritaður var fyrir Íslands hönd 4. júní 1945. Samningurinn gekk í gildi fyrir Ísland samdægurs.

Ofangreindir samningar fylgja hér með í íslenskri þýðingu.

Samþykkt um alþjóðaflugmál.

(Convention on International Civil Aviation. — Íslensk þýðing.)

Inngangur.

Þar sem vitað er, að þróun alþjóðaflugs getur mjög stutt að því að skapa og varðveita vináttu og skilning þjóða meðal og að misbeiting þess getur orðið hættuleg almennu öryggi, og með því enn fremur, að æskilegt er að forðast ýfingar og efla samvinnu meðal þjóða heimsins, því að undir henni er heimsfriðurinn kominn, þá hafa neðanskráðar ríkisstjórnir komið sér saman um ákveðnar meginreglur og fyrirkomulag, svo að alþjóðflug geti þróast á öruggan og skipulegan hátt og að millilandaloftflutningar verði upp teknir á grundvelli jafnræðisstöðu og reknir á heilbrigðum fjárhagsgrundvelli.

Þær hafa í þessu skyni gert samþykkt þá, sem hér fer á eftir.

I. HLUTI — LOFTSIGLINGAR

I. KAFLI

Almennar meginreglur og framkvæmd samþykktarinnar.

1. gr.

Yfirráðasvæði.

Ríki þau, sem aðilar eru að samþykkt þessari, viðurkenna full og óskoruð yfirráð hvers ríkis yfir loftinu, sem uppi yfir því er.

2. gr.

Landsvæði.

Í þessari samþykkt skal land hvers ríkis teljast það land og landhelgisvæði, sem það ræður yfir, hefur forræði fyrir, verndar eða hefur umboðsstjórn yfir.

3. gr.

Kaupför og ríkisflugför.

- a. Þessi samþykkt skal gilda eingöngu um flugför til kaupferða, en ekki skal hún taka til ríkisflugfara.

- b. Flugvélar til herbjónustu, toll- eða löggæzlu skulu álitnar ríkisflugför. 45
- c. Engin ríkisflugför samningsaðila skulu fljúga yfir land annars ríkis eða lenda þar, nema með leyfi í sérstökum samningum eða annarri heimild, og þá í samræmi við skilmála slíkrar heimildar. 2. apríl
- d. Samningsaðilar skuldbinda sig til að taka fullt tillit til öryggis í flugi kaupfara, þegar þeir gefa út reglugerðir handa ríkisflugförum sínum.

4. gr.

Misbeiting kaupflugs.

Hver samningsaðili samþykkir að nota eigi kaupflug í neinu því skyni, er í bága geti komið við markmið samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Flug yfir land samningsríkis.

5. gr.

Réttindi til flugs án áætlunar.

Hvert samningsríki samþykkir, að öllum flugförum annarra samningsríkja, sem ekki stunda áætlunarflug milli landa, en hlýða þó fyrirmælum þessarar samþykktar, skuli heimilt að fljúga inn í landið eða yfir það stanzlaust, eða nema þar staðar án viðskipta, og er þeim eigi nauðsynlegt að fá til þess leyfi áður. Þó hefur það ríki, sem yfir er flogið, rétt til að krefjast þess, að farið lendi. En vegna öryggis geymir hvert samningsríki sér rétt til að krefjast þess, að flugför, sem halda vilja áfram yfir svæði, sem ólendandi er á, eða hafa ófullkomin loftsiglingatæki, fari eftir settum leiðum, eða fá sérstakt leyfi til slíks flugs.

Þeim flugförum, sem flytja farþega, farm og póst fyrir þóknun eða ákveðið gjald, sem er þó ekki hið sama sem í áætlunarferðum (sjá þó 7. gr.), skal heimilt að taka eða skilja eftir farþega, farm eða póst. En þó skal því ríki, þar sem farþegar eru teknir eða skildir eftir, heimilt að setja þær reglur og skilmála eða reisa þær skorður, sem æskilegar kunna að þykja.

6. gr.

Áætlunarflug.

Ekki má reka áætlunarflug um samningsríki eða yfir því, nema sérstakt leyfi eða önnur heimild þess ríkis komi til, og skal því þá hagað samkvæmt ákvæðum leyfisins eða heimildarinnar.

7. gr.

Innanlandsferðir.

Hvert samningsríki hefur rétt til að neita flugvélum annars samningsríkis um leyfi til að taka gegn endurgjaldi eða leigu innan lands þess farþega, póst eða flutning, sem ætlað er annarri höfn innan landsins. Hvert samningsríki skuldbindur sig til að gerast ekki aðili að neinu samkomulagi, sem sérstaklega veiti nein slík sérréttindi nokkru öðru ríki eða flugfélagi í öðru ríki, né heldur að fá slík sérréttindi hjá neinu öðru ríki.

8. gr.

Flugmannslaus flugför.

Engum flugförum, sem hægt er að fljúga flugmannslaust, skal fljúga flugmannslausum yfir land samningsríkis án sérstakrar heimildar þess og þá í samræmi við

- 45 slíka heimild. Öll samningsríki takast á hendur að tryggja flug slíkra flugmanns-
 2. apríl lausra flugfara yfir svæði, sem opin eru kaupföllum, og skulu þau háð eftirliti, til
 þess að draga úr hættu þeirri, er kaupföllum kynni af þeim að stafa.

9. gr.

Bannsvæði.

- a. Hvert samningsríki getur vegna hernaðar eða almenns öryggis takmarkað eða bannað algerlega flugföllum annarra ríkja að fljúga yfir sérstök svæði landa sinna, enda sé enginn greinarmunur gerður í þessu efni á þeim flugföllum þess ríkis, sem flogið er um og eru í áætlunarflugferðum, og á flugföllum annarra samningsríkja, sem sama starf stunda. Slík bannsvæði skulu eigi vera óhæfilega stór og þannig í sveit sett, að þau komi að nauðsynjalausu í bága við loftsiglingar. Lýsingar slíkra bannsvæða á landi samningsríkis svo og þær breytingar, sem síðar kunna að verða gerðar á þeim, skulu tilkynntar eins fljótt og auðið er öðrum samningsríkjum og Alþjóðaflugmálastofnuninni.
- b. Öll samningsríki geyma sér einnig rétt til þess að takmarka eða banna um stundarsakir flug yfir allt land sitt eða hluta þess, þegar óvenjulega stendur á, á hættutímum eða vegna öryggis almennings, og mega slík ákvæði þegar ganga í gildi. En slíkri takmörkun eða banni má því aðeins beita, að það nái jafnt til flugfara allra þjóða.
- c. Hvert samningsríki getur, samkvæmt þeim reglum, sem settar kunna að verða, krafizt þess, að öll flugföllum, sem fljúga yfir lönd, er getur í staflíðunum a og b hér að framan, skuli að loknu flugi lenda eins fljótt og auðið er í einhverri tilgreindri flughöfn innan lands þess.

10. gr.

Lending í tollflughöfn.

Öllum flugföllum, sem koma inn yfir landsvæði samningsríkis, skal leyft að lenda í flughöfn, sem það ríki tilgreinir í þessu skyni til tollskoðunar og annarrar skoðunar, ef reglugerðir þess ríkis mæla svo fyrir. Þetta gildir þó ekki, er flugföllum er leyft samkvæmt sérstakri heimild eða ákvæðum samþykktar þessarar að fljúga yfir land samningsríkis án lendarar. Þegar flugföllum fara frá landi samningsríkis, skulu þau fara frá tollflughöfn, sem á sama hátt hefur verið tilgreind. Upplýsingar um allar tilgreindar tollflughafnir skulu birtar viðkomandi ríki og látnar í té Alþjóðaflugmálastofnuninni, sem stofnsett verður samkvæmt II. hluta þessarar samþykktar, enda tilkynni hún þær öðrum samningsríkjum.

11. gr.

Hvernig beita skuli loftferðareglum.

Um komu flugfara, sem stunda millilandaflug, eða brottföllum þeirra frá landi samningsríkis, svo og um rekstur og stjórn slíkra flugfara, meðan þau eru innan landsins, skal beita lögum og reglugerðum ríkisins, jafnt um flugföllum allra samningsríkja, án tillits til þjóðernis (sjá þó ákvæði þessarar samþykktar). Skulu þau flugföllum hegða sér í samræmi við slík lög og reglur, þegar þau koma til lands þess ríkis, fara þaðan eða meðan þau dveljast þar.

12. gr.

Loftferðareglur.

Öll samningsríkin skuldbinda sig til að gera ráðstafanir til tryggingar því, að sérhvert flugfar, sem flýgur yfir eða stýrt er innan landsvæða þeirra, og sérhvert flug-

far, sem ber þjóðernismerki þeirra, skuli alls staðar fara eftir þeim reglum og reglugerðum um flug og loftsiglingar, sem þar gilda. Skuldbindur hvert ríki sig til að hafa sínar reglugerðir um þessi efni sem líkastar þeim, sem eftir því sem tímar líða verða settar í samræmi við samþykkt þessa. Yfir úthöfum skulu þær reglur gilda, sem settar eru með samþykkt þessari. Hvert samningsríki tekur að sér að tryggja, að lögum verði komið yfir aðila, sem brjóta settar reglur.

13. gr.

Reglur um komu og afgreiðslu.

Lög og reglugerðir samningsríkis um landtöku farþega, áhafnar eða flutningsflugfara, svo og um brottför frá landi þess, t. d. reglugerðir um komu, afgreiðslu, landgöngu, vegabréf, tollskoðun og læknisskoðun, skulu haldin um þá farþega, áhöfn eða farm, þegar þau koma inn í landið, fara þaðan eða dveljast innan landamæra þess.

14. gr.

Varnir gegn útbreiðslu sjúkdóma.

Öll samningsríkin samþykkja að gera traustar ráðstafanir til að verjast hættu af völdum flugferða á útbreiðslu kóleru, taugaveiki (umferða-), bólusóttar, gulusóttar, svarta dauða eða annarra næmra sjúkdóma, sem samningsríkin munu framvegis tilgreina, og í því skyni skulu samningsríkin vera í nánú sambandi við stofnanir þær, sem hafa með höndum alþjóðareglugerðir um heilbrigðisráðstafanir viðvíkjandi flugförum. Slík ákvæði skulu ekki brjóta í bága við neinar gildandi alþjóðasamþykktir um þessi efni, sem samningsríkin kunna að vera aðilar að.

15. gr.

Flughafnagjöld og önnur svipuð gjöld.

Sérhver flughöfn samningsríkis, sem opin er til almennra afnota flugförum þjóðarinnar, skal einnig (sjá þó ákvæði 68. gr.) vera opin flugförum allra annarra samningsríkja með samræmdum skilmálum. Sömu samræmdu skilmálar skulu gilda um afnot flugfara allra samningsríkja af öllum loftsiglingartækjum, og er þar með talin radio- og veðurþjónusta, sem látin er almennt í té til öryggis og flýtis loftsiglingum.

Þau gjöld, sem lögð kunna að verða á eða leyft verður að leggja á af hálfu samningsríkis fyrir að leyfa flugförum annarra samningsríkja að nota slíkar flughafnir eða loftsiglingatæki, skulu ekki vera hærrí en:

- a. þau, sem greidd eru af flugförum eigin þjóðernis, sem ekki starfa að áætlunarbundnu millilandaflugi, og á þetta við þau flugför erlend, sem í sama flokki teljast,
- b. þau, sem greidd eru af flugförum eigin þjóðernis, sem eru í áætlunarmillilandaflugi, og á þetta við þau flugför, sem í sama flokki teljast.

Öll slík gjöld skal auglýsa og tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni. Það er tilskilið, að að fengnum tilmælum samningsríkis, sem hlut á að máli, skuli gjöld fyrir afnot flughafna og annarra þæginda háð endurskoðun flugmálaráðs, sem skal gefa um það skýrslu og gera tillögur til athugunar því ríki eða þeim ríkjum, sem í hlut eiga. Ekkert samningsríki má krefjast þóknunar, skatta eða annarra gjalda af flugförum samningsríkis eða þeim mönnum eða eignum, sem þau flytja, fyrir þau réttindi ein að mega fljúga yfir, koma inn í eða fara frá landsvæði þess.

16. gr.

Skoðun flugfara.

Réttum yfirvöldum sérhvers samningsríkis skal heimilt að leita í flugfari annars samningsríkis, þegar það kemur eða fer, og skoða skirteini og önnur skilríki, sem gert er ráð fyrir í samþykkt þessari. Skal slík skoðun fara fram án óhæfilegrar tafar.

III. KAFLI

Þjóðerni flugfara.

17. gr.

Þjóðerni flugfara.

Flugfar skal teljast til þjóðernis þess ríkis, þar sem það er skrásett.

18. gr.

Tvöföld skrásetning.

Flugfar getur ekki að lögum verið skrásett í fleiri ríkjum en einu, en skrásetningu þess má flytja frá einu ríki til annars.

19. gr.

Landslög um skrásetningu.

Skrásetning eða flutning skrásetningar flugfars í samningsríki skal gerð í samræmi við landslög og reglugerðir.

20. gr.

Merki.

Öll flugför, sem fljúga milli landa, skulu bera þjóðernismerki og skrásetningarmerki.

21. gr.

Skýrslur um skrásetningu.

Hvert samningsríki um sig skuldbindur sig til að láta öllum öðrum samningsríkjum eða Alþjóðaflugmálastofnuninni í té upplýsingar um skrásetningu, eigendur og önnur atriði viðvíkjandi flugförum, sem skrásett eru innan ríkisins, ef óskað er. Auk þess skal hvert samningsríki láta Alþjóðaflugmálastofnuninni í té skýrslur samkvæmt þeim reglum, sem hún kann að setja um þau meginatriði, sem fánleg eru og varða eignarheimild og yfirráð flugfara, sem skrásett eru í ríkinu og venjulega hafa á hendi millilandaflugferðir. Upplýsingar þær, sem Alþjóðaflugmálastofnunin öðlast á þennan hátt, skulu veittar öðrum samningsríkjum, ef þau óska þess.

IV. KAFLI

Ráðstafanir til að auðvelda loftsiglingar.

22. gr.

Formsatriði gerð auðveldari.

Hvert samningsríki samþykkir að gera allt, sem unnt er, til þess að flýta loftsiglingum og auðvelda þær milli landa samningsríkja og koma í veg fyrir óþarfa tafir flugfara, áhafna, farþega og flutnings, einkum vegna framkvæmdar laga um

innflutning fólks, sóttkvíum, tollskoðun og afgreiðslu. Skal þetta gert með útgáfu 45
reglugerðar eða á annan hátt. 2. apríl

23. gr.

Framkvæmd tollskoðunar og reglna við innflutning fólks.

Öll samningsríki skuldbinda sig til að setja reglur um tollskoðun og fólksinnflutning að því er tekur til millilandaflugs. Skulu þær vera í samræmi við það, sem ákveðið kann að verða eða mælt verður með á hverjum tíma samkvæmt samþykkt þessari. Ekkert í samþykkt þessari skal skýra á þá leið, að það komi í veg fyrir, að gerðar verði tollfrjálsar flughafnir.

24. gr.

Tollskylda.

- a. Flugförum á flugi til samningsríkis, frá því eða yfir land þess skal um stundarsakir hleypt inn í landið án þess að greiða toll (sjá þó tollreglugerð þess ríkis). Eldsneyti, áburðarolíur, varahlutir, venjulegur útbúnaður og þær vistir samningsríkisflugvélar, sem í henni eru, þegar hún kemur í annað samningsríki, svo og þær vistir, sem í henni eru, þegar hún fer úr því ríki, skulu undanþegnar því að greiða toll, þóknun fyrir skoðun og þess háttar innanlands- eða héraðsgjöld og álögur. Þessi undanþága nær þó ekki til þess magns eða þeirra hluta, sem skipað er upp úr flugvélinni, nema í samræmi sé við tollreglugerð ríkisins, sem getur krafizt þess, að þær séu undir tolleftirliti.
- b. Varahlutum og útbúnaði, sem fluttur er í land samningsríkis til þess að festa þá þar eða nota í flugvélar annars samningsríkis, sem starfa í millilandaflugi, skal hleypt inn í landið tolllaust, ef fylgt er reglugerðum þess ríkis, sem hlut á að máli og getur lagt svo fyrir, að þessir hlutir séu í vörzlu og undir eftirliti tollfirvaldanna.

25. gr.

Nauðstödd flugför.

Hvert samningsríki heitir því að gera þær aðstoðarráðstafanir til handa nauðstöddum flugförum innan yfirráðasvæðis síns, sem framkvæmanlegar eru, og leyfa, undir eftirliti yfirvalda landsins, eigendum eða yfirvöldum þess ríkis, sem flugfar er skrásett í, og gera þær ráðstafanir til hjálpar, sem nauðsynlegar kunna að þykja eftir atvikum. Þegar leit er hafin að týndu flugfari, skulu öll samningsríkin vinna saman og gera þær ráðstafanir sameiginlega, sem líklegar kunna að þykja og í samræmi við þessa samþykkt.

26. gr.

Rannsókn út af slysum.

Nú verður flugfar samningsríkis fyrir slysi í landi annars samningsríkis, og leiðir af því dauða eða alvarleg meiðsli eða í ljós koma alvarlegir tæknigallar á flugfarinu eða tækjum til að auðvelda loftsiglingar, og skal þá fyrir atbeina þess ríkis, þar sem slysið varð, hafin rannsókn á atvikum þess, og að svo miklu leyti sem lög leyfa skal henni hagað í samræmi við þá málsmeðferð, sem Alþjóðaflugmálastofnunin mælir með. Heimaríki flugfars skal gefið tækifæri til að kjósa skoðunarmenn til að vera viðstaddir rannsóknina, enda skal ríki það, er fyrir rannsókn gengst, láta heimaríkinu í té skýrslu um rannsóknina og niðurstöður hennar.

27. gr.

Undanþága frá kyrrsetningu vegna einkaleyfiskröfu.

- a. Öll flugför samningsríkja, sem eru í millilandaflugi, skulu undanþegin kyrrsetningu, lögbanni og öllum kröfum á hendur eigendum þeirra eða þeim, sem þau reka, svo og allri annarri íhlutun af hálfu þess samningsríkis, sem flogið er um, eða einstaklinga innan þess ríkis, fyrir þá sök, að byggingarlag, vélar, einstakir hlutar, hjálpargögn eða rekstur (operation) flugfarsins sé brot á nokkru einkaleyfi, teikningu eða líkani, sem réttilega hafi verið veitt eða skrásett í því ríki, sem flugfarið kemur til, því að samþykkt er, að ekki skuli krefjast tryggingarfjár í sambandi við undanþágu þá, er að ofan getur og varðar kyrrsetningu eða löghald flugfars af hálfu þess ríkis, er slíkt flugfar kemur til.
- b. Ákvæði a-liðar þessarar greinar ná einnig til geymslu varahluta og varabúnáðar flugfara samningsríkis og þeirra réttinda að mega nota þá og setja í flugfar, þegar við það er gert innan nokkurs annars samningsríkis, að því tilskildu, að eigi má selja neina hluta eða útbúnað, sem verndaðir eru með einkaleyfi, eða dreifa þeim innanlands eða flytja út í verzlunarskyni frá því ríki, sem flugfarið kemur til.
- c. Eigi skulu önnur ríki njóta verndar þeirrar, er um ræðir í þessari grein, en þau, sem eru annaðhvort: 1. aðilar að alþjóðasamþykkt um iðnréttindavernd (International Convention for the Protection of Industrial Property) ásamt viðaukum hennar, eða 2. hafa sett lög um einkaréttindi, þar sem þau viðurkenna og gilda vernd veita uppfyndingum borgara annarra ríkja, sem aðilar eru að samþykkt þessari.

28. gr.

Samræmd kerfi og tæki til að auðvelda loftsiglingar.

Eftir því sem fært þykir, heitir hvert samningsríki því:

- a. að sjá fyrir flughöfnum, radióþjónustu, veðurupplýsingum og öðrum þægindum innan lands síns, til að auðvelda millilandaloftsiglingar, í samræmi við reglur þær og venjur, sem mælt kann að verða með eða settar kunna að verða framvegis samkvæmt samþykkt þessari;
- b. að taka upp og beita réttum og viðeigandi samtala- og sambandskerfum, staflyklum, merkjum, kallmerkjum, ljósmerkjum og öðrum starfsvenjum og reglum, sem mælt verður með eða settar kunna að verða á hverjum tíma samkvæmt þessari samþykkt;
- c. að eiga samvinnu um alþjóðaráðstafanir til að tryggja útgáfu loftsiglingakorta í samræmi við almennar reglur, sem mælt kann að verða með eða settar kunna að verða samkvæmt samþykkt þessari.

V. KAFLI

Skilyrði, sem flugför verða að fullnægja.

29. gr.

Skjöl flugfara.

Öll flugför samningsríkja, sem stunda millilandaflug, skulu hafa eftirtalin skilríki, samkvæmt skilmálum þeim, sem settir eru í samþykkt þessari:

- a. Skrásetningarskjal,
- b. loftfærnissskírteini,
- c. rétt leyfisbréf fyrir hvern mann áhafnar,

- d. loftferðadagbók,
- e. radióstöðvarskirteini, ef í því er radiótæki,
- f. farþegalista, ef það flytur farþega, og skulu þar greind nöfn þeirra, höfn, þar sem þeir eru teknir, og höfn sú, er þeir ætla til,
- g. farmskirteini og sundurliðaða skýrslu um farm, ef það flytur farm.

45

2. apríl

30. gr.

Radióútbúnaður flugfara.

- a. Flugför hvers samningsríkis mega því aðeins hafa radiósenditæki innanborðs á flugi um og yfir land annarra samningsríkja, að leyfisbréf til að setja upp og nota slík tæki hafi verið gefið út af hlutaðeigandi yfirvöldum heimaríkis flugfarsins. Afnot slíks senditækis innan lands þess samningsríkis, sem yfir er flogið, skulu háð reglugerðum þess ríkis.
- b. Radiósenditæki mega þeir einir flugáhafnar nota, sem fengið hafa til þess sérstakt leyfisbréf, útgefið af hlutaðeigandi yfirvöldum heimaríkis flugfarsins.

31. gr.

Lofftærnisskirteini.

Sérhvert flugfar, sem er í millilandaflugi, skal hafa meðferðis lofftærnisskirteini, útgefið eða áritað af heimaríki flugfarsins.

32. gr.

Leyfisbréf áhafna.

- a. Stýrimaður (pilot) hvers flugfars, sem er í millilandaflugi, svo og aðrir menn úr flugáhöfn þess skulu hafa hæfnisvottorð og leyfisbréf, útgefin eða áritað af heimaríki flugfarsins.
- b. Hvert samningsríki áskilur sér rétt til að neita að taka til greina hæfnisvottorð og leyfi, sem önnur samningsríki kunna að hafa gefið borgurum þeirra til flugs um eða yfir landi þeirra.

33. gr.

Viðurkenning skirteina og leyfisbréfa.

Lofftærnisskirteini þau, hæfnisvottorð og leyfisbréf, sem út eru gefin eða áritað af samningsríki, heimaríki flugfars, skulu tekin gild af öðrum samningsríkjum, enda séu kröfur þær, sem slík skirteini og leyfisbréf fullnægja, hinar sömu eða strangari en lágmarkskröfur þær, sem settar kunna að verða á hverjum tíma í samræmi við samþykkt þessa.

34. gr.

Loffferðadagbækur.

Í hverju flugfari, sem er í millilandaflugi, skal rita loftferðadagbók, og skal í hana skrá upplýsingar um flugfarið, áhöfn þess og hverja einstaka flugferð, í því formi, sem ákveðið kann að verða síðar í samræmi við samþykkt þessa.

35. gr.

Takmarkanir á farmi.

- a. Ekki má flytja hergögn eða hernaðartæki yfir eða um land samningsríkis í flugfari, sem stundar millilandaflug, nema leyfi þess ríkis komi til. Skal hvert ríki setja reglur um það, hvað skoða beri hergögn eða hernaðartæki, að því er til

45
2. apríl

- þessarar greinar tekur, og fyrir samræmis sakir skal taka fullt tillit til þess, sem loftferðaráð kann að mæla með á hverjum tíma.
- b. Vegna allsherjar reglu og öryggis áskilur hvert samningsríki sér rétt til þess að setja reglur um flutning um eða yfir land sitt eða banna hann, ef um annan varning er að ræða en þann, sem getur í staflíð a, og það tilskilið, að enginn munur sé gerður í þessu efni á flugförum eigin þjóðar, sem stunda millilandaflug, og flugförum annarra ríkja, sem stunda sama starf, og ekki má heldur leggja hömlur á flutning og afnot tækja þeirra í flugförum, sem nauðsynleg eru við stjórn flugfara eða áhöfn og farþegum til öryggis.

36. gr.

Ljósmyndataeki.

Öll samningsríki mega banna eða setja ákvæði um notkun ljósmyndataekja í flugförum yfir landi sínu.

VI. KAFLI

Alþjóðareglur og framkvæmdaratriði, sem mælt er með.

37. gr.

Samþykkt alþjóðareglna og aðferða.

Öll samningsríkin skuldbinda sig til að starfa saman að því að ná sem fyllstu samræmi í reglugerðum, reglum, aðferðum og skipulagi viðvikjandi flugförum, áhöfnum, loftleiðum og hjálparstarfi í öllum þeim efnum, þar sem slíkt samræmi auðveldar og bætir loftsiglingar.

Í þessu skyni skal Alþjóðaflugmálastofnunin taka upp og endurbæta, eftir því sem nauðsyn krefur á hverjum tíma, alþjóðareglur, venjur og aðferðir, sem mælt verður með og tekur til:

- a. merkjasambanda og hjálpartækja við loftsiglingar, og eru þar með talin merki á jörðu;
- b. sérkenna flughafna og landingarsvæða;
- c. loftferðareglna og venja um loftferðastjórn;
- d. leyfisbréfa áhafna til flugstjórnar og vélgæzlu;
- e. loftfærni flugfara;
- f. skrásetningar og einkenna flugfara;
- g. öflunar og útsendingar veðurupplýsinga;
- h. loftferðadagbóka;
- i. loftsiglingakorta;
- j. framkvæmdar tollskoðunar og landgöngu farþega;
- k. flugfara í neyð og rannsóknar slysa;

svo og að því er tekur til annarra atriða um öryggi, reglubundinn rekstur og góða starfrækslu loftsiglinga, sem síðar kann að þykja rétt.

38. gr.

Vikið frá alþjóðareglum og aðferðum.

Nú þykir ríki ekki unnt að fara að öllu leyti eftir einhverjum slíkum alþjóðareglum og aðferðum, eða samræmir ekki að fullu reglur sínar og venjur einhverri alþjóðareglu eða aðferð, eftir að henni hefur verið breytt, eða því þykir nauðsynlegt að taka upp reglur eða venjur, sem í einhverju eru frábrugðnar þeim, sem settar eru að alþjóðahætti, og skal það þá þegar í stað tilkynna Alþjóðaflugmálastofnuninni mismuninn á sinni aðferð og alþjóðavenjunni. Séu

breytingar gerðar á alþjóðareglum, skal hvert það ríki, sem gerir ekki viðeigandi breytingar á sínum reglum og venjum, tilkynna ráðinu innan 60 daga eftir að sú breyting á alþjóðareglunum var gerð, hvaða ráðstafanir það ætlar sér að gera. Þegar svona stendur á, skal ráðið þegar í stað tilkynna öllum öðrum ríkjum mismuninn, sem verður milli eins eða fleiri atriða í alþjóðareglunum og tilsvarendi venjum annars ríkis. Í öllum slíkum tilvikum skal ráðið þegar í stað kunngerá öllum öðrum ríkjum þann mismun, sem vera kann í einu eða fleiri atriðum á alþjóðareglum og tilsvarendi staðarvenjum þess ríkis.

39. gr.

Áritun skirteina og leyfisbréfa.

- a. Nú er eitthvert flugfar eða hluti þess frábrugðið alþjóðareglum um loftfærni eða afköst og fullnægir ekki að einhverju leyti þeim reglum á þeim tíma, sem það fær skirteini, og skal þá rita á loftfærnis skirteini þess eða festa við það fullkomna upptalningu þeirra atriða, sem ábótavant er.
- b. Nú hefur maður leyfisbréf og fullnægir ekki að öllu leyti þeim skilmálum, sem settir eru í alþjóðareglum um þann flokk leyfisbréfa eða skirteina, sem honum hafa verið afhent, og skal þá rita á leyfisbréfið eða festa við það fullkomna upptalningu þeirra atriða, sem ábótavant er.

40. gr.

Gildi áritaðra skirteina og leyfisbréfa.

Eigi skal flugfar eða menn, sem hafa árituð skirteini sín eða leyfisbréf svo sem að framan getur, taka þátt í millilandaflugi, nema til komi leyfi þess ríkis eða þeirra ríkja, sem um er flogið. Skrásetning eða notkun slíks flugfars eða löggilts flugfars hluta innan allra annarra ríkja en hins upprunalega heimaríkis skulu vera á valdi þess ríkis, sem flugfarið eða flugfarshlutinn eru flutt til.

41. gr.

Viðurkenning gildandi reglna um loftfærni.

Ákvæði þessa kafla skulu eigi ná til flugfara eða útbúnaðar flugfara, sem í frumgerð hafa verið lögð fyrir hlutaðeigandi yfirvöld innanlands til löggildingar innan 3 ára eftir að samþykktar voru alþjóðareglur um loftfærni fyrir slíkan útbúnað.

42. gr.

Viðurkenning gildandi reglna um hæfni áhafna.

Ákvæði þessa kafla skulu eigi ná til manna, sem fengið hafa leyfisbréf sín í fyrsta sinn, innan eins árs frá því upprunalega voru settar alþjóðareglur um hæfni slíkra áhafna; en í öllum tilvikum skulu þær gilda um allar áhafnir, sem hafa leyfisbréf, er haldast í gildi 5 ár eftir að slíkar reglur voru settar.

II. HLUTI — ALÞJÓÐAFLUGMÁLASTOFNUNIN**VII. KAFLI****Stofnunin.**

43. gr.

Nafn og skipulag.

Stofnun, sem heita skal Alþjóðaflugmálastofnunin (International Civil Aviation Organization), skal mynduð með samþykkt þessari, og skiptist hún í þing og ráð og þær greinir aðrar, er nauðsynlegar kunna að þykja.

44. gr.

Markmið.

Markmið stofnunarinnar og tilgangur er að stuðla að þróun millilandaflugs, grundvallaratriða þess og tækni, og að vinna að skipulagningu og þróun millilanda loftflutninga, í því skyni að

- a. tryggja öryggi og skipulega þróun alþjóðaflugmála um allan heim;
- b. örva dráttlist á sviði flugvélabýgginga og rekstur flugfara í friðsömu skyni;
- c. stuðla að þróun loftleiða, flughafna og hjálpartækja til loftsiglinga fyrir millilandaflug;
- d. fullnægja þörfum þjóða heimsins fyrir örugga, reglubundna, vel starfrækta og ódýra loftflutninga;
- e. koma í veg fyrir óþarfa eyðslu vegna ósanngjarnrar samkeppni;
- f. tryggja, að réttindi samningsríkja verði að fullu virt og að hvert samningsríki fái sanngjarn tækifæri til að starfrækja millilandaflug;
- g. forðast hlutdrægni meðal samningsríkja;
- h. efla öryggi í millilandaflugi;
- i. og yfirleitt efla þróun allra greina alþjóðaflugmála.

45. gr.

Fast aðsetur.

Stofnunin skal hafa fastan aðsetursstað, sem ákveðinn verður á síðasta fundi bráðabirgðabings bráðabirgða-Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (The Interim Assembly of the Provisional International Civil Aviation Organization), sem á stofn var sett með bráðabirgðasamkomulagi um alþjóðaflugmál (Interim Agreement in International Civil Aviation), er undirritað var í Chicago 7. desember 1944. Aðsetursstaðinn má flytja til annars staðar um stundarsakir með ákvörðun ráðsins.

46. gr.

Fyrsti fundur þingsins.

Til fyrsta fundar þingsins skal kvatt af bráðabirgðaráði ofangreindrar bráðabirgðastofnunar þegar er samþykktin hefur öðlazzt gildi, og skal það koma saman á þeim stað og tíma sem bráðabirgðaráðið ákveður.

47. gr.

Lagaleg aðstaða.

Stofnunin skal innan landsvæðis hvers samningsríkis um sig njóta þeirrar lagalegu aðstöðu, sem nauðsynleg kann að verða til þess að hún geti fullnægt skyldum sínum. Skal henni veitt full lagaleg aðild alls staðar þar, sem slíkt er samrímánlegt stjórnarskrá og lögum þess ríkis, sem í hlut á.

VIII. KAFLI

Þingið.

48. gr.

Þingfundir og atkvæðagreiðslur.

- a. Þingið skal koma saman á hverju ári, og skal ráðið kveðja það til fundar á hentugum tíma og stað. Aukafundi þingsins má halda hvenær sem er að boði ráðsins eða að beiðni einhverra 10 samningsríkja, sem stíla hana til aðalritara.

- b. Öll samningsríki skulu hafa jafnan rétt til að eiga fulltrúa á fundum þingsins, og skal hvert samningsríki hafa þar eitt atkvæði. Fulltrúar samningsríkja mega hafa sér til aðstoðar tækniráðunauta, sem mega vera á fundum, en eigi hafa þeir atkvæðisrétt. 45
2. apríl
- c. Til þess að þingið sé ályktunarhæft þarf meiri hluti samningsríkja að hafa fulltrúa viðstadda. Þar sem öðruvísi er ekki ákveðið í samþykkt þessari, ræður afl atkvæða ákvörðunum þingsins.

49. gr.

Valdsvið þingsins og skyldur.

Vald þingsins og skyldur skulu ná til:

- a. að kjósa á hverjum fundi forseta og aðra embættismenn;
- b. að kjósa þau samningsríki, sem fulltrúa skulu eiga í ráðinu, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla;
- c. að rannsaka og gera nauðsynlegar ráðstafanir út af skýrslum ráðsins og taka ákvörðun í öllum þeim málum, sem ráðið leggur fyrir;
- d. að setja sjálfu sér fundarsköp og skipa þær undirnefndir, sem því kunna að þykja nauðsynlegar eða æskilegar;
- e. að samþykkja árlega fjárhagsáætlun og ákveða fjárhagsskipulag stofnunarinnar í samræmi við fyrirmæli XII. kafla;
- f. að endurskoða útgjöld og samþykkja reikninga stofnunarinnar;
- g. að vísa málum til ráðsins, undirnefnda eða annarra nefnda, eftir því sem þurfa þykir;
- h. að veita ráðinu vald og umboð svo sem þurfa þykir til að leysa af hendi skyldur stofnunarinnar og afnema eða breyta umboðsvaldi á hverjum tíma;
- i. að framkvæma þau fyrirmæli XIII. kafla, sem við eiga;
- j. að ræða tillögur til breytinga á ákvæðum þessarar samþykktar og vísa þeim til samningsríkja í samræmi við ákvæði XXI. kafla, ef þær ná samþykki;
- k. að ræða hvert það mál, sem upp kann að koma innan starfssviðs stofnunarinnar og er eigi sérstaklega falið ráðinu til athugunar.

IX. KAFLI

Ráðið.

50. gr.

Ráðið og kjör þess.

- a. Ráðið skal vera fastanefnd og starfa á ábyrgð þingsins. Í því skulu 21 samningsríki eiga sæti, og kys þingið þau. Fyrsta kjör skal halda á fyrsta fundi þingsins og síðan þriðja hvert ár, og skulu meðlimir ráðsins, sem á þann hátt eru kjörnir, gegna störfum til næsta kjörs.
- b. Þegar kjörnir eru meðlimir í ráðið, skal þingið veita eftirtöldum meðlimaríkjum hæfilegan sætafjöld: 1. þeim ríkjum, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í loftflutningum; 2. þeim ríkjum, sem ekki teljast undir fyrsta lið, en leggja til mest af hjálpartækjum til alþjóðaflugs; 3. þeim ríkjum, sem ekki eru talin að framan, en tryggja mundu með þátttöku sinni, að öll helztu landsvæði heimsins ættu fulltrúa í ráðinu. Losni sæti í ráðinu, skal þingið kjósa í það svo fljótt sem auðið er, og skal það samningsríki, sem á þann hátt nær kosningu til ráðsins, gegna störfum fyrirrennara síns, það sem eftir er kjörtíma-bilsins.

- 45 c. Enginn fulltrúi samningsríkis í ráðinu skal vera virkur þátttakandi í rekstri milliríkjaflugs eða eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í slíkum flugrekstri.
2. apríl

51. gr.

Forseti ráðsins.

Ráðið skal kjósa sér forseta til þriggja ára í senn, og má endurkjósa hann. Hann skal eigi hafa atkvæðisrétt. Ráðið skal og kjósa úr sínum hópi einn eða fleiri varaforseta, og skulu þeir halda atkvæðisrétti sínum, þegar þeir gegna forsetastörfum. Forseta þarf eigi að kjósa úr hópi fulltrúa meðlima í ráðinu, en hljóti fulltrúi í ráðinu kosningu, skal sæti hans skoðast autt, og má það ríki, er hann var fulltrúi fyrir, skipa annan í sætið. Skyldur forseta skulu vera:

- a. að kveðja saman fundi ráðsins, loftflutninganefndar og loftsiglinganefndar,
- b. að koma fram fyrir hönd ráðsins, og
- c. að framkvæma fyrir hönd ráðsins þær athafnir, sem ráðið felur honum.

52. gr.

Atkvæðagreiðsla í ráðinu.

Ákvarðanir ráðsins skulu háðar samþykki meiri hluta meðlima. Ráðið má veita völd nefnd meðlima sinna í hvaða sérstöku máli, sem vera skal. Hvert samningsríki, sem í hlut á, má þó áfrýja ákvörðun nefndar ráðsins til ráðsins sjálfs.

53. gr.

Þáttaka án atkvæðisréttar.

Öll samningsríki mega taka þátt í umræðum og störfum ráðsins, nefnda þess og undirnefnda viðvikjandi hverju því atriði, sem snertir sérstaklega hagsmunum viðkomandi ríkis. Þó skulu þau ekki hafa atkvæðisrétt. Taki ráðið afstöðu til deilumála, skulu þeir meðlimir, sem aðilar eru að deilunni, eigi greiða atkvæði.

54. gr.

Verksvið ráðsins.

Ráðið skal:

- a. leggja árlegar skýrslur fyrir þingið;
- b. framkvæma fyrirmæli þingsins og inna af hendi störf þau og skyldur, sem því eru falin með samþykkt þessari;
- c. ákveða starfsskipulag sitt og fundarskóp;
- d. skipa loftflutninganefnd og ákveða skyldur hennar. Skal hún kjörin úr hópi fulltrúa meðlima í ráðinu og starfa á ábyrgð þess;
- e. setja á stofn loftsiglinganefnd í samræmi við ákvæði X. kafla;
- f. fara með fjármál stofnunarinnar í samræmi við ákvæði XII. og XV. kafla;
- g. ákveða þóknun forseta ráðsins;
- h. skipa aðalframkvæmdastjóra, sem nefnast skal aðalritari, og gera ráðstafanir til skipunar þess starfslíðs, sem þurfa kann, í samræmi við ákvæði XI. kafla;
- i. biðja um, safna, rannsaka og birta upplýsingar um framfarir í loftsiglingum og rekstri millilandaflugferða, m. a. upplýsingar um rekstrarkostnað og styrki, sem greiddir eru flugfélögum af almannafé;
- j. skýra samningsríkjum frá öllum brotum á samþykkt þessari, svo og frá því, ef eitthvert ríki framkvæmir ekki ráðleggingar eða ákvarðanir ráðsins;
- k. skýra þinginu frá öllum brotum gegn samþykkt þessari, ef samningsríki hefur látið undir höfuð leggjast að gera réttar ráðstafanir innan hæfilegs tíma frá tilkynningu um brotið;

- l. taka upp, í samræmi við ákvæði VI. kafla þessarar samþykktar, alþjóða- 45
reglur og starfshætti og gera þær til hagræðis að fylgiskjölum samþykktar þess- 2. apríl
arar, svo og að tilkynna öllum samningsríkjum, hvaða ráðstafanir gerðar hafa
verið;
- m. athuga tillögur loftsiglinganefndar um breytingar á fylgiskjölum og gera
ákvarðanir í samræmi við XX. kafla;
- n. athuga hvert það mál varðandi samþykkt þessa, sem samningsríki vísar til
þess.

55. gr.

Heimildir ráðsins.

Ráðinu er heimilt:

- a. að setja á stofn undirnefndir loftflutninga á grundvelli landsvæðaskiptingar
eða öðrum grundvelli og ákveða, við hvaða hópa ríkja eða flugfélaga þeim
sé heimilt að skipta til að auðvelda framkvæmd markmiða samþykktar þess-
arar, enda sé það álitid rétt og æskilegt með tilliti til reynslu að gera slíkar
ráðstafanir;
- b. að fela loftsiglinganefnd á hendur aðrar skyldur en þær, sem í samþykktinni
getur, og að afnema eða takmarka slíkt umboðsvald nefndarinnar hvenær
sem er;
- c. að halda uppi rannsóknum á öllum atriðum varðandi loftsiglingar og loft-
flutninga, sem varða hag allra þjóða, skýra samningsríkjum frá niðurstöðum
slíkra rannsókna og auðvelda gagnkvæmar upplýsingar samningsríkjanna um
loftflutninga og loftsiglingar;
- d. að athuga öll atriði varðandi skipulag og rekstur millilandaloftflutninga, þar
á meðal, hvort tiltækilegt sé, að mörg ríki eigi saman eða séu í samvinnu um
flugferðir á aðalleiðum, og leggja fyrir þingið áætlanir þar að lútandi;
- e. að rannsaka, að beiðni hvaða samningsríkis sem er, öll atriði, sem hindra
kunna þróun alþjóðaloftsiglinga og unnt er að komast hjá, og gefa þær skýrslur
að lokinni rannsókn, sem þykja kunna æskilegar.

X. KAFLI

Loftsiglinganefndin.

56. gr.

Útnefning og skipun.

Loftsiglinganefnd skal skipuð tólf meðlimum, er ráðið kýs meðal fulltrúa,
sem tilnefndir eru af samningsríkjum. Þessir menn skulu fullnægja þeim kröfum,
er hæfilegar þykja um reynslu í visindum og framkvæmd loftsiglinga. Ráðið skal
biðja öll samningsríki um að tilnefna menn. Forseti loftsiglinganefndar skal skip-
aður af ráðinu.

57. gr.

Skyldur nefndarinnar.

Loftsiglinganefnd skal:

- a. athuga og gera tillögur til ráðsins um samþykkt á breytingum á fylgiskjölum
þessarar samþykktar;
- b. skipa tekniskar undirnefndir, sem öll samningsríki mega eiga fulltrúa í, ef
þau óska;
- c. vera ráðinu til ráðleggingar um söfnun og dreifing til samningsríkja á öllum
upplýsingum, sem hún telur nauðsynlegar og þarflegar til eflingar loftsigl-
ingum.

XI. KAFLI

Starfslið.

58. gr.

Ráðning starfsliðs.

Ráðið skal í samræmi við þær reglur, sem þingið kann að setja, svo og þær reglur, sem settar eru í samþykkt þessari, ákveða, hvernig haga skuli ráðningu starfsfólks og uppsögn, þjálfun þess, launakjörum, uppbótum og starfsreglum, og tekur þetta til aðalritara og annars starfsliðs stofnunarinnar. Er ráðinu heimilt að ráða til slíkra starfa borgara hvers sammingsríkis sem er.

59. gr.

Starfsliðið alþjóðlegt.

Eigi skal forseti, aðalritari eða annað starfslið leita leiðbeininga um framkvæmdir á skyldum sínum né taka við slíkum leiðbeiningum frá neinum aðila utan stofnunarinnar. Öll sammingsríki skuldbinda sig til að virða skyldur starfsliðsins gagnvart öllum þjóðum og til þess að gera enga tilraun til að hafa áhrif á fólk af sínu þjóðerni hvað snertir framkvæmdir þeirra á skyldustörfum.

60. gr.

Friðhelgi og forréttindi starfsmanna.

Öll sammingsríkin skulu, að svo miklu leyti sem hægt er í samræmi við stjórnarskrárvenjur þeirra, veita forseta ráðsins, aðalritara og öðru starfsliði stofnunarinnar þá friðhelgi og þau forréttindi, sem veitt eru tilsvareandi starfsliði annarra alþjóðastofnana.

Verði gert alþjóðasamkomulag um friðhelgi og forréttindi alþjóðaembættismanna, skulu friðhelgi og forréttindi þau, sem veitt eru forseta ráðsins, aðalritara og öðru starfsliði stofnunarinnar, vera í samræmi við slíkt alþjóðasamkomulag.

XII. KAFLI

Fjármál.

61. gr.

Fjárhagsáætlun og skipting útgjalda.

Ráðið skal leggja fyrir þingið árlega fjárhagsáætlun og árleg reikningskil og áætlun um allar tekjur og gjöld. Þingið skal samþykkja fjárhagsáætlanir með þeim breytingum, sem því þykir hlýða að gera, og skal það skipta útgjöldum stofnunarinnar meðal meðlimaríkja á þeim grundvelli, sem það kann að ákveða á hverjum tíma, að undanskildum álögum á þau ríki, sem takast þær á hendur í samræmi við XV. kafla.

62. gr.

Svipting atkvæðisréttar.

Þingið getur svipt hvert það sammingsríki atkvæðisrétti í þingi og ráði, sem eigi fullnægir innan hæfilegs tíma fjárhagslegum skyldum sínum við stofnunina.

63. gr.

Útgjöld sendinefnda og annarra fulltrúa.

Hvert sammingsríki um sig skal bera kostnað af eigin nefnd sinni til þingsins, svo og þóknun, ferðakostnað og annan kostnað allra þeirra, sem það felur að

starfa í ráðinu, og enn fremur vegna þeirra, sem það tilnefnir eða sendir sem full- 45
trúa í allar auka- eða undirnefndir stofnunarinnar.

2. apríl

XIII. KAFLI

Aðrir alþjóðasamningar.

64. gr.

Öryggisráðstafanir.

Með tilliti til flugmála innan starfssviðs stofnunarinnar, sem beint geta haft áhrif á heimsöryggi, getur stofnunin með samþykki þingsins gert samninga við hvaða almenna stofnun, sem á fót kann að verða komið af þjóðum heimsins í því skyni að varðveita friðinn.

65. gr.

Samningar við aðrar alþjóðanefndir.

Ráðinu er heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að leita samkomulags við aðrar alþjóðanefndir um að halda uppi sameiginlegri starfsemi eða gera sameiginlegar ráðsþafanir viðvikjandi starfslíði, og með samþykki þingsins má það gerast aðili að öllum slíkum samningum, sem auðvelda megi störf stofnunarinnar.

66. gr.

Starfsemi viðvikjandi öðrum samningum.

- a. Stofnunin skal einnig halda uppi þeirri starfsemi, sem henni ber í samræmi við alþjóðasamning um viðkomu flugvéla (International Air Services Transit Agreement) og alþjóðaloftflutningasamning (International Air Transport Agreement), er gerðir voru í Chicago 7. desember 1944 í samræmi við ákvæði þau og skilmála, sem þar eru sett.
- b. Þeir meðlimir þingsins og ráðsins, sem ekki hafa samþykkt þá samninga, sem um getur í a-lið, skulu eigi hafa rétt til atkvæðis um nein þau mál, sem vísað er til þingsins eða ráðsins samkvæmt ákvæðum viðkomandi samninga.

III. HLUTI — ALÞJÓÐALOFTFLUTNINGAR

XIV. KAFLI

Upplýsingar og skýrslur.

67. gr.

Skýrslur sendar ráðinu.

Öll samningsríkin skuldbinda sig samkvæmt þeim fyrirmælum, er þau setja, til að láta millirikjaflugfélög sín senda ráðinu ferðaskýrslur, kostnaðarskýrslur og fjárhagsyfirlit, þar sem m. a. séu sýndar allar tekjur og uppruni þeirra.

XV. KAFLI

Flughafnir og önnur hjálpartæki til loftsiglinga.

68. gr.

Ákvörðun leiða og flughafna.

Öll samningsríki mega, að tilskildum ákvæðum þessarar samþykktar, ákvarða þær leiðir, sem í millirikjaflugi verður að fara innan landsvæðis þeirra, svo og þær flughafnir, sem nota má í slíku flugi.

69. gr.

Endurbætur á hjálpartækjum til loftsiglinga.

Áliti ráðið, að flughafnir eða önnur hjálpartæki til loftsiglinga, þ. á m. radió- og veðurstofur samningsríkis, séu ekki nægilega fullkomin fyrir öruggan, reglubundinn, vel starfræktan og ódýran rekstur milliríkjaflugs, sem rekið er eða áætlað að verði upp tekið, skal ráðið eiga viðræður við það ríki, sem beinlínis á í hlut, og önnur ríki, sem hlut kunna að eiga að máli, í því skyni að finna ráð til umbóta í þessu efni, og má ráðið setja fram ráðleggingar þessu viðvikjandi. Eigi skal samningsríki teljast sekt um brot gegn samþykkt þessari, þó að það fari ekki eftir slíkum ráðleggingum.

70. gr.

Kostnaður af loftsiglingatækjum.

Samningsríki má gera samninga við ráðið um framkvæmd þeirra ráðlegginga, sem um getur í 69. gr. Má ríkið taka á sig allan kostnað, sem af slíku samkomulagi leiðir, en vilji ríkið það ekki, má ráðið að beiðni ríkisins leggja fram allan kostnað eða hluta af honum

71. gr.

Hjálpartæki lögð til og haldið við af ráðinu.

Að beiðni samningsríkis má ráðið ganga að því að leggja til flughafnir, einu eða allar, ásamt starfslíði, viðhaldi og yfirstjórn, svo og önnur hjálpargögn til loftsiglinga, þ. á m. radió- og veðurstofur, ef slíks er þörf, innan lands viðkomandi ríkis til þess að tryggja öruggan, reglubundinn, vel starfræktan og ódýran rekstur milliríkjaflugs af hálfu annarra samningsríkja, enda má það ákveða réttlát og sanngjörn gjöld fyrir afnot þeirra hjálpartækja, sem í té eru látin.

72. gr.

Útvegum og afnot lands.

Þar sem lands þarf undir hjálpartæki, sem kostuð eru að nokkru eða öllu leyti af ráðinu að beiðni samningsríkis, skal það ríki annaðhvort leggja landið til sjálft og halda eignarrétti yfir því, ef það æskir þess, eða stuðla að því, að ráðið fái landið til afnota með réttlátum og sanngjörnum skilmálum og í samræmi við lög þess ríkis, sem í hlut á.

73. gr.

Útgjöld og niðurföfnun gjalda.

Innan takmarka þeirra, sem þingið setur í samræmi við XII. kafla, getur ráðið notað það fé, sem því er fengið til ráðstöfunar úr almennum sjóði stofnunarinnar, til venjulegra útgjalda í samræmi við tilgang þessa kafla. Skal ráðið jafna niður því fé, sem það þarfnast, í samræmi við þennan kafla, á þau samningsríki, sem það samþykkja og eru heimaríki þeirra flugfélaga, sem nota hjálpartækin, enda fari slík niðurföfnun fram í ákveðnum hlutföllum og á hæfilegu tímabili. Einnig má ráðið jafna niður á þau ríki, sem það samþykkja, öllu rekstrarfé, sem þurfa þykir.

74. gr.

Teknisk aðstoð og notkun tekna.

Þegar ráðið leggur fram fé eða leggur til flughafnir eða önnur tæki að nokkru eða öllu leyti að beiðni samningsríkis, má í samningum, með samþykki þess ríkis, gera ráð fyrir tekniskri aðstoð um eftirlit og rekstur flughafna og annarra tækja, svo og fyrir greiðslum af tekjum af rekstri flughafna og annarra tækja, á rekstrarútgjöldum flughafna og annarra tækja og á vöxtum og afskriftum.

75. gr.

Tekið við tækjum af ráðinu.

45

2. apríl

Samningsríki má hvenær sem er fullnægja þeim skuldbindingum, sem það hefur tekið á sig samkvæmt 70. gr., og taka við flughöfnum og öðrum tækjum, sem ráðið hefur lagt til á landsvæði þess, samkvæmt ákvæðum 71. og 72. gr., með því að greiða ráðinu upphæð, sem að áliti ráðsins er eftir atvikum sanngjörn. Áliti ríkið, að upphæð sú, sem ráðið ákveður, sé ósanngjörn, má það áfrýja ákvörðun ráðsins til þingsins, sem getur staðfest hana eða breytt henni.

76. gr.

Endurgreiðsla fjár.

Fé það, sem ráðið hefur fengið að endurgreiðslu í samræmi við 75. gr., og það fé, sem því áskotnast af greiðslu vaxta og afskrifta samkvæmt 74. gr., skal endurgreiða þeim ríkjum, sem upprunalega lögðu það fram eftir niðurjöfnun, ef slík niðurjöfnun var gerð í samræmi við 73. gr., og skal endurgreiðsla vera í réttu hlutfalli við þær upphæðir, sem þeim var að ákvörðun ráðsins gert að greiða.

XVI. KAFLI

Sameiginleg flugfélög og samvinna um rekstur.

77. gr.

Sameiginlegur rekstur leyfður.

Ekkert í samþykkt þessari skal hindra það, að tvö samningsríki eða fleiri geri með sér félag um sameiginlegan rekstur eða myndi með sér millirikjaflugfélög, né að þau sameini flugstörf sín, á hvaða leiðum eða svæðum, sem vera skal, en hlíta skulu slík sameiginleg rekstrarfélög eða millirikjaflugfélög og önnur slík flugsam-lög öllum ákvæðum samþykktar þessarar, þ. á m. ákvæðum um að láta skrá samn-inga hjá ráðinu. Skal ráðið kveða á um, á hvern hátt heita skuli ákvæðum samþykktar þessarar um heimilisfang flugfara, að því er tekur til flugfara, sem flogið er af slík-um millirikjaflugfélögum.

78. gr.

Störf ráðsins.

Ráðinu er heimilt að stinga upp á því við samningsríki, sem í hlut eiga, að þau myndi félagsskap í því skyni að reka flug á hvaða leiðum eða svæðum sem vera skal.

79. gr.

Þátttaka í rekstrarfélagsskap.

Ríki má taka þátt í rekstrarfélagsskap eða sameiginlegum ráðstöfunum, hvort heldur er fyrir milligöngu ríkisstjórnar eða flugfélags eða flugfélaga, sem ríkis-stjórn þess tilnefnir. Það er á valdi viðkomandi ríkis, hvort slík flugfélög eru ríkiseign að öllu eða nokkru leyti eða einkaeign.

45
2. apríl

IV. HLUTI — LOKAÁKVÆÐI

XVII. KAFLI

Aðrir loftferðasamningar og samþykktir.

80. gr.

Parísar- og Havanasamþykktirnar.

Þegar er þessi samþykkt gengur í gildi heitir hvert samningsríki að segja upp samþykkt þeirri um loftflutninga, sem gerð var í París 13. október 1919, og samþykkt um kaupflug, sem gerð var í Havana 20. febrúar 1928, séu þau aðilar þeirra samþykktu. Milli samningsríkja kemur þessi samþykkt í stað þeirra tveggja, sem að framan getur.

81. gr.

Skrásetning samninga, sem fyrir eru.

Alla samninga, sem í gildi eru við gildistöku samþykktar þessarar og gerðir eru milli samningsríkis og einhvers annars ríkis eða milli flugfélags samningsríkis og annars ríkis eða flugfélags annars ríkis, skal þegar í stað skrásetja hjá ráðinu.

82. gr.

Afnám ósamrímánlegra samninga.

Samningsríkin fallast á, að með samþykkt þessari skuli úr gildi falla allar skuldbindingar og viljrði þeirra á milli, sem ósamrímánleg eru ákvæðum hennar. Fallast þau einnig á að láta ekki í té slíkar skuldbindingar eða viljrði. Samningsríki, sem áður en það gerðist aðili að stofnuninni, hefur tekið á sig skuldbindingar gagnvart ríki, sem ekki er samningsríki, eða gagnvart þegni samningsríkis eða annars ríkis, sem ósamrímánlegar eru ákvæðum samþykktar þessarar, skulu þegar í stað gera ráðstafanir til að tryggja sér lausn frá þeim. Hafi flugfélag samningsríkis tekið á sig slíkar skuldbindingar, ber heimaríki þess að beita öllum áhrifum sínum til að tryggja, að þeim skuldbindingum ljúki þegar í stað, og skal að minnsta kosti sjá svo til, að þeim ljúki svo fljótt sem slíkar ráðstafanir má löglega gera, eftir gildistöku samþykktar þessarar.

83. gr.

Skrásetning nýrra samninga.

Að svo miklu leyti sem ákvæði næstu greinar á undan leyfa, mega öll samningsríki gera samninga, sem samrímánlegir eru samþykkt þessari. Skal þegar í stað skrá slíka samninga hjá ráðinu, sem birtir þá svo fljótt sem auðið er.

XVIII. KAFLI

Ágreiningur og brot.

84. gr.

Lausn ágreiningsmála.

Verði ekki jafnaður með samkomnulaði sá ágreiningur, sem rísa kann milli tveggja ríkja eða fleiri út af túlkun eða framkvæmd samþykktar þessarar og fylgiskjala hennar, skal ráðið, að beiðni hvaða ríkis sem er og aðili er að ágreiningnum, kveða upp úrskurð. Enginn meðlimur ráðsins skal greiða atkvæði í ályktun þess út af deilumáli, sem hann er aðili að. Öll samningsríki mega, samkvæmt ákvæðum

85. greinar, áfrýja úrskurði ráðsins til gerðardóms *ad hoc*, sem ákveðinn verður í samráði við aðra aðila að þrætunni, eða til millirikjadómstólsins. Skal tilkynna ráðinu slíka áfrýjun innan 60 daga, frá því að tilkynning var fengin um úrskurð ráðsins. 45 2. apríl

85. gr.

Framkvæmd gerðar.

Nú hefur eitthvert samningsriki, sem aðili er að þrætu, sem ráðið hefur fellt úrskurð um og verið áfrýjað, ekki samþykkt ákvæði millirikjadómstólsins, en þau samningsriki, sem hlut eiga að máli, geta ekki komið sér saman um val gerðardóms, og skal þá hvert samningsriki um sig tilnefna einn gerðardómara, en þeir tilnefna oddamann. Vanræki annað hvort samningsrikið að tilnefna gerðardómara innan þriggja mánaða frá því er úrskurði var áfrýjað, skal forseti ráðsins tilnefna gerðardómara af hálfu þess ríkis og velja hann úr hópi þeirra manna, sem hæfir eru og vól er á, en ráðið skal halda skrá um slíka menn. Geti gerðardómarar ekki komið sér saman um oddamann innan 30 daga, skal forseti ráðsins skipa oddamann úr hópi þeirra manna, er að framan getur. Skulu þá gerðardóm- arar og oddamaður í sameiningu teljast gerðardómstóll. Allir gerðardómstólar, sem settir eru samkvæmt þessari grein og hinni næstu á undan, skulu setja sér réttarfarsákvæði og fella dóma, og ræður afl atkvæða. En ráðið má því aðeins skera úr ágreiningi um réttarfarsákvæði, að um drátt sé að ræða, sem ráðið telur of mikinn.

86. gr.

Áfrýjun.

Allir úrskurðir ráðsins varðandi það, hvort millilandaflugfélag sé rekið í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar, halda gildi sínu, nema ráðið breyti þeim eða þeim sé hrundið við áfrýjun. Í öllum öðrum greinum skal framkvæmd úrskurðar ráðsins frestað, ef áfrýjað er, þar til yfirúrskurður er fallinn. Skulu úrskurðir alþjóðadómstólsins og gerðardóms vera endanlegir og bindandi.

87. gr.

Viðurlög við brotum flugfélags.

Öll samningsrikin skuldbinda sig til að banna því flugfélagi samningsríkis rekstur flugferða yfir landi sínu, sem ráðið hefur úrskurðað, að hliti ekki loka- úrskurði, sem felldur er í samræmi við ákvæði næstu greinar á undan.

88. gr.

Viðurlög við brotum ríkis.

Þingið skal svipta það samningsriki atkvæðisrétti innan þings og ráðs, sem brýtur ákvæði þessa kafla.

XIX. KAFLI

Styrjaldir.

89. gr.

Styrjaldir og hættuástand.

Verði styrjöld, skulu ákvæði samþykktar þessarar ekki hindra athafnafrelsi nokkurs samningsríkis, sem í hlut á, hvort sem um styrjaldarriki eða hlutlaus er að ræða. Sama skal og gilda um samningsriki, sem lýsir yfir innanlands hættu- ástandi og tilkynnir það ráðinu.

XX. KAFLI

Fylgiskjöl.

90. gr.

Samþykktir og breytingar á fylgiskjölum.

- a. Til að samþykkja í ráðinu fylgiskjöl þau, sem tilfærð eru í 54. gr., staflað i., þarf tvo þriðju hluta atkvæða í ráðinu á fundi, sem til þess er kvaddur saman, og skal ráðið að því húnu leggja þau fyrir öll samningsríkin. Öll slík fylgiskjöl svo og breytingar á þeim skulu ganga í gildi innan þriggja mánaða, frá því er þau voru lögð fyrir samningsríkin, eða í lok þess tímabils, þótt lengra sé en að framan getur, ef ráðið kann að ákveða, nema meiri hluti samningsríkja hafi áður tjáð ráðinu, að þau fallist eigi á samþykkt þeirra.
- b. Ráðið skal þegar tilkynna öllum samningsríkjum, hvenær fylgiskjal eða breyting á því kemur til framkvæmda.

XXI. KAFLI

Staðfestingar, samþykki, breytingar og uppsögn.

91. gr.

Staðfesting samþykktarinnar.

- a. Þessi samþykkt skal háð staðfestingu þeirra ríkja, sem undir hana skrifa. Skal geyma staðfestingarskjölin í þjóðskjalasafni Bandaríkja Ameríku, sem tilkynna skulu hverju ríki, sem undirskrifar og aðhyllist samþykktina, hvenær slík skjöl voru afhent til geymslu.
- b. Þegar er samþykkt þessi hefur verið staðfest af 26 ríkjum eða þau hafa gerzt aðilar að henni, skal hún ganga í gildi þeirra í milli á 30. degi eftir að 26. staðfestingarskjalið var afhent til geymslu. Skal hún ganga í gildi hjá hverju því ríki, sem síðar staðfestir hana, á 30. degi frá því er staðfestingarskjal þess var afhent til geymslu.
- c. Stjórn Bandaríkja Ameríku skal bera skylda til að tilkynna stjórn hvers ríkis, sem undirskrifað hefur eða gerzt aðili að samþykkt þessari, hvenær hún tekur gildi.

92. gr.

Aðild að samþykktinni.

- a. Heimilt skal meðlimum hinna sameinuðu þjóða, ríkjum, sem starfa með þeim, og ríkjum, sem hlutlaus voru í núverandi heimsstyrjöld, að gerast aðilar að samþykktinni.
- b. Aðild ríkis að samþykktinni skal tilkynnt með erindi, stíluðu til stjórnar Bandaríkja Ameríku, og verður ríkið þá aðili á 30. degi frá því er stjórn Bandaríkja-anna tók við erindinu, en hún skal tilkynna það öllum samningsríkjum.

93. gr.

Þáttaka annarra ríkja.

Önnur ríki en þau, sem um getur í 91. og 92. gr. a., mega, að fengnu samþykki hvernar þeirrar alþjóðastofnunar, sem á stofn kann að verða sett meðal þjóða heims til að varðveita frið, taka þátt í samþykkt þessari, enda komi til samþykki $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða í þinginu, og með þeim skilyrðum, sem þingið kann að setja. Þó þarf, er svo stendur á, samþykki allra ríkja, sem það ríki, er um þátttöku sækir, kann að hafa ráðizt inn í eða ráðizt á í núverandi ófriði.

94. gr.

Breytingar á samþykktinni.

- a. Allar breytingartillögur á samþykkt þessari verða að fá $\frac{2}{3}$ atkvæða í þinginu til að öðlast gildi og ganga í gildi um ríki þau, sem aðhyllt hafa slíkar breytingar, þegar svo mörg ríki hafa staðfest þær, sem þingið ákveður. Skal sú tala ríkja eigi nema minna en $\frac{2}{3}$ sammingsríkja.
- b. Ef þingið álitur, að breyting sé þess eðlis, að hún réttlæti það, má þingið í ályktun sinni um meðmæli með breytingu áskilja, að hvert það ríki, sem hefur ekki staðfest breytinguna innan tiltekins tíma eftir að hún kom til framkvæmda, skuli hætta að vera meðlimur stofnunarinnar og aðili að samþykktinni.

95. gr.

Uppsögn samþykktarinnar.

- a. Hvert sammingsríki um sig má segja upp samþykkt þessari þrem árum eftir að hún öðlaðist gildi, með erindi stíluðu til stjórnar Bandaríkja Ameríku, og skal hún tjá öllum sammingsríkjum uppsögnina.
- b. Uppsögn skal taka gildi einu ári eftir að tekið var við henni og eigi snerta annað ríki en það, sem hana stílaði.

XXII. KAFLI

Orðaskýringar.

96. gr.

- Hvað samþykkt þessa snertir, þýða eftirtalin orð og orðtök það, sem hér segir:
- a. „Flugrekstur“ merkir alla skipulagsbundna flugþjónustu með flugförum til opinbers flutnings á farþegum, pósti eða flutningi.
 - b. „Millilandaflugrekstur“ merkir flugþjónustu um loft yfir landi fleiri en eins ríkis.
 - c. „Flugfélag“ merkir loftflutningafyrirtæki, sem býður fram eða rekur millilandaflug.
 - d. „Viðkoma án viðskipta“ (non-traffic stop) merkir lendingu til annars en að taka eða skilja eftir farþega, flutning eða póst.

Undirskrift samþykktarinnar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir stjórnararindrekar, sem hafa til þess fullt umboð, undirritað samþykkt þessa fyrir hönd ríkisstjórna sinna á þeim dögum, er getur aftan við undirskrift þeirra.

Gert í Chicago 7. dag desembermánaðar 1944 á enskri tungu. Gera skal texta á ensku, frönsku og spönsku, og skal hver þeirra jafngildur. Skulu þeir liggja frammi til undirskriftar í Washington, D. C. Skulu háðir textarnir geymdir í Þjóðskjalasafni Bandaríkja Ameríku, en staðfest eftirrit send frá stjórn Bandaríkjanna til stjórna allra ríkja, sem undirskrifa kunna eða aðhyllast samþykkt þessa.

(Undirskriftir fulltrúa 39 ríkja.)

45 Fylgiskjal II.

2. apríl

Alþjóðasamningur um viðkomuréttindi flugfara.

(International Air Services Transit Agreement. — Íslenzk þýðing.)

Ríki þau, sem undirrita og samþykkja þennan alþjóðasamning um viðkomuréttindi flugfara og eru meðlimir Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, lýsa hér með yfir því, sem hér fer á eftir:

I. GREIN**1. liður.**

Öll samningsríkin veita hvert öðru eftirtalin flugréttindi í áætlunarbundnu millilandaflugi:

1. Réttindi til að fljúga yfir land þeirra án þess að lenda.
2. Réttindi til viðkomu án viðskipta.

Réttindi þau, sem veitt eru í þessum lið, skulu eigi taka til flughafna, sem notaðar eru til hernaðarþarfa og þar sem útilokuð eru afnot áætlunarbundins millilandaflugrekstrar. Í styrjaldar- eða hernámslöndum, svo og á ófriðartímum meðfram flutningaleiðum þeim, er að slíkum löndum liggja, skulu réttindi þau, er að ofan getur, háð samþykki réttra hernaðaryfirvalda.

2. liður.

Framkvæmd ofangreindra réttinda skal vera í samræmi við ákvæði bráðabirgðasamkomulags um alþjóðaflugmál og við samþykkt um alþjóðaflugmál, þegar hún gengur í gildi, en hvort tveggja var samið í Chicago 7. desember 1944.

3. liður.

Samningsríki, sem veitir flugfélagi annars samningsríkis réttindi til flugviðkomu án viðskipta, getur áskilið sér, að viðkomandi flugfélag láti í té hæfilegan kaupflugrekstur á þeim stöðum, þar sem slík viðkoma á sér stað.

Slíkir skilmálar skulu þó eigi settir fram með neinni hlutdrægni í garð þeirra flugfélaga, sem reka flug á sömu leið. Skal í þeim ekki tekið tillit til stærðar flugfara og þau notuð á þá leið, að eigi komi í bága við eðlilegan rekstur millirikjaflugs þess, sem um ræðir, né réttindi eða skyldur samningsríkis.

4. liður.

Öll samningsríkin mega, ef ekki kemur í bága við ákvæði samnings þessa:

1. ákvarða þá leið, sem fara skal innan landsvæða þeirra í öllum millirikjaflugferðum, svo og flughafnir þær, sem í slíkum flugferðum má nota;
2. leggja á eða leyfa, að lögð verði á slíkar flugferðir réttlát og sanngjörn gjöld fyrir afnot flughafna og annarra hjálpartækja, enda séu slík gjöld eigi hærri en þau, sem eigin flugfélög þess ríkis mundu verða að gjalda fyrir sömu þægingi eða svipuð störf. Það er tilskilið, að með kæru viðkomandi samningsríkis megi áfrýja gjöldum fyrir flughafnir og önnur hjálpartæki til ráðs Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem stofnsett er í samræmi við ofangreinda samþykkt, og skal það gefa skýrslu og ráðleggingar um það efni til þess ríkis eða ríkja, sem hlut eiga að máli.

5. liður.

Öll samningsríkin áskilja sér rétt til að endurkalla eða afnema leyfi til loftflutninga til handa loftflutningafyrirtæki annars ríkis, þar sem því þykir eigi nógu glögg, að meiri hluti eignarréttar og virk framkvæmdastjórn sé í höndum

þegna samningsríkis, eða þegar slíkt loftflutningafyrirtæki lætur undir höfuð 45 leggjast að fylgja lögum þess ríkis, er það rekur flutninga um, eða fullnægja 2. apríl skyldum sínum í samræmi við samning þennan.

II. GREIN

1. liður.

Samningsríki, sem álitur, að athafnir annars samningsríkis í samræmi við samning þennan hafi því óréttlæti eða erfiðleika, má fara þess á leit við ráðið, að það athugi málið. Skal ráðið þá rannsaka málið og kveðja viðkomandi ríki til viðræðna við sig. Leiði slíkar viðræður eigi til úrlausnar á málinu, má ráðið gefa skýrslu og ráðleggingar til viðkomandi samningsríkja. Geri samningsríki það, sem í hlut á, ekki hæfilegar ráðstafanir til úrbóta að svo búnu, getur ráðið lagt til við þing ofangreindrar stofnunar, að það samningsríki verði svipt réttindum sínum og forréttindum samkvæmt þessum samningi, þar til slíkar ráðstafanir hafa verið gerðar. Má þingið með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða svipta slíkt samningsríki réttindum um þann tíma, sem það telur hæfilegan, eða unz ráðið hefur sannfært sig um, að ráðstafanir til úrbóta hafi verið gerðar af nefndu ríki.

2. liður.

Verði ágreiningur milli tveggja eða fleiri samningsríkja út af túlkun eða framkvæmd samnings þessa ekki jafnaður með samningum, skal beita ákvæðum XVIII. kafla ofangreindrar samþykktar, á þann hátt er þar greinir. um ágreining, er rísa kann út af túlkun eða framkvæmd samþykktarinnar.

III. GREIN

Þessi samningur skal gilda jafnlengi og ofangreind samþykkt. Þó má samningsríki, sem aðili er að þessum samningi, segja honum upp með eins árs fyrirvara með uppsögn, er stíla skal til stjórnar Bandaríkja Ameríku, og skal hún þegar tilkynna þá uppsögn öllum öðrum samningsríkjum.

IV. GREIN

Þangað til ofangreind samþykkt gengur í gildi, skal alls staðar þar, sem til hennar er vísað, annars staðar en í II. grein, 2. lið og V. grein, skoða svo sem vísað sé til bráðabirgðasamkomulags um alþjóðaflugmál, sem gert var í Chicago 7. desember 1944. Svo skulu og tilvisanir til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, þings hennar og ráðs skoðast sem tilvisanir til Bráðabirgða-alþjóðaflugmálastofnunarinnar, bráðabirgðaþingsins og bráðabirgðaráðsins, eftir því sem við á.

V. GREIN

Í samningi þessum skal orðið „land“ skýrt svo sem gert er í 2. grein ofangreindrar samþykktar.

VI. GREIN

Undirskriftir og samþykkt samningsins.

Undirritaðir fulltrúar á alþjóðaflugmálaráðstefnunni, sem saman kom í Chicago 1. nóvember 1944, hafa undirritað samning þennan að því tilskildu, að stjórn Bandaríkja Ameríku verði sem allra fyrst send tilkynning frá öllum ríkisstjórnnum, sem látið hafa undirskrifa samninginn af sinni hálfu, þess efnis, hvort undirskrift af þeirra hálfu skuli skoðast sem samþykkt viðkomandi ríkisstjórnar á samningnum og skuldbinding til að halda hann.

45 Öll ríki, sem meðlimir eru í Alþjóðaflugmálastofnuninni, mega samþykkja
2. apríl þennan samning og taka á sig þær skuldbindingar, sem í honum felast, með því að tilkynna samþykki sitt stjórn Bandaríkjanna, og skal slíkt samþykki ganga í gildi á þeim degi, er sú stjórn tekur við slíkri tilkynningu.

Samningur þessi öðlast gildi meðal samningsríkja jafnóðum og þau samþykkja hann hvert um sig. Að því loknu skal hann öðlast gildi gagnvart hverju öðru ríki, sem tilkynnir stjórn Bandaríkjanna samþykki sitt þar að lútandi, á þeim degi, er sú stjórn tekur við slíkri tilkynningu. Skal stjórn Bandaríkjanna tilkynna öllum undirskriftar- og samningsríkjum dagsetningu allra samþykta á samningnum og um dag þann, er hann gengur í gildi gagnvart hverju ríki, sem aðhyllist hann.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þennan samning, hver af hálfu sinnar ríkisstjórnar, á þeim dögum, er greindir eru við undirskrift hvers um sig.

Gert í Chicago sjöunda dag desembermánaðar 1944 á enskri tungu. Gera skal texta á ensku, frönsku og spönsku, og skal hver þeirra jafngildur. Skulu þeir liggja frammi til undirskriftar í Washington, D. C. Skulu báðir textarnir geymdir í skjalasafni stjórnar Bandaríkjanna Ameríku, en staðfest eftirrit send frá stjórn Bandaríkjanna til stjórnna allra þeirra ríkja, sem undirskrifa kunna eða aðhyllast samning þennan.

(Undirskriftir fulltrúa 33 ríkja.)

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, hinn 2. apríl 1947.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

46
15. marz um leiðbeiningabók fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins.

Hinn 14. marz 1947 staðfesti forseti Íslands leiðbeiningabók fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 15. marz 1947.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

47

10. apríl

um samning um norrænt póstsamband.

Póststjórnir *Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar* hafa, samkvæmt heimild í alþjóðapóstsamningnum gert með sér svofelldan samning.

I. Ákvæði um skipulag sambandsins.

1. gr.

Nafn sambandsins og tilgangur.

Póststjórnir *Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar* mynda „hið norræna póstsamband“, og er tilgangur þess að bæta og auka póstviðskiptin milli þessara fimm landa.

2. gr.

Beiting alþjóðákvæða.

Beri svo við um einhver atriði, að engin ákvæði séu fyrir hendi í samningi þessum, eða að um þau hafi ekki verið samið sérstaklega með bréfaskriftum — annaðhvort milli allra póststjórnanna eða sumra þeirra — þá gildir alþjóðapóst-samningurinn og aukasamningarnir ásamt alþjóða-starfsreglugerðunum.

3. gr.

Ráðstefnur.

Fulltrúar póststjórnanna skulu að minnsta kosti einu sinni á ári koma saman á ráðstefnu til þess að endurskoða samninginn eða gera hann fullkomnari, svo og til þess að taka til athugunar önnur póstmálefni, sem hafa sameiginlega þýðingu fyrir löndin.

4. gr.

Mál.

Allar bréfaskriftir milli póststjórnanna fara fram á dönsku, norsku eða sænsku.

5. gr.

Mynt.

1. Gjöld þau og fjárhæðir, sem í samningi þessum eru tilgreind í krónumynt, eiga jafnan við mynt hlutaðeigandi sendilands, nema annað sé skýrt tekið fram.

2. Gjöld þau, sem í samningnum eru tilgreind í frönkum og sentímum, eiga við gullfrankann eins og hann er skilgreindur í alþjóðapóstsamningnum.

Gjöldin ákveðast í mynt hvers lands eftir jafngildi því, sem gildir í hverju landi í alþjóðaviðskiptum á sams konar sendingum.

6. gr.

Burðargjaldsbreytingar.

Nú breytast burðargjöld innanríkis í einhverju landi sambandsins svo að nauðsyn ber til að breyta gjöldum þeim í samningi þessum, sem ákveðin eru í mynt hlutaðeigandi lands, skal þá sú breyting gerð að undangenginni tilkynningu til póststjórna hinna landanna.

7. gr.

Starfsreglugerð.

Setja má með starfsreglugerð eða bréfaskriftum nánari ákvæði, er nauðsynleg kunna að þykja til framkvæmda á þessum samningi eða miða að því að greiða fyrir póstviðskiptum.

II. Ákvæði um póstsendingar milli landa sambandsins.

8. gr.

Burðargjaldsákvæði um bréfapóstsendingar.

1. Burðargjald undir bréf er:

	í Dan- mörku aurar	í Finn- landi mk	á Íslandi aurar	í Noregi aurar	í Svíþjóð aurar
sé þyngdin ekki yfir 20 grömm	20	10	50	25	20
sé þyngdin yfir 20 g en ekki yfir 125 grömm	40	15	100	50	40
sé þyngdin yfir 125 g en ekki yfir 250 grömm	40	25	150	75	60
sé þyngdin yfir 250 g en ekki yfir 500 grömm	80	25	200	100	60

Undir bréf yfir 500 grömm að þyngd skal greiða að öllu leyti eftir ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

2. Burðargjaldið undir einfalt spjaldbréf er:

í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
15 aurar	6 mk	25 aurar	15 aurar	10 aurar

og fyrir bréfspjald með borguðu svari:

í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
30 aurar	12 mk	50 aurar	30 aurar	20 aurar

3. Lágmarksburðargjald undir sendingu með verzlunarskjölum er burðargjald það, sem í þessari grein er ákveðið undir bréf, sem ekki er yfir 20 grömm að þyngd.

4. Fyrir ófrímerkt eða vanfrímerkt bréf, sem eru ekki yfir 500 grömm að þyngd, svo og bréfspjöld, skal taka tvöfalt burðargjald það, sem á vantar, eftir gengi, sem póststjórn ákvörðunarlandsins setur.

Sömu ákvæði gilda og um aðrar vanfrímerktar bréfapóstsendingar, sem af óaðgætni kunna að hafa verið sendar til ákvörðunarlandsins.

5. Skrásetningargjaldið er:

í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
30 aurar	10 mk	60 aurar	30 aurar	20 aurar

6. Til frímerkingar bréfapóstsendinga, sem finnast í bréfabakka frá einu landanna til annars og ekki hafa áður verið teknar til póstmeðferðar, gilda frímerki beggja landa.

9. gr.

Bréf með tilgreindu verði.

1. Undir bréf með tilgreindu verði skal, auk bréfburðargjalds og skrásetningargjalds, samkv. 1. og 5. lið 8. greinar, taka ábyrgðargjald fyrir hverja 500 króna upphæð, í Finnlandi þó 1000 marka, eða hluta þar af.

Ábyrgðargjaldið er:

í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
15 aurar	1 mk	60 aurar	25 aurar	10 aurar

47

10. apríl

2. Í bréfum með tilgreindu verði má einnig senda mótaða peninga samkvæmt innanríkisákvæðum sendilandsins.

10. gr.

Póstávisanir.

Hámarksupphæð sú, sem senda má í póstaðvisun, er 1000 krónur í mynt ákvörðunarlandsins, til Finnlands þó 30000 mörk og til Íslands 1500 krónur.

Burðargjaldið reiknast af upphæðinni eins og hún er innborguð í mynt sendilandsins og er:

	í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
fyrir 5 króna upphæð mest eða 150 mörk	30	9	65	30	30
yfir 5 kr. eða 150 mk en ekki yfir 50 kr. eða 1500 mk ...	40	12	65	40	40
yfir 50 kr. eða 1500 mk en ekki yfir 100 kr. eða 3000 mk ..	50	15	115	50	50
yfir 100 kr. eða 3000 mk en ekki yfir 250 kr. eða 7500 mk	60	18	160	60	60
yfir 250 kr. eða 7500 mk en ekki yfir 500 kr. eða 15000 mk	70	21	235	70	70
yfir 500 kr. eða 15000 mk en ekki yfir 750 kr. eða 22500 mk	80	24	310	80	80
yfir 750 kr. eða 22500 mk ..	90	27	385	90	90
yfir 1000 kr. (ísl.) en ekki yfir 1250 kr. (ísl.)	„	„	460	„	„
yfir 1250 kr. (ísl.) en ekki yfir 1500 kr. (ísl.)	„	„	535	„	„

Fyrir hverja burðargjaldsskylda póstaðvisun greiðir sendilandið ákvörðunarlandinu 15 aura í þess mynt, Finnlandi þó 4 mk 50 penni.

11. gr.

Póstkröfur á bréfasendingum.

Hæsta póstkröfuupphæð, sem leggja má á skrásetta sendingu eða bréf með tilgreindu verði, er jöfn hámarksupphæð póstaðvisana, sem skipzt er á milli sendi- og ákvörðunarlands sendingarinnar.

Eigi upphæðin að sendast í póstkröfuávisun til landsins, þar sem sendingin var látin á póst, er póstkröfugjaldið:

	í Danmörku aurar	í Finnlandi mk	á Íslandi aurar	í Noregi aurar	í Svíþjóð aurar
fyrir 5 króna upphæð mest eða 150 mörk	40	10	100	45	40
fyrir 5 kr. eða 150 mk en ekki yfir 50 kr. eða 1500 mk ..	50	13	100	55	50
yfir 50 kr. eða 1500 mk en ekki yfir 100 kr. eða 3000 mk ..	60	16	150	65	60

47		í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
10. apríl		aurar	mk	aurar	aurar	aurar
yfir 100 kr. eða 3 000 mk en ekki yfir 250 kr. eða 7 500 mk		70	19	210	75	70
yfir 250 kr. eða 7 500 mk en ekki yfir 500 kr. eða 15 000 mk ..		80	22	270	85	80
yfir 500 kr. eða 15 000 mk en ekki yfir 750 kr. eða 22 500 mk		90	25	360	95	90
yfir 750 kr. eða 22 500 mk ..		100	28	420	105	100
yfir 1 000 kr. (ísl.) en ekki yfir 1 250 kr. (ísl.)	495
yfir 1 250 kr. (ísl.) en ekki yfir 1 500 kr. (ísl.)	570

Fyrir hverja póstkrofuávisun tilheyrandi burðargjaldsskyldri póstkrofusendingu greiðir sendiland sendingarinnar ákvörðunarlandinu 25 aura í sinni mynt, Finnland þó 7 mk 50 penni.

12. gr.

Hraðboðagjald.

Hraðboðagjaldið fyrir aðrar sendingar en böggla er:

í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
40 aurar	20 mk	100 aurar	50 aurar	30 aurar

13. gr.

Blöð og tímarit í póstaðskrift.

1. Með póstaðskrift er bæði átt við áskrift á pósthúsi sem og áskrift beint hjá útgefanda sjálfum, en aftur á móti nær heitið ekki til útgefendaprents.

2. Blöð og tímarit, sem gefin eru út í einhverju sambandslandanna, skulu, þó þannig, að gengismunur, sem vera kann, sé tekinn til greina, látin áskrifendum í hinum löndunum í té gegn sömu borgun og áskrifendur í útgáfulandinu greiða, að viðbættu transítgjaldi, ef svo ber undir. Burðargjaldið má þó aldrei vera minna en 40 aurar, í Finnlandi 12 mk, fyrir áskriftartímabilið.

Burðargjaldið fyrir blöð og tímarit í póstaðskrift skiptist, að undanskildu transítgjaldinu, að $\frac{1}{3}$ til útgáfulands og $\frac{2}{3}$ til ákvörðunarlands.

3. Burðargjald það, sem nefnt er í 2. lið, gildir að því er Ísland snertir eingöngu undir flutninginn til viðkomustaða póstskipanna.

Til þess að standa straum af kostnaði við flutninginn um landið heimilast Íslenzku póststjórninni að taka aukagjald, ekki yfir 20 aura fyrir hver 500 g af samanlagðri þyngd blaðsins eða tímaritsins yfir áskriftartímabilið. Aukagjald þetta reiknast með í áskriftargjaldinu eins og það er ákveðið á Íslandi.

4. Áskriftir á blöðum og tímaritum má flytja úr einu landi í annað gegn fyrirfrangreiðslu á 50 aura, í Finnlandi 15 marka, gjaldi fyrir hvern flutning. Gjaldið fellur í hlut þeirrar póststjórnar, sem innheimtir það.

Um flutning á blaði úr einum stað í annan innan póstumdæmis sama lands, gilda innanríkisákvæði þess.

14. gr.

Burður- og áburðargjald fyrir böggla.

1. Burðargjaldið fyrir böggla er samanlögð upphæð landgjalda sendi- og ákvörðunarlands, sbr. 2. lið hér á eftir, að viðbættu transítgjaldi, ef svo ber undir, sbr. 18. gr.

2. Landgjald sambandslandanna hvers um sig er þetta:

47

	Danmerkur s	Finnlands s	Íslands s	Noregs s	Svíþjóðar s	10. apríl
fyrir böggla allt að 1 kg að þyngd	35	50	50	50	50	
fyrir böggla yfir 1 kg allt að 3 kg að þyngd	50	75	75	75	75	
fyrir böggla yfir 3 kg allt að 5 kg að þyngd	70	100	100	100	100	
fyrir böggla yfir 5 kg allt að 10 kg að þyngd	130	200	200	200	200	
fyrir böggla yfir 10 allt að 15 kg að þyngd	200	300	300	300	300	
fyrir böggla yfir 15 kg allt að 20 kg að þyngd	260	400	400	400	400	

3. Fyrir hraðflutning hækka gjöld þau, sem nefnd eru í 2. lið, um 100%.

Hraðflutning er ekki hægt að framkvæma í viðskiptum við Ísland.

4. Undir rúmfreka böggla, svo og böggla sem merktir eru „Varlega“, hækka gjöld þau, sem nefnd eru í 2. lið, um 50%, með jöfnun upp á við, ef svo ber undir, í tölu deilanlega með 5.

5. Undir böggla með tilgreindu verði greiðist, auk burðargjaldsins, ábyrgðargjald eins og undir bréf með tilgreindu verði, og að auk afgreiðslugjald, sem er:

í Danmörku	í Finnlandi	á Íslandi	í Noregi	í Svíþjóð
30 aurar	10 mk	60 aurar	30 aurar	20 aurar

Hvert tveggja gjaldið fellur óskipt til sendilandsins.

6. Undir böggla, sem flutnings er óskað á með íslenskum landpóstum, heimilast íslenzku pósthjórninni að taka aukagjald af viðtakendum.

7. Fyrir böggla til og frá Íslandi er hámark þyngdar:

fyrir böggla til og frá íslenskum pósthúsum á viðkomustöðum póstskipanna	20 kg
fyrir böggla til og frá öðrum íslenskum pósthúsum	5 —

Böggla yfir 5 kg má þó senda til annarra staða en viðkomustaða póstskipanna, en þeir eru þá aðeins fluttir til pósthússins á þeim viðkomustað, sem liggur næst ákvörðunarstaðnum, og gerir það viðtakanda aðvart um komu böggulsins.

Bögglar, sem óskað er flutnings á með íslenskum landpóstum, mega ekki vera yfir 46 cm á lengd né yfir 23 cm á breidd eða þykkt.

15. gr.

Póstkröfur á böggjum.

Ákvæði 11. gr. um hæstu póstkröfuupphæð og um póstkröfugjaldið gildir einnig um póstkröfur á böggjum.

16. gr.

Þóknun fyrir móttökukvittun (útborgunarkvittun) og fyrirspurn.

Þóknun fyrir móttökukvittun eða útborgunarkvittun — enda sé þeirra krafizt samtímis og sendingin er látin á póst — er jöfn burðargjaldi undir bréf í lægsta þyngdarmarki.

Þessi þóknun tvöföld, í Finnlandi þó 10 mk, er tekin fyrir móttökukvittun eða útborgunarkvittun, sem beðið er um eftir að sendingin hefur verið látin á póst, svo og undir fyrirspurn um sendingu hveftrar tegundar sem er.

Transitgjöld fyrir bréfaþóstsendingar og blöð og tímarit í áskrift.

1. Fyrir bréf og bréfspjöld, sem send eru í transit um eitt eða fleiri sambandslandanna eða með skipakosti þeirra, skal greiða transitgjald er sé helmingur þess, sem greiða ber eftir almennum alþjóðareglum.

Fyrir bréfaþóstsendingar svo og blöð og tímarit í áskrift, sem send eru á milli pósthúsa einhvers sambandslands og flutt eru um svæði eins eða fleiri hinna landanna eða með skipakosti þeirra, skal ekki greiða neitt transitgjald.

Sjótransitgjöld reiknast heldur ekki af bréfaþósti, sem sendur er milli Færeyja og Noregs með dönskum eða norskum skipum.

2. Fyrir blöð og tímarit í áskrift, sem send eru í transit um eitt eða fleiri sambandslandanna eða með skipakosti þeirra, skal greiða transitgjald sérstaklega fyrir landflutninginn og fyrir hvern sjóflutning 20 s. um ársfjórðung eða brot úr ársfjórðungi fyrir hvert blað eða tímarit, sem kemur oftast út en einu sinni í viku, en annars 10 s. um ársfjórðung eða brot úr ársfjórðungi.

Transitgjöld fyrir böggla.

1. Fyrir böggla, sem sendir eru í transit um eitt eða fleiri sambandslandanna eða með skipakosti þeirra, skal greiða transitgjöld eftir reglum þeim, sem hér fara á eftir.

2. Landtransitgjaldið, sem hverju transitlandi ber fyrir böggla í lokaðri transit er 10 s. fyrir kg eða hluta þar af, reiknað af samanlagðri brúttóþyngd allra böggla í sama flutningi, og fyrir böggla í opinni transit, eins og hér segir:

Fyrir böggla allt að 1 kg að þyngd	15 s
— — yfir 1 kg allt að 3 kg að þyngd	25 —
— — — 3 — — — 5 — — —	30 —
— — — 5 — — — 10 — — —	70 —
— — — 10 — — — 15 — — —	100 —
— — — 15 — — — 20 — — —	140 —

Fyrir hraðflutningsböggla greiðist ávallt landtransitgjald það, sem ákveðið er fyrir böggla í opinni transit, hækkað um 100%.

3. Sjótransitgjaldið fyrir böggla í opinni transit er:

Fyrir böggla sem vega:	Milli					
	Danmerkur og Finlands	Danmerkur og Íslands	Danmerkur og Noregs	Finlands og Svíþjóðar	Íslands og Noregs	Íslands og Svíþjóðar
	c	c	c	c	c	c
Allt að 1 kg	25	60	15	15	20	60
Yfir 1 kg allt að 3 kg ...	30	75	20	20	30	75
— 3 - — - 5 - ...	40	90	25	25	50	90
— 5 - — - 10 - ...	75	165	50	50	100	165
— 10 - — - 15 - ...	110	240	75	75	150	240
— 15 - — - 20 - ...	160	340	100	100	200	340

Fyrir böggla milli Danmerkur, Íslands eða Noregs annars vegar og Finnlands 47
hins vegar, sem fluttir eru í lokaðri transit, skal greiða í transitgjald fyrir sjóflutninginn Finnland—Svíþjóð 5 s fyrir kg eða hluta af því, reiknað af samanlagðri þyngd 10. apríl
allra böggla í hverjum flutningi.

Allt transitgjald fyrir sjóflutninginn Finnland—Svíþjóð skiptist jafnt milli Finnlands og Svíþjóðar, þannig að upphæðirnar eru jafnaðar, ef svo ber undir, eftir samkomulagi milli póststjórna beggja landa.

4. Fyrir rúmfreka böggla svo og böggla, sem merktir eru „Varlega“ og fluttir eru í opinni transit, hækka gjöld þau, sem ákveðinu eru fyrir opna transit í 1. málsgr. 2. lið og 3. lið þessarar greinar, um 50%, með jöfnun upp á við, ef svo ber undir, í tölu deilanlega með 5.

5. Landtransitgjald það, sem ákveðið er í 2. lið fyrir böggla í lokaðri transit greiðist sömuleiðis sænsku póststjórninni fyrir böggla, sem skipzt er á milli Borgundarhólms, Færeyja og sjálfrar Danmerkur í lokaðri transit yfir Svíþjóð, og norsku póststjórninni fyrir böggla, sem skipzt er á milli Færeyja og sjálfrar Danmerkur í lokaðri transit yfir Noreg. Fari hin síðarnefndu skipti einnig fram eftir norskri Danmerkurleið eða norskri Íslandsleið eða eftir annarri hvorri þessara leiða, greiðist norsku póststjórninni einnig sjótransitgjald, er nemur 10 s pr. kg eða hluta af því, reiknað af samanlagðri þyngd allra böggla í hverjum flutningi.

19. gr.

Ábyrgð.

1. Auk skaðabóta þeirra, sem eftir venjulegum alþjóðareglum eru greiddar fyrir glatað skrásett bréf, á sendandi skrásetts bréfs, sem hefur verið innsiglað samkvæmt gildandi fyrirmælum um bréf með tilgreindu verði, enn fremur rétt til, ef innihald bréfsins hverfur að nokkru eða öllu leyti, meðan sendingin er í vörzlum póststjórnarinnar, rétt til skaðabóta, er svari hinu raunverulega tjóni, sem hlotizt hefur við ránið eða skemmdirnar, nema tjónið hafi orsakast af yfirsjón eða skeytingarleysi sendanda eða ásigkomulagi sendingarinnar. Bæturnar geta þó aldrei numið meiru en því, er sendanda hefði horið, ef sendingin hefði týnt með öllu.

2. Bætur greiðast einnig fyrir póstsendingar, sem tapast eða skemmast vegna ofureflis (vis major).

III. Ákvæði um afgreiðslu á póstsendingum og reikningskil.

20. gr.

Stimplun sendinga, sem koma í bréfaökssum.

Bréfapóstsendingar þær, sem nefndar eru í 6. lið 8. greinar skulu stimplaðar af póststjórn móttökulandsins með sérstökum stimpli, er sýni sendilandið.

21. gr.

Skrár m. m.

Eyðublöð undir skrár og komuregistur ákveðast eftir nánari samkomulagi milli póststjórnanna.

Pósthús þau í Noregi og Svíþjóð, sem eingöngu skiptast á sendingum milli þessara tveggja landa, nota undir almennar og skrásettar bréfapóstsendingar bréfaskrár á eyðublöðum þeim, sem notuð eru í innanríkisþjónustu hlutaðeigandi lands.

22. gr.

Afgreiðsla á hraðflutningsböggjum.

Hraðflutningsböggjum skal haldið aðgreindum frá öðrum pósti. Þegar með hraðflutningsböggjum skulu bera greinilega áletrun um að slíkir böggjar séu í þeim.

23. gr.

Flutningur á áskriftum blaða og tímarita.

Við flutning á áskriftum, sbr. 4. lið 13. gr., skal þess gætt, er hér segir:

Beiðni um áskriftarflutning skal gilda frá ákveðnum degi um óákveðinn tíma, og er því aðeins tekin til greina, að beiðið sé um flutning á einn stað, en ekki samtímis á marga staði, hvern á eftir öðrum.

Skrifleg beiðni sendist af pósthúsi því, er hingað til hefur verið á ákvörðunarstað, til hlutaðeigandi innlands viðskiptapósthúss, sem þegar í stað tilkynnir öðrum pósthúsum, er flutninginn varðar. Þegar póstaritun hins nýja ákvörðunarstaðar er engum vafa undirorpin, má auk þess senda beiðnina beina leið til pósthúss útgáfustaðarins, ef ætla má, að sending hennar um viðskiptapósthúsið eingöngu geti seinkað flutningnum.

Þóknunin fyrir flutning greiðist í frímerkjum, sem línast á beiðnina.

24. gr.

Reikningsskil á transítgjöldum fyrir böggja.

Reikningsskil á transítgjöldum til norsku og sænsku póststjórnanna fyrir flutning á böggjum í lokaðri transít milli Færeyja og sjálfrar Danmerkur og milli Borgundarhólms og sjálfrar Danmerkur, fara fram samkvæmt mánaðarlegu uppgjöri á samanlagðri brúttóþyngd böggjanna, og sjá hlutaðeigandi dönsk viðskiptapósthús um tilbúning þess og staðfestingu á því.

25. gr.

Reikningsskil á transítgjöldum fyrir blöð og tímarit í áskrift.

Transítgjöld þau, sem ákveðin eru í 17. gr. fyrir blöð og tímarit í áskrift reiknast út eftir hinum viðurkenndu ársfjórðungsreikningum milli hlutaðeigandi viðskiptapósthúsa í útgáfu- og ákvörðunarlandinu.

Viðskiptapósthús útgáfulandsins býr út yfirlitsskýrslu yfir öll transítgjöldin. Skýrslu þessa viðurkennir svo viðskiptapósthús ákvörðunarlandsins og sendir hana síðan til póststjórnar transítlandsins, sem lætur taka upphæðina á aðalreikningana.

26. gr.

Aðalreikningsskil.

Aðalreikningar milli:

Danmerkur	og	Finnlands	eru	gerðir	af	dönsku	póststjórninni
—	—	Íslands	—	—	—	—	—
—	—	Noregs	—	—	—	—	—
—	—	Svíþjóðar	—	—	—	sænsku	—
Finnlands	—	Íslands	—	—	—	finnsku	—
Noregs	—	Finnlands	—	—	—	norsku	—
—	—	Íslands	—	—	—	—	—
Svíþjóðar	—	Finnlands	—	—	—	sænsku	—
—	—	Íslands	—	—	—	—	—
—	—	Noregs	—	—	—	—	—

Aðalreikningar skulu gerðir ársfjórðungslega og sendir póststjórn hlutaðeigandi lands. Reikningsjöfnuðurinn greiðist án þess beðið sé eftir endurskoðun reikningsins, og skekkjur, sem finnast kunna, leiðréttast í næsta aðalreiknnigi. 47
10. apríl

IV. Lokaákvæði.

27. gr.

Gildi samningsins. Uppsögn.

Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 1947.

Samtímis gengur úr gildi samningur um póstviðskipti milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar 31. desember 1934.

Samningurinn gildir um óákveðinn tíma, en segja má honum upp af póststjórnanna hálfu hvernar um sig, og hættir hann þá að gilda ári eftir uppsögnina.

Gerður í fimm eintökum — einu á dönsku, einu á finnsku og sænsku, einu á íslenzku, einu á norsku og einu á sænsku — í Osló 11. nóvember 1946.

Fyrir	Fyrir	Fyrir	Fyrir	Fyrir
Danmörku:	Finnland:	Ísland:	Noreg:	Svíþjóð:
K. J. Jensen.	S. J. Ahola.	G. Hlíðdal.	Sten Haug.	Anders Örne.

Þetta er hér með birt almenningi.

Samgöngumálaráðherrann, 10. apríl 1947.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hlíðdal.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

48

28. apríl

Forseti Íslands, herra Sveinu Björnsson, fór í dag til Kaupmannahafnar í embættiserindum. Meðan hann er erlendis fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 28. apríl 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Birgir Thorlacius.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar.

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Aftan við I. kafla, 17. gr., laga nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, komi ný grein, svo hljóðandi:

Um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu loftfari skal farið eftir reglunum um fasteignir, að svo miklu leyti sem þeim verður við komið.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar.

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. málsl. 1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegar-skattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærrí en 12 af þúsundi.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkvæmt síðari málsgr. 6. gr. en svarar 2% af fasteignarverði lands og lóða og 1% af fasteignarverði húsa, og skal þá rikissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2%—4% af land- og lóðaverði og 1%—2% af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr rikissjóði, móti framlagi, er nemur 4%—10% af land- og lóðaverði og 2%—5% af húsaverði, greiðist tvöfalt framlag úr rikissjóði, en þrefalt á móti því, sem umfram er.

3. gr.

50

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 121 12. 17. maí des. 1945.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

51

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur. 17. maí

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

2. gr. laganna orðist þannig:

1. gr.

Til byrjunarframkvæmda samkvæmt 1. gr. heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að 43 millj. kr.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 57 7. maí 1946, um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

52

um breyting á lögum nr. 22 27. júní 1921, um breyting á lögum nr. 54 30. júlí 1909, um stofnun váttryggingarfélags fyrir fiskiskip. 17. maí

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Framan við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, er svo hljóðar:

Ríkissjóður leggur Samábyrgðinni til viðbótarstofnfé, kr. 1½ milljón, er greiðist eftir samkomulagi fjármálaráðherra og stjórnar Samábyrgðarinnar.

17. maí

5. gr. laganna orðist svo:

Samábyrgðin má hafa í eigin áhættu 25% af váttryggingarfjárhæð hvers skips, þó ekki hærri fjárhæð á einu skipi en 100 þús. kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru með þeim úr gildi numin lög nr. 37 27. júní 1941 og lög nr. 31 11. júní 1942.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

17. maí

um breyting á lögum nr. 30 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 32
23. júní 1932, um brúargerðir.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í A. I. í 1. gr. laga nr. 30 1943 komi þessir nýir liðir:

Undir a. Vesturland.

1. Á eftir 1. lið: Laxá hjá Möðruvöllum í Kjós.
2. — — 8. — Litla Þverá í Þverárhlið í Mýrasýslu.
3. — — 15. — Setbergsá á Skógarströnd.
4. — — 20. — Haukadalsá á Haukadalsvegi í Dalasýslu.
5. — — 28. — Fagradalsá á Skarðsströnd.
6. — — 37. — Eyrará við Kollafjörð.
7. — — 37. — Múlaá við Kollafjörð.
8. — — 37. — Fjarðarhornsa við Kollafjörð.
9. — — 42. — Raknadalsá við Patreksfjörð.
10. — — 42. — Sauðlauksdalsá við Patreksfjörð.
11. — — 43. — Hvesta við Arnarfjörð.
12. — — 43. — Otrardalsá við Arnarfjörð.
13. — — 43. — Fossá við Arnarfjörð.
14. — — 50. — Múlaá við Ísafjörð.
15. — — 50. — Gjörvidalsá við Ísafjörð.
16. — — 50. — Ísafjarðará í Ísafjarðarbotni.
17. — — 50. — Botnsá við Mjóafjörð.
18. — — 50. — Heydalsá við Mjóafjörð.
19. — — 57. — Broddaá við Kollafjörð.
20. — — 57. — Ennisá í Bitru.

Undir b. Norðurland.

1. Á eftir 2. lið: Núpsá í Miðfirði.
2. — — 8. — Norðurá hjá Egilsá í Skagafirði.
3. — — 18. — Syðri-Tunguá í Hörgárdal.
4. — — 18. — Torfafellsá í Eyjafirði.

53

17. maí

Undir c. Austurland.

1. Á eftir 11. lið: Njarðvíkurá í Borgarfirði eystra.
2. — — 12. — Jökulsá á Dal undir Brú.
3. — — 12. — Lagarfljót á Steinboga.

Undir d. Suðurland.

1. Á eftir 3. lið: Gjadalsá í Lóni.
2. — — 5. — Lambleksstaðakelda á Mýrum.
3. — — 10. — Virkisá í Örafum.
4. — — 10. — Svínafellsá í Örafum.
5. — — 10. — Skaftafellsá í Örafum.
6. — — 23. — Affall við Bergþórshvol í Landeyjum.

III. Aðrar brýr, b-liður orðist svo:

b. Brýr á sýsluvegum má gera að öllu fyrir fé úr rikissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Emil Jónsson.

AUGLÝSING

um fullgildingu alþjóða póstmálasamninga.

54

12. maí

Hinn 30. nóvember 1946 fullgilti Ísland alþjóða póstmálasamninga þá, sem undirritaðir voru fyrir Íslands hönd í Buenos Aires hinn 23. maí 1939. Fullgildingskjal Íslands var skrásett í utanrikisráðuneyti Argentínu 14. janúar 1947.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanrikisráðuneytið, 12. maí 1947.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

55

12. maí

AUGLÝSING

um þátttöku í alþjóða hvalveiðisamningum.

Hinn 12. marz s.l. var skrásett í brezka utanríkisráðuneytinu þátttaka Íslands í alþjóðasamningi um hvalveiðar, sem undirritaður var í London hinn 8. júní 1937, ásamt viðbótarsamningum frá 24. júní 1938 og 26. nóvember 1945. Enn fremur var hinn 18. apríl s.l. utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna tilkynnt þátttaka Íslands í viðbótarsamningi við ofangreindan samning, sem undirritaður var í Washington hinn 2. desember 1946.

Hinn 10. marz s.l. var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna tilkynnt þátttaka Íslands í alþjóða hvalveiðisamningum, sem undirritaður var í Washington hinn 2. desember 1946, jafnskjótt og hann gengur í gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 12. maí 1947.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

56

17. maí

AUGLÝSING

um staðfestingu Íslands á stofnskrá alþjóða flóttamannastofnunar
hinna sameinuðu þjóða.

Hinn 12. maí 1947 staðfesti Ísland stofnskrá alþjóða flóttamannastofnunar hinna sameinuðu þjóða (International Refugee Organization).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 17. maí 1947.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

L Ö G

um bæjarstjórn á Sauðárkróki.

57

24. maí

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Sauðárkrókskaupstún skal vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Nær umdæmið yfir allan núverandi Sauðárkrókshrepp og heitir Sauðárkrókskaupstaður.

Umdæmi þetta er hér eftir sem hingað til í alþingiskjördæmi Skagafjarðarsýslu. Þar sem í lögum þessum er talað um kaupstað eða kaupstaðarbúa, er átt við allt hið nýja umdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Sýslumaður Skagafjarðarsýslu er jafnframt bæjarfógeti Sauðárkrókskaupstaðar.

3. gr.

Verzlunarlóð kaupstaðarins skal vera hin sama og nú er.

4. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrétt hafa eftir gildandi lögum.

Bæjarstjórn kys bæjarstjóra og ákveður laun hans, enda greiddast þau úr bæjarsjóði.

5. gr.

Um kosningu bæjarfulltrúa, tölu þeirra og kjörtímabil fer samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

6. gr.

Bæjarstjórn kys sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa, og stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnar skulu fara fram í heyrandi hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sé gerð, verður minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávallt ráða. Séu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti. Um kosningu nefnda skal farið samkv. lögum um sveitarstjórnarkosningar.

Það skal kunnbert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsyn til bera eða þegar minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Bæjarstjóri skal á undan fundum skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina, strax og bókun er lokið, og á sérhver fulltrúi rétt á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarskóp sín, en ráðherra staðfestir þau.

7. gr.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, og forstaða bæjarmálafna er á hendi bæjarstjóra, nema þar, sem annað er sérstaklega ákveðið af bæjarstjórn.

57 24. maí Virðist forseta einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir bæjarfélagið eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvíla, má hann fella hana úr gildi um sinn með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherra skýrslu, og leggur hann úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu forseta skal senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ráðherra. Með samþykkt, er ráðherra staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum bæjarfulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur. Fyrir nefndarmenn kosna utan bæjarstjórnar gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúana.

8. gr.

Í málefnum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefur formaður skólanefndar sæti og tillögurétt á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrétt því aðeins, að hann sé bæjarfulltrúi.

9. gr.

Bæjarstjórn skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórn eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttanefndarmanna.

10. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana bæjarstjóri, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kys, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rétti sínum halfað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til ráðherra.

Nú þykir bæjarstjórn rétt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með samþykkt, er bæjarstjórn semur eftir tillögu byggingarnefndar og ráðherra staðfestir.

Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykktar hafa í för með sér. Svo má og ákveða þar hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn og byggingarnefnd veitir.

11. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkv. lögum um hafnargerð á Sauðárkróki.

12. gr.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri sérstaklega skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar, útsvör og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf með; enn fremur gæta þess, að geymt sé og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða gjöld hans. Bæjarstjórn hefur ábyrgð á innistæðum, skuldabréfum og öðrum eignum bæjarins.

13. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafizt, gefa bæjarstjórninni nákvæma skýrslu, er sýni bæði, hvað goldizt hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt. Eigi má greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjóra. Bæjarstjóri ávísar

útgjöldum kaupstaðarins samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í samþykktinni um stjórn málefna kaupstaðarins.

57
24. maí

14. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

15. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta ríkisstjórninni og hagstofunni í té skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstölu, skepnuhöld, atvinnuvegi og annað ástand.

16. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innistæðufé bæjarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

17. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning um tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda bæjarstjóra fyrir lok marz mánaðar. Lætur bæjarstjóri reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis fimmtán daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðendur kaupstaðarins eru tveir, og kys bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi í þrjú ár og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, sem bæjarstjórn hefur umsjón með. Þeir skulu hafa lokið rannsókn á reikningunum innan mánaðar frá því, er þeir fengu þá í hendur.

Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum endurskoðenda, — en það skal hann hafa gert innan fimmtán daga —, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórn, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau störf, er honum hafa verið sérstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sé réttur, enda sé honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann þá skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefur verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að auglýsa ágríp af honum, er bæjarstjóri semji. Á það ágríp að vera svo fullkomið, að í því séu tilgreind aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

18. gr.

Fyrir lok septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherra reikninga yfir umliðið reikningsár.

Komi það fram, að bæjarstjórn hafi greitt ólögmet gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal ráðherra gera þær ráðstafanir, er við þarf, og — ef nauðsyn krefur —, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

19. gr.

Bæjarstjórn semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana. Má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjar-sjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

57
24. maí

Bæjarstjórn hefur umsjón með öllum þeim fyrirtækjum, er bærinn á eða starfrækir, en falið getur hún sérstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

20. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 7. gr., má setja nánari reglur um sérhvert atriði í stjórn bæjarins samkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal ákveða sektir fyrir brot á þeim.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gerir ráðherra ráðstafanir til, að þau komi þá þegar til framkvæmda.

Ákvæði um stundarsakir.

Skipti á eignum og skuldum Skagafjarðarsýslu — svo og ábyrgðarskuldbindingum — á milli sýslunnar og Sauðárkrókskaupstaðar skulu fara fram hið fyrsta. Rísi nokkur ágreiningur, sker ráðherra úr.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

58
24. maí

L Ö G

um Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Jarðirnar Egilsstaðir, Kollsstaðir og Kollsstaðagerði í Vallahreppi og jarðirnar Eyvindará, Miðhús og Dalhús ásamt eyðibýlinu Þuridarstöðum í Eiðahreppi í Suður-Múlasýslu skulu framvegis vera sérstakt sveitarfélag í Suður-Múlasýslu og nefnast Egilsstaðahreppur.

2. gr.

Hreppamörk hins nýja hrepps eru þessi:

1. Að sunnan, milli Vallahrepps og Egilsstaðahrepps, landamerki jarðanna Kollsstaða og Kollsstaðagerðis annars vegar og Höfða hins vegar, frá Lagarfljóti í Eyvindará, en síðan skiptir Eyvindará hreppnum inn til afrétta.
2. Að austan Fjarðarheiði og Gagnheiði.
3. Að norðan, milli Eiðahrepps og Egilsstaðahrepps, landamerki jarðanna Eyvindará og Miðhúsa annars vegar, en Finnsstaða og Uppsala hins vegar, úr Eyvindará og inn á afrétti á Fjarðarheiði.
4. Að vestan Lagarfljót.

3. gr.

58

24. maí

Ríkisstjórnin gengst fyrir stofnun kaupsins í Egilsstaðahreppi, og er henni heimilt að verja fé úr ríkissjóði, ef það er fyrir hendi, en taka það að láni að öðrum kosti, til þeirra framkvæmda, sem í lögum þessum greinir.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jarðir þær, sem um getur í 1. gr., eða spildur úr þeim eins og með þarf til að tryggja hinu nýja kaupsni nægilegt land. Náist ekki samningar um kaup á nægilegu eða hentugu landi til hinna fyrirhuguðu framkvæmda, getur ríkisstjórnin látið taka eignarnámi í því skyni hvert það landsvæði innan hreppsins, sem hún telur nauðsynlegt að ná eignarhaldi á vegna kaupsins.

Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir lögum nr. 61/1917.

5. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera skipulagsupprátt af hinu fyrirhugaða kaupsni og aðliggjandi ræktunarlandi, og fyrir en hann hefur verið staðfestur má ekki gera nein mannvirki innan takmarka hreppsins nema meðmæli skipulagsstjóra og samþykki ríkisstjórnarinnar komi til.

6. gr.

Ríkisstjórnin sér um, að komið verði upp nauðsynlegu gatnakerfi jafnóðum og þörf krefur á svæði því, sem kaupsni er ætlað að standa á. Hún lætur leiða vatn til kaupsins og leggur höfuðvatnsæðar og aðalskolpleiðslur um kaupsnið, allt samkvæmt því, sem sýnt er á skipulagsupprætti, að vera eigi. Hún lætur og reisa rafstöð í kaupsninu og leggja um kaupsnið aðalleiðslur og heimtaugar, eins og venja er um rafveitur sveitarfélaga.

7. gr.

Þegar ríkissjóður hefur eignast land það, sem kaupsninu er ætlað að standa á, og hæfilegt land annað til ræktunar er tryggt íbúum kaupsins, getur ríkisstjórnin falið hreppsnefnd Egilsstaðahrepps að hafa á hendi framkvæmdir allar, er lúta að meðferð og hagnýtingu lóða og landa samkvæmt staðfestum skipulagsupprætti og byggingarsamþykkt kaupsins, sem ráðherra hlutast til um, að sett verði. Lóðagjöld skulu ákveðin í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum hreppsnefndar.

8. gr.

Þegar ríkissjóður hefur komið upp vatnsveitu, skólpeitu og rafveitu í Egilsstaðakaupsni, skal afhenda þau fyrirtæki öll með sérstökum samningi hreppsnefnd Egilsstaðahrepps, er þá tekur við rekstri þeirra og viðhaldi á eigin ábyrgð með sama hætti og tíðkast um rekstur sveitarfélaga á slíkum fyrirtækjum.

Viðhald gatna hvílir og að öllu leyti á hreppssjóði.

9. gr.

Egilsstaðahreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, er öðlast hafa eða öðlast kunna framfærslurétt á því svæði, sem hreppurinn tekur yfir.

10. gr.

Egilsstaðahreppur greiði hvorum fyrir sig, Vallahreppi og Eiðahreppi, fullar bætur fyrir missi tekna af þeim landsvæðum, sem frá þeim hreppum eru tekin. Við ákvörðun bótagreiðslna þessara skal þó ekki meta Vallahreppi sem tekjumissi útsvarsgreiðslur eða aðrar tekjur, sem hann hefur fengið frá nýbyggðinni í Egilsstaðalandi síðan 1943.

58 24. maí Útsvörum, sem jafnað er niður í Eiðahreppi og Vallahreppi árið 1947 á þá gjaldendur, sem koma til með að verða í Egilsstaðahreppi eftir að skiptin hafa farið fram, skal skipta þannig, að helmingur þeirra renni í hreppssjóð Egilsstaðahrepps, en helmingur í hreppssjóð hinna hreppanna hvors um sig, eftir því sem við á.

Að öðru leyti fara skiptin fram samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga, eftir því sem við verður komið. Ríkissjóður lánar Egilsstaðahreppi bótafé þetta, og heimilt er ríkisstjórninni að gefa eftir allt að helmingi lánsins að tveim árum liðnum, ef þess verður talin þörf.

11. gr.

Nú næst ekki samkomulag um bætur þær, er Egilsstaðahreppur á að greiða samkv. 10. gr., og skal þá Hæstiréttur nefna þrjá menn í gerðardóm, og ákveður hann bæturnar. Kostnað af gerðardómnum greiðir ríkissjóður.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1947.

Ríkisstjórnin skal sjá um, að lögmaet hreppsnefndarkosning geti farið fram í Egilsstaðahreppi fyrsta sunnudag í júlímánuði 1947. Allir, sem búsettir voru 1. janúar 1947 á því svæði, sem hinn nýi Egilsstaðahreppur tekur yfir, eiga kosningarrétt við þær hreppsnefndarkosningar.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

59

24. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

HÁNDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 1. málsgrein 8. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Sé gjaldþegn félag samkvæmt 6. gr. II. 1. tölulið, skal leggja útsvar á félagið þar, sem það hefur skrásett heimilisfang, án tillits til þess, hvar stjórnendur eða framkvæmdastjóri eiga lögheimili, enda reki félagið atvinnu sína á skrásetningarstað. Ef slíkt félag rekur atvinnu í fleiri sveitum en einni, má á hverjum stað aðeins leggja á þær eignir, sem þar eru, og þær tekjur, sem sá atvinnurekstur gefur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

60

24. maí

um breyting á lögum nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal annast byggingu verksmiðjunnar og allar rekstur hennar.

Önnur ákvæði um rekstur verksmiðjunnar svo og annað, er þurfa þykir í sambandi við byggingu hennar, skal ákveða í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt niður fallið umboð núverandi stjórnar síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

61

31. maí

um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Stofnun og verksvið.

1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll fljótandi för, stór og smá, sem sigla undir íslenskum fána, innan þeirra takmarka, sem löggin setja.

2. gr.

Allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta með þilfari, allt að 100 rúml. brúttó að stærð, sem aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir til að váttryggja þá hjá váttryggingarfélagi, sem starfar samkv. lögum þessum innan þess svæðis, sein

61 báturinn er skrásettur í, og með þeim skilmálum, sem settir eru í lögum þessum og 31. maí reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim.

Þó má vika frá þessari reglu, ef váttryggður og váttryggingarfélög þau, sem hlut eiga að máli, verða ásátt um annað.

Neiti einhver skipseigandi að váttryggja skip, sem tryggingarskyld er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags og váttryggt sem önnur tryggingarskyld skip, og iðgjaldið innheimt með lögtaki samkv. 30. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er váttryggingarfélögunum að váttryggja fiskiskip, sem eru yfir 100 rúml. brúttó, en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum áður en slík skip eru tekin í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina.

Heimilt er félögunum einnig að taka til váttryggingar opna vélbáta, að fengnu samþykki Samábyrgðarinnar.

Enn fremur er félögunum heimilt að váttryggja afla, veiðarfæri og lausa muni skips og skipshafnar, ef um algerðan skiptapa er að ræða eða spjöll verða á hinu váttryggða vegna strands, elds eða ásiglingar.

3. gr.

Landinu skal skipt í váttryggingarsvæði. Ráðherra ákveður takmörk þeirra í samráði við Samábyrgðina.

Á hverju váttryggingarsvæði skal vera eitt váttryggingarfélag fyrir vélbáta. Allir eigendur váttryggingarskyldra vélbáta á hverju váttryggingarsvæði eru skyldir til að vera í félagi því, sem þar starfar.

Lög félaganna verða að vera í samræmi við lög Samábyrgðarinnar og samþykkt af stjórn hennar.

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með 800000 kr., að félögin fullnægi skuldbindingum sínum. Geti þau ekki af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, sem þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, en þó aldrei meira en áður nefnda upphæð.

Ef eitthvert félaganna hefur orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða tjónbætur, skal styrkur sá, er það hefur þegið af ríkissjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiddur smám saman, eftir því sem efni þess leyfa.

5. gr.

Bátaábyrgðarfélögin mega ekki hafa meira en 15% af váttryggingarupphæð hvers skips í eigin ábyrgð. Þó má áhætta á einstöku skipi aldrei fara fram úr fjárhæð, sem ráðherra ákveður fyrir hvert félag í samráði við Samábyrgð Íslands.

Félögin skulu endurtryggja hjá Samábyrgðinni þann hluta áhættunnar, sem þau bera ekki sjálf, og getur hún ekki undan því skorast.

Félögin greiða Samábyrgðinni jafnhá iðgjöld af þessum fjárhæðum og þau taka sjálf.

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd eru Samábyrgðinni, skulu ákveðin í samningi, sem atvinnuáráðuneytið samþykkir.

II. KAFLI

Stjórn og reikningshald félaganna.

6. gr.

Váttryggingarfélögum, sem starfa samkvæmt lögum þessum, skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Er einn þeirra formaður, kosinn af nefndinni, og tveir meðstjórnendur. Eigendur hinna váttryggðu skipa velja tvo stjórnarnefndarmenn, en

Samabyrgðin þann þriðja. Á sama hátt skal velja 3 stjórnarnefndarmenn til vara. Stjórnarnefndin kýs framkvæmdastjóra fyrir félagið.

61

31. maí

Kosning stjórnarnefndarmanna fer fram á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn. Þá skal einnig kjósa tvo endurskoðendur og tvo til vara til sama tíma. Þóknun til stjórnenda og endurskoðenda ákveður aðalfundur.

Stjórnarnefnd hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún hefur daglegt eftirlit með rekstri félagsins og úrskurðar skaðabótageiðslur. Þó þarf jafnan samþykki Samabyrgðarinnar, ef stjórnarnefndin er ekki sammála um bótageiðslurnar.

Stjórnarnefndin skal halda fundabók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Framkvæmdastjóri annast allan daglegan rekstur félagsins, gefur út og undirritar váttryggingarskirteini, innheimtir iðgjöld, annast reikningshald og hefur á hendi fjárvörzlu félagsins. Stjórnin ákveður þóknun til hans. Endurskoðendur skulu endurskoða reikninga félagsins og hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar félaganna liggja frammi hjá framkvæmdastjóra frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

Samabyrgðin ákveður form fyrir rekstrar- og efnahagsreikning svo og tjónbóta-reikning og lætur félögunum þessi eyðublöð í té gegn greiðslu.

7. gr.

Stjórn félagsins og Samabyrgðin skipa hvor um sig einn skoðunar- og virðingarmann fyrir hvert félag og einn til vara, til að framkvæma skoðunar- og virðingargerðir samkvæmt fyrir mælum þessara laga. Skal annar þeirra vera fróður um kyggingu skipa og hinn vélfróður. Þeir skulu, áður en skip er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða og meta hvert það tjón, er váttryggt skip verður fyrir, áður en aðgerð á skipinu hefst, og gefa skriflega, sundurliðaða skýrslu um mat sitt á tjóninu. Þeir skulu einnig skoða sömu skipin, eftir að aðgerð hefur farið fram, og gefa skriflega skýrslu um, hvort þau eru komin í samt lag aftur eftir aðgerðina.

Til tryggingar því, að skilyrðum þeim, sem váttryggða eru sett, sé fullnægt, getur stjórnin skipað eftirlitsmenn, og ákveður hún þóknun til þeirra.

8. gr.

Aðalfund skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnimánaðar ár hvert og aukafund, þegar stjórnin telur þess þörf eða $\frac{1}{3}$ hluti skipaeigenda fer þess á leit. Til aðalfundar skal boðað með skriflegri eða símaðri tilkynningu til skipaeigenda, eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafund skal halda svo fljótt sem auðið er eftir að stjórn félagsins hefur fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og kosin stjórn og endurskoðendur samkv. 6. gr.

Atkvæðisrétt á fundum hafa allir skipaeigendur, sem skip eiga í tryggingarfélaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 5000 krónur eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn fyrir sjálfan sig og aðra en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

Eitt atkvæði er fyrir hvert skip, þótt váttryggingarfjárhæð þess sé undir 5000 krónum.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum sameignar-

61 manni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins, þegar 31. maí váttrygging fer fram eða mannskípti verða.

Atkvæðisréttur fyrir hvert skip er tryggingarupphæð skipsins deild með 5000. Brot, sem nemur $\frac{1}{2}$ eða meira, gefur atkvæði.

Eigi má fela utanfélagsmanni að fara með umboð félagsmanna á fundum, nema veðhafi sé í skipi, sem váttryggt er hjá félaginu.

Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða á fundinum. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði mætt er á þeim fundi.

Sendu skal Samábyrgðinni afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðal-fundi ár hvert.

9. gr.

Eignum félaganna má eingöngu verja samkvæmt tilgangi þeirra, og skulu þær ávaxtaðar í innlendum bönkum eða sparisjóðum, er ráðherra samþykkir.

10. gr.

Í reikningum félaganna ár hvert skal færa til skuldar ógreiddar tjónbætur, eftir því sem stjórnir félaganna telja nauðsynlegt, til vara fyrir óbættum tjónum og telja þá upphæð til tekna í næsta ársreikningi þar á eftir.

III. KAFLI

Um váttryggingar skipa.

11. gr.

Áður en skip er váttryggt, skal það skoðað og metið af þar til skipuðum skoðunar- og matsmönnum, sbr. 7. gr.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt, áður en skipið er tekið í tryggingu.

Skoðunarmenn skulu láta álit sitt og mat í ljós skriflega á þar til gerð eyðublöð. Þóknun skoðunarmanna ákveður stjórn félagsins, og greiðist hún af eiganda skipsins.

Skoðun skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er aðilum heimilt að krefjast þess, að skoðun og mat fari fram, hvenær sem þeim þykir ástæða til. Öll áhöld, sem á skipi eru, skulu talin með í virðingarupphæð skipsins. Undantekið er þó: hækur og sjókort, einnig olíur, farvi og brennsluforði.

Nú er eigandi óánægður með skoðun og mat á skipi, og skal hann þá kæra mál sitt fyrir stjórn félagsins, en hún sker úr um skoðunina og matið.

Váttryggður getur krafizt yfirmats, og skal það þá framkvæmt af tveimur dómkvöddum mönnum. Ef matið breytist meira en um 10%, greiðir félagið matskostnaðinn, en váttryggður ella.

Þegar skip er tryggt í fyrsta sinn í einhverju félagi, skal auk iðgjaldsins greiða félaginu í inntökugjald allt að 1% af váttryggingarupphæð skipsins. Ef váttryggingarupphæð skips hækkar, skal því aðeins greiða viðbótarinntökugjald af hækkuninni, að hún stafi af verulegum umbótum á skipinu, en ekki verðhækkun eða þess háttar.

Váttryggja skal $\frac{1}{10}$ hluta virðingarverðs hvers skips. Þann $\frac{1}{10}$ hluta, sem þá verður eftir, má hvergi váttryggja.

Stjórn félagsins gefur út váttryggingarskírteini fyrir hvert skip um sig til eins árs í senn. Skírteini þessi eru undanþegin stimpilgjaldi. Iðgjald skal greiða fyrirfram fyrir ákveðið tímabil í senn, eftir því sem ákveðið er í reglugerðum.

Nú hefur váttryggingarfélag ekki innheimt tryggingargjöld eins og tilskilið er í lögum þessum og stendur jafnframt ekki í skilum við Samábyrgðina með

endurtryggingargjöldin, og skal þá ráðuneytinu heimilt að leggja félagið niður og ráðstafa váttryggingunum yfir á annað félagssvæði eða beint til Samabyrgðarinnar. Öðlast þá sá aðili, sem tekur við tryggingunum, allar eignir félagsins, kröfur og réttindi, enda taki hann og að sér allar skuldbindingar þess.

Nú þykir Samabyrgðinni einhver skoðunar- eða matsgerð eigi framkvæmd sem skyldi, og getur hún þá krafizt yfirskoðunar og yfirmats dómkvaddra manna, enda hafi yfirmat samkv. 6. málsg. þessarar greinar ekki farið fram.

12. gr.

Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi og skrásetningarstjóri tilkynna það viðkomandi váttryggingarfélagum og Samabyrgðinni. Vanræksla á tilkynningu varðar sektum frá 1000—5000 krónum. Sömu viðurlögum varðar það eiganda, ef hann vanrækir að skrásetja skipið tafarlaust á hinu nýja tryggingarsvæði. Ábyrgð fyrra félags fellur niður jafnskjótt og skip hefur verið skrásett á öðru félagssvæði.

IV. KAFLI

Um sjóttjón.

13. gr.

Þar, sem annað er ekki ákveðið í lögum þessum, reglugerðum, sem út kunna að verða gefnar, eða váttryggingarskirteinum, bæta félögin tjón það, sem verður af sérhverri þeirri hættu, sem skip lendir í á váttryggingartímabilinu. Félagin greiða þannig tjón, sem verður af völdum storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, elds, eldingar, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, ásiglingar eða sjóráns.

Það hefur engin áhrif á skaðabótaskyldu félagsins, þótt svo kunni að standa á, að tjónbóta verði krafizt af þriðja aðila, og eigi heldur, þótt skipstjóri eða skipshöfn hafi valdið tjóninu (sbr. þó 25. gr.).

Óbein tjón, svo sem aflatjón og veidarfæratjón, bæta félögin aðeins, þegar svo stendur á, að bátar verða fyrir slíkum tjónum vegna þess, að þeir veittu aðstoð bátum, sem tryggðir eru hjá bátaábyrgðarfélagunum. Slíkar tjónbætur skulu jafnan metnar af tveimur dómkvöddum mönnum, og er óheimilt að greiða meira en 50% af matsverði og þó aldrei meir en 5000 kr.

Hvert sinn, er skip verður fyrir bótaskyldu tjóni, skal það skoðað og tjónið metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags, áður en aðgerð hefst.

Ef skip er stutt utan váttryggingarsvæðis félags sins, þegar það verður fyrir tjóni, skulu skoðunarmenn þess félagssvæðis, sem skipið er stutt á, framkvæma skoðunina. Sé skipið stutt erlendis, ber að tilkynna Samabyrgðinni tjónið símleiðis, sem þá ákveður skoðunarmenn í samráði við stjórn félagsins.

Skipaeigendur annast sjálfir um aðgerðir skipa sinna, nema félagsstjórnin ákveði annað, enda sé sýnt, að aðgerð verði þá ódýrari.

Ef aðgerð hefur ekki farið fram innan árs, frá því að tjónið varð, verður það ekki tekið til greina, nema váttryggður sanni, að drátturinn hafi verið honum óviðráðanlegur, eða samkomulag hafi orðið við félagsstjórnina um frestun á viðgerðinni.

Tjónbætur greiðast samkvæmt mati á tjóninu, nema viðgerðarkostnaður verði lægri en matið. Þá skal greiða tjónið samkvæmt viðgerðarreikningi.

Váttryggður getur krafizt yfirmats á tjónmati á sama hátt og segir í 11. gr.

Nú óskar váttryggður að fá tjónbætur greiddar, án þess að viðgerð á tjóninu fari fram, og hafi skipið þó ekki verið dæmt óbætandi (condemnerað), og er þá heimilt að semja um bæturnar eftir atvikum, en aldrei mega þær vera eins háar og matsupphæð á tjóninu.

61

31. maí

14. gr.

Þegar greiddar eru tjónbætur fyrir viðgerðir, skal ávallt draga frá viðgerðarkostnaði eða matsverði sem hér segir:

Frá tjónbótum fyrir skip, sem er:

a.	6 rúmlesta eða minna	400 kr.
b.	6—12 rúmlesta	600 —
c.	12—20 —	800 —
d.	20—30 —	1000 —
e.	Yfir 30 rúmlesta	1400 —

Verði viðgerð á skemmdum frestað án samþykkis félagsstjórnarinnar, bætist ekki sá tjónauki, sem af drættinum kann að hafa blotizt.

15. gr.

Tjón á vélum, ásamt ásum og skrúfum eða öðrum útbúnaði, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu, sem ekki stafar frá vélinni.
 2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
 3. Árekstri skipsins á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.
- Við niðurjöfnun á slíkum tjónum reiknast frádráttur samkv. 14. gr.

16. gr.

Tjón á seglum, ábreiðum, köðlum, reiða og öðrum lausum áhöldum, útbúnaði í herbergjum skipverjanna, þó ekki á föstum tré- eða málmhlutum, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins eða áhalda þess á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

17. gr.

Vátryggður hefur rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, þegar:

1. Skipið týnist algerlega.
 2. Skipið sekkur, strandar eða á annan hátt verður fyrir tjóni, þannig að ekki telst hægt að bjarga því né endurbæta það á staðnum eða flytja það á annan stað til viðgerðar.
 3. Skipið er löglega dæmt óbætandi, þ. e. hefur orðið fyrir svo miklum skemmdum vegna sjótljóns, að aðgerð á því borgar sig ekki, þar eð kostnaðurinn við aðgerð á skemmdunum að viðbættum björgunarkostnaði fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi, að frádregnu verði þess óviðgerðs.
- Greiði félagið bætur fyrir algerðan skiptapa, þer því blutfallslegur hluti af andvirði þess, er inn kann að koma fyrir leifar þess.

Nú sekkur skip, strandar eða verður fyrir öðru tjóni, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. þessarar greinar, og vátryggjandi vill eigi að síður reyna björgun á því á eigin ábyrgð og gerir slíka tilraun, án þess að óþarfur dráttur verði á, og á þá vátryggður því aðeins rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, að björgun skipsins sé ekki lokið í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að áfallið varð, eða björgunartilraunum sé áður hætt.

18. gr.

Nú hefur ekki spurzt til skips í 3 mánuði frá því það lagði síðast úr höfn til fiskveiða hér við land, og skal þá líta svo á, að það hafi farizt algerlega, og skal greiða bætur fyrir það sem algerlega tapað. Sé skipið í utanlandssiglingum, lengist þessi frestur í 6 mánuði.

Nú er skipið yfirgefið af áhöfn úti á rúmsjó og því hefur ekki verið bjargað **61**
innan 3 mánaða frá því það var yfirgefið, og á váttryggður þá kröfu til bóta sem um **31. maí**
algerðan skiptapa væri að ræða.

19. gr.

Bætur, sem váttryggður hefur orðið að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri (þegar skipið eða áhöld þess hafa rekizt á annan fastan eða fljótandi hlut), enn fremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag vegna þess greiðir félagið, en þó ekki fram yfir það, sem váttryggingarfjárhæð skipsins hrekkur til.

Ef skip verður fyrir slíku tjóni í utanlandssiglingum, að nauðsynlegt er að senda skipverja heim, greiðir félagið fargjöld fyrir þá með járnbraut og skipi, svo og nauðsynlega gistingu og fæðispeninga.

Bætur fyrir tjón á lifi manna eða fyrir meiðsli eru váttryggingarfélögnum óviðkomandi.

20. gr.

Sameiginlegt sjótjón (havari grosse) skal leitt til lykta samkvæmt York-Antwerpen ákvæðunum frá 1924.

21. gr.

Þetta skal ekki bæta sem sjótjón:

1. Tjón, sem verður vegna þess, að skip var, þegar það lagði síðast úr höfn, ekki sjófært, hæfilega útbúið, mannað eða lestað.
2. Tjón, sem verður vegna þess, að skipið hefur ekki verið í gildu ástandi, þegar því var lagt upp, eða ekki frá því gengið svo sem vera bar eða haft undir nægilegu eftirliti, nema váttryggða verði ekki gefin sök á því.
3. Tjón, sem verður á skipi, sem með vitund váttryggða liggur mannlaust við bryggju eða hafnarvirki. Undanþágu frá þessu geta félögin veitt með samþykki Samábyrgðarinnar.
4. Ef skip er að staðaldri notað til einhvers, sem er óviðkomandi fiskveiðum, er tjón, sem það veldur eða hlýtur, því aðeins bótaskyldt, að váttryggjandi hafi samþykkt notkunina.
5. Tjón á áhöldum eða skipshluta, sem orsakast af almennri notkun hlutaðeigandi skipshluta eða áhalds.
6. Tjón, sem orsakast af hernaði, borgarastyrjöld eða þess háttar.

Ef tjón verður vegna smíðisgalla eða efnisgalla, verður tjón á hlutum þeim, sem gallinn er á, ekki bætt.

Ef tjón verður vegna slits, fúa, ryðs, tæringar, maðkskemmda, rottu, músa eða af öðrum slíkum orsökum, verður tjón á þeim hlutum, sem áður nefndar orsakir hafa valdið, ekki bætt.

22. gr.

Ef skip þiggur hjálp af öðrum vegna bilunar á vél eða af öðrum ástæðum, greiðir váttryggjandi kostnað af því í hlutfalli við váttryggingarupphæðina, að frá-dregnum 25%.

Öll þau skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum eða af Samábyrgðinni, svo og öll þau skip, sem ríkisstofnanir eða ríkissjóður gera út eða sjá um útgerð á, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags, ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðarinnar. Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti, þó með þeim takmörkunum, er segir í 3. mgr. 13. gr., og aldrei getur greiðslan orðið hærri en váttryggingarfjárhæð skipsins, sem hjálpina þáði. Ákvæði laga nr. 32 9. jan. 1935 um hlutdeild skipshafnar í björgunarlaunum breytist í samræmi við ákvæði greinar þessarar.

61

31. maí

Þegar gert er við skip, sem orðið hefur fyrir tjóni, sem váttryggjendum ber að greiða, greiðir félagið ekki þann aukakostnað, sem stafar af eftir- eða helgidagavinnu, nema að svo miklu leyti sem við þá vinnu sparast önnur útgjöld fyrir váttryggjendur.

Kostnað við gæzlu skips meðan á viðgerð stendur, ef skipið er ekki sett á land, greiðir félagið því aðeins, að það hafi samþykkt, á hvern hátt gæzlunni skuli hagað og hvað greitt skuli fyrir hana.

Leifar skips, sem farizt hefur eða dæmt hefur verið ónýtt, svo og verð braks, sem rifið er úr skipi, sem gert er við á kostnað váttryggjanda, er eign váttryggjanda að rétttri tiltölu við virðingarupphæð þess, sem váttryggt er.

24. gr.

Opnir vélbátar eru allir þeir vélbátar, sem ekki eru með fullu þilfari. Fyrir þá gilda þessi ákvæði sérstaklega:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti skal greiða samkvæmt sömu reglum sem um aðra vélbáta.

Félagið skal ávallt greiða að sínum hluta kostnað við björgun á opnum vélbáti, sem orðið hefur fyrir áfalli, og skaða, er hlýzt af nauðlendingu, enda fari kostnaðurinn ekki fram úr váttryggingarfjárhæðinni.

Stjórn félagsins getur krafizt þess, að opnir vélbátar séu settir á land eftir hverja notkun í sjóferð. Hafi félagsstjórn krafizt þessa, verða engar bætur greiddar fyrir tjón, sem af því kann að leiða, ef út af er brugðið.

25. gr.

Nú sannast það, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða í sviksamlegum tilgangi valdið tjóninu, og má þá draga allt að 20% af skaðabótafénu, enda þótt váttryggðum annars hefði borið fullar bætur. Hafi váttryggður sjálfur í sviksamlegum tilgangi tvítryggt hið sama, eða hafi hann gerzt valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir hirðuleysi, er félagið laust allra mála um skaðabótaskyldu gagnvart honum.

Hins vegar skal félaginu ávallt skylt að greiða svo mikið af skaðabótafénu sem þarf til að greiða lán, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum, enda skerða ákvæði laga þessara um niðurfall skaðabótaskyldu váttryggingarféлага að einhverju eða öllu leyti í einstökum tilfellum aldrei rétt veðhafa til innheimtu váttryggingarfjárins hjá félaginu.

Skaðabætur greiðast þó aldrei, ef tjón verður af þeim orsökum, er greinir í 21. gr., 5. og 6. tölulið.

Félagið á ætíð endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er samkvæmt fyrri hluta þessarar greinar.

26. gr.

Öll skjöl og reikninga snertandi tjón og aðgerð á skipi skal þegar að aðgerðinni lokinni afhenda hlutaðeigandi félagi. Skal tjónið þá gert upp innan eins mánaðar frá afhendingu skjalanna. Félagið og skipseigandi koma sér saman um það, hversu aðgerð skuli hagað, og greiða kostnaðinn í hlutfalli við áhættu sína.

Aðgerðarreikningar, sem ekki eru komnir í hendur stjórnar félagsins, áður en einn mánuður er liðinn frá því að aðgerðinni er lokið, verða ekki teknir til greina, nema sannað sé fyrir stjórn félagsins, að gildar ástæður séu, að hennar dómi, fyrir þeim drætti, sem orðið hefur á því að gera kröfu.

Sama gildir um aðrar kröfur vegna sjótjóns, ef þær eru ekki komnar félagsstjórninni í hendur innan mánaðar frá því að tjónið varð.

Afrít af tjónbótaniðurjöfnun skal ávallt senda Samábyrgðinni.

V. KAFLI

Skyldur váttrygðá.

61

31. maí

27. gr.

Þegar váttryggt skip verður fyrir tjóni, sem bótaskyld er samkvæmt lögum þessum, skal eigandi skipsins, eða formaður þess í hans stað, þegar í stað tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi félagsstjórnar og gefa nákvæma skýrslu um atvikin. Skýrslan skal rituð á þar til gerð skýrsluform, er Samábyrgðin semur og lætur váttryggjendum í té.

Tjón, sem ekki hefur verið tilkynnt innan hálf mánaðar frá því að það vildi til, getur félagsstjórnin neitað að taka til greina, nema sannað sé fyrir henni, að óviðráðanlegar orsakir séu til dráttarins.

28. gr.

Skyld er bæði skipstjóra og útgerðarmönnum að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr tjóni, svo að það verði sem allra minnst. Þeim ber að hlíta þeim ráðstöfunum, sem stjórn félagsins kann að gera í því skyni.

Á váttrygðum hvílir skylda til þess að færa sönnur á tjónið og hve miklu það hefur numið.

29. gr.

Skipstjórar á hinum váttrygðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir stjórna, og í þeim siglingum, sem þau eru í. Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laga um eftirlit með skipum, eins og þau eru á hverjum tíma.

Félögin og Samábyrgðin geta hvort um sig neitað skipstjórn þess skipstjóra, sem þrisvar, vegna ógætni eða vanrækslu, hefur orðið fyrir bótaskyldu tjóni á skipum, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum. Ef eigandi skips hlítir ekki fyrir mælum um þetta, verða ekki bætt þau tjón, er sá skipstjóri verður fyrir.

VI. KAFLI

Um iðgjöld og endurgreiðslu iðgjalda.

30. gr.

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af ráðuneytinu, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og starfandi váttryggingarfélaga fiskiskipa.

Þar, sem sérstaklega stendur á að dómi ráðuneytisins og Samábyrgðarinnar, skal heimilt að ákveða iðgjöldin með hliðsjón af því áhættusvæði, þar sem skipinu er ætlað að vera í förum.

Váttryggingarfélag hefur lögveð í skipi og lögtaksrétt fyrir inntökugjaldi, skoðunarkostnaði og váttryggingariðgjöldum, þó eigi fyrir lengra tímabil en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Váttryggingin gengur í gildi, þegar áskilið iðgjald og stofnsjóðsgjald er ákveðið, og eiga félögin kröfu á að fá greitt iðgjald fyrir váttryggt skip frá þeim tíma, er beðið var um váttrygginguna.

31. gr.

Endurgreiða skal iðgjald fyrir skip, sem staðið hefur í landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem stjórn félagsins tekur gildan, ef slík landstaða eða hafnlega hefur varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt. Ef tjónbætur á váttryggingarárinu fara fram úr helmingi hins greidda iðgjalds, fellur endurgreiðsla niður fyrir það váttryggingarár. Ef skip hefur orðið fyrir tjóni sem nemur minna en helmingi greidds ársiðgjalds, má endurgreiða iðgjald, þó aldrei meir en

61 svo, að samanlögð endurgreiðsla og tjónbætur fari aldrei fram úr helmingi ársið-
31. maí gjalds. Ef skip hækkar í tryggingu meðan það var í hafnlegu eða landsátri, skal reikna endurgreiðslu hlutfallslega miðað við tryggingarupphæð, iðgjald og tíma. Sömu reglur gilda um endurgreiðslu, ef skip flyzt milli vátryggingarfélaga eða hættir að vera vátryggingarskylt.

Endurgreiðslu þessa skal reikna hlutfallslega af hinu greidda ársiðgjaldi.

Vottorð tveggja manna, sem stjórn félagsins tekur gilda, um uppistöðu eða hafnlegu þá, er hér um ræðir, skal afhenda stjórn félagsins og er skilyrði fyrir, að endurgreiðsla verði látin af hendi.

Skipin eru þó alltaf tryggð fyrir venjulegri hafnaráhættu (revier) þegar þau liggja uppi. En fyrir þá áhættu skal greiða iðgjald eins og ákveðið verður í iðgjaldaskránni.

32. gr.

Ágreining milli félags og skipseiganda, milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar, annan en þann, sem um ræðir í 2. mgr. 22. gr. laga þessara, skal leggja í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af hæstarétti.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

Í gerðardómnum skal það ákveðið, hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila, eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðila.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

33. gr.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðréttarinn einnig til vátryggingarfjárins. Þegar vátryggingarfé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka, hverjir hafi þinglesin veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

34. gr.

Ef einstök félög leggjast niður vegna þess, að tvö eða fleiri félagssvæði sameinast, ganga eignir þeirra til þess félags, er tekur við tryggingarstarfsemi á félagssvæðinu.

35. gr.

Vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin gjöldum til bæjar- og sveitarsjóða, svo og undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs.

36. gr.

Lög, venjur og reglur Samábyrgðarinnar gilda um þau atriði, sem eigi eru ákvæði um í lögum þessum.

37. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 11. júní 1942.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði:

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga til ársloka 1948. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð 22. gr. laganna um aðstoð.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

62

31. maí

um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær þó ekki til lækna, ef þeir sanna heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein, og ekki til þeirra tannsmíða, er þegar hafa fengið leyfi til að starfa sjálfstætt, enda haldi þeir þá þessu leyfi fyrst um sinn, þar til ákvæði verða sett í lögum um réttindi þeirra og skyldur.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 34 23. júní 1932.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

63

31. maí

um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Um verzlun með fóðurlöndur.

1. gr.

Landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans (hér eftir kölluð landbúnaðardeild) skal hafa eftirlit með framleiðslu og sölu fóðurvara, sem ætlaðar eru til skepnufóðurs, eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.
Atvinnudeild háskólans annast allar efnarannsóknir í sambandi við eftirlitið, en starfsmenn landbúnaðardeildar taka sýnishornin hjá framleiðendum og innflytjendum, þar sem þeir geta komið því við, en fela annars sérstökum trúnaðarmönnum sínum að taka þau þar, sem þeir vegna staðhátta eiga sérstaklega óhægt með það.

3. gr.

Eftir gildistöku laga þessara má enginn framleiða til sölu né flytja inn fódurblöndur, nema með leyfi landbúnaðarráðherra, sem veitir leyfin að fengnum tilögum landbúnaðardeildar.

4. gr.

Hver sá, sem fær leyfi til að framleiða til sölu eða flytja inn fódurblöndur, er skyldugur að láta fylgja vörunni, efst í hverjum poka, seðil, þar sem gefin eru upp eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili framleiðanda.
2. Vikan, sem varan er framleidd í.
3. Nöfn þeirra fódurtegunda, sem notaðar eru í fódurblönduna.
4. Upplýsingar um, hvaða búfjártegund blandan er ætluð.
5. Meðalmagn af meltanlegri eggjahvítu í hverri fódureiningu af fódurblöndunni.
6. Hve mörg kg þarf af fódurblöndunni í hverja fódureiningu.
7. Sé framleitt vítamínfóður, skal gefa upp tegundir vítamína og magn af hverju fyrir sig.

Upplýsingar þessar ber að skoða sem skuldbindingu frá framleiðanda til tryggingar því, að um ákveðin fódurgæði og samsetningu sé að ræða.

5. gr.

Þeir, sem verzla með fódurblöndur, skulu ársfjórðungslega greiða eftirlitsgjald af hverri smálest, sem þeir selja. Landbúnaðarráðherra ákveður gjald þetta fyrir fram fyrir hvert ár. Heimilt er að leggja gjald þetta á vöruna.

6. gr.

Landbúnaðardeild heldur sérstakan reikning um tekjur þær, er inn koma eftir 5. og 10. gr., og gerir ríkisstjórn fulla grein fyrir. Gjöld eftir 5. gr. innheimtir landbúnaðardeildin, en gjöld af innfluttum fódurblöndum innheimta sýslumenn eða tollstjórar með öðrum innflutningsgjöldum og standa landbúnaðardeild skil á.

7. gr.

13. *Eldfim efni* (sbr. 45. gr.) eru: eter (naphta) og aðrir vökvar, sem blandaðir eru eter, brennisteinskolefni, steinolíu-eter, gasolía, benzín og aðrir slíkir vökvar, er logamark þeirra er undir 22° á Celsíus með 760 mm loftvogarstöðu.
14. Ákvæði laganna um *stálskip* eiga einnig við um *járnskip*.
15. Þar, sem rætt er um ráðherra í lögum þessum, er átt við ráðherra þann, sem fer með siglingamál.

2. gr.

Þar, sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara til allra íslenzkra skipa og báta, sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna, og gerðir eru út hér á landi, hvort heldur er til farþegaflutninga, vöruflutninga eða fiskveiða.

Ákvæði laganna taka og til erlendra skipa og báta, sem íslenzkir ríkisborgarar hafa á leigu, ef þau eru gerð út hér eða í förum hingað eða héðan, með íslenzkri skipshöfn.

Sé um að ræða erlent skip flokkað í flokkunarfélagi viðurkenndu af ráðherra, ná lögin þó aðeins til öryggisbúnaðar þess.

Ákvæði laganna taka enn fremur til allra báta án tillits til stærðar, flytji þeir farþega, hvort sem er á sjó eða vötnum.

68
5. júní

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að eftirlit skuli haft með öryggi annarra fljótandi fara og hvernig því eftirliti skuli haga.

3. gr.

Lög þessi raska ekki ákvæðum alþjóðasamninga eða samningum við önnur ríki, er íslenska ríkið hefur gerzt aðili að á löglegan hátt.

II. KAFLI

Um haffæri skipa, skyldur útgerðarmanna og skipstjóra o. fl.

4. gr.

Skip skal telja óhaffært:

- a. ef gilt haffærissskirteini, hleðslumerkjaskirteini og, sé um farþegaskip að ræða, öryggisskirteini er ekki sýnt, þegar þess er krafist af skipaefirlitinu eða trún- aðarmanni þess, sbr. 18. og 19. gr.;
- b. ef það liggur dýpra en hleðslumerki þess leyfa;
- c. ef hol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, það svo of- hlaðið mönnum eða munum, vanhlaðið, kjölfestulítið, illa birgt af vistum, vatni, kolum, olíu eða öðrum vélanauðsynjum, sé það vélskip, eða af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með það en venjulegt er við siglingar.

5. gr.

Eiganda skips, útgerðarmanni svo og skipstjóra er skylt að sjá um, að lögskip- aðar skoðunargerðir fari fram á skipi og því sé haldið haffæru, hvort heldur það er statt í höfn eða á hafi úti.

6. gr.

Nú tekur skip grunn, slæst við bryggju, verður fyrir árekstri eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast, að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka tjón það, sem orðið hefur, með skoðunargerð á þeim stað, er henni verður fyrst við komið.

Verði því komið við án verulegrar tafar, skal skoðun framkvæmd af skoðunar- mönnum skipaefirlitsins, en annars skal hún gerð af sérfróðum mönnum, er kvaddir skulu af sjóðómi á þeim stað.

Ef svo ber við, að ekki verður náð til sérfróðra manna, þar sem skipið er statt, skal skipstjóri, yfirvélstjóri og yfirstýrimaður ásamt tveimur mönnum, er skipshöfn velur, framkvæma bráðabirgðaskoðun á tjóninu. Ágrip af skoðunarskýrslunni skal ritað í eftirlitsbók skipsins og undirritað af þeim öllum, er hana önnuðust. Þar skal kveðið skýlaust á um haffæri skipsins. Afrit af því, sem bókað var, skal þá þegar sent eftirlitsmanni í því umdæmi eða til þess eftirlitsmanns, er fyrst næst til, og ákveður hann, hvort ný skoðun skuli fara fram.

III. KAFLI
Skipaefirlitið.

7. gr.

Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirumsjón ráðherra.

8. gr.

Forseti skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála. Hann skal hafa starfið sem aðalstarf, vera skipaverkfræðingur eða vélfræðingur eða sérfræðingur um smíði tréskipa eða siglingafræðingur og fullnægja kröfum þeim, sem þarf til þess að vera embættismaður hér á landi. Eigi má hann hafa þau störf á hendi, er telja má ósamrýmanleg stöðu hans, svo sem eftirlit með skipum eða vélum fyrir einstaklinga, félög eða opinberar stofnanir.

Skipaskoðunarstjóri hefur skrifstofu í Reykjavík.

Um verksvið hans og starfshætti skal ákveðið í reglugerð, er ráðherra setur, að því leyti, sem ákvæði þessara laga ná ekki til. Við samningu reglugerðarinnar skal leita álits Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands isl. útvegsmanna.

9. gr.

Skipaskoðunarstjóri skal hafa sérfróða fulltrúa, er starfi við skipaefirlitið að öllu eða nokkru leyti. Skal einn þeirra vera skipaverkfræðingur eða sérfræðingur um smíði tréskipa, annar vélfræðingur, er hafi að minnsta kosti þriggja ára siglingatíma á skipi með 600 ha. vél eða stærri, þriðji með þekkingu á öryggisútbúnaði skipa, og skal hann hafa að minnsta kosti tveggja ára siglingatíma á skipi yfir 300 rúmlesta, og fjórði siglingafræðingur (skipstjóri), er hafi siglt minnst í tvö ár í millilandasiglingum.

Þeir skulu skipaðir af ráðherra að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra og fullnægja kröfum þeim, er þarf til þess að vera embættismaður hér á landi.

Ráðherra getur ákveðið, að skipaskoðunarstjóri skuli annast eitt þessara sérfræðistarfa.

10. gr.

Landið skiptist í 5 eftirlitssvæði. Þau eru:

1. eftirlitssvæði:

Frá Hjörleifshöfða að Skor á Barðaströnd. Allar Breiðafjarðareyjar með-taldar.

2. eftirlitssvæði:

Frá Skor í Hrútafjarðarbotn.

3. eftirlitssvæði:

Frá Hrútafjarðarbotni að Gunnólfsvíkurfjalli.

4. eftirlitssvæði:

Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Hjörleifshöfða.

5. eftirlitssvæði:

Vestmannaeyjar.

11. gr.

Skipaskoðunarstjóri skipar eftirlitsmann á hvert eftirlitssvæði. Annast hann framkvæmd eftirlits þar og umsjón með skoðunarmönnum undir yfirstjórn skipaskoðunarstjóra.

Eftirlitsmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á þeim stað innan svæðis síns, er skipaskoðunarstjóri ákveð-

ur, vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann, og hafa að dómi skipaskoðunarstjóra nægilega þekkingu á siglingum, skipum og vélum til þess að leiðbeina skoðunarmönnum, samræma eftirlitið til meira öryggis og skera úr um ágreining, sem upp kynni að rísa um haffæri skipa.

Skipaskoðunarstjóri setur þeim erindisbréf og starfsreglur.

12. gr.

Eftirlitsmaður skal sjálfur annast allt eftirlit þar á svæði sínu, sem mest þörf er eftirlits á hverjum tíma árs. Ef erfiðleikar eru á því, að hann vegna fjarlægðar geti á sama tíma haft fullnægjandi eftirlit á öðrum stað eða stöðum á svæðinu, þar sem er sérstök þörf eftirlits, ber honum að fela hæfum manni eftirlit þar, enda fullnægi sá skilyrðum þeim, sem sett eru um eftirlitsmenn, og fallist skipaskoðunarstjóri á, að þörf sé sérstaks eftirlits á þeim stað.

Eftirlitsmenn skulu halda dagbók um störf sín og senda skipaskoðunarstjóra mánaðarlega skýrslu um þau.

13. gr.

Hvert eftirlitssvæði skiptist í skoðunarsvæði. Þau eru:

I. eftirlitssvæði:

1. skoðunarsvæði: Frá Hjörleifshöfða að Jökulsá á Sólheimasandi.
2. — Frá Jökulsá á Sólheimasandi að Þjórsá.
3. — Frá Þjórsá að Grindavík.
4. — Grindavík og Reykjanesskagi að Hafnarfirði.
5. — Hafnarfjörður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur.
6. — Reykjavík og Kjósarsýsla.
7. — Borgarfjarðar- og Mýrasýsla (frá Hvalfjarðarbotni til Hítará).
8. — Frá Hítará að Búlandshöfða.
9. — Frá Búlandshöfða að Skor. (Allar Breiðafjarðareyjar meðtaldar.)

II. eftirlitssvæði:

10. skoðunarsvæði: Frá Skor að Kópanesi.
11. — Allur Arnarfjörður.
12. — Allur Dýrafjörður.
13. — Allur Önundarfjörður.
14. — Allur Súgandafjörður.
15. — Frá Gelti til Geirhólma.
16. — Frá Geirhólma í Hrútafjarðarbotn.

III. eftirlitssvæði:

17. skoðunarsvæði: Frá Hrútafjarðarbotni að Skagatá.
18. — Frá Skagatá að Haganesvík.
19. — Haganesvík að Siglunestá.
20. — Frá Siglunestá að Ólafsfjarðarmúla.
21. — Frá Ólafsfjarðarmúla að Gjögri, svo og Grimsey.
22. — Frá Gjögri að Tjörnestá, svo og Flatey á Skjálfanda.
23. — Frá Tjörnestá að Gunnólfsvíkurfjalli.

IV. eftirlitssvæði:

24. skoðunarsvæði: Frá Gunnólfsvíkurfjalli að Lagarfljóti.
25. — Frá Lagarfljóti að Loðmundarfirði.
26. — Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður.
27. — Frá Dalatá að Gerpi.

- 68 28. skoðunarsvæði: Frá Gerpi að Fáskrúðsfirði.
 5. júní 29. — Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík.
 30. — Frá Breiðdalsvík að Austurhorni.
 31. — Frá Austurhorni að Hjörleifshöfða.

V. eftirlitssvæði:

32. skoðunarsvæði: Vestmannaeyjar.

14. gr.

Skipaskoðunarstjóri skipar að fengnum tillögum eftirlitsmanns og sjómanna-samtaka á hverjum stað skoðunarmenn á hvert skoðunarsvæði. Tölu skoðunarmanna á hverju skoðunarsvæði ákveður skipaskoðunarstjóri að fengnum tillögum eftirlitsmanns. Skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru til opinberra sýslunarmanna, vera búsettir á svæði sínu, hafa reynslu og þekkingu á siglingum, skipum og vélum og vera svo heilir og hraustir, að þeir megi rækja starfann.

Eftirlitsmaður skiptir með þeim verkum eftir sérþekkingu þeirra.

15. gr.

Áður en embættis- og sýslunarmenn skipaefirlitsins taka til starfa, skulu þeir undirrita eið eða drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starfann eftir beztu samvizku og þekkingu.

Ekki mega þeir skoða þau skip eða annast önnur störf skipaefirlitsins, að því er snertir skip, er þeir eiga sjálfir að meira eða minna leyti eða ef þeir eru í þjónustu slíkra aðila. Eigi mega þeir heldur annast skipaskoðunarstörf að því er snertir þau skip, sem þeir eru á einn eða annan hátt við riðnir, þannig að þeir verði eigi taldir óvilhallir.

Skipaefirlitsmaður sker úr, hvort skoðunarmenn séu óvilhallir.

16. gr.

Skipaskoðunarmenn annast allar skoðanir, er ræðir um í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi.

Nú er um skoðun að ræða, er eftirlitsmaður telur þannig vaxna, að meiri sérfræðilegrar þekkingar sé þörf, og skipar hann þá sérfróðan mann eða menn skoðunarmönnum til aðstoðar.

Ef þörf krefur, getur skipaskoðunarstjóri kvatt mann til skoðunar utan umdæmis síns.

17. gr.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé kröfum þeim, sem gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, um öryggi skipa.

Skoðunar- og eftirlitsmenn skulu líta eftir umgengni og hreinlæti í vistarverum og forðageymslum.

Að lokinni skoðun er skipaskoðunarmönnum skylt að sjá um, að bætt sé úr því, sem þeir telja áfátt. Telji skoðunarmenn eigi öruggt, að skip sé í förum, skulu þeir eigi láta skoðunarvottorð af hendi, en tilkynna útgerðarmanni eða skipstjóra, að vottorð verði eigi afhent, fyrr en úr göllunum sé bætt, enda skal og skipinu bannað að vera í förum.

Um málið fer síðan samkvæmt VII. kafla.

Ef það, sem áfátt þykir, er þannig vaxið, að haffæri skips er óskert og eigi er hægt að bæta úr því þegar í stað, þar sem skipið er statt, skal skoðunarmaður gefa

skipstjóra hæfilegan frest til þess að fullnægja gerðum kröfum, þó eigi lengri en 3 mánuði. 68

Hvers vant er, ástæður til frestveitingar og lengd frests skal skráð í eftirlitsbók.

Þegar frestur er liðinn, ber skoðunarmanni að ganga úr skugga um, að bætt hafi verið úr því, sem áfátt var. Hafi það eigi verið gert, ber honum tafarlaust að skýra eftirlitsmanni frá, og ákveður hann þá, hvort frestur skuli framlengdur eða hvort útgerðarmaður eða skipstjóri skuli sóttur til saka.

Verði ekki náð til skipsins, þegar fresturinn er útrunninn, skal eftirlitsmaður leita aðstoðar skipaskoðunarstjóra í málinu, og ákveður hann þá, hvað gera skuli.

18. gr.

Eftirlitsmönnum ber hverjum í sínu umdæmi að gæta þess, að fullnægt sé fyrir-mælum um öryggi skipa. Í því skyni ber þeim m. a. að athuga skip í umdæmi sínu, hleðslu þeirra og haffæri fyrirvaralaust, þegar hentugt þykir eða ástæða virðist til, einkum er skip kemur til hafnar eða fer úr höfn. Komi fram, að vafi leiki á því, hvort skip sé haffært samkvæmt lögum þessum, skal það stöðvað til bráðabirgða samkvæmt 46. gr.

Ef skipaskoðunarstjóri telur ástæðu til, getur hann tilnefnt trúnaðarmenn til þess að annast einstök störf eftirlitsmanna, og hafa þeir þá sama rétt og skyldur og eftirlitsmenn.

19. gr.

Verði skoðunarmenn, lögreglumenn, hafnsögumenn, hafnaryfirvöld, tollmenn, trúnaðarmenn stéttarféлага sjómanna á staðnum eða skrásetningarstjórar varir við, að lög þessi séu brotin eða að brotnar séu reglugerðir settar samkvæmt þeim, eða telji þeir sig hafa ástæðu til þess að ætla, að skip sé ekki haffært, skulu þeir tafarlaust gera næsta eftirlitsmanni aðvart, og skal hann þá að athuguðu máli gera nauðsynlegar ráðstafanir samkvæmt 18. gr.

Sama gildir um starfsmenn skipasmíðastöðva, er þeir eru að starfi sínu, þó þannig, að þeir skulu gera forstjóra stöðvarinnar aðvart. Athugar hann málið og snýr sér til eftirlitsmanns skipaskoðunarinnar, ef hann telur ástæðu til.

20. gr.

Þegar embættis- og sýslunarmenn skipaeftirlitsins eru að starfi, hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem stalt er í íslenskri höfn eða innan íslenskrar landhelgi, til þess að rannsaka það, sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni. Leita ber þó álits eftirlitsmanns eða skipaskoðunarstjóra, ef eigi er nauðsyn skjótra aðgerða.

Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar eru skyldir til að veita eftirlitinu alla aðstoð og upplýsingar, sem óskað er og starfið varða.

Trúnaðarmenn eftirlitsins skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa töfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

21. gr.

Embættis- og sýslunarmenn eftirlitsins eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og hera skyldur í samræmi við það.

IV. KAFLI

Skoðun skipa.

22. gr.

Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana, sem um ræðir í III. kafla, einkum 20. gr., sbr. og 8. gr., eru skoðunargerðir á skipum þrenns konar: aðalskoðun, auka-skoðun og sérstök aukaskoðun.

68

23. gr.

5. júní

Skoðun á þiljuðum skipum annast tveir sérfróðir skoðunarmenn, sbr. þó 16. gr., 2. mgr.

Skal annar þeirra vera vélfróður, en hinn eftir atvikum skipasmiður eða siglingafróður maður.

Skoðun á opnum bát, hvort sem hann er með vél eða án vélar, skal framkvæmd af sérfróðum manni.

24. gr.

Aðalskoðun skal gera á skipinu sem hér segir:

- a) Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefur verið hér á landi eða breytt þannig, að farmrými hefur verið stækkað, yfirbygging aukin, breytt um aðalvél eða því hefur verið breytt svo mjög, að mæla þurfi það af nýju.
- b) Þegar skip er fengið frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skrásetningar undir íslenzkan fána eða til útgerðar hér á landi.
- c) Á öllum farþegaskipum, öllum stálskipum eldri en 12 ára og tréskipum eldri en 16 ára einu sinni á ári.
- d) Á öllum öðrum skipum annað hvert ár.

25. gr.

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skips, bæði sjálfs bols þess, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélatakja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skips.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi, skal sú skoðun, sem fram fór á því til endurnýjunar á flokknum, talin fullnægjandi um styrkleika bols, véla og eimkatla, ef farið hefur verið eftir reglum, sem settar hafa verið samkvæmt Kaupmannahafnarsamþykktinni frá 28. janúar 1926, um haffæri og búnað skipa og um samvinnu milli viðurkenndra flokkunarfélaga og skipaskoðunarinnar.

26. gr.

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) vottorð um skoðunina og álit sitt um, hvort þeir telji skip haffært eða eigi. Jafnframt ber þeim að senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina, hvort tveggja ritað eftir fyrirmynd, er ráðherra setur. Skýrsluna sendir síðan eftirlitsmaður skipaskoðunarstjóra ásamt athugasemdum sínum.

Hafi skoðun leitt í ljós, að skip sé haffært, skal lögreglustjóri (tollstjóri) eða skipaskoðunarstjóri gefa því haffærissskírteini. Öryggisskírteini farþegaskipa, sem út eru gefin samkvæmt alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á sjónum, 31. maí 1929, skal þó skipaskoðunarstjóri gefa út.

Í haffærissskírteini skal tilgreina nafn skips og heimili, skrásetningarbókstafi þess, númer þess á fiskiskipaskrá og umdæmisbókstafi, ef um fiskiskip er að ræða, rúmlestatal, hvort skip sé seglskip eða vélskip, opið eða þiljað, til hvaða ferða skip sé ætlað, tölu farþega, er það má flytja, sé um farþegaskip að ræða, svo og, að skip fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, er gerðar eru í lögum þessum, tilskipunum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Haffærissskírteini skipa, sem um ræðir í c-lið 24. gr., gildir í eitt ár, frá því að það var gefið út.

Haffærissskírteini skipa, sem um ræðir í d-lið 24. gr., gildir í tvö ár, frá því að það var gefið út, enda hafi lögboðin aukaskoðun farið fram.

Nú er skip eigi í höfn hér, þegar haffærissskírteini þess gengur úr gildi, og getur þá skipaskoðunarstjóri framlengt gildi skírteinis um ákveðinn tíma, þó eigi lengur en 3 mánuði, enda sé eigi ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært. Nú eru annars

sérstök vandkvæði á, að skirteini verði endurnýjað, án þess að eiganda, útgerðar-
manni eða skipstjóra verði um kennt, og getur skipaskoðunarstjóri þá framlengt gildi
skirteinis um allt að 45 daga, enda sé engin ástæða til að ætla, að skip sé ekki haffært.

68

5. júní

Haffærisskirteini skal fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt við tollafgreiðslur
skips, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja, þegar um skip
er að ræða, sem ekki er skylt að lögskrá á, og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönn-
um skipaeftirlitsins, sbr. III. kafla, eða lögreglunni. Nú er sá tími, er skirteinið gildir,
á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipi á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er
vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka
skoðun, að skip sé óhaffært, og skal skip þá lagt í farbann, sbr. 46. gr.

27. gr.

Almenn aukaskoðun skal gerð einu sinni á ári á skipum þeim, er ræðir um í 24.
gr., d-lið, í lögum þessum, það ár, sem aðalskoðun fer ekki fram á þeim.

28. gr.

Við almenna aukaskoðun skal sérstaklega athuga allan búnað skips og áhöld,
botn skips og stýrisbúnað. Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sé þá eigi liðið
ár frá síðustu botnskoðun.

29. gr.

Sérstök aukaskoðun skal gerð, er svo stendur á sem hér segir:

- a) Þegar skip hefur sætt verulegri viðgerð, en eigi kveður samt svo mikið að við-
gerðinni, að aðalskoðun skyldi gera samkvæmt 24. gr. í lögum þessum.
- b) Þegar eigandi skips, útgerðarmaður, skipstjóri, meiri hluti skipshafnar, vélstjóri
eða stjórn stéttarfélags eða félaga sjómanna á staðnum krefst skoðunar. Krafa
skal send eftirlitsmanni og vera skrifleg og rökstudd. Trúnaðarmenn eftirlitsins
eru bundnir þagnarheiti um, hver kært hefur, nema kæran hafi reynzt ástæðu-
laus og bakað útgerðarmanni tjón. Skal þá eftirlitið gefa upp þann aðila, sem
kært hefur, nema það óski heldur að greiða bæturnar.
- c) Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða bún-
aðar þess, svo sem er skip skiptir um veiðiaðferð.

Synji eftirlitsmaður um skoðun, þegar hennar er krafizt samkvæmt b-lið þess-
rarar greinar, má skjóta málinu til skipaskoðunarstjóra.

30. gr.

Við sérstaka aukaskoðun skal athuga þá hluta skips eða skipsbúnaðar, er ástæða
þykir til vegna atvika þeirra, er skoðuninni valda.

31. gr.

Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skoðunarmenn senda lögreglustjóra (í
Reykjavík tollstjóra) vottorð um skoðunina og álit sitt um, hvort þeir telji skip haf-
fært eða eigi. Jafnframt ber þeim að senda eftirlitsmanni skýrslu um skoðunina, og
skal hvort tveggja þetta ritað eftir fyrirmynd, er ráðherra setur. Skýrsluna sendir
síðan eftirlitsmaður skipaskoðunarstjóra ásamt athugasemdum sínum.

Telji skoðunarmenn skip haffært, ritar lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri á
haffærisskirteini þess athugasemd um, að aukaskoðun hafi farið fram og að hún hafi
leitt það í ljós, að skipið sé haffært.

32. gr.

Nú fer fram auka- eða skyndiskoðun á skipi, og getur þá skipaskoðunarstjóri
ákveðið, að aðalskoðun skuli fara fram þá þegar, enda skal sú ákvörðun rökstudd.

68

5. júní

33. gr.

Synji skipaskoðunarstjóri um skoðun, þegar hennar er krafizt samkv. b-lið 29. gr., eða telji einhver þeirra aðila, sem þar um ræðir, sig eigi geta unað úrslitum skoðunargerðar, getur sá, er telur sig vanhaldinn, stefnt ágreiningnum fyrir siglingadóm, sbr. 51. gr. Um slík mál fer sem segir í 49. gr.

Dómurinn kveður endanlega á um, hvort skoðun eða eftir atvikum yfirskoðun skuli fara fram.

Dómurinn annast yfirskoðun sjálfur eða kveður til sérstaka yfirskoðunarmenn, ef þörf þykir. Þeir skulu vera þrír eða fimm eftir ákvörðun dómsins, sérfróðir, hæfir og óhlutdrægir menn, er fullnægja skilyrðum til þess að gegna embætti eða sýslan hér á landi.

Yfirskoðunargerð verður ekki haggð, ef hún hefur farið löglega fram. Hún skal staðfest með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt er af einhverjum þeim, er hlut á að máli.

V. KAFLI

Um smíði, búnað, breytingar og innflutning á skipum.

34. gr.

Skip skal að jafnaði fullnægja skilyrðum þeim, sem hér segir:

A. Skrokkur, reiði og vélar.

1. Skrokkur og yfirbygging, reiði og reiðabúnaður og vélar skal vera nægilega sterkt og í góðu ástandi.
2. Í stálskipi skulu vera fullnægjandi vatnspétt skilrúm.
3. Stýri og stýrishúnaður, akkeri, keðjur, kaðlar og dælubúnaður skal vera fullnægjandi og í góðu ástandi.
4. Í skipi skulu vera varahlutir, verkfæri og önnur nauðsynleg áhöld.
5. Skip skal láta vel að stjórn og vera nægilega stöðugt, svo að því verði örugglega siglt. Athugun á stöðugleika annarra skipa en þeirra, sem um ræðir í 36. gr., framkvæmir skipaskoðunarstjóri á þann hátt, er hann telur fullnægjandi, eftir atvikum með tæknilegri rannsókn.

Sé eigi annars getið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal kröfum þeim, sem um ræðir í 1.—5. lið, að jafnaði talið fullnægt, ef skip fullnægir þeim kröfum, er flokkunarfélag, viðurkennt af ráðherra, gerir til þess á hverjum tíma, að slíkt skip nái 1. flokki, þegar gætt er tegundar þess og þeirra ferða, sem því eru ætlaðar.

B. Siglingatæki.

1. Skip skal búið þeim áhöldum og tækjum, sem nauðsynleg eru, til þess að því verði örugglega siglt, þar með talin fjarskiptatæki, sem fyrirskipuð eru eða kunna að verða.

Í skipi skal vera a. m. k. einn áttaviti og honum komið fyrir á öruggum stað.

Skipaskoðunarstjóri löggildir menn að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans til þess að rétta áttavita.

Skip skal búið þjóðfána.

C. Öryggisráðstafanir og eldvarnir.

1. Varnir gegn slysum, er leitt getur af venjulegri notkun skips, skulu vera í því horfi, að menn, sem dvelja eða vinna á skipsfjöllum eða eru á leið úr skipi eða á, eigi ekki meiðsli á hættu, enda gæti þeir almennrar varfærni.

Auknar kröfur má gera um öryggi tækja, ef gallar á þeim valda sérstakri slyshættu.

2. **Gegn eldhættu skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir. Í skipi skulu vera slökkvi- 68**
tæki, sem beita má hvar sem er í því. Vélknúin dæla skal vera í öllum 5. júní
skipum, 30 rúmlesta eða stærri.

D. Björgunartæki.

1. Skip skal búið traustum björgunartækjum, er komið sé fyrir á hentugum stöðum.
2. Á skipi, sem er í millilandasiglingum, skulu vera nægjanlegir bátar handa öllum, sem á skipi eru.

Á skipi, sem er í strandsiglingum, skulu vera nægjanlegir bátar handa skipshöfn, en um báta og fleytitæki handa öðrum skal setja sérreglur, sbr. 2. lið 35. gr. og 37. gr.

3. Hæfilega margir hjarghringar skulu vera á skipi. Tölu þeirra ber að miða við stærð skips og fjölda þeirra manna, sem þar er ætlað að vera.
4. Nánari reglur skulu settar um notkun og öryggi björgunartækja, þar með taldar reglur um, að hve miklu leyti bátar skuli vera björgunarbátar. Er sérstaklega stendur á, má krefjast þess, að auk báta skuli vera björgunarflekar eða svipuð fleytitæki. Ef öruggt þykir, má leyfa, að slík tæki komi að nokkru leyti í stað báta.

E. Vistarverur.

1. Vistarverur skipverja og forðageymslur skips skulu fullnægja þeim kröfum, sem gerðar verða í reglugerð um stærð, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, hreinlætistöki og viðhald.

Reglur um rúmmál, gólfflöt og lofthæð skulu miðaðar við gerð skips og ferðir, sem því eru ætlaðar.

Sérstök rekkja skal vera fyrir hvern skipverja.

2. Í reglugerð skal og kveða á um búnað skips að lyfjum og hjúkrunargögnum.
3. Reglugerðir, sem um ræðir í 1. og 2. lið, skulu settar af ráðherra að fengnu áliti landlæknis og skipaskoðunarstjóra.

F. Fjarskiptatæki.

Skip, sem siglir meira en 3 sjómilur frá landi og er stærra en 15 rúmlestir, skal hafa loftskeytastöð eða radiotalstöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði. Einn skipverja, að minnsta kosti, skal hafa starfræksluskirteini fyrir slíka stöð, samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Stöð þessi er háð eftirliti póst- og símamálastjórnarinnar. Póst- og símamálastjórnin gefur út öryggisvottorð fyrir fjarskiptatækin og tilkynnir skipaskoðunarstjóra árangur skoðunar á þeim, svo og annað varðandi þau, er ástæða þykir til.

G. Skipsskjöl.

1. Auk leiðarbókar (dagbókar) og véladagbókar skal skip hafa eftirlitsbók, sem í eru skráð vottorð skipaefirlitsins um framkvæmdar skoðunargerðir ásamt greinargerð skipstjóra og vélstjóra um framkvæmd þess eftirlits, sem á þeim hvílir, auk annarra upplýsinga um skipið, sem krafizt kann að verða.

Bjóða má, að skip hafi segulskekkjubók, sem í er skráð segulskekkja áttavitanna.

Gerð og færslu eftirlitsbókar og segulskekkjubókar skal hagað á þann hátt, er skipaskoðunarstjóri kveður á um.

2. Lög þau og reglur um siglingamál, sem boðið er, skulu vera á skipi. Á þar til gerðum stöðum skal festa auglýsingar um þau efni, er krafizt er, að þannig séu birt.
3. Auk þjóðernis- og skrásetningarskirteinis og mælingabréfs skal skip hafa haffærisskirteini, hleðsluskirteini og leyfisbréf fyrir radiostöð. Enn fremur öryggisskirteini, þar sem þess er krafizt.

68

5. júní

35. gr.

Um farþegaskip gilda ákvæði 34. gr. með þeim breytingum og viðbótum, er hér segir:

1. Farþegaskip skal að öllu vera þannig gert og búið, að því er snertir öryggi mannlífa, að hæft sé til mannflutninga og ferða þeirra, sem það er notað til.
2. Um búnað og björgunartæki farþegaskipa skal setja sérreglur.
3. Um vistarverur farþega, stærð þeirra, gerð, búnað, lýsingu, loftræstingu, hitun, viðhald og hreinsun setur ráðherra reglugerð að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra.
4. Í skipi skal vera auglýst, svo að á ber, til hvers konar flutninga skip sé ætlað, og hámark farþegafjölda.

36. gr.

Farþegaskip, hvort heldur þau eru smíðuð til millilanda- eða strandsiglinga, skulu vera nægilega stöðug með alla farþega í annarri hliðinni á efsta þilfari, og er þá miðað við hæstu tölu farþega, sem hugsanlegt er, að skip flytji.

Að lokinni tæknilegri skoðun á stöðugleika skips skal skipaskoðunarstjóri ákveða í samráði við skipasmíðastöðina, hvernig úr skuli bætt, sé um ófullnægjandi stöðugleika að ræða.

37. gr.

Þegar skip, sem ekki telst farþegaskip samkvæmt lögum þessum, er að áliti skipaskoðunarstjóra notað til reglulegra farþegaflutninga, skal hann kveða á um það sérstaklega um hvert skip, hvers krafizt skuli um gerð þess og búnað. Þegar svo ber undir, að skip, sem ekki er farþegaskip, flytur annað fólk en skipverja, skulu settar sérreglur um aðbúð þeirra og öryggi.

38. gr.

A. Nýsmíði innan lands:

1. Nýsmíði skipa er háð eftirliti skipaskoðunar ríkisins.
2. Um nýsmíði tréskipa fer eftir uppdráttum og reglum, er ráðherra setur um smíði þeirra, svo og öðrum þeim reglum, er varða öryggisbúnað skipa.
3. Sé um stálskip að ræða, annast skipaskoðun ríkisins eftirlitið, ef skipið er ekki smíðað undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags, en annars skal fela eftirlitið því flokkunarfélagi, er hlut á að máli. Þá skal og skipaskoðun ríkisins annast um, að skip fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru að alþjóðalögum og islenzkum réttarreglum um öryggi skipa og búnað þeirra.
4. Þegar nýtt skip er smíðað, skipar skipaskoðunarstjóri skoðunarmann, sem hefur öruggt eftirlit með smíðinni af hálfu hins opinbera. Verði því við komið, skal skipa einn hinna föstu skoðunarmanna skipaeftirlitsins á staðnum, enda verði hann talinn óhlutdrægur. Enn fremur skulu hinir sérfróðu menn, er um ræðir í 9. gr., ferðast milli skipasmíðastöðvanna samkvæmt ákvörðun skipaskoðunarstjóra, og skulu þeir leiðbeina við skipasmíðina, eftir því sem þörf krefur.

B. Nýsmíði erlendis:

1. Tréskip, sem smíðuð eru erlendis til skráningar hér á landi, skulu fullnægja ákvæðum islenzkra laga og reglugerða um smíði og styrkleika skipa eða reglum flokkunarfélags, sem viðurkennt er af ráðherra, enda sé þá gætt krafna til styrkleika skipa, sem ætluð eru til úthafssiglinga, og séu þær eigi vægari í aðalatriðum en hinar islenzku reglur.
2. Stálskip, sem smíðuð eru erlendis til skráningar hér á landi, skulu fullnægja reglum flokkunarfélaga, viðurkenndra af ríkisstjórninni, alþjóðalögum og islenzkum reglum um öryggi skipa og búnað þeirra.

3. Þegar ræðir um nýsmíði á skipum erlendis, skal skylt að hafa eftirlit með smíðinni, en fullnaðarskoðun skipaeftirlitsins fer fram, þegar skipið kemur til landsins. Eftirlit þetta má skipaskoðunarstjóri fela viðurkenndu flokkunarfélagi eða viðurkenndum skoðunarmönnum. **68**
5. júní

C. Breytingar á gömlum skipum:

Engar meiri háttar breytingar, sbr. a-lið 24. gr., má gera á gömlum skipum, án þess að sérstakt leyfi skipaskoðunarstjóra sé fengið fyrir fram. Allar breytingar og viðgerðir skipa, sem varða öryggi skips, skulu gerðar undir eftirliti skipaskoðunar ríkisins, og gilda þar um sömu reglur um eftirlit og um nýsmíði væri að ræða. Nánari ákvæði hér að lútandi skulu sett með reglugerð.

D. Innflutningur skipa:

Skip, sem keypt eru frá útlöndum til skrásetningar hér á landi, skulu fullnægja íslenskum lögum um styrkleika, búnað og haffæri.

Ef skip er í viðurkenndu flokkunarfélagi, þarf skoðun ekki að fara fram, fyrr en skipið er komið heim. Sé skip ekki í viðurkenndu flokkunarfélagi, skal skoðun fara fram, áður en það er keypt. Skoðunin skal skráð á þar til gerð eyðublöð, sem skipaskoðunarstjóri gefur út í þessu skyni. Skoðun framkvæmir innlendir eða útlendir maður, sem hefur þekkingu á skipasmíði að dómi skipaskoðunarstjóra.

Er skipaskoðunarstjóri hefur fengið skoðunarskýrslu, kveður hann á um, hvort hann vilji mæla með innflutningi skips eða ekki. Því aðeins má hann mæla með innflutningi skips, að styrkleiki þess og búnaður jafnist í aðalatriðum við það, sem krafizt er í lögum þessum, og það sé eigi eldra en 12 ára.

Þegar skip er komið heim, fer fram aðalskoðun samkv. a-lið 24. gr., sbr. og 2. mgr. 39. gr.

39. gr.

Skipum, sem voru íslensk eign eða í smíðum fyrir íslenska menn 1. júlí 1937, getur ráðherra veitt undanþágu frá lögum þessum, að því er einstök atriði varðar, þó ekki um haffæri skipa, sbr. 4. gr.

Ef alveg sérstaklega stendur á, má veita slíkar undanþágur skipum, sem keypt eru frá útlöndum.

Undanþágur frá ákvæðum laganna má veita skipum, sem eru sérstakrar gerðar, úr sérstöku efni eða með sérstökum vélabúnaði, og skipum, er gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi eða hafa ekki sérstaka aflvél innan borðs.

Undanþágur samkvæmt grein þessari má því aðeins veita, að skipaskoðunarstjóri mæli með þeim, enda er honum heimilt, ef hann telur ástæðu til, að leita um-sagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og sjómannafélags þess, er hann telur helzt eiga hlut að máli.

40. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um smíði og búnað skipa og véla. Ber þar að miða við, hvernar tegundar skip er, stærð þess og notkun, er það er ætlað til, svo og gerð véla og þær ferðir, sem skipi eru ætlaðar.

VI. KAFLI

Um hleðslumerki o. fl.

41. gr.

Öll íslensk skip, sem eru í förum milli Íslands og annarra landa, skulu vera með hleðslumerkjum og hafa hleðslumerkjaskírteini.

68 Þau íslensk skip, sem hleðslumerkjaskipþykkt, gerð í London 5. júlí 1930, nær til, 5. júní skulu hafa alþjóða-hleðslumerkjaskírteini. Önnur íslensk skip, 50 rúmlestir eða stærri, skulu hafa hleðslumerkjaskírteini, er sýnir minnsta hleðsluborð.

Skipaskoðunarstjóri ákveður hleðslumerki skipa og gefur út hleðslumerkjaskírteini samkvæmt samþykkt þeirri, er um ræðir í 2. mgr., og nánari reglum, er ráðherra setur.

Undanþegin ákvæðum þessarar greinar um hleðslumerki eru skip, meðan þau stunda síldveiði á tímabilinu 1. júní—15. sept., enda hafi þau verið skoðuð samkvæmt c-lið 29. gr. og sú skoðun skráð í eftirlitsbók.

42. gr.

Ráðherra setur með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þilfari og á skuli hagað til öryggis mannlífum og haffæri skipa. Reglugerðin skal samin að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimanna-sambands Íslands.

43. gr.

Merkja skal á fram- og afturstefni allra skipa, sem stærri eru en 20 rúmlestir, mælikvarða í desimetrum annars vegar, en í enskum fetum hins vegar, er sýni, hve djúpt skip liggur í sjó.

Þegar skipaskoðunarstjóri hefur ákveðið hleðsluborð skips, skal hann, telji hann ástæðu til, merkja djúpstöðu þess á framstefni, til þess að forðast mishleðslu, enda ráðfæri hann sig við skipstjórnann og skipaskoðunarmann.

44. gr.

Hleðslumerkjaskírteini skal fylgja skipsskjölum og ávallt sýnt bæði við toll-afgreiðslu og þegar þess er krafizt af trúnaðarmönnum skipaeftirlitsins, sbr. III. kafla, eða lögreglunni.

Hafi skip hleðslumerkjaskírteini útgefið af þar til bærnum erlendum stjórnarvöldum í ríki, sem er aðili að alþjóðasamþykkt gerðri í London 5. júlí 1930, eða við-urkenndu skipaflokkunarfélagi, getur skipaskoðunarstjóri veitt því íslenskt hleðslumerkjaskírteini í þess stað án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkja, fara fram.

Nú er skipi breytt þannig, að hleðsluborð þess breytist að dómi skipaskoðunarstjóra, og er þá hleðslumerkjaskírteini þess úr gildi fallið.

45. gr.

Bannað er að flytja benzín eða önnur þau eldfim efni, er sérstök sprengingarhætta stafar af, í farmrúmi eða á þilfari á farþegaskipum.

Um flutning efna þeirra, sem um ræðir í 1. mgr., með skipum setur ráðherra reglur að fengnu álit skipaskoðunarstjóra.

Um fermingu, flutning og affermingu farms að öðru leyti setur ráðherra reglur að fengnu álit skipaskoðunarstjóra, þar á meðal um flutning á dýrum.

VII. KAFLI

Um farbann o. fl.

46. gr.

Eftirlitsmenn skera úr því, hvort för skips skuli bönnuð samkvæmt lögum þessum.

Nú hefur eftirlitsmaður lagt farbann á skip, og skal það þá þegar í stað tilkynnt

skipstjóra og, ef hentugt þykir, útgerðarmanni. Tilkynningin skal vera skrifleg. 68
 Ástæður fyrir banni skulu tilgreindar, svo og skilyrði fyrir því, að banni verði af létt. 5. júní
 Skýrslu um málið ásamt nauðsynlegum upplýsingum skal senda skipaskoðunarstjóra,
 og loks skal lögreglustjóra, hafnar- og tollyfirvöldum á staðnum skýrt frá banninu,
 enda ber þessum aðilum, hverjum á sínu sviði, að veita fulltingi sitt til þess, að banni
 verði framfylgt.

47. gr.

Skipaskoðunarstjóri skal fella farbann skips úr gildi, ef hann telur það ekki á
 rökum reist, en telji hann bannið nægilega rökstutt, staðfestir hann það og sendir
 skipstjóra eða eftir atvikum útgerðarmanni rökstuddan úrskurð sinn.

Telji skipaskoðunarstjóri gögn skorta, sér hann um, að þeirra verði aflað.

VIII. KAFLI

Um siglingadóm og rannsókn sjóslysa.

48. gr.

Siglingadómur hefur aðsetur í Reykjavík og er skipaður þannig:

Dómsmálaráðherra skipar formann dómsins og varaformann til 6 ára í senn.
 Þeir skulu fullnægja sömu skilyrðum og hæstaréttardómarar.

Þá skipar dómsmálaráðherra 12 meðdómendur og 6 varameðdómendur, alla til
 sex ára í senn. Þeir skulu fullnægja skilyrðum þeim, er hér segir:

1. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi skipstjórar, annar þeirra á kaupskipi
 í utanlandssiglingum.
2. Tveir skulu vera eða hafa verið starfandi yfirvélstjórar á skipi og annar þeirra
 á diesel-skipi.
3. Tveir skulu vera eða hafa verið sjómenn án þess þó að vera eða hafa verið skip-
 stjórar, stýrimenn, vélstjórar eða loftskreytamenn síðastliðin 5 ár.
4. Tveir skulu vera sérfróðir um smíði skipa.
5. Tveir skulu sérfróðir um smíði véla.
6. Tveir skulu sérfróðir um firðtæki.

Einn varamann skal skipa fyrir hverja starfsgrein.

Embættis- og sýslunarmenn skipaefirlitsins geta ekki verið dómendur.

Fastir dómendur eru: Formaður dómsins, annar þeirra skipstjóra, sem tilnefndir
 hafa verið, og annar sjómannanna (sbr. 3. lið).

Formaður dómsins kveður fasta dómendur úr flokki hinna skipuðu dómenda,
 og gildir sú kvaðning, þar til dómurinn er skipaður næst.

Í meðferð hvers máls taka þátt hinir föstu dómendur og tveir úr flokki aukadóm-
 endanna, valdir í hvert skipti af föstu dómendunum, eftir því hvernær sérþekkingar
 er þörf.

Dómendur siglingadóms skulu auk framangreindra skilyrða fullnægja kröfum
 þeim, sem gerðar eru um almenn og sérstök dómaraskilyrði samkvæmt lögum.

49. gr.

Hlutverk siglingadóms er:

1. Að annast yfirskoðunargerðir samkvæmt lögum þessum og kveðja yfirskoðunar-
 menn.
2. Að skera úr um gildi farbanns.
3. Að dæma og eftir atvikum rannsaka refsímál, sem höfðuð eru að tilhlutun skipa-
 skoðunarstjóra út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum.
4. Að skera úr um gjaldskyldu og gjaldsupphæð samkv. 62. gr.

68

5. júní

50. gr.

Hafi einhver sá atburður gerzt, er valdi því, að halda beri sjóferðapróf samkvæmt 45. gr. l. nr. 56 30. nóv. 1914, ber að gera eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem sjópróf er haldið, aðvart um það, og sé um að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón á skipi eða veruleg meiðsli manna, ber honum að mæta eða láta mæta við prófin.

Eftirlitsmanni ber og að hefjast handa um, að próf sé haldið, ef hann telur ástæðu til eða þess er krafizt af aðilum þeim, sem taldir eru í b-lið 29. gr.

Hinir reglulegu sjóðómar annast sjópróf og rannsóknir sjóslysa.

Á I. eftirlitssvæði fer þó siglingadómur með rannsóknina, en getur falið hana sjóðómi, þar sem skip er statt, ef um lítilræði er að ræða eða sérstaklega stendur á. Siglingadómur getur haldið sjópróf hvar sem er á landinu, ef hann telur ástæðu til.

Öll sjópróf fara fram að hætti sakamála.

Að prófi loknu skal eftirlitsmanni í því umdæmi, þar sem próf er haldið, sent eftirrit af því. Eftirlitsmaður getur krafizt framhaldsprófs, ef hann telur ástæðu til. Hann sendir síðan skipaskoðunarstjóra eftirrit prófanna ásamt athugasemdum sínum.

Skipaskoðunarstjóri sendir síðan skjölin til dómsmálaráðuneytisins, og telji hann ástæðu til að ætla, að um refsivert brot sé að ræða, gerir hann tillögu um málshöfðun og lætur fylgja greinargerð og gögn, er hann telur þurfa.

Nú fyrirskipar dómsmálaráðuneytið málshöfðun, og gefur þá siglingadómur út stefnu og ákveður fyrirtöku málsins á þeim stað og tíma, er hann telur henta. Málið skal síðan rekið að hætti sakamála, þó þannig, að málflytningur er munnlegur og opinber.

51. gr.

Nú hefur farbann verið lagt á skip, og getur þá skipstjóri eða útgerðarmaður kært það fyrir siglingadómi.

Nú er synjað um að leggja farbann á skip eftir kröfu þeirra aðila, sem um ræðir í b-lið 29. gr., og geta þeir þá kært synjunina fyrir siglingadómi.

52. gr.

Málum höfðuðum samkvæmt 33., 51. og 62. gr. þessara laga skal beint gegn skipaskoðunarstjóra. Þeim skal hraðað svo sem föng eru á. Sérstaklega skal hraða máli svo sem unnt er, þegar úrskurða skal um farbann. Þeim úrskurði, sem skal vera rökstuddur, verður ekki áfrýjað.

Frestir reiknast sem aðilar væru búsettir innan sömu þinghár. Um málið fer að öðru leyti sem venjuleg sjóðómsmál.

Skaðabótamál vegna ólöglegs farbanns ber undir almenna dómstóla.

Bótaréttur gegn ríkissjóði fellur niður, ef mál er eigi höfðað innan tveggja mánaða frá því er siglingadómur hefur kveðið á um gildi farbanns.

IX. KAFLI

Um gjöld.

53. gr.

Fyrir aðalskoðun á skipi, sem eigi er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal eigandi greiða í ríkissjóð:

Fyrir opinn bát	kr. 6.00
— — — með vél	— 12.00
— skip minna en 15 rúml.	— 22.00

					pr. rúml. aurar	minnsta gjald kr.
Fyrir skip	15 rúml.	allt að	30 rúml.	150	30.00
— —	30 — —	— —	50 —	140	45.00
— —	50 — —	— —	100 —	130	70.00
— —	100 — —	— —	200 —	120	130.00
— —	400 — —	— —	800 —	100	440.00
— —	200 — —	— —	400 —	110	240.00
— —	800 — —	— —	1200 —	90	800.00
— —	1200 — —	— —	1600 —	80	1080.00
— —	1600 — —	— —	2000 —	70	1280.00
— —	2000 —	og yfir	60	1400.00

68

5. júní

Hluti úr rúmlest reiknast ekki með.

Gjöldin reiknast í heilum krónum, þannig að því, sem er umfram krónu, er sleppt.

Fyrir almenna aukaskoðun á skipum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða 75% af gjaldi því, sem þar er talið.

Fyrir aðalskoðun og aukaskoðun á skipum, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða hálf gjald samkvæmt 1. og 2. mgr.

54. gr.

Fyrir fyrstu skoðun á nýsmíðuðu skipi, hvort heldur það er smíðað hér á landi eða erlendis, eða skipi innfluttu frá útlöndum, skal greiða gjald samkvæmt 1. mgr. 53. gr. að viðbættum 50%, og skiptir þá ekki máli, hvort skipið er í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi eða ekki.

55. gr.

1. Fyrir eftirlit með smíði tréskips eða óflokkaðs stálskips, sem smíðað er innan lands, skal greiða fjórfalt gjald samkvæmt 1. mgr. 53. gr.
 2. Fyrir eftirlit með breytingum og verulegum viðgerðum á skipum, sbr. C-lið 38. gr., skal greiða gjald samkv. 1. mgr. 53. gr. að viðbætti upphæð, er skipaskoðunarstjóri ákveður í hvert skipti með hliðsjón af því, hve umfangsmikil breytingin eða viðgerðin er.
- Hærra en tvöfalt gjald samkvæmt 1. mgr. 53. gr. má þó ekki krefja.

56. gr.

Fyrir eftirlit flokkunarfélags eða annars trúnaðarmanns, er skipaeftirlitið hefur samþykkt, greiðir eigandi þeim, sem hlut á að máli.

57. gr.

Fyrir skoðun á eimkatli, þegar sú skoðun er ekki framkvæmd, um leið og aðal- eða aukaskoðun fer fram, skal greiða:

Skip með vél minni en 100 hestöfl	kr.	35.00
— — — frá 100 til 200 hestöfl	—	45.00
— — — — 200 — 400 —	—	60.00
— — — — 400 — 800 —	—	75.00
— — — — 800 — 1200 —	—	90.00
— — — — 1200 hestöfl og þar yfir	—	110.00

68
5. júní

58. gr.

Fyrir skoðun og mælingar á skipi til ákvörðunar hleðslumerkja skal greiða:		
Fyrir skip minni en 200 rúml.	kr. 150.00
— — 200 rúml. allt að 500 rúml.	— 200.00
— — 500 — — 900 —	— 250.00
— — 900 — — 1400 —	— 300.00
— — 1400 — — 2000 —	— 350.00
— — 2000 — — 2700 —	— 400.00
— — 2700 — — 3500 —	— 450.00
— — 3500 — og stærri	— 500.00

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskirteinis, sem gefið er út samkvæmt hleðslumerkja-skirteini frá erlendu stjórnarvaldi eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða 75 krónur.

Fyrir skoðun á skipi til framlengingar eða endurnýjunar á hleðslumerkjaskirteini og útgáfu þess skal greiða 100 krónur.

Fyrir endurnýjun á skirteini, sem glatað er eða ónýtt, skal greiða 50 krónur.

59. gr.

Fyrir endurskoðun á smíðauppdráttum óflokkaðs skips, sbr. 2. lið A. 38. gr., skal greiða tvöfalt gjaldið, sem um ræðir í 1. mgr. 53. gr.

Gjaldið skal miða við rúmlestatölu skips, þannig að margfalda saman smíðamál þess í metrum og deila með 5.

Fyrir endurskoðun á skoðunarskýrslu, sbr. 4. mgr. D-liðar 38. gr., greiðist sama gjald og fyrir endurskoðun smíðauppdráttu.

60. gr.

Fyrir aðrar skoðanir ber að greiða samkvæmt reikningi, er skipaskoðunarstjóri úrskurðar.

61. gr.

Öll framangreind gjöld ber eiganda skips að greiða, og renna þau í ríkissjóð, sbr. þó 56. gr.

Gjöldin skulu innheimt af lögreglustjórum (í Reykjavík tollstjóra) á sama hátt og önnur opinber gjöld til ríkisins. Gjöldunum fylgir lögveð í skipi jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

62. gr.

Telji gjaldandi gjald ranglega krafið eða of hátt, getur hann leitað úrskurðar skipaskoðunarstjóra, og skal þá greiða gjaldið samkvæmt honum. Gjaldandi getur þó á næstu þrem mánuðum frá því, er honum var kunnugt um úrskurðinn, skotið honum til siglingadóms, er þá sker úr um málið, og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað.

Ríkissjóður endurgreiðir gjaldanda að öllu eða nokkru samkvæmt því, sem í úrskurði siglingadóms segir.

Skipaskoðunarstjóri er í fyrirsvari fyrir ríkissjóð í slíkum málum.

Réttargjöld í málum samkvæmt þessari grein eru hin sömu og í einkamálum.

X. KAFLI

Um laun.

63. gr.

Skipaskoðunarstjóri og sérfróðir fulltrúar hans, sem skipaðir eru fastir starfsmenn við eftirlitið og hafa það að aðalstarfi, skulu launaðir samkvæmt lögum um laun starfsmanna ríkisins, og taka þeir laun sín úr ríkissjóði.

64. gr.

68

Skoðunarmenn skulu launaðir samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum skipaskoðunarstjóra, og skal þar tekið tillit til verks þess, sem í té er látið.

5. júní

65. gr.

Fastir dómendur siglingadóms skulu launaðir á sama hátt og fastir dómendur í félagsdómi.

Laun aukadómenda ákveða hinir föstu dómendur eftir málavöxtum hverju sinni.

66. gr.

Allir framangreindir embættis- og sýslunarmenn taka laun sín úr ríkissjóði.

Skrifstofukostnaður, ferðakostnaður og nauðsynleg aðstoð greiðist eftir reikningi, er ráðherra úrskurðar.

XI. KAFLI

Um refsingar, svipting réttinda o. fl.

67. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Nú er skipi, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, lagt úr höfn eða skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, og skal þá eigi beita vægari refsingu en varðhaldi.

Refsingu skal beitt eigi aðeins við skipstjóra, þann, er í hans stað kemur, og aðra, sem beinan þátt eiga í broti, heldur og eiganda skips, útgerðarmann eða annan yfirboðara, enda sé brotið framið með vitund þess manns eða vilja.

68. gr.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Þeim fylgir lögveð í skipi og búnaði þess jafnsett lögveði fyrir lestagjaldi.

Aðför skal reynd fyrir sekt, áður en til aflánunar kemur.

Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af efnahag sakborninga.

69. gr.

Ef skip, sem eigi hefur gilt haffærisskírteini eða farbann hvílir á, er leyst úr höfn, svo og, ef skip er annars á ferð óhaffært, án þess að brýnasta nauðsyn sé til, varðar það skipstjóra missi réttar til skipstjórnar eigi skemur en 3 mánuði.

Sé brot ítrekað eða hafi verulegt tjón hlotið af á mönnum eða verðmætum, skal beitt réttindasviptingu í 6 mánuði og allt að 5 árum eða ævilangt, ef brot er stórfellt.

Réttindasviptingu samkvæmt þessari grein skal beitt við yfirvélstjóra, loftskeytamenn og aðra yfirmenn skips, eftir því sem við á, ef þeir gerast brotlegir gegn lögum þessum eða taka þátt í brotum á þeim.

70. gr.

Lög þessi raska í engu ákvæðum 21. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935, að því er snertir viðurlög, ef menn eru undir áhrifum áfengis við störf sín.

71. gr.

Ef maður, sem hefur fengið opinbera viðurkenningu eða próf sem smiður skips, vélar eða búnaðar þess, vanrækir störf sín samkvæmt lögum þessum af ásetningu

68 eða vítaverðu gáleysi, varðar það hann refsingu og réttindamissi samkvæmt 67. 5. júní og 69. gr.

72. gr.

Svipting réttinda samkvæmt lögum þessum skal gerð með dómi.

Hver sá, sem sviptur hefur verið réttindum samkvæmt lögum þessum, skal afhenda lögreglunni réttindaskírteini sitt.

Réttindasvipting skal tilkynnt öllum lögreglustjórum á landinu.

73. gr.

Hafi maður verið sviptur réttindum samkvæmt lögum þessum lengur en 5 ár, getur dómsmálaráðherra veitt honum réttindin aftur, enda séu meira en 5 ár liðin frá réttindasviptingu, sönnur færðar á, að sá, er hlut á að máli, hafi lifað heiðarlegu og grandvöru líferni, hafi enn þá þekkingu og leikni, er til starfans þarf, og ástæður mæli að öðru leyti með.

Endurveiting réttinda samkvæmt þessari grein er þó því aðeins heimil, að skipaskoðunarstjóri og siglingadómur mæli með.

XII. KAFLI

Um gildistöku laganna o. fl.

74. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum og bátum, lög nr. 38 30. júní 1942, um breyting á þeim lögum, svo og önnur þau ákvæði, er eigi fá samrýmzt lögum þessum.

75. gr.

Reglugerðir, sem út hafa verið gefnar samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, halda gildi sínu, þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar.

76. gr.

Auk þess, sem getið er í einstökum greinum, er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra, enda sé tillagna skipaskoðunarstjóra leitað. Í slíkar reglugerðir má og setja refsíákvæði innan þeirra marka, er lög þessi setja.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

69

5. júní

um breytingar á lögum nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og lögum nr. 94 14. maí 1940, um breytingar á þeim lögum.

HANDHAFFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað 1. gr. l. nr. 94 1940 komi ný grein, svo hljóðandi:

4. gr. l. nr. 38 1937 orðist svo:

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkvæmt lögum þessum.

Ríkisráðunautur í loðdýrarækt hefur í umboði landbúnaðarráðherra og í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands yfirumsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu vera trúnaðarmenn ráðunautar í málum varðandi loðdýraræktina, hver í sínu umdæmi, og framkvæma eða láta framkvæma í sínu umboði eftirlit með loðdýraræktinni eftir því, sem ráðunauturinn leggur fyrir, og ganga ríkt eftir, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Nú þykir ráðunaut afátt vera um eftirlit trúnaðarmanna sinna, og getur þá ráðherra skipað aðra trúnaðarmenn að fengnum tillögum ráðunautar.

Hafi trúnaðarmaður sjálfur loðdýr undir höndum, þá skal ráðunauturinn hafa eftirlit með húi hans, eða skipa til þess annan mann, ef honum þykir ástæða til.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. l. nr. 94 1940 orðist svo:

Leyfi til loðdýraræktar skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðherra gefur út í samráði við Loðdýraræktarfélag Íslands.

3. gr.

4. gr. l. nr. 94 1940 orðist þannig:

7. gr. laganna orðist svo:

Öll loðdýr skulu geymd í fulltryggum loðdýragirðingum og búrum. Skal ávallt setja dýrhelda ytri girðingu um minka- og refabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim. Nánari ákvæði um gerð búra og girðinga setur landbúnaðarráðherra með reglugerð.

Þegar loðdýr eru flutt, skal ávallt flytja þau í öruggu búi. Ef loðdýrin eru geymd í aðhaldi, er skylt að flytja þau í örugga vörzlu (sbr. 5. gr.) eða lóga þeim, hvenær sem hætta þykir á, að dómi trúnaðarmanns, að þau kunni að sleppa úr haldi, svo sem vegna ísalaga milli lands og eyja.

Vanræki sá, er leyfi hefur fengið til loðdýraræktar, að hafa vörzlu loðdýra nægilega tryggja og lögum samkvæma, þrátt fyrir áminningar trúnaðarmanns eða ráðunautar, getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn, að fengnu samþykki ráðunautar, afturkallað fyrirvaralaust hið áður veitta leyfi og krafizt þess, að dýrunum verði strax lógað, nema eigandi komi þeim í örugga vörzlu á öðru loðdýrabúi.

69 Loðdýraeigandi, sem uppvis verður að illri og ómannúðlegri meðferð á loð-
5. júní dýrum sínum, skal missa leyfi sitt til loðdýraræktar á sama hátt og segir í 3. mgr.

5. gr. l. nr. 94 1940 orðist svo: 4. gr.

Á eftir 7. gr. l. nr. 38 1937 komi ný grein, svo hljóðandi:

Hver sá félagi eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi til loðdýraræktar og tekið hefur dýr í vörzlu, svo og þeir loðdýraeigendur, sem koma dýrum sínum í fóður hjá öðrum, en hafa ekki sjálfir leyfi til loðdýraræktar, skulu, án sérstakrar inntökubeiðni eða inntökuskirteinis, verða meðlimir í Loðdýraræktarfélagi Íslands eða öðru félagi loðdýraeigenda, er komi í þess stað, með þeim skyldum og réttindum, er lög félagsins ákveða, enda hafi landbúnaðarráðherra staðfest lög þess. Gjöldum loðdýraeigenda, sem ákveðin eru í félagslögum, fylgi lögtaksréttur.

5. gr.

Í stað 7. gr. l. nr. 94 1940 komi ný grein, svo hljóðandi:

11. gr. laga nr. 38 1937 orðist svo:

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt, er hafi umsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Ráðherra gefur út erindisbréf handa ráðunaut, og skal þar m. a. svo ákveðið, að ráðunauturinn skuli einnig vera í þjónustu Loðdýraræktarfélags Íslands og hlíta fyrirmælum þess um þau störf, er um ræðir í 6. gr., og vera félaginu að öðru leyti til aðstoðar og ráðuneytis um þau félagsstörf eða málefni, er stjórn félagsins óskar eftir og samrýmzt geta störfum hans í umboði ráðherra.

Laun ráðunautar, skrifstofufé og ferðakostnaður greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

12. gr. l. nr. 38 1937 orðist svo:

Loðdýraræktarráðunauturinn hefur með höndum án endurgjalds frá loðdýraeigendum almenna fræðslu og leiðbeiningarstarfsemi í loðdýrarækt, bæði munnlega og í rituðu máli.

Hann skal ferðast á milli loðdýrabúa í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands til eftirlits og leiðbeininga, og skal hann þá einnig framkvæma merkingar loðdýra, eftir því sem við verður komið og óskað er.

Hann skal mæta á fundum Loðdýraræktarfélags Íslands og félagsdeilda þess, þegar óskað er og ástæður leyfa.

Ráðunauturinn skal vera dómari á loðdýrasýningum, eða skipa annan færan mann í sinn stað, ef hann er hindraður í að mæta. Hann skal og hafa yfirumsjón og eftirlit með því, að merking loðdýra sé lögmæt og framkvæmd árlega. Heimilt er í reglugerð að ákveða merkingargjald fyrir þau dýr, er ráðunautur merkir sjálfur, og greiðist gjaldið í ríkissjóð. Ráðunauturinn skal færa ættbók yfir öll fyrstu verðlauna dýr. Heimilt er ráðunaut að taka með í ættbókina veruleg úrvalsdýr, þó að þau hafi ekki verið á sýningu.

7. gr.

Á eftir 16. gr. l. nr. 38 1937 komi ný grein, svo hljóðandi:

Loðdýraræktarráðunauturinn skal annast eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi. Skal hann vera í samvinnu við sýslunefndir landsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 94 1940 inn í lög nr. 38 1937, að slepptum II. kafla síðarnefndra laga, sem numinn er úr gildi með lögum frá 1947 um Ræktunarsjóð Íslands, og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

69

5. júní

L Ö G

um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

70

5. júní

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Um fjárhagsráð og fjárfestingu.

1. gr.

Af andvirði útflutnings hvers árs skal jafnan leggja eigi minna en 15% ársfjórðungslega eftir á á sérstakan reikning erlendis, og skal verja því fé eingöngu til kaupa á framleiðslutækjum og til annarrar nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar 5 manna nefnd, er nefnist fjárhagsráð. Hlutverk þess er að samræma framkvæmdir einstaklinga og almannavaldsins, meðan hinar miklu framkvæmdir í íslenzku atvinnulífi standa yfir, þannig að þær verði gerðar eftir fyrirfram saminni áætlun fjárhagsráðs, er ríkisstjórnin staðfestir.

Fjárhagsráð miði störf sín við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.
2. Að öllum vinnandi mönnum, og þó sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku.
3. Að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands gerð eins ódýr og hagkvæm og frekast er unnt.
4. Að áframhald verði á öflun nýrra og fullkominna framleiðslutækja til landsins, eftir því sem gjaldeyrísástæður og vinnuafli leyfir frekast, enda verði tryggt fé til framkvæmdanna jafnóðum.
5. Að byggðar verði verksmiðjur og iðjuver til þess að vinna sem mest og bezt úr öllum framleiðsluvörum til lands og sjávar, þannig að þær séu seldar úr landi eins fullunnar og frekast er kostur og við staðsetningu verksmiðjanna verði

70
5. júní

- tekið tillit til hvors tveggja í senn, framleiðsluskilyrða og atvinnuþarfa einstakra byggðarlaga.
6. Að bæta starfsskilyrði iðjuvera, sem framleiða vörur, er spara þjóðinni gjaldeyri.
 7. Að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem hagkvæmastan hátt á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar.
 8. Að húsnæðisskortri og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa.

3. gr.

Fjárhagsráð semur fyrirfram fyrir ár hvert áætlun um heildarframkvæmdir. Fyrir yfirstandandi ár semur ráðið áætlun þessa svo fljótt sem auðið er og að svo miklu leyti sem við verður komið.

Í áætlun þessari skal gerð grein fyrir kostnaði við allar stærri framkvæmdir, svo og með hverjum hætti fjár skuli aflað, enda skal kveða á um það, í hverri röð framkvæmdir skuli verða, svo að vinnuafli og fjármagn hagnýtist þannig, að sem mest not verði að.

Enn fremur skal fjárhagsráð fyrir ár hvert heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs, magn og verðmæti. Skal áætlun þessi miðast við það að hagnýta sem best markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna.

4. gr.

Fjárhagsráð leitar samvinnu um samning heildaráætlunar við opinberar stofnanir, félög og einstaklinga, sem framleiðslu, verzlun, iðnað eða annan atvinnurekstur hafa með höndum, er fjárfestingu þarf til. Skulu þessir aðilar senda fjárhagsráði fyrir þann tíma, er það ákveður, áætlun um stofnfjárförf sína, lánsfjárförf, gjaldeyrisþörf og vinnuafliþörf.

Enn fremur skal fjárhagsráð hafa samvinnu við lánsstofnanir í landinu um samningu og framkvæmd fjárfestingaráætlunar, og ber þeim að skýra fjárhagsráði frá fjármagni því, er þær hafa yfir að ráða. Nú telur fjárhagsráð eigi nægilega séð fyrir fjárförf fyrirtækja, er það telur nauðsyn til að stofnsetja, og skal það þá leita samvinnu við ríkisstjórn, lánsstofnanir og aðra aðila, er hlut gætu átt að máli, um fjárföflun til þessara fyrirtækja.

5. gr.

Til hvers konar fjárfestingar einstaklinga, félaga og opinberra aðila, hvort sem er til stofnunar nýs atvinnurekstrar, til aukningar á þeim, sem fyrir er, húsbýgginga eða annarra mannvirkja, þarf leyfi fjárhagsráðs, og gildir þetta einnig um framhald þeirra framkvæmda, sem þegar eru hafnar.

Þó skal ákveðið í reglugerð, að tilteknar minni háttar framkvæmdir séu heimilár án fjárfestingarleyfis. Nánari ákvæði um fjárfestingarleyfi séu sett í reglugerð.

6. gr.

Jafnhliða því sem fjárhagsráð semur áætlun þá um heildarframkvæmdir, er áður greinir, skal það og gera sérstaka áætlun um framkvæmdir ríkisins áður en fjárlög eru samín ár hvert, og sé við samningu þeirrar áætlunar, er ríkisstjórnin og Alþingi geti haft til hliðsjónar, stefnt að því að tryggja landsmönnum öllum næga atvinnu, en koma jafnframt í veg fyrir ofþenslu.

7. gr.

Fjárhagsráð og þeir aðilar, er það felur umboð til þess, hafa með höndum framkvæmd áætlunarinnar, veiting fjárfestingarleyfa, innflutningsleyfa, gjaldeyrisleyfa og verðlagseftirlit, sbr. II. og III. kafla laga þessara.

8. gr.

Fjárhagsráð skal beita sér fyrir samvinnu atvinnurekenda og verkamanna um bættu aðstöðu verkafólks á vinnustöðum, betri hagnýtingu vinnuafis og aukin vinnuafköst.

Fjárhagsráði er heimilt að leggja fyrir vinnumiðlunarskrifstofur landsins að láta fara fram skrásetningu verkafólks almennt eða í einstökum starfsgreinum á þeim tíma og eftir þeim reglum, er fjárhagsráð ákveður.

9. gr.

Ríkisstjórnin í heild hefur yfirstjórn fjárhagsráðs og tekur ákvarðanir um höfuðatriði og sker úr um ágreiningsmál, sem einhver fjárhagsráðsmaður skýtur til hennar.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð ákvæði um skipan, stjórn og starfssvið hinna einstöku deilda fjárhagsráðs, að fengnum tillögum þess.

II. KAFLI

Um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

10. gr.

Fjárhagsráð starfrækir innflutnings- og gjaldeyrisdeild, er einnig hefur með höndum verðlagseftirlit.

11. gr.

Engar vörur má flytja til landsins, nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Frá þessu getur fjárhagsráð gefið undanþágu með auglýsingu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

Innflutnings- og gjaldeyrisdeild er heimilt, ef nauðsyn krefur, að ákveða vöruskömmtnun, að fengnu samþykki fjárhagsráðs.

12. gr.

Hlutverk innflutnings- og gjaldeyrisdeildar er að framkvæma í umboði fjárhagsráðs og í samráði við það heildaráætlun þá, er gera ber samkvæmt 3. gr., þar í innifalið:

1. Að úthluta til innflytjenda innflutnings- og gjaldeyrisleyfum á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og setja þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.
Sé úthlutun leyfanna við það miðuð, að verzlunarkostnaður og gjaldeyriseyðsla verði sem minnst. Reynt verði, eftir því sem frekast er unnt, að láta þá sitja fyrir innflutningsleyfum, sem best og hagkvæmust innkaup gera og sýna fram á, að þeir selji vörur sínar ódýrast í landinu. Skal þetta gilda jafnt um kaupmannaverzlanir og samvinnuverzlanir og miðað við það, að neytendur geti haft viðskipti sín þar, sem þeir telja sér hagkvæmast að verzla.
2. Að ráðstafa gjaldeyri til vörukaupa erlendis fyrir þær vörur, sem eigi eru háðar innflutningsleyfi, svo og til annarra nauðsynja.
3. Að ráðstafa, ef því þykir nauðsyn bera til, farmrými í skipum, er annast eiga vöruflutninga til landsins og eru eign íslenzkra aðila eða á vegum þeirra.
4. Að fara með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit.
5. Að fara með vöruskömmtnun eftir því, sem ákveðið verður.

13. gr.

Engan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis innflutnings- og gjaldeyrisdeildar, nema greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vexti og afborganir bæjar- og sveitar-

70 félagi. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einir kauparétt á 5. júní erlendum gjaldeyri.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipt milli Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f þannig, að hinn síðarnefndi fái einn þriðja gjaldeyris, ef hann óskar, fyrir innkaupsverð, hlutfallslega af hverri mynt, sem keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, er hvor banki fær, getur ríkisstjórnin breytt, ef báðir bankarnir samþykkja. Enginn hefur rétt til að selja erlendan gjaldeyri nema Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f. Þó er pósthjórnninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ríkisstjórnin setur.

Ef gjaldeyrisleyfi hafa á einhverjum tíma verið veitt fyrir hærri upphæð en þá er til í erlendum gjaldeyri, skal ákveða af nefnd — millibankanefnd —, í hvaða röð leyfin skuli afgreidd, og er þá óheimilt að afgreiða þau í annarri röð.

Ráðherra skipar millibankanefnd þannig, að einn er skipaður í nefndina samkvæmt tilnefningu hvors banka og einn án tilnefningar.

Bannað er að flytja íslenskan eða erlendan gjaldmiðil úr landi, nema nauðsynlegan farareyri, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur.

Ráðherra setur með reglugerð fyrir máli til tryggingar því, að íslensk útflutningsverðmæti verði greidd með erlendum gjaldeyri, er renni til bankanna. Enn fremur ákvæði um það, að allur annar gjaldeyrir, sem menn eiga eða eignast, renni til þeirra.

14. gr.

Hver sá, sem innflutningsleyfi eða gjaldeyrisleyfi fær, greiði fjárhagsráði $\frac{1}{2}\%$ af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 1 krónu fyrir hvert einstakt leyfi. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af fjárhagsráði og framkvæmd þessara laga. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

III. KAFLI

Um verðlag.

15. gr.

Innflutnings- og gjaldeyrisdeild skal í umboði fjárhagsráðs og í samráði við það hafa með höndum eftirlit með öllu verðlagi og skal miða verðlagsákvæðanir við þörf þeirra fyrirtækja, sem hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Hefur deildin, bæði af sjálfsdáðum og að fyrirlagi fjárhagsráðs eða ríkisstjórnar, vald og skyldu til að ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, sem máli skiptir um verðlag í landinu. Svo getur innflutnings- og gjaldeyrisdeild úrskurðað um aðra kostnaðarliði, sem máli skipta um verðlagningu á vörum. Þá getur og innflutnings- og gjaldeyrisdeild ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farngjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verkataka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagningar, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Þá getur innflutnings- og gjaldeyrisdeild og ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun og aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku. Ákvæði þessara greinar taka ekki til vöruhegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélagi.

16. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum fjárhagsráðs, verðlagsstjóra, sem gerir tillögur til innflutnings- og gjaldeyrisdeildar um verðlagsákvæði og hefur á

hendi framkvæmd þeirra og eftirlit með, að þeim sé hlýtt. Hann skipar trúnaðarmenn um land allt til verðlagseftirlits. Hann hefur á hendi allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið. Ef upp ris ágreiningur um skilning á verðlagsákvæðum, sker innflutnings- og gjaldeyrisdeild úr.

Peir, sem með verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafist hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu.

17. gr.

Í innflutnings- og gjaldeyrisdeild ræður afl atkvæða, og eru úrskurðir hennar og ályktanir fullnaðarúrslit einstakra verðlagsmála. Þó má taka mál til meðferðar af nýju, ef ástæður hafa breytt eða nýjar skýrslur komið fram, er máli skipta.

18. gr.

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

19. gr.

Allar verðlagsákvæðanir, sem samþykktar eru af innflutnings- og gjaldeyrisdeild, skulu birtar af verðlagsstjóra þegar í stað, og ganga þær í gildi jafnskjótt og gilda, þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvæðanir skulu birtar á þann hátt, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

20. gr.

Eftir gildistöku þessara laga má verðlag ekki hækka á neinu því, sem háð er verðlagseftirliti samkvæmt 15. gr., nema með leyfi innflutnings- og gjaldeyrisdeildar. Bann þetta gildir þó ekki um vörur, sem verðlagðar eru samkvæmt gildandi verðlagsákvæðum.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

21. gr.

Fjárhagsráðsmönnum, innflutnings- og gjaldeyrisdeildarmönnum, verðlagsstjóra og starfsmönnum þessara aðila er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem látnar eru í té samkvæmt lögum þessum, að því leyti, sem þau varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

22. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði, innflutnings- og gjaldeyrisdeild eða embættismönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 20—200 kr. dagsektum. Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða ef brot er ítrekað, má svipta sökuna atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

70

5. júní

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem tekjur fjárhagsráðs hrökkva ekki til. Ef tekjuafgangur verður, rennur hann í ríkissjóð.

23. gr.

Fjárhagsráð hefur rétt til þess að ráða sérfræðinga og annað starfsfólk í þjónustu sína.

24. gr.

Með reglugerð setur ríkisstjórnin nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

25. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

26. gr.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag, lög nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, lög nr. 117 31. des. 1945, um breyting á lögum nr. 62 27. nóv. 1944, um nýbyggingarráð, lög nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, lög nr. 88 30. nóv. 1946, um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, og lög nr. 2 31. jan. 1947, um breyting á lögum nr. 91 30. nóv. 1945, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, svo og önnur lög, er kunna að koma í bág við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, falla niður umboð nýbyggingarráðs og viðskiptaráðs og starfsmanna þeirra, þó ekki fyrr en ríkisstjórnin hefur skipað svo fyrir, og tekur fjárhagsráð þá við öllum eignum og verkefnum þeirra, sem þeim nú eru falin í ýmsum lögum.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

71

5. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Nr. 20 í 15. kafla falli niður.			
2. Nr. 21 í 27. kafla falli niður.			
3. Nr. 3 í 28. kafla orðist svo:			
3 — kolsýra	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
4. Nr. 30 í 28. kafla orðist svo:			
30 — saltpétur (kalíumnítrat)	1 kg	7	30
	—	2	8

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %	71 5. júní
5. Orðin „og perbóröt“ í nr. 38 í 28. kafla falli niður.				
6. Aftan við nr. 42 í 28. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi: 42a Perbóröt og peroxyd	1 kg	7	8	
7. Nr. 60a í 28. kafla orðist svo: 60a Ester, etur og keton, sem notuð eru til upplausnar og mýkingar og talin eru í skrá, staðfestri af fjármála- ráðherra, einnig cyclohexan	—	7	8	
8. Í stað nr. 12 í 30. kafla komi tvö númer, svo hljóðandi: Bronslitir, ót. a.:				
12 — duft	—	7	8	
12a — aðrir	—	7	20	
9. Í stað nr. 7—11 í 39. kafla komi tvö nr., svo hljóðandi: Hjólbarðar og slöngur á ökutæki:				
7 — á bifreiðar og bifhjól	—	7	10	
8 — á önnur farartæki	—	7	10	
10. Nr. 4 í 40. kafla orðist svo: 4 — — Dulfarsplankar ófasaðir og fasaðir úr oregonpine og pitchpine 3×5" eða stærri				tollfrjálsir
11. Nr. 49 í 40. kafla orðist svo: 49 — húsgagnagrindur, ósamsettar, og einstakir húsgagna- hlutar, svo sem stólfætur	—	7	30	
12. Nr. 23 í 44. kafla orðist svo: 23 Vélabéttingar og pípur úr pappa og pappír	—	7	8	
13. Nr. 33 í 44. kafla falli niður.				
14. Í stað nr. 1—3 í 45. kafla komi: Bækur, blöð, tímarit og þess konar rit, ót. a., með fylgi- skjölum og viðaukum, prentuð eða ljósprentuð erlendis: — fyrir íslenzka útgefendur:				
1 — — bundið	—	2	25	
2 — — annað	—	2	15	
3 — annað				tollfrjálst
15. Nr. 4 og 5 í 45. kafla falli niður.				
16. Í stað nr. 9—11 í 45. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi: 9 Landabréf alls konar, sjókort, stjörnukort og aðrir þess konar uppdrættir, ót. a.				tollfrjálsir
17. Í stað nr. 12—13 í 45. kafla komi eitt númer, svo hljóðandi: 12 Myndir til kennslu í náttúrufræði, landafræði, sögu o. þ. h., ót. a.				tollfrjálsar
18. Nr. 17 í 45. kafla falli niður.				
19. Nr. 20a í 45. kafla falli niður.				
20. Orðin „Áteiknaðir eða“ í nr. 42 í 52. kafla falli niður.				
21. Nr. 5 í 58. kafla orðist svo: 5 Granít- og marmaraplötur, sléttar eða slípaðar	—	7	30	
Aths. Ef þessar steintegundir eru einungis slípaðar á einni hlið og að öðru leyti aðeins sagaðar eða tilhöggnaðar, er heimilt að færa verðtollinn niður í 15%.				
22. Nr. 30 í 58. kafla orðist svo: 30 Skraut- og glysvarningur úr steini og steinkenndum efnum	—	120	80	
23. Nr. 17 í 60. kafla falli niður.				

		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
71				
5. júní	24. Nr. 19 í 60. kafla orðist svo:			
	19 — annað	1 kg	2	10
	25. Á eftir nr. 23 í 63. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 23a Oliugeymar, sildaroliugeymar og aðrir slíkir geymar	--	2	8
	26. Nr. 52 í 63. kafla orðist svo: Oliuofnar, gasofnar, oliuvélar og gasvélar	—	2	8
	27. Nr. 61 í 63. kafla orðist svo: Kæliskápar og kælikassar, ót. a.	—	2	8
	28. Nr. 3 í 66. kafla orðist svo: Plötur	—	7	
	29. Nr. 14 í 71. kafla orðist svo: 14 Myndamót (clichéer)	—	7	30
	Aths. Af myndamótum (clichéer) skal ekki greiða verð- toll, ef þau eru lánuð eða leigð hingað til lands og endursend að notkun lokinni, enda fylgist tollyfir- völdin með því, að þau séu endursend.			
	30. Nr. 6—9 í 72. kafla orðist svo:			
	6 — kjötkvarnir, ót. a.	—	2	8
	7 — kaffikvarnir, ót. a.	—	2	8
	8 — þvottavindur og þvottarullur og hlutar til þeirra ..	—	2	8
	9 — annað	—	2	15
	31. Nr. 37—45 í 73. kafla orðist svo:			
	Búsáhöld og hlutar til þeirra:			
	37 — eldavélar og bökunarofnar	—	2	8
	38 — hitunar- og suðutæki, ót. a.	—	2	8
	39 — strauvélar	—	2	8
	40 — þvottavélar	—	2	8
	41 — hrærivélar	—	2	8
	42 — eldhúsvélar, ót. a.	—	2	8
	43 — kæliskápar	—	2	8
	44 — bónvélar, ryksugur og loftræsar	—	2	8
	45 — önnur	—	2	15
	32. Nr. 20 í 77. kafla orðist svo: 20 — aðrir hitamælar, ót. a.	—	7	8
	33. Í stað nr. 8 og 9 í 82. kafla komi þrjár nýir liðir, svo hljóðandi:			
	Tilbúin, mótanleg efni, búin til úr kaseíni, gelatíni, sterkju, fenólum, þvagefni, ftalsýru, efnnum leiddum af sellulósa, og önnur þess konar mótanleg efni, ót. a.:			
	8 — í plötum og stöngum	—	7	15
	9 — fatnaður, nema skófatnaður	—	7	40
	10 — aðrar vörur, ót. a.	—	7	30

2. gr.

Á 2. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Aftan við g-lið komi ný málsg., svo hljóðandi:

Nánari skilyrði fyrir undanþágu þessari má setja í reglugerð m. a. um það, að hlutaðeigendur leggi fram skilríki fyrir tilskildri dvöl sinni erlendis og að þeir hafi raunverulega notað erlendis hina innfluttu muni, að þeir leggi fram skilríki fyrir búsetuheimild sinni hér og greiði gjald fyrir skoðun munanna. Þá

skal og heimilt að ákveða, að undanþágan taki aðeins til heimilismuna að tilteknu verðmæti.

71

2. j-liður orðist svo:

- j. Vörur, sem eru endursendar hingað frá útlöndum vegna þess, að þær seldust ekki þar, eða endursendar eru hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan. Skilyrði undanþágunnar er, að vörurnar komi hingað aftur innan árs frá því þær fóru héðan.

3. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrsta málsgrein falli niður.
2. Í stað orðanna „Enn fremur er fjármálaráðuneytinu heimilt“ í upphafi 2. málsg. komi: Fjármálaráðuneytinu er heimilt.
3. h-liður 3. gr. orðist svo:

h. Að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum hampgarn til veiðarfæra-gerðar.
4. Á eftir h-lið greinarinnar komi fjórir nýir stafliðir, svo hljóðandi:
 - i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar.
 - j. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af umbúðum um innlendar framleiðsluvörur, sem sendar eru til útlanda til sölu þar, og af vörum, sem notaðar eru í vörur þessar til þess að gera þær söluhafari eða til þess að þær geymist betur.
 - k. Meðan heimilt er að hækka gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. nú lög nr. 94 28. des. 1946, að hækka tilsvarendi aðflutningsgjöld af sömu vörutegundum aðfluttum.
 - l. Að lækka eða fella niður aðflutningsgjöld af myndamótum, sem fréttablöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi numin 3. gr. laga nr. 105 14. maí 1940, 3., 7., 17. og 29. liður laga nr. 96 9. júlí 1941, það sem segir um nr. 60a í 17. lið laga nr. 56 4. júlí 1942, lög nr. 56 14. apríl 1943, og 20., 21., 37. og 38. liður og það, sem segir um nr. 17 og 19 í 28. lið laga nr. 6 12. jan. 1945, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Jóhann Þ. Jósefsson.

72
5. júní

L Ö G

um innkaupastofnun ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn innkaupastofnun, sem hefur það hlutverk að annast innkaup vegna ríkisstofnana og sérstakra framkvæmda ríkisins.

2. gr.

Ríkisstjórnin ræður forstöðumann stofnunarinnar og ákveður með reglugerð starfssvið hennar.

3. gr.

Ríkissjóður leggur stofnuninni til nauðsynlegt starfsfé, og er ríkisstjórninni heimilt að taka eða ábyrgjast lán í því skyni.

4. gr.

Innkaupastofnunin skal selja ríkisstofnunum vörur þær, sem hún annast innkaup á, við kostnaðarverði, að viðbættum ómakslaunum, sem svarar kostnaði við rekstur stofnunarinnar.

5. gr.

Skylt er öllum ríkisstofnunum, sem reknar eru fyrir reikning ríkissjóðs, svo og þeim, sem hafa með höndum stjórn sérstakra framkvæmda, sem kostaðar eru af ríkissjóði, að fela innkaupastofnuninni innkaup þeirra nauðsynja, sem falla undir starfssvið hennar, nema ráðherra heimili annað. — Ákvæði þessi taka þó ekki til þeirra innkaupa, sem einkasölum ríkisins eru falin samkvæmt lögum þar um.

6. gr.

Reikningar innkaupastofnunarinnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum ríkisreikninganna og birtir með þeim.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

73

5. júní

um breyting á lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935,
um tekjuskatt og eignarskatt.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Aftan við c-lið 6. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málslíður, svo hljóðandi:
Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis- og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf
með ríkisábyrgð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

74

5. júní

um inngöngu Íslands í Bernarsambandið.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd sáttmála þann, er
gerður var í Bern hinn 9. september 1886 og endurskoðaður í Berlín 13. nóvember
1908 og í Róm 2. júní 1928, um vernd bókmenna og listaverka. Menntamálaráðu-
neytið setur reglur um framkvæmd sáttmálans hér á landi.

2. gr.

Fyrri málsg. 16. gr. laga nr. 13 20. október 1905, um rithöfundarétt og prent-
rétt, orðist svo:

Heimilt er að taka upp í blöð eða tímarit úr öðrum blöðum eða tímaritum dæg-
urgreinar um hagfræðileg efni, stjórnsmál eða trúsmál, nema þess sé getið við grein-
arnar, að eftirprentun sé bönnuð. Eigi nær heimild þessi til sérstakra fylgiritra.

74

5. júní

3. gr.

Ríkisstjórnin skal, eftir því sem verða má, tryggja það, að þýðendur eða bókaútfendur, sem þegar hafa þýtt eða látið þýða erlendar bækur, hafi forgangsrétt til útgáfu þeirra gegn hæfilegri þóknun til eiganda þýðingarréttarins, enda verði bókin gefin út fyrir 31. desember 1948.

Þýðendur og útfendur, sem notfæra vilja sér þetta ákvæði, skulu senda menntamálaráðuneytinu skrá um bækur þessar innan þess tíma, sem ráðuneytið ákveður með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, og færa sönnur á, ef óskað er, að þýðingarstarfið hafi verið hafið, áður en Ísland óskaði inngöngu í Bernarsambandið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

75

5. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna hljóðar svo:

Hreppstjórar hafa laun í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns sem hér segir: Í hreppi með 100 íbúa eða færri eru launin 500 kr. Í hreppi með 101—150 íbúa 560 kr. Í hreppi með 151—200 íbúa 620 kr. og svo framvegis, þannig að launin hækki um 60 kr. fyrir hverja 50 íbúa.

Leggi hreppstjóri niður sýslan eða deyi fyrir lok fardagaárs, ber honum eða búi hans $\frac{1}{2}$ árslauna fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefur gegnt hreppstjórn á fardagaárinu. Árslaun greiðir sýslumaður hreppstjóra á manntalsþingi fyrir hvert liðið fardagaár.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanns, að ákveða hreppstjóra hærri laun en segir í 2. málsg., ef hann fer með sýslan í kaптúni, þar sem eru fleiri en 400 íbúar og lögreglustjóri er eigi búsettur í því kaптúni.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Af aukatekjum þeim, sem taldar eru í 3. til 8. gr. og 10. gr. laganna, greiðir gjaldandi einnig verðlagsuppbót eins og hún er á hverjum tíma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal greiða samkvæmt þeim hreppstjóraun þau, 5. júní er í gjalddaga falla á næstu manntalsþingum 1947.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar.

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1947 og 1948, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

um félagsheimili.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar.

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög og hvers konar

77 önnur menningarfélag, sem standa almenningi opin án tillits til stjórnmalaskoðana, 5. júní eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi. Sama gildir um samkomuhús sveitarfélaga.

2. gr.

Félagsheimilasjóði, sem nokkur hluti skemmtanaskatts rennur í, sbr. lög nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús og breytingu á þeim lögum, skal varið til þess að styrkja byggingar félagsheimila samkv. 1. gr. Ekki má þó styrkur til hvers félagsheimilis nema hærrí fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði þess. Styrkinn má veita, hvort heldur eitt slíkra félaga, sem um ræðir í 1. gr., stendur að byggingu félagsheimilis eða fleiri í sameiningu.

Nú hefur félagsheimili notið eða nýtur byggingarstyrks úr ríkissjóði auk þess, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og má þá styrkur samkvæmt þeim ekki nema meiru en svó, að hann ásamt ríkisstyrknum nemi 40% af byggingarkostnaði.

3. gr.

Stjórn félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. eftir tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar. Ef fræðslumálastjóra og íþróttanefnd greinir á, sker menntamálaráðherra úr. Umsóknir um styrki skulu sendar íþróttanefnd, og fylgi nákvæm lýsing af húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á þeim stað, sem um er að ræða, og um fyrirhugaða notkun þess. Félagsheimili, sem styrks nýtur úr félagsheimilasjóði, skal reist á þeim stað og eftir uppdrætti, sem íþróttanefnd samþykkir. Menntamálaráðherra getur og gert það að skilyrði fyrir styrkveitingu, að sveitarfélag, þar sem félagsheimili á að byggja, láti ókeypis í té viðunandi byggingarlóð, og sett þau skilyrði önnur viðvikjandi gerð og notkun félagsheimilanna, sem hann telur nauðsynleg til þess, að þau komi að sem bestum notum og séu sem mest við hæfi þess bæjar eða þeirrar byggðar, þar sem þau eru reist.

4. gr.

Nú hefur sveitarfélag eða sveitarfélag forgöngu um byggingu félagsheimilis og áskilur sér rétt til þess að nota húsið að meira eða minna leyti til annarrar starfsemi en um ræðir í 1. gr., og skal þá draga frá byggingarkostnaði þess fjárhæð, sem telja má hæfilega vegna þessara nota, og má styrkurinn ekki nema meiru en 40% af því, sem þá verður eftir. Án leyfis menntamálaráðherra er sveitarfélagi óheimilt að taka síðar að nota aukinn hluta hússins til annars en um ræðir í 1. málsg. Leyfi menntamálaráðherra slíkt, skal sveitarfélagið endurgreiða tiltölulegan hluta styrksins. Vilji það síðar láta aukinn hluta hússins eða það allt til þeirrar starfsemi, sem um ræðir í 1. málsl., má veita því viðbótarstyrk, svo sem um nýbyggingu væri að ræða.

5. gr.

Eigendum félagsheimila, sem notið hafa byggingarstyrks úr félagsheimilasjóði, skal skylt að heimila slíkum félögum, sem um ræðir í 1. gr., í sama bæ eða sömu byggð afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef það fer ekki í bága við eðlilega þörf þeirra sjálfra fyrir það. Fræðslumálastjóri og íþróttanefnd geta með samþykki menntamálaráðherra ákveðið hámark afnotagjalds slíkra félaga af félagsheimilum, sem styrkt hafa verið úr ríkissjóði. Verði ágreiningur um, hvort félag eigi rétt á afnotum af félagsheimili, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðherra.

Nú verður samkomulag um það milli eigenda félagsheimilis og annars slíks félags eða félaga, sem um ræðir í 1. gr., að það verði meðeigandi að félagsheimilinu, og skal þá við ákvörðun þeirrar fjárhæðar, er það greiðir, miða við, að það verði

hluttakandi í þeim styrk, sem veittur hefur verið til byggingar hússins úr félagsheimilásjóði eða rikissjóði. Menntamálaráðherra skal samþykkja slík kaup.

77
5. júní

6. gr.

Óheimilt er að selja félagsheimili, sem styrkt hafa verið úr félagsheimilásjóði, án leyfis menntamálaráðherra. Leyfi hann slíka sölu, skal félagsheimilásjóði endurgreiddur styrkur sá, sem úr honum hafði verið veittur til byggingar hússins. Óheimilt er að veðsetja félagsheimili, sem styrkt hafa verið samkvæmt lögum þessum, nema fyrir láni til greiðslu byggingarkostnaðar eða vegna endurbóta á eigninni. Veðlán þessi mega aldrei nema meiru en $\frac{1}{3}$ hluta byggingarkostnaðar og $\frac{1}{2}$ endurbótakostnaðar.

7. gr.

Nú er eitt eða fleiri af félögum þeim, sem staðið hafa að byggingu félagsheimilis, lagt niður, og skal þá það eða þau félög, sem starfa áfram, eiga kost á að taka við húsinu með öllum réttindum og skyldum. Vilji þau það ekki eða séu öll félögin, sem staðið hafa að byggingu félagsheimilisins, lögð niður, skal sveitarstjórn, þar sem félagsheimilið er, eiga þess kost að fá það, ef hún skuldbindur sig til þess að reka það í þágu þeirrar starfsemi, sem um ræðir í 1. gr. Nú neitar sveitarstjórn að taka við félagsheimili til rekstrar eða vill hætta rekstri félagsheimilis, sem hún hefur áður tekið að sér að reka eða haft forgöngu um að byggja, og skal menntamálaráðherra þá skipa 3 manna nefnd, er gera skal tillögur um, hvernig ráðstafa skuli húsinu. Einn nefndarmanna skal skipaður samkv. tilnefningu félaga þeirra, sem síðast höfðu umráð yfir húsinu, annar eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, en hinn þriðji án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Menntamálaráðherra ákveður síðan um ráðstöfun hússins, og er honum heimilt að fá það til rekstrar félagi eða félögum, sem um ræðir í 1. gr., eða að láta selja það til lúknings á hvílandi skuldum og endurgreiðslu byggingarstyrks til félagsheimilásjóðs. Það, sem umfram kann að verða, rennur í félagsheimilásjóð.

8. gr.

Sérhvert félagsheimili, sem byggt er með styrk úr félagsheimilásjóði, skal vera sjálfstæð stofnun, og skulu settar reglur um rekstur og afnot þess, hvers og eins, og menntamálaráðherra staðfesta þær.

9. gr.

Ágreiningi, sem verður um skilning á lögum þessum eða um framkvæmd þeirra, má skjóta til ráðherra.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948. Er samkvæmt þeim heimilt að veita styrk úr félagsheimilásjóði til byggingar félagsheimila, sem hafin hefur verið bygging á eftir 1. janúar 1944, en er ekki lokið, þegar lög þessi öðlast gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Eysteinn Jónsson.

78
5. júní

L Ö G

um fyrningarsjóð ríkisins.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Allar fasteignir ríkissjóðs skal telja til eignar á ríkisreikningi með fasteignamatsverði. Þeim ríkisstofnunum, sem ekki hafa sameiginlegan fjárhag við ríkissjóð, er þó heimilt að telja fasteignir sínar til eignar með kostnaðarverði.

2. gr.

Árlega ber að fyrna fasteignir ríkissjóðs, aðrar en jarðeignir, þannig, að af húsverði þeirra afskrifast af steinhúsum 1% og af timburhúsum 2%.

3. gr.

Af fyrningum þessum skal mynda sérstakan sjóð, „fyrningarsjóð ríkisins“, sem nota skal til endurbyggingar hinna afskrifuðu fasteigna.

4. gr.

Sjóður þessi skal vera í vörzlum fjármálaráðuneytisins, sem sér um ávöxtun hans, og sé hann fráskilinn ríkissjóði.

5. gr.

Nú hrekkur ekki fyrningarfé fasteignar fyrir endurbyggingu hennar, eða reisa þarf nýja byggingu, og er þá fjármálaráðherra heimilt að lána af sameiginlegu fé sjóðsins til þeirra framkvæmda, eftir því sem fé er fyrir hendi og þörf krefur. Slik lán skulu veitt til 40 ára með vöxtum, sem fjármálaráðherra ákveður í hvert skipti.

6. gr.

Í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, skal setja nánari reglur um bókhald fyrir sjóðinn og framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við samning ríkisreiknings fyrir árið 1946.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

79

5. júní

um breyting á lögum nr. 93 25. sept. 1942, um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. málsg. 1. gr. laganna bætist nýr föluliður, þannig:

7. Á Norðausturlandi sunnan Langaness 5 þúsund mála verksmiðju. Undirbúningi að byggingu verksmiðjunnar skal lokið á árinu 1947 og byggingarframkvæmdir hafnar 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

FRAMFÆRSLULÖG

80

5. júní

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Um framfærsluskyldu.

1. gr.

Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og aðhjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar eða framfærslunefndar, og honum haga svo sem hún telur rétt vera, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum.

2. gr.

Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitnið að lögum.

3. gr.

Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín þangað til þau eru 16 ára.

4. gr.

Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefur áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til 16 ára aldurs það eða þau börn hennar, er ekki hafa náð þeim aldri, enda hafi hún foreldraráð yfir þeim, og helzt sú skylda hans, þótt konan deyri, en hverfur, ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

Sömu skyldu að sínu leyti hefur og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefur átt með annarri konu, áður en hún giftist honum. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

5. gr.

Skyllt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins.

6. gr.

Börn skulu ala önn fyrir foreldrum sínum, ef þau eru til þess fær, að svo miklu leyti sem lífeyrir samkv. lögum um almannatryggingar og aðrar tekjur hrökkva ekki til. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri. Sama skylda hvílir á kjörforeldrum og kjörbörnum.

7. gr.

Framfærslumaður á rétt á að taka á heimili sitt þau skyldmenni sín, sem honum er lögskyllt að framfæra, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum og heimili framfærslumannsins ekki aðfinnsluverður dvalarstaður styrkþegans.

Ef styrkþegi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlag af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á styrkþegi tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um, hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar sem styrkþegi á lögheimili eða er staddur, skera úr.

8. gr.

Nú fullnægir framfærslumaður ekki framfærsluskyldu sinni eða veitir ekki styrkþega sínum góða aðbúð, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærsluna gegn endurgjaldi frá framfærslumanni. Endurgjaldið ákveður yfirvald með úrskurði, eftir efnum og ástæðum framfærslumanns, og má skjóta slíkum úrskurði til ráðherra.

Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna á milli, barna yngri en 16 ára né um framfærslu samkvæmt 12. gr.

9. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum 8. gr., ákveður yfirvald meðlag barna með foreldrum, kjörbarna með kjörforeldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru, upphæð barnsfarakostnaðar svo og barnalífeyri, eftir því sem mælt er í lögum um almannatryggingar og lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

10. gr.

Nú er meðlag, lífeyrir eða barnsfarakostnaður samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi, staðfestum af valdsmanni, eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki hjá framfærslumanni samkvæmt lögum nr. 29 frá 16. des. 1885.

Ef ekki er greidd í gjalddaga fólga sú, sem framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum, eða stjúpbarni sínu á sama aldri, þá skal um greiðslu fólgunnar fara sem í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu. 80
5. júní

11. gr.

EKKI er Tryggingastofnun ríkisins skylt að greiða aðrar eða hærri fjárhæðir samkvæmt úrskurði eða samningi um meðlag eða lífeyri með börnum en mælt er í lögum um almannatryggingar.

12. gr.

1. Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sífjalögum og almannatryggingalögum, að því leyti, sem lög þessi ná ekki til.
2. Um framfærsluskyldu húsbænda gagnvart hjúum sínum fer eftir hjúalögum.
3. Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir sjómanna- lögum.
4. Um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart iðnnemum fer eftir lögum um iðna- aðarnám.

Framfærslumaður eða framfærslusveit hjúa, skipverja og iðnnema á sömu framfærslukröfur á hendur húsbónda, útgerðarmanni og lærimeistara eins og aðili sjálfur, ef hann neytir ekki réttar síns.

II. KAFLI

Um framfærslurétt.

13. gr.

Sérhver íslenskur ríkisborgari, eldri en 16 ára, á framfærslurétt í heimilissveit sinni, en heimilissveit er sá kaupstaður eða hreppur, þar sem maður á lögheimili. Þar er lögheimili manns, er hann hefur fast aðsetur.

Verði eigi upplýst um lögheimili manns, er leitar framfærslustyrks, þá skal sú sveit, er hann dvelur í, þegar hann verður styrkþurfi, teljast framfærslusveit hans.

14. gr.

Nú flyzt maður milli sveita, og skal hann þá eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flyzt í, þegar er hann hefur tekið sér þar lögheimili, nema öðruvísi sé fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum. Enginn öðlast þó framfærslurétt í annarri sveit með dvöl sinni þar í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annarri slíkri stofnun, vinnu- hæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Meðan hann dvelst þar á hann framfærslurétt í þeirri sveit, er hann átti framfærslurétt í, er slík dvöl hans hófst, en öðlast framfærslurétt í heimilis- sveit sinni að dvölinni lokinni, er hann hefur komizt af styrklaust í 2 ár óslitið. Sá, er dvalið hefur í skóla, öðlast þó þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er hann tekur sér lögheimili í að skólavistinni lokinni.

15. gr.

Nú flyzt milli sveita maður, er þegið hefur framfærslustyrk á síðustu 2 árum áður en hann flutti, og skal hann þá halda óbreyttri sveitfesti, þar til hann hefur komizt af styrklaust í 2 ár óslitið í hinni nýju heimilissveit.

16. gr.

Um framfærslurétt hjóna, sem skilið hafa samvistir, gilda ákvæði 13., 14. og 15. greinar. Skilgetin börn undir 16 ára aldri eiga framfærslurétt í framfærslusveit for- eldra sinna. Séu hjónin skilin eða sambúð þeirra slitið, á barnið framfærslurétt í

80 framfærslusveit þess foreldrisins, er foreldraráðin hefur eða það fylgir, og helzt sá 5. júní framfærsluréttur, þótt foreldrið deyí.

Nú hafa hjón skilið samvistir án þess að úrskurðað hafi verið um foreldraráð yfir barni þeirra, er hjá hvorugu dvelur, og á barnið þá framfærslurétt í framfærslusveit föður síns eða þeirri sveit, er hann átti síðast framfærslurétt í, sé hann dáinn.

Óskilgetin börn innan 16 ára aldurs eiga framfærslurétt í framfærslusveit móður sinnar.

17. gr.

Nú hefur lögskyldur framfærslumaður barns komið því í fóstur og þangað er lagður með því lögákveðinn barnalífeyrir, eða sveitarstjórn hefur ráðstafað barni með ákveðinni meðgjöf umfram barnalífeyri, og er þá eigi heimilt að taka barnið frá fósturforeldri, hafi það dvalizt þar eigi skemur en þrjú ár, ef þar fer vel um það, að dómi barnaverndarnefndar eða skólaneftndar, þar sem barnið dvelur og fósturforeldrarnir vilja halda því, enda krefjist þeir ekki hærri meðgjafar með barninu en lögboðins barnalífeyris.

18. gr.

Nú verður barn munaðarlaust, en munaðarlaust telst það barn, sem engan lögskyldan framfærslumann á, þann er vitað sé um eða til verði náð, og er þá sveitarstjórn í dvalarsveit barnsins skylt að annast framfæri þess fyrst um sinn, þar til úr því er skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit þess samkvæmt lögum þessum, og skal sú sveit þá taka við framfærslu barnsins, þó með þeim takmörkunum, er segir í næstu grein á undan.

Verði eigi úr því skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit barns, er dvalarsveit þess skylt að annast framfærslu þess. Framfærslustyrkur umfram barnalífeyri veittur samkvæmt þessari grein telst styrkur veittur munaðarlausu barni.

19. gr.

Útlendingar, heimilisfastir hér á landi, eignast framfærslurétt hér, þegar þeir fá íslenzkan ríkisborgararétt.

20. gr.

Maður, sem öðlazzt hefur framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann missir íslenzks ríkisfangs, enda hafi hann öðlazzt ríkisborgararétt í öðru ríki. En öðlist hann aftur íslenzkan ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í heimilissveit sinni.

21. gr.

Nú verður maður, sem eigi á framfærslurétt hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í heimilissveit hans eða dvalarsveit, en endurgreiða skal ríkissjóður framfærslustyrkinn.

22. gr.

Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslenzks ríkisborgara, og ráðherra álitur, að ekki verði hjá því komizt að veita honum viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum með fjölskyldu, ef nokkur er, á þá sveit, er styrkþegi til þess kys, en styrkur sá, er sveitin veitir honum fyrsta árið, er hann dvelst þar, skal henni endurgöldinn úr ríkissjóði.

23. gr.

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis, og skal þá endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði.

Kostnaður við heimflutning frá útlöndum greiðist sömuleiðis úr ríkissjóði fyrir **80**
þann styrkþega og skyldulið hans, sem ofangreindir umboðsmenn annast, ef kostn- **5. júní**
aðurinn fæst ekki á annan hátt greiddur.

III. KAFLI

Um stjórn framfærslumála.

24. gr.

Ráðherra hefur yfirstjórn allra framfærslumála í landinu.

25. gr.

Framfærslumálum heima í héraði stjórna bæjarstjórnir og hreppsnefndir hver í sínu umdæmi.

26. gr.

Í kaupstöðum kýs bæjarstjórn sérstaka nefnd, er nefnist framfærslunefnd, til þess að annast framkvæmdir framfærslumála kaupstaðarins.

Framfærslunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, er bæjarstjórn kýs með hlutfallskosningu. Jafnmargir skulu kosnir til vara. Heimilt skal formanni barnaverndarnefndar að sitja fundi framfærslunefndar og bera fram tillögur, er sérstaklega varða börn samkvæmt lögum um barnavernd.

Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil annarra fastra nefnda bæjarstjórnar.

Nefndin kýs sér sjálf formann.

27. gr.

Hreppsnefndum er heimilt að kjósa framfærslunefnd, og fer þá um skipun hennar og verksvið eins og í kaupstöðum, nema að formaður skólanefndar kemur þar í stað formanns barnaverndarnefndar.

28. gr.

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem framfærslunefndir eru, skal hver sá, er þarfnast opinberrar hjálpar, snúa sér til formanns framfærslunefndar, eða í skrifstofu nefndarinnar, og skýra frá ástæðum sínum. Framfærslunefnd skal þá, svo fljótt sem við verður komið, halda fund um málið, sé það þannig vaxið, að það geti eigi orðið afgreitt án sérstaks fundar eða beðið reglulegs fundar í nefndinni, og ákveða, hverja hjálp nauðsynlegt sé að veita, og skal sú hjálp látin í té af bæjar- eða sveitarsjóði eftir fyrirætlum nefndarinnar.

29. gr.

Framfærslunefnd skal eigi halda sjaldnar fundi en einu sinni í viku. Skal hún þá afgreiða öll þau erindi, er til hennar hafa borizt, og geta hvers einstaks erindis í gerðabók sinni og hvaða afgreiðslu það hafi hlotið.

Nú þykir styrkþega rétti sínum hallað eða eigi nógu vel fyrir þörfum sínum séð af framfærslunefnd, og má hann þá skjóta máli sínu til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Sérhverjum, er ekki vill una þeirri afgreiðslu, sem mál hans hefur fengið hjá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er heimilt að áfrýja því til yfirstjórnar framfærslumálanna, er þá skal fullnaðarúrskurð á leggja.

30. gr.

Framfærslunefnd er skylt að veita hverjum þeim, sem til hennar leitar, allar upplýsingar og leiðbeiningar um framfærslumál, eftir því sem í hennar valdi stend-

80 ur, og sjá um, að styrkþegi fái komið fram réttmætum kröfum sínum eða fengið 5. júní þann framfærslustyrk, sem honum ber, óskertan.

Hún skal einnig sjá um, að þeir, sem fara þurfa til dvalar í sjúkrahús eða aðra stofnun, fái ábyrgð fyrir dvöl sinni þar frá sveitarfélagi sínu eða sjúkrasamlagi, nema því sé áður ráðstafað á annan hátt.

31. gr.

Skylt er framfærslunefnd að stuðla að því eftir megni, að fólk þurfi ekki að leita framfærslustyrks, svo sem með því að hvetja það til að greiða tryggingariðgjöld sín á réttum tíma, brýna fyrir því reglusemi, hjálpa því til að komast í atvinnu, benda hreppsnefnd, bæjarstjórn, atvinnubótanefnd eða vinnumiðlunarskrifstofu á, hvar svo bágar séu kringumstæður, að nauðsyn sé fyrir vinnu, koma börnum til sumardvalar á góð sveitahemili og eiga frumkvæði að öðru því, er í einstökum tilfellum og almennt gæti orðið til þess að forða því frá að þiggja framfærslustyrk.

32. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur setur, að fengnum tillögum framfærslunefndar þar, nánari reglur um tilhögun á framkvæmdum framfærslumála í kaupstaðnum.

33. gr.

Í hreppum, sem eigi kjósa framfærslunefnd, annast hreppsnefnd framkvæmd framfærslumála og gegnir þar skyldum framfærslunefndar samkvæmt lögum þessum, svo sem við á þar.

IV. KAFLI

Um tilhögun styrkveitinga.

34. gr.

Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé hvors tveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar styrkþega.

35. gr.

EKKI MÁ HALDA UNDIRBOÐ Á FRAMFÆRSLU STYRKÞEGA.

36. gr.

Styrkþegum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé veittur þeim í matvælum, fatnaði og öðrum nauðsynjum, eða greiddur þeim í peningum, allt eftir því, sem framfærslunefnd eða hreppsnefnd telur best henta. Húsnæði það, sem styrkþega er útvegað og greitt er fyrir af opinberu fé eða sveitarstjórn leggur til, skal vera sómasamlegt að dómi héraðslæknis. Þar sem almenningsmötuneyti er starfrækt, er framfærslunefnd eða hreppsnefnd heimilt að mæla svo fyrir, að styrkþegar skuli fá mat sinn þar, enda sé mötuneytið að dómi heilbrigðisnefndar að öllu svo útbúið, að sómasamlegt sé, og að matur skuli sendur heim þeim fjölskyldum, sem að dómi framfærslunefndar og héraðslæknis eiga erfitt um að sækja mat þangað.

37. gr.

Nú þarf að ráðstafa styrkþega, og skal honum þá komið fyrir á góðu heimili, þar sem vel fer um hann, hann látinn fara í sjúkrahús, ef lækni álitur þess þörf, eða honum komið fyrir á vinnuhæli eða framfærslu eða atvinnustofnun, sem er undir opinberri umsjón.

Hafi sveitarstjórn ráðstafað styrkþega eða barni til dvalar utan heimilis, **80** á hæli eða annars staðar, og greiðir þar meðlag eða ábyrgist greiðslu þess, þá ber Tryggingastofnun ríkisins að greiða sveitarstjórn bætur styrkþegans eða lifeyri barnsins frá þeim tíma, er henni barst tilkynning um ráðstöfun sveitarstjórnarinnar. 5. júní

38. gr.

Nú þurfa foreldrar, er mikla ómegð hafa, að leita framfærslustyrks til viðbótar barnalífeyri þeim, er þeim ber að lögum, og skal þeim þá lagður hann á heimili þeirra, ef börnin fá þar sómasamlegt uppeldi og vel fer um þau.

Börn má ekki taka frá foreldrum án samþykkis þeirra, nema framfærslu og uppeldi barnanna sé áfátt á þann hátt, er segir í næstu málsgrein.

Ef foreldrar, sem ekki þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, sem hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, skal sveitarstjórn taka þau af heimili foreldranna. Eigi slík börn að lögum rétt á barnalífeyri, skal hann lagður til fósturs þeim, en umframstyrkur, ef greiddur er, svo og meðgjöf, sem greidd er með slíkum börnum, ef þau eiga ekki rétt til barnalífeyris, skal talið framfærslustyrkur veittur foreldrum eða öðrum lögskyldum framfærslumönnum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgöldin.

Sveitarstjórn skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum börnum, er hún annast framfærslu á.

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum án leyfis þeirra.

39. gr.

Þegar um ráðstafanir er að ræða eftir 38. gr., skulu þær eigi framkvæmdar fyrr en barnaverndarnefndir í kaupstöðum og skólanefndir í sveitum hafa haft málið til meðferðar og reynt að leysa það samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, ef það fellur undir ákvæði þeirra, og skal farið eftir tillögum þeirra að því leyti, sem við verður komið. Hið sama gildir um ráðstöfun fávita og vanþroska unglinga, sem nauðsyn krefur, að hið opinbera ráðstafi eða hafi afskipti af.

40. gr.

Sóknarprestar, kennarar og héraðslæknar skulu líta eftir því, að vel sé farið með alla styrkþega í umdæmum þeirra. Þyki einhverjum ofangreindra aðila misbrestur á því vera og geti hann eigi með umvöndun komið lögum á það, ber honum að kæra málið fyrir lögreglustjóra. Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra til lögreglustjóra vanrækslu sveitarstjórnar í þessu efni.

Lögreglustjóri rannsakar kæru þegar í stað. Telji hann kærana á rökum reista ber honum að halda sveitarstjórn til að gæta skyldu sinnar. Hann skal og, ef ástæða er til, skýra félagsmálaráðuneytinu frá kærinni og því, sem rannsókn hans hefur leitt í ljós.

41. gr.

Sveitarstjórn er skylt að sjá um, að börn, sem eru undir hennar umsjón, njóti lögboðinnar skólafræðslu.

V. KAFLI

Um samskipti sveitarstjórna og styrkþega.

42. gr.

Sá, sem fengið hefur framfærslustyrk, er endurgjalda skal, er háður þeim skyldum gagnvart sveitarstjórn, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

43. gr.
Er sveitarstjórn heimtir samkvæmt endurriti af viðskiptareikningi styrkþega styrk, sem honum ber að endurgjalda, getur hún beiðzt lögtaks hjá honum eftir fyrir mælum laga nr. 29 16. des. 1885.

Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. laganna.

44. gr.

Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp eignir styrkþega. Ef þinglýst er eftirriti af uppskriftargerðinni, leggst veðband á hinar uppskrifuðu eignir, er gengur fyrir öllum kröfum öðrum en eldri veðkröfum.

Sveitarstjórn er heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík saka-dómara) um, að vinnuveitandi styrkþega skuli greiða henni kaup hans, ef hann vanrækir að framfæra með því þá, sem hann hefur á framfæri sínu. Ákvörðun valdsmanns má skjóta til ráðherra.

Nú vanrækir vinnuveitandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá gagnvart sveitarstjórn ábyrgð á þeirri upphæð, er hann hefur greitt styrkþega eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

Lausafé og atvinnutæki, sem sveitarstjórn fær styrkþega í hendur eða styrkir hann til að kaupa, skulu vera eign sveitarsjóðsins.

45. gr.

Skyllt er að veita sveitarstjórnnum hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum styrkþega og lögskyldra framfærslumanna hans, er þær óska. Vinnumiðlunarskrifstofur og atvinnurekendur eru og skyldir að láta þeim í té vinnuskýrslur og kaupskrár, þegar þess er óskað.

Bönkum og sparisjóðum er skylt að gefa sveitarstjórnnum upplýsingar um inn- eignir styrkþega og framfærslumanna hans.

46. gr.

Um fjárræði styrkþega fer að lögræðislögum.

47. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík saka-dómara) um, að styrkþega, sem er vinnufær og ekki aflar sér sjálfur atvinnu, sé skylt að gegna þeirri vinnu, sem sveitarstjórn vísar honum á og tilhlýðileg er eftir högum hans og honum ekki um megn. Ákvörðun valdsmanns má skjóta til ráðherra.

Sveitarstjórn er og heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík saka-dómara) um, að styrkþega, sem hefur ekki fyrir heimili að sjá, skuli skylt að vinna af sér á vinnuhæli meðlag eða barnalífeyri, sem sveitarsjóður hefur orðið að greiða með barni hans, skilgetnu eða óskilgetnu, enda þótt hann hafi verið til þess fær. Ákveður hlutaðeigandi valdsmaður, hve lengi vinnan skuli standa. Skal vinnu-tíminn miðaður við, að styrkþeginn hafi kaup, er sé eigi lægra en greitt er fyrir almenna verkamannavinnu í heimilissveit hans

48. gr.

Nú er hátterni manns gagnvart sveitarstjórn eða þeim, sem honum er skylt að framfæra, slíkt sem segir í 180. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 1940, og getur sveitarstjórn þá kært hann til refsingar samkvæmt þeirri grein.

Nú vill maður, áður en til framkvæmdar refsingar kemur, sinna vinnu, sem honum er vísað á samkv. 47. gr., og skal þá fresta framkvæmd refsingarinnar.

VI. KAFLI

Um viðskipti sveitarstjórna og endurgreiðslu framfærslustyrks.

80

5. júní

49. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af heimilissveit hans.

50. gr.

Nú er manni veittur framfærslustyrkur utan þeirrar sveitar, er hann á framfærslurétt í, og skal framfærslusveit hans þá endurgreiða styrkinn að $\frac{2}{3}$ hlutum, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í þessum lögum. Þó skulu greiðslur eftir yfirvaldsúrskurði endurgreiðast að fullu.

Ríkissjóður ábyrgist þessar endurgreiðslur.

51. gr.

Verði maður styrkþurfi utan heimilissveitar sinnar sökum slysa, veikinda, atvinnuleysis eða af öðrum orsökum, er dvalarsveitinni skylt að veita þá aðstoð, sem nauðsynleg er, til þess að styrkþurfinn fái þá læknishjálp og hjúkrun, sem þarf, eða hann komist heim til sín, en endurgreiða skal heimilissveitin dvalarsveit þann kostnað að fullu, og ábyrgist ríkissjóður greiðsluna.

52. gr.

Kröfur um endurgreiðslu á framfærslustyrk, sem eitt sveitarfélag á á hendur öðru, skal gera innan 6 vikna frá styrkveitingu, ella fellur endurkröfurétturinn niður.

Skylt er sveitarstjórn að svara slíkri kröfu innan 6 mánaða frá því að henni barst tilkynning um styrkveitingu, ella fellur niður réttur hennar til mótmæla gegn réttmæti skuldarinnar.

53. gr.

Sá, sem þegið hefur framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur eftir þessum lögum eða öðrum. Því aðeins er þó sveitarstjórn heimilt að gera fjárnám í eignum eða tekjum styrkþega, að afkomu hans framvegis sé með því eigi stefnt í þá hættu, að hann þurfi aftur á framfærslustyrk að halda.

Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldrinu, sem er á lífi, ef annað er dáðið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

Nú nægir eigi lögákveðinn barnalífeyrir til þess að greiða kostnað við uppeldi og framfærslu barns, og skal þá telja þann styrk, sem umfram þarf að veita, veittan móður barnsins, sé hún á lífi.

54. gr.

Nú hefur einhver, sem samkvæmt dómi eða samningi er skyldur til framfærslugreiðslu lögum samkvæmt, vanrækt að gera skyldu sína í þessu efni, og framfærslustjórn hefur þess vegna orðið að greiða þeim, sem réttinn hefur, framfærslustyrk, og telst þá sá styrkur ekki framfærslustyrkur til styrkþega, ef styrkurinn fer ekki fram úr hinni umsömdu eða úrskurðuðu upphæð, heldur framfærslustyrkur til þess, sem vanrækt hefur greiðslur.

55. gr.

Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana, báðum fyrir annað og öðru

80 fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau þá voru í, og ekkert á ekkju, ef hún hefur einn eða fleiri skylduómaga.

Nú hefur dvalarsveit barnsmóður eða framfærslumanns barns orðið að endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins lögákveðinn barnalífeyri, og skal þá framfærslusveit sú, er barnsfaðir á, er lífeyririnn féll í gjalddaga, skyld að endurgreiða dvalarsveitinni meðlagið að fullu, og skal telja það framfærslustyrk veittan barnsföður.

Hafi dvalarsveit barnsmóður eigi fengið barnalífeyri endurgreiddan fyrir þá sök, að ókunnugt hafi verið um dvalarstað barnsföður, eða hann hefur komið undan lagaaðförum, er þeirri sveit heimilt, er hann kemur síðar fram, að ganga að þeim framfærslusveitum, er hann kann að hafa átt meðan ekki náðist til hans.

56. gr.

Skylt er barnsföður að endurgreiða framfærslusveit sinni lífeyri með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, sé hann þess umkominn að dómi sveitarstjórnar. Innheimtumaður, sem annast innheimtu á endurgreiðslukröfum vegna barnalífeyris, getur leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans.

Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn samkvæmt kröfu hennar kaup eða aflahlut manna þeirra, er um ræðir í 1. málsg., til lúkningsar úrskurðuðum meðlögum.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá ábyrgð gagnvart sveitarstjórn á meðlagsskuldinni, allt að þeirri upphæð, er hann hefur greitt barnsföður, eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

57. gr.

Pegar dvalarsveit hefur greitt barnalífeyri, sem innheimta ber hjá öðru sveitarfélagi, skal sveitarstjórn dvalarsveitar, innan sex vikna frá móttöku kvittunar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir greiðslunum, senda til sveitarstjórnar framfærslusveitar kröfu um endurgreiðslu, og skal þá greiða skuldina innan sex mánaða frá móttöku kröfunnar. Kvittun Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja kröfu sveitarstjórnar dvalarsveitarinnar.

Nú vanrækir sveitarstjórn framfærslusveitar að sinna kröfunni, og getur sveitarstjórn dvalarsveitar þá krafizt greiðslu úr ríkissjóði samkv. 50. gr. þessara laga.

58. gr.

Nú hrekkur barnalífeyrir, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir samkv. almanna-tryggingalögnum, ekki til framfærslu munaðarlaus barns innan 16 ára aldurs, og skal þá framfærslusveit þess greiða það, sem til vantar, að barnið fái sómasamlega framfærslu, og telst það styrkur veittur munaðarlausu barni.

59. gr.

Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefja styrkþega endurgreiðslu á styrk, veittum af sveitarfé, til að greiða:

1. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum á skólaskyldu-aldri.
2. Greffrunarkostnað styrkþega, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.
3. Fæðingarhjálp, sem barnsföður er ekki skyld að endurgreiða.
4. Greiðslur til munaðarlausra barna samkv. lögum þessum.
5. Útgjöld vegna útbúnaðar og sendingar barns, sem komið er til dvalar af barnaverndarnefnd eða framfærslunefnd utan heimilissveitar sinnar.

6. Framfærslustyrk veittan mönnum 60 ára eða eldri. 80
 7. Framfærslustyrk, veittan mæðrum, sem hafa fleiri en tvö börn á framfæri 5. júní
 og aðeins stunda húsmóðurstörf á eigin heimili.
 8. $\frac{1}{2}$ hluta af kostnaði við langvinna sjúkdóma, samkv. l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuþla.

Allur sá styrkur, sem hér um ræðir, skal þó í bókum sveitarinnar talinn framfærslustyrkur veittur á því ári, sem hann er greiddur úr sveitarsjóði.

60. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn framfærslustyrk.

61. gr.

Nú hefur styrkþega verið ráðstafað af framfærslunefnd eða hreppsnefnd í annað framfærsluhérað, og vinnur hann sér þá eigi sveit í hinu nýja héraði fyrir en í fyrsta lagi að 6 árum liðnum. Ber þeirri sveit, er ráðstafaði honum til dvalar, að kosta framfærslu hans fyrstu 4 árin, ef með þarf, hvort sem hann þarf árlegan styrk eða ekki, og eftirleiðis þangað til hann hefur komizt af tvö ár óslitið án framfærslustyrks.

62. gr.

Nú þarfnast maður framfærslustyrks áður en 2 ár eru liðin frá því að hann fluttist til þess framfærsluhéraðs, er hann á heima í, án þess um ráðstöfun samkv. 61. gr. sé að ræða, og skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann, ef ástæða er til, rannsaka eftirfarandi atriði:

1. Hvar styrkþegi átti áður heimilissveit.
2. Hvort hann þáði þar framfærslustyrk, og hve mikinn.
3. Hvenær hann síðast þáði framfærslustyrk þar.
4. Hvort sveitarstjórn fyrrv. heimilissveitar hans eða einstakir sveitarstjórnarmenn, eða aðrir áhrifamenn, hafi hvatt styrkþega til að flytja búferlum, lagt fram fé í því skyni eða á annan hátt beint eða óbeint stutt að för hans, svo sem með gjöfum eða samskotum, svo af því megi ætla, að þær ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að losa fyrrverandi heimilissveit við verandi eða væntanleg þyngsli vegna styrkþegans eða fjölskyldu hans.
5. Önnur atriði, er sveitarstjórn eða framfærslunefnd telur nauðsynlegt að upplýsa í þessu sambandi.

63. gr.

Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar, að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 61. gr., skal þeirri sveit, er hann flutti úr, skylt að endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hann eða fjölskylda hans þarf að þiggja í framfærslustyrk meðan hann dvelur þar.

Sama gildir, ef það sannast, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar hafi lagt fram fé, beint eða óbeint, til þess að styrkþegi gæti komizt hjá því að biðja um framfærsluhjálp fyrstu tvö árin.

64. gr.

Nú verður sveitarstjórn uppvís að því að hafa stuðlað að flutningi manns til annars sveitarfélags, og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 63. gr., og skal þá ríkissjóður endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hún leggur út hans vegna, og innheimta síðan upphæðina hjá fyrrverandi heimilissveit mannsins.

80
5. júní

VII. KAFLI

Um jöfnun framfærslukostnaðar.

65. gr.

Í lok hvers reikningsárs, og eigi síðar en 1. júní næsta ár, senda bæjarstjórnir og hreppsnefndir til ráðuneytisins skýrslu yfir framfærslukostnað í kaupstaðnum eða hreppnum umliðið ár og í því formi, sem ráðuneytið ákveður.

Skýrslunni skal fylgja vottorð, staðfest af bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra, um, hve margir karlar og konur á aldrinum 18—60 ára eiga heimili í kaupstaðnum eða hreppnum.

66. gr.

Sýslumenn skulu fyrir 15. júlímánaðar ár hvert senda ráðuneytinu skýrslu um samanlagðar skattskýldar tekjur allra íbúa hvers einstaks hrepps sýslunnar samkvæmt skattskrá fyrir umliðið ár, svo og um skuldlausar eignir samkvæmt sömu skattskrá og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi, sem skatt ber að greiða af síðastliðið ár. Á sama hátt ber bæjarfógetum í kaupstöðum og skattstjóranum í Reykjavík að senda ráðuneytinu tilsvarendi skýrslur úr umdæmum þeirra.

67. gr.

Framfærsluhéruðum landsins skal skipta í tvo flokka. Eru í öðrum flokknum allir kaupstaðirnir og kauptún þau, sem hafa yfir 500 íbúa og eru sérstök sveitarfélög, en í hinum flokknum eru öll önnur sveitarfélög.

68. gr.

Eftir skýrslum þeim, sem um getur í 65. og 66. gr., reiknar ráðuneytið út, hver er meðaltalsframfærslukostnaður í hvorum jöfnunarflokknum fyrir sig. Skal það gert á þann hátt að miða að $\frac{1}{3}$ hluta við tölu þeirra karla og kvenna, sem eru á aldrinum 18—60 ára, að $\frac{1}{3}$ hluta við skattskyldar tekjur, að $\frac{1}{6}$ hluta við skuldlausar eignir og $\frac{1}{6}$ hluta við fasteignamat.

69. gr.

Nú fer samanlagður framfærslukostnaður sveitarfélags fram úr meðaltali framfærslukostnaðar í þeim jöfnunarflokki, sem sveitarfélagið tilheyrir, reiknað á sama hátt og segir í næstu grein á undan, og fá sveitarfélögin þá endurgreiðslu úr jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, þannig, að hvert sveitarfélag greiðir meðaltalsframfærslukostnað í sínum flokki að frádragnum 10% og fær endurgreidda $\frac{2}{3}$ hluta þess, sem umfram er. Minni upphæð en 100 krónur greiðist þó aldrei neinu bæjar- eða sveitarfélagi.

Hrökkvi tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga ekki til þess að endurgreiða fátækrajöfnunarféð, greiðir rikissjóður það, sem á vantar, þar til full endurgreiðsla er fengin samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar.

70. gr.

Nú eru skýrslur þær, er um ræðir í 65. og 66. gr., eigi komnar til ráðuneytisins á þeim tíma, sem þar er tiltekinn, og skal þá með símskeyti eða á annan fulltryggan hátt tilkynna hreppsnefndum, bæjarstjórnnum og embættismönnum þeim, sem þar eru tilgreindir, að skýrslur þeirra skuli afhendast fyrir nánar tiltekinn dag.

Nú verður misbrestur á því, að skýrslur komi þrátt fyrir tilkynningu samkvæmt 1. málsgr., og skal þá við útreikning nota tilsvarendi skýrslu síðastliðins árs, en hreppar þeir og kaupstaðir, sem vanrækslu hafa sýnt, missa rétt til endurgreiðslu fyrir það ár, þótt þeir ættu tilkall til hennar samkvæmt útreikningi.

71. gr.

Ráðuneytið skal hafa lokið skiptingu framfærslufjár milli bæjar- og sveitarfélaga í fyrsta flokki eigi síðar en 1. ágúst og í öðrum flokki eigi síðar en 1. október.

80

5. júní

72. gr.

Ráðuneytið hefur úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittan framfærslu- styrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Sannist það á einhverja sveitarstjórn, að hún visvitandi gefi rangar skýrslur eða upplýsingar í þeim tilgangi að öðlast endurgreiðslu frá rikissjóði, missir viðkomandi sveitarfélag rétt til allrar endurgreiðslu frá rikissjóði það ár, auk þeirrar hegningar, sem sveitarstjórnin kann að baka sér með slíku athæfi samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

73. gr.

Nú hafa sveitarstjórnir gert samninga sín á milli um framfærslu styrkþega, áður en lög þessi koma til framkvæmda, og skulu þeir samningar þá haldast, ef þeir brjóta eigi í bág við ákvæði þessara laga eða almannatryggingalaga.

Um styrkþurfa, sem ráðstafað hefur verið utan sveitar af sveitarstjórn, áður en lög þessi öðlast gildi, skal fara sem segir í 61. gr. þessara laga.

74. gr.

Úrskurðir yfirvalds, uppkveðnir fyrir gildistöku þessara laga, um meðlög með skilgetnum eða óskilgetnum börnum, svo og staðfestir samningar um sama efni, halda gildi sínu með þeim breytingum, að meðlagsfúlgan fer eftir lögum um almannatryggingar og verður jafnhá barnalífeyri eins og hann er ákvæðinn í þeim lögum á hverjum tíma, og að meðlagsgreiðslan fer fram mánaðarlega.

75. gr.

Nú hefur framfærsluþurfi misst rétt til bóta eða lífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar, vegna vanskila á iðgjaldi, og getur sveitarstjórn þá keypt honum full réttindi samkvæmt þeim lögum með því að greiða vangoldin iðgjöld hans, en þó ekki hærri upphæð en svarar til 5 ára iðgjalds.

76. gr.

Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafist er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðila varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á pósthönd til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

77. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru frá sama tíma úr gildi felld framfærslulög, nr. 52 12. febr. 1940, svo og önnur ákvæði eldri laga, er brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Hafi sveitarfélag, sem á árinu 1946 greiddi ellilaun og örorkubætur fyrir fram, greitt slíkar bætur fyrir janúar 1947 samkvæmt tilkynningu félagsmálaráðu-

80
5. júní

- neytisins til sveitarstjórna, dags. 24. des. 1946, endurgreiðir ríkissjóður helm-
ing bótanna eftir sömu reglum og giltu árið 1946.
2. Við ákvörðun örorkustyrks samkv. 3. bráðabirgðaákvæði laga um almanna-
tryggingar skal þess gætt, að þeir öryrkjar, er þar greinir og fengið hafa örorku-
bætur árið 1946, missi einskis í við, að lögín um almannatryggingar koma til
framkvæmda, enda greiði ríkissjóður það, sem til kann að vanta, að fjárveit-
ingin úr tryggingarsjóði hrökkvi.
- Ákvæði þetta gildir þó aðeins til ársloka 1948.
3. Nú hefur móðir óskilgetins barns, sem hún kennir erlendum manni, fengið
greitt meðlag með því af sveitarfé í dvalarsveit sinni, þegar lög þessi öðlast
gildi, og er þá valdsmanni heimilt að úrskurða, að hún skuli fá greiddan barna-
lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, ef hún færir gildar líkur að faðerninu.
Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, svo og þau meðlög, sem sveitar-
sjóðir hafa greitt mæðrum slíkra barna fyrir gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

81
5. júní

L Ö G

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af öllum íslenskum sjávarafurðum, sem fluttar eru
til útlanda, er nemi 1¼% af verði afurðanna.

2. gr.

Greiða skal, auk gjaldsins skv. 1. gr., útflutningsgjald af öllum sjávarafurðum,
öðrum en saltaðri síld, er nemi ½% af verðmæti afurðanna.

3. gr.

Af hverjum 100 kg af síldarmjöli skal greiða í ríkissjóð kr. 1.00. Af hverjum
100 kg af óþurrkuðum fiskúrgangi kr. 0.50. Af hverjum 100 kg af síld, sem flutt
er út óunnin til bræðslu, kr. 0.25. Af hverjum 100 kg af fiskúrgangi, hausum og
beinum, þurrkuðum og óunnum, kr. 3.00, þó þannig, að ef þessar afurðir eru skatt-
lagðar með útflutningsgjaldi til bæjarsjóðs eða hafnarsjóðs, þá greiðist í ríkissjóð
gjald, er nemur því, sem á vantar kr. 3.00 af 100 kg.

Brot úr tolleiningu, sem er ½ eða meira, telst heil tolleining, en minna broti
skal sleppt.

4. gr.

Ríkissjóður sér um innheimtu gjaldanna, en gjöldin samkv. 1. og 2. gr. skiptast
þannig milli eftirtaldra aðila:

1. Af gjaldinu samkv. 1. gr. skal renna:
 - a. Til Fiskveiðasjóðs Íslands 1½%.
 - b. Til að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsóknna og fiskifræðirannsóknna, sem reist verður á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans, ⅛% fram til ársloka 1949, en eftir þann tíma fellur gjaldið niður, og lækkar þá útflutningsgjaldið samkv. 1. gr. sem þessu nemur.
 - c. Til Landssambands íslenskra útvegsmanna ⅛%.
2. Gjaldið samkvæmt 2. gr. skal renna til fiskimálasjóðs.

81

5. júní

5. gr.

Gjald það, sem ræðir um í 1. og 2. gr., skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, eða söluverð erlendis (cif), að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi. Ef afurðir eru sendar óseldar, skal lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs ákveða gjaldið eftir því, sem ætla má, að verðar séu með umbúðum, fluttar um borð. Sendandi eða umboðsmaður hans er skyldur til að gefa lögreglustjóra vottorð, að viðlögðum drengskap, um, hvort hið senda er selt eða ekki, og ef selt er, þá söluverð og söluskilmála.

6. gr.

Nú sannar sendandi það, áður 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á hinar útfluttu óseldu fiskiafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær, og er þá fjármálaráðuneytinu heimilt að endurgreiða mismuninn.

7. gr.

Til afurða þeirra, er í 1. og 2. gr. getur, telst og afli skipa, er eigi eru skrásett hér á landi, sem verkaður er eða fluttur milli skipa í landhelgi eða á höfnum inni, þótt veiddur sé utan landhelgi.

Hvers konar aðgerð á afla telst verkun, t. d. ef afli er saltaður, ísaður, slægður o. s. frv.

Til téðra afurða telst enn fremur afli hér við land af skipum, sem ekki eru skrásett hér á landi, en hafa þó rétt til að veiða og verka afla í landhelgi. Ríkisstjórninni er þó heimilt, ef hún telur það nauðsynlegt vegna gagnkvæmra viðskipta-samninga, að undanþiggja gjaldi þessu þau þessara skipa, sem ekki taka höfn hér á landi á því almanaksári, sem þau að einhverju leyti stunda veiðar á hér við land.

8. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Gjaldið greiðist lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs þar, sem varan er tekin, eða ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar, sem skipið leggur frá landi.

9. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef send-

81 andi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn 5. júní skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

10. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

11. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldunum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—50000 kr., nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farni, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur grun um, að skilríki þau, er um getur í 6. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögglumál.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: lög nr. 47 frá 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, l. nr. 63 frá 1935, um útflutningsgjald, 2. tölul. 13. gr. l. nr. 75 frá 1937, um fiskimálanefnd o. fl., og ákvæði til bráðabirgða við l. nr. 41 frá 1946.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um innheimtu og skiptingu útflutningsgjalda af sjávarafurðum, framleiddum árið 1947, skv. ákvæðum þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

82

5. júní

um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stofna skal og halda í Reykjavík skóla, er nefnist Matsveina- og veitingaþjónaskóli. Aðsetur skólans er í sjómannaskólahúsinu. Skólinn skal veita hagnýta fræðslu þeim, sem gerast vilja matsveinar eða veitingaþjónar á skipum eða í gisti- og veitingahúsum.

2. gr.

Inntökuskilyrði eru:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða kvilla, sem geti orðið öðrum nemendum skaðvænn eða hættulegur;
3. að hann hafi óflekkað mannorð;
4. að hann hafi lokið miðskólaprófi samkvæmt lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu.

3. gr.

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu ákveðnar í reglugerð.

4. gr.

Kennslu skal haga þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar og framreiðslumenn á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið. Náms tími fyrir fullgilda matsveina og veitingaþjóna skal vera þrjú ár. En heimilt er nemendum að verja nokkrum hluta náms tímans í nám hjá meisturum í iðninni í veitingahúsi eða á farþegaskipi, og skal kveða nánar á um það í reglugerð. Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrífalega og hátt-
prúða umgengni og snyrtimennsku.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta starfrækja mótuneyti og matsölu í sambandi við skólann.

6. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og aðra kennara, og skal skólastjóri jafnframt vera bryti skólans. Ráðherra skipar einnig þriggja manna skólanefnd, skólastjóra til aðstoðar. Skal hún skipuð til 4 ára í senn.

82 Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, 5. júní námsefni og kennaralið.

7. gr.

Fyrstu fimm árin eftir að skólinn tekur til starfa, er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá því inntökuskilyrði, er felst í 4. lið 3. gr. þessara laga.

8. gr.

Allur kostnaður við skólahald, mötuneyti og matsölu greiðist úr rikissjóði.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

83

5. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 frá 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Lögtaksrétturinn fylgir skuldakröfunni, og ber hann því hverjum þeim, er hann síðar eignast. Rétturinn helzt þangað til 2 ár eru liðin frá gjalddaga. Þó er það nóg, að lögtaksgerð sé byrjuð innan tveggja ára frestsins, enda sé lögtakinu haldið áfram með hæfilegum hraða. Séu gjalddagar lögtakskröfu fleiri en einn, skal þó telja frestinn frá síðari eða síðasta gjalddaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

84

5. júní

um veiting ríkisborgararéttar.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Abraham, Robert Louis Eugen, söngstjóri í Reykjavík, fæddur 17. maí 1912 í Þýzkalandi.
2. Als, Emil, námsmaður, Reykjavík, fæddur 6. jan. 1928 í Danmörku.
3. Ásgeir Ingimundarson, veggfóðrari í Reykjavík, fæddur 6. sept. 1881 á Íslandi.
4. Áberg, Nanna Jónsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 6. nóv. 1898 á Íslandi.
5. Áberg, Ketty Ellen Margrethe, Reykjavík, fædd 21. okt. 1928 í Danmörku.
6. Babel, Svava Blöndal, frú í Reykjavík, fædd 9. desember 1902 í Canada.
7. Baldur Arent Nielsen-Edvin, listmálari í Reykjavík, fæddur 23. jan. 1918 í Danmörku.
8. Beckmann, Ernst Wilhelm, myndskurðarmaður, f. 5. febr. 1909 í Þýzkalandi.
9. Bendtsen, Bendt Dahlbom, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 14. des. 1906 í Danmörku.
10. Björn Malmfred Björnsson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. febr. 1913 í Noregi.
11. Dannheim, Katrin Dalhoff, tónlistarkennari í Reykjavík, fædd 5. nóv. 1916 á Íslandi.
12. Dofri, Steinn Jónasson, ættfræðingur, fæddur 11. apríl 1875 á Íslandi.
13. Dyrset, Einar Ansgar Jósteinsson, verkamaður í Reykjavík, fæddur 4. febrúar 1904 í Noregi.
14. Ellerup, Johan Gerhardt Ole Christian, apótekari á Seyðisfirði, fæddur 8. jan. 1904 í Danmörku.
15. Erik Ingvar Ingvarsson, mjólkurfræðingur í Reykjavík, fæddur 13. des. 1915 í Danmörku.
16. Hensing, Kristín Lára Kristinsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 17. sept. 1916 á Íslandi.
17. Herlufsen, Harry Otto August, rakari á Ísafirði, fæddur 18. ágúst 1913 í Danmörku.
18. Hinz, Hans Joachim Gunnar Theodór Magnús, vélvirkjanemi í Reykjavík, fæddur 10. maí 1927 á Íslandi.
19. Huseby, Kristian Matthias, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 18. marz 1899 í Noregi.
20. Ingibjörg Alexandersdóttir, ljósmyndari í Reykjavík, fædd 6. september 1925 á Íslandi.
21. Jack, Robert John, settur sóknarprestur í Heydalaprestakalli, fæddur 5. ágúst 1913 í Skotlandi.
22. Jedlichová, Laufey Einarsdóttir, ekkja í Reykjavík, fædd 9. febr. 1906 á Íslandi.
23. Johnsen, Gunnar, bílstjóri og bóndi í Marklandi, fæddur 4. janúar 1911 í Noregi.

- 84 24. Jóhann Páll Björnsson, laxveiðimaður, Reykjavík, fæddur 29. marz 1878 á Íslandi.
5. júní 25. Jóhann Stefán Thorarensen, fyrrv. bóndi, Akureyri, fæddur 7. ágúst 1872 á Akureyri.
26. Jörgensen, Alfred Christian, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur 25. apríl 1901.
27. Jörgensen, Bent Bjarno, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 25. ágúst 1927 í Danmörku.
28. Katrín Ólafsdóttir Mixa, frú, Reykjavík, fædd 3. marz 1916 á Íslandi.
29. Kári Haukur Sigurjónsson, aðstoðarmaður í Reykjavík, fæddur 14. júní 1911 í Kanada.
30. Klahn, Albert Gerhard Ferdinand, hljómsveitarstjóri í Reykjavík, fæddur 10. ágúst 1885 í Þýzkalandi.
31. Lárus Sigurjónsson, skáld í Reykjavík, fæddur 14. ágúst 1874 á Íslandi.
32. Lilja Guðjónsdóttir, þerna í Hafnarfirði, fædd 16. sept. 1904 á Íslandi.
33. Lindemann, Albert Volker, forstöðumaður í Varmahlíð í Skagafirði, fæddur 17. ágúst 1899 í Þýzkalandi.
34. Nielsen, Orla Egon, rakari í Reykjavík, fæddur 16. apríl 1912 í Danmörku.
35. Olsen, Ole, verkamaður í Njarðvíkum, fæddur 8. nóv. 1899 í Færeyjum.
36. Pedersen, Herbert Helmuth Marinus, matsveinn í Reykjavík, fæddur 21. apríl 1913 í Danmörku.
37. Petersen, Aage Laurits, fulltrúi í Reykjavík, fæddur 14. des. 1879 í Danmörku.
38. Petersen, Ludvig Christian Idon Marius Bonnesen Stabell, matsveinn í Reykjavík, fæddur 7. sept. 1903 í Danmörku.
39. Sonnenfeldt, Kurt Gustav, tannlæknir á Siglufirði, fæddur 3. ágúst 1909 í Þýzkalandi.
40. Syre, Gabriel, verkamaður á Ísafirði, fæddur 16. júlí 1914 á Íslandi.
41. Vestmann, Ingibjörg Einarsdóttir, iðnmær í Reykjavík, fædd 25. des. 1919 í Kanada.
42. Waag, Árni, nemandi í Reykjavík, fæddur 12. júní 1925 í Færeyjum.
43. Þórarinn Jónsson, bankamaður í Reykjavík, fæddur 19. ágúst 1909 á Íslandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

85

L Ö G

5. júní um breyting á lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

HANDIAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

6. gr. laganna orðist svo:

1. gr.

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkvæmt lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið sem hér segir:

1. 40% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið eftir því, sem fyrir verður mælt í lögum um þjóðleikhús. 85
2. 50% skattsins renni í félagsheimilassjóð, og skal honum varið eftir því, sem fyrir verður mælt í lögum um félagsheimili. 5. júní
3. 10% renni til lestrarfélaga og kaupa á kennslukvikmyndum, og skal $\frac{1}{3}$ hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en $\frac{2}{3}$ til kennslukvikmyndasafna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 56 1927 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um skemmtanaskatt, rekstrarsjóð þjóðleikhúss, félagsheimilassjóð o. fl.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um þjóðleikhús.

86

5. júní

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Þjóðleikhúsið skal rekið í samræmi við ákvæði laga þessara.

2. gr.

Í þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem tengdar eru leiksviði. Starfsemi þessa skal leikhúsið rækja svo, að hún verði sem öflugust stoð íslenzkri menningu. Höfuðhlutverk leikhússins skal vera að:

1. flytja íslenzka og erlenda sjónleiki og enn fremur söngleiki og leikdansa eftir því sem við verður komið;
2. vera til fyrirmyndar um meðferð íslenzkrar tungu;
3. halda skóla til eflingar íslenzkri leikmennt.

Þjóðleikhúsið skal flytja leikrit í ríkisútvarpið, sbr. 10. gr., sjónleiki utan Reykjavíkur eftir því, sem við verður komið, og vinna að eflingu leiklistar hvarvetna á landinu.

3. gr.

Menntamálaráðherra ræður þjóðleikhússtjóra og skrifstofustjóra.

Enn fremur skipar menntamálaráðherra fimm menn í þjóðleikhúsráð, fjóra samkvæmt tillögum fjögurra fjölmennustu stjórnmalaflokkanna á Alþingi, en einn samkvæmt tillögu félags íslenzkra leikara. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins. Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri þjóðleikhússins.

86 Leita skal tillagna Þjóðleikhúsráðs um allar meiri háttar ákvarðanir, er stofnunina 5. júní varða.

Þjóðleikhússtjóri ræður fasta leikara til allt að fimm ára í senn og gerir við þá ráðningarsamninga, hann ræður og aðra starfsmenn, enda samþykki menntamálaráðherra og Þjóðleikhúsráð fjölda leikara og annarra starfsmanna og ráðningarkjör þeirra.

Í reglugerð, er menntamálaráðherra setur, skal mælt fyrir um verkefni starfsmanna Þjóðleikhússins hvers um sig og annað, er að stjórn og fyrirkomulagi leikhússins lýtur og þörf þykir að setja um fastar reglur.

4. gr.

Laun fastráðinna starfsmanna skulu ákveðin í launalögum. Þangað til það verður gert, skulu þau ákveðin af menntamálaráðherra með hliðsjón af ákvæðum launalaganna.

Leikhúsráð skal vera ólaunað.

5. gr.

Þeir starfsmenn Þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til minnst eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, skulu greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda og aðrir starfsmenn ríkisins.

Þeir af fastráðnum starfsmönnum Þjóðleikhússins, sem áður hafa unnið hliðstæð störf í þágu íslenzkrar leiklistar, skulu einnig eiga kost á að njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma. Ráðherra ákveður réttindatíma hvers og eins að fengnum upplýsingum og tillögum félags íslenzkra leikara.

6. gr.

Við Þjóðleikhúsið skal starfa leikritanefnd, og eiga í henni sæti Þjóðleikhússtjóri, fulltrúi frá leikhúsráði og fulltrúi frá fastráðnum leikurum, og skulu hinir tveir síðarnefndu kjörnir til þessa starfa til tveggja ára í senn. Nefndin skal ræða þau leikrit, er Þjóðleikhússtjóri hyggst taka til sýningar, og skulu fulltrúar leikhúsráðs og leikara vera honum til aðstoðar við val leikrita.

7. gr.

Leikár telst frá 1. júlí til 30. júní.

Ráðningu starfsmanna Þjóðleikhússins skal miða við leikár.

8. gr.

Þjóðleikhússtjóri skal fyrir lok júnímánaðar ár hvert afhenda menntamálaráðherra til athugunar og samþykktar frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár.

Í lok hvers leikárs skal Þjóðleikhússtjóri afhenda menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skýrslu og reikning um rekstur Þjóðleikhússins á liðnu starfsári.

9. gr.

Við Þjóðleikhúsið skal starfa leikskóli. Þjóðleikhússtjóri ræður kennara og annað starfslið hans.

Um rekstur hans skal kveða á í reglugerð.

10. gr.

Náið samstarf skal vera milli Þjóðleikhússins og ríkisútvarpsins. Þjóðleikhúsið lætur ríkisútvarpinu í té leikrit til flutnings, eftir því sem samkomulag verður um milli Þjóðleikhússtjóra og útvarpsráðs. Starfsmönnum Þjóðleikhússins ber hvorki sérstök þóknun fyrir slíkan flutning né leiksýningar utan Reykjavíkur.

11. gr.

Begar leikhúsið er ekki notað til leiksýninga, má nota það til hljótleikahalds og kvikmyndasýninga. 5. júní

86

12. gr.

Verði tekjuafgangur af rekstri þjóðleikhússins, skal hann lagður í rekstrarsjóð þess. Verði rekstrarhalli, skal hann greiddur úr rekstrarsjóði þjóðleikhússins. Með rekstrarkostnaði leikhússins telst allur kostnaður við þjóðleikhúsbygginguna, eftir að hún er fullgerð.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum þjóðleikhússins, og þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum þess.

13. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

87

um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

5. júní

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Þau börn teljast óskilgetin, sem hvorki fæðast í hjónabandi foreldra sinna né svo skömmu eftir hjúskaparslit þeirra, að þau geti verið getin í hjónabandinu.

2. gr.

Nú giftast karl og kona, sem átt hafa saman óskilgetið barn, og skal þá barn þeirra talið skilgetið.

3. gr.

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni þess fyrir presti eða valdsmanni eða bréflaga og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins.

Nú er sambúð karls og konu óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 2 árum eftir hana, og jafngildir hún þá faðernisjátningu.

4. gr.

Gangist karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, ekki við faðerni þess, má höfða mál til sönnunar faðerninu. Um réttarfar í slíkum málum fer að réttarfarslögum.

87

5. júní

Móðir er skyld að framfæra og ala upp óskilgetið barn sitt sem skilgetið væri, enda er afstaða óskilgetins barns gagnvart móður þess söm sem afstaða skilgetins barns gagnvart foreldri.

5. gr.

6. gr.

Nú hefur karlmaður gengizt við faðerni óskilgetins barns, verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall eða eiður fallið á hann, og er honum þá, jafnt móður þess, skylt að kosta framfærslu barnsins og upplei.

7. gr.

Heimilt er barnsmóður eða öðrum framfæranda óskilgetins barns, þar á meðal sveitarstjórn, að semja fyrirfram jafnvel fyrir barnsburð um greiðslu meðlags og kostnaðar vegna barnsburðarins. Slikur samningur er því aðeins gildur, að valdsmaður staðfesti hann. Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, og fara skal með slíkt fé, ef fyrirfram er greitt, sem fé ófjárráða.

8. gr.

Valdsmanni í heimilissveit barnsföður, eða þess, sem dæmdur er meðlagsskyldur, er heimilt að úrskurða hann til meðlagsgreiðslu. Við ákvörðun meðlagsupphæðar skal hafa hliðsjón af högum beggja foreldra og miða meðlagsgreiðsluna við hag þess foreldris, sem betur er stætt. Nú má ætla, að barnið sé ávöxtur af samförum án vilja móður þess eða að óvilja hennar, enda hafi faðirinn við réttarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móðurina, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barnsins að öllu leyti. Í meðlagssúrskurði skal tilgreina aldur barnsföður (meðlagsskylds), fæðingarstað og framfærslusveit.

Í meðlagssúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma.

9. gr.

Nú sýkist barn á ómagaaldri eða andast, og er valdsmanni þá heimilt, ef móðir þess krefst, að úrskurða föður þess eða þann, sem dæmdur er meðlagsskyldur, til þess að leggja fram fé til hjúkrunar, lækningar og greftrunar barnsins. Sama rétt hefur sá, er tekur að sér framfærslu barnsins að móðurinni látinni eða af öðrum ástæðum, þar á meðal sveitarstjórn.

10. gr.

Meðlag með óskilgetnu barni skal greiða mánaðarlega fyrirfram. Þó er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða meðlag óskilgetins barns fyrirfram fyrir allt að sex mánuði í senn.

11. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða móður óskilgetins barns, sem á framfærslurétt hér á landi, meðlag með barni hennar og annan kostnað vegna barnsins samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó ekki meira en barnalífeyri samkv. lögum um almannatryggingar og ekki lægri upphæð, þótt úrskurður eða samningur ákveði annað.

Kröfu barnsmóður til Tryggingastofnunarinnar skal fylgja meðlagssúrskurður, löglega birtur, og lífsvottorð barnsins. Tryggingastofnuninni er þó ekki skylt að greiða meðlag, sem eindagað er meira en 12 mánuðum áður en krafa barnsmóður kom fram, og skylt er Tryggingastofnuninni að gera dvalarsveit móður eða framfærslusveit föður barnsins (meðlagsskylds) kunnugt um greiðsluna innan 3 mánaða

frá greiðslu, ella fellur endurkröfuréttur Tryggingastofnunarinnar niður. Eigi barnsfaðir (meðlagsskyldur) framfærslurétt erlendis, skal rikissjóður endurgreiða Tryggingastofnuninni úrskurðarupphæðirnar. 87. 5. júní

12. gr.

Nú hefur móðir óskilgetins barns fært sönnur á faðerni þess samkv. 3. gr. að dómi valdsmanns, þar sem hún á heima, en meðlagsúrskurður verður þó ekki út gefinn, og skal þá valdsmaður úrskurða henni meðlag og kostnað samkv. 11. og 15. gr. á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

13. gr.

Sama rétt og móðir óskilgetins barns hefur samkvæmt framansögðu hafa og þeir, er annast framfærslu barnsins að móðurinni látinni eða af öðrum lögmæltum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess.

14. gr.

Nú elur kona óskilgetið barn, og á hún þá rétt til greiðslu af tryggingafé samkv. 34. gr. laga nr. 50 1946, um almannatryggingar, en rétt er valdsmanni að úrskurða barnsföður (meðlagsskyldan) til að greiða tryggingaiðgjöld hennar um eins árs bil og framlag til hennar, er nemi því, sem á kann að vanta, að hún fái hámarks-greiðslu samkv. nefndri lagagrein.

Nú sýkist kona vegna meðgöngunnar eða barnsfaranna, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður (meðlagsskyldan) til að greiða henni mánaðarlegan styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en í 6 mánuði eftir barnsburð, að því leyti, sem sá kostnaður verður ekki greiddur af tryggingarfé.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður, sem um getur í fyrri mgr. 8. gr., skal valdsmaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað, er af meðgöngunni og barnsförunum leiðir.

15. gr.

Allur kostnaður og meðlag, er valdsmaður úrskurðar barnsmóður til handa, er gjaldkræfur á hendur Tryggingastofnun ríkisins næstu 12 mánuði eftir að úrskurður var út gefinn eða dómur gekk í barnsfaðernismáli, enda verði barnsmóður ekki um kennt, að málið var ekki fyrr dæmt eða úrskurðað.

16. gr.

Barnaverndarnefnd er jafnan heimilt að úrskurða, að óskilgetið barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldri, ef þar fer vel um það, enda þótt sá, er foreldraráð hefur yfir barninu, kalli eftir því.

17. gr.

Óskilgetið barn erfir móður og móðurfrændur sem skilgetið væri, svo og föður sinn og föðurfrændur, hafi hann gengizt við faðerni þess eða verið dæmdur faðir þess.

Móðir og móðurfrændur erfa óskilgetið barn sem skilgetið væri, svo og faðir og föðurfrændur, hafi barnið átt erfðarétt eftir þá.

18. gr.

Nú lýsir maður, er kona hefur kennt óskilgetið barn sitt, því á varnarþingi sínu og lætur bóka, að hann eigi barnið, og öðlast barnið þá erfðarétt sem skilgetið væri gagnvart föður og föðurfrændum og þeir gagnvart því.

87

5. júní

Afstaða óskilgetins barns fer að islenskum lögum, hafi móðir þess islenskan ríkisborgararétt. Svo er og, ef ekki verður upplýst um ríkisborgararétt hennar eða barnsins og það dvelur hér á landi.

19. gr.

20. gr.

Ákvæði 18. gr. um erfðarétt óskilgetins barns eftir föður og föðurfrændur og þeirra eftir það gilda eigi um börn, sem fædd eru fyrir 1. nóvember 1922.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, lög nr. 39 28. jan. 1935, lög nr. 61 27. júní 1941 og lög nr. 55 14. apríl 1943, öll um breyting á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú telur kona, sem óskilgetið barn hefur alið á tímabilinu frá 1. janúar 1941 til 31. desember 1947, að faðir barnsins sé erlendur maður, sem verið hafi hér á landi í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila, og getur hún þá til ársloka 1949 snúið sér til dómara á varnarþingi sínu og krafizt rannsóknar um faðernið með sama hætti og þá er varnaraðili er farinn af landi burt. Dómari getur með rökstuddum úrskurði heimilað barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef hún hefur líkur með sér.

Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins, eins og segir í 12. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

88

5. júní

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1943.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. Innorganir.

		Áætlun:	Reikningur:
Tekjur samkv. 2. gr. fjárlaga	kr. 57 615 000.00	kr. 86 557 775.81
— — 3. — A. —	7 761 000.00	— 23 108 277.06
— — 3. — B. —	8 440.00	— 18 364.03

	Áætlun:	Reikningur:	88
Tekjur samkv. 4. gr. fjárlaga	kr. 318 000.00	kr. 415 736.70	5. júní
— — 5. — —	— 50 000.00	— 685 047.65	
Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	— 641 203.00	— 22 912 188.55	
Greiðslujöfnuður	—	— 2 522 952.85	
	Kr. 66 393 643.00	Kr. 136 220 342.65	

II. Útborganir.

	Áætlun:	Reikningur:
Gjöld samkv. 7. gr. fjárlaga	kr. 1 345 980.00	kr. 1 579 994.65
— — 8. — —	— 150 000.00	— 162 741.64
— — 9. — —	— 553 889.00	— 963 174.71
— — 10. — —	— 1 363 434.00	— 1 739 063.62
— — 11. — A. —	— 3 576 420.00	— 6 447 793.84
— — 11. — B. —	— 918 879.00	— 1 374 011.21
— — 12. — — —	— 2 151 150.00	— 1 710 178.32
— — 13. — A. —	— 9 873 152.00	— 12 627 038.63
— — 13. — B. —	— 2 181 320.00	— 4 071 622.58
— — 13. — C. —	— 3 224 900.00	— 6 137 279.07
— — 13. — D. —	— 150 000.00	— 184 001.48
— — 14. — A. —	— 569 980.00	— 803 144.91
— — 14. — B. —	— 4 681 416.00	— 5 284 419.70
— — 15. — — —	— 1 051 970.00	— 1 363 497.79
— — 16. — — —	— 9 351 461.00	— 20 307 351.32
— — 17. — — —	— 5 869 850.00	— 9 193 042.45
— — 18. — — —	— 391 204.00	— 394 732.58
— — 19. — — —	— 13 831 500.00	— 18 390 674.83
Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	— 4 169 901.00	— 43 486 579.32
Greiðslujöfnuður	— 987 237.00	—
	Kr. 66 393 643.00	Kr. 136 220 342.65

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

um fiskimálasjóð.

89

5. júní

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stjórn fiskimálasjóðs er skipuð 5 mönnum. Þeir skulu kjörnir hlutfallskosningum í sameinuðu Alþingi, ásamt jafnmörgum varamönnum, til þriggja ára í senn. Stjórnin kys sér sjálf formann.

89 Ráðherra getur falið stjórn fiskimálasjóðs þau verkefni, sem fiskimálanefnd 5. júní hafði með höndum, og framkvæmd annarra mála, er sjávarútveginn varða, eftir því sem henta þykir.

2. gr.

Tekjur fiskimálasjóðs eru þessar:

1. Eignir fiskimálasjóðs, er starfað hefur samkvæmt lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., nr. 75 31. des. 1937.
 2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, öðrum en saltaðri síld, er nemi $\frac{1}{2}\%$ — hálfum af hundraði — af verðmæti þeirra miðað við fob. verð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið að undanskilja þessu gjaldi fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni.
 3. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, allt að einni milljón króna á ári næstu 10 árin frá gildistöku laga þessara.
 4. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.
- Heimilt er stjórn fiskimálasjóðs með samþykki ríkisstjórnarinnar að taka allt að 10 milljón króna lán til starfsemi sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þetta fyrir hönd ríkissjóðs.

3. gr.

Fé fiskimálasjóðs skal verja til eflingar sjávarútvegi á þann hátt, er segir í 4. og 5. gr. þessara laga.

4. gr.

Fiskimálasjóður veitir styrki til:

- a. Hafrannsóknna.
- b. Rannsóknna á fiskigöngum og fiskistofnum.
- c. Tilrauna til að veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum.
- d. Tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða.
- e. Markaðsleita fyrir sjávarafurðir.
- f. Annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins.

Öll styrktarstarfsemi sjóðsins skal vera í samráði við ríkisstjórnina.

5. gr.

Fiskimálasjóður má veita viðbótarlán gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingu sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi. Hvert þessara lána má ekki fara fram úr 25% af stofnkostnaði fyrirtækisins og ekki að viðbættum lánum með betra veðrétti nema meiru en 85% af stofnkostnaði. Engin lánveiting má nema yfir 150 000 kr. Lánskjörin séu þau sömu og hjá Fiskveiðasjóði Íslands.

6. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 75 31. desember 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., lög nr. 48 1940, um breyting á þeim lögum, sem og önnur lagaákvæði, er koma í bág við lög þessi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

89

Kosning fyrstu stjórnar fiskimálasjóðs og varamanna samkv. 1. gr. gildir til árs-
loka 1950. 5. júní

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

90

um afgreiðslustöðvar fyrir áætlunarbifreiðar. 5. júní

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin gengst fyrir því, að byggðar verði og reknar afgreiðslustöðvar
í Reykjavík og þar annars staðar, sem þörf er, fyrir þær bifreiðar, sem annast áætl-
unarferðir á sérleyfisleiðum.

2. gr.

Ríkisstjórnin veitir sérleyfishöfum kost á að reisa og starfrækja stöðvar þessar
með styrk úr ríkissjóði, er ákveðinn verði í fjárlögum. Skal gerð stöðvanna og
rekstrarfyrirkomulag þó háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

3. gr.

Hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélög skulu láta í té nægilega stórar og góðar
lóðir undir stöðvarnar á þeim stöðum, er bezt hentar með tilliti til umferðar.

4. gr.

Takist ekki samningar með ríkisstjórninni og sérleyfishöfum innan eins árs
um að hinir síðarnefndu reisi og reki stöðvarnar, er ríkisstjórninni heimilt að byggja
og reka stöðvar þessar á kostnað ríkissjóðs. Verði samkvæmt þessu stofnað til stöðv-
anna að öllu leyti á kostnað ríkisins og þær reknar af því, skal árlega verja til niður-
greiðslu byggingarkostnaðar helmingi sérleyfisgjaldsins, svo skal og heimilt að leita
eftir þátttöku hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags um framlag til byggingar stöðvar.

5. gr.

Stöðvar þessar skulu, hvort sem þær verða reknar af sérleyfishöfum eða ríkis-
sjóði, taka að sér, gegn ákveðnu gjaldi, alla afgreiðslu áætlunarbifreiða fyrir sér-
leyfishafa, samkvæmt reglugerð og gjaldskrá, er samgöngumálaráðherra setur um
starfrækslu stöðvanna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

92
5. júní

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1943.

HANDIAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1943, eru veittar kr. 6 051 703.93 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 34 652 512.97 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—14. gr. hér á eftir, samtals kr. 40 704 216.90.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

		A.			
1. Póstsjóður:					
2.	Pósthúsið í Reykjavík	kr.	116 600.93		
3.	Önnur pósthús	—	70 398.47		
			<hr/>		kr. 186 999.40
2. Landssíminn:					
a.	Til einkasíma í sveitum	kr.	2 320.00		
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík	—	262 026.99		
	3. Loftskýtastöðin í Reykjavík	—	10 224.84		
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	—	25 178.80		
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	—	305 012.15		
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	—	117 414.88		
	8. — á Seyðisfirði	—	95 737.01		
	9. — á Ísafirði	—	48 669.65		
	10. Símastöðin á Borðeyri	—	69 710.35		
	11. — í Vestmannaeyjum	—	68 173.73		
	12. — á Siglufirði	—	66 442.80		
	13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva	—	306 441.10		
d.	Viðbót og viðhald stöðva	—	191 836.58		
f.	Viðhald landssímanna	—	751 156.51		
l.	Burðargjald	—	9 780.95		
			<hr/>		— 2 330 126.34
Eignabreytingar. Út:					
5.	Til birgðahúss í Reykjavík	kr.	83 328.40		
6.	Til póst- og símahúss á Akureyri	—	83 113.93		
7.	Til póst- og símahúsa annars staðar	—	295 408.00		
8.	Til fjarstýrðra viðtækja við bátatalstöðina á Siglufirði	—	19 680.26		
			<hr/>		— 481 530.59
3. Áfengisverzlun ríkisins:					
II. a.	Laun starfsmanna	kr.	130 767.73		
b.	Útsvar	—	736 199.18		
d.	Kostnaður við áfengisúthlutun	—	105 746.16		

e. Annar kostnaður	kr.	123 550.69	91
f. Fyrningar	—	4 865.00	5. júní
g. Flutningskostnaður	—	75 361.74	
h. Vextir og bankakostnaður	—	52 008.49	
i. Viðgerð og breytingar á Nýborg	—	353 964.27	

kr. 1 582 463.26

4. Tóbakseinkasalan:

II. Gjöld 1.—7.	—	88 947.35
----------------------	---	-----------

5. Ríkisútværpið:

II. a. 1. Starfsmannalaun	kr.	245 450.22	
4. Skrifstofukostnaður	—	44 220.74	
5. Húsaleiga, ljós og hiti	—	13 843.97	
6. Til útvarpsstöðva	—	3 520.69	

307 035.62

III. Viðtækjaverzlun ríkisins:

b. Gjöld 1.—2.	—	144 518.58
---------------------	---	------------

6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:

II. 1. a. Laun starfsmanna	kr.	2 734.53	
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	—	184 286.02	
2. Efnivörur	—	48 278.53	
7. Lagt í lífeyrissjóð	—	27 302.96	
8. Lagt til hliðar fyrir skatti til bæjarsjóðs	—	20 892.48	
9. Halli á rekstri fasteigna	—	11 358.54	

294 853.06

7. Landssmiðjan:

II. 1. Laun starfsmanna	kr.	20 108.86	
2. Vextir	—	24 836.72	
4. Annar kostnaður	—	63 579.78	
5. Fyrningar á húsum og vélum	—	106 006.73	
6. Útsvar og skattar	—	299 063.94	
7. Viðgerð og breytingar á húseigninni ..	—	68 497.26	

582 093.29

14. Skólabúið á Hólum:

Rekstrarhalli	—	12 339.08
---------------------	---	-----------

15. Skólabúið á Hvanneyri:

Rekstrarhalli	—	13 711.71
---------------------	---	-----------

B.

2. Arnarhvoll:

II. 2. Ýmis rekstrarkostnaður	—	27 085.65
-------------------------------------	---	-----------

Samtals kr. 6 051 703.93

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. er veitt:

Vextir af lánum ríkissjóðs:

1. Innlend lán	kr.	22 810.13
2. Dönsk lán	—	6 672.36
3. Ensk lán	—	29 296.93

91	5. Lausaskuldir	kr.	92 876.51	
5. júní	6. Vaxtatap vegna gjaldeyrisvarasjóðs	—	105 777.54	
				kr. 257 433.47

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. er veitt:

Kostnaður við æðstu stjórn landsins	—	12 741.64
---	---	-----------

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

Til ríkisstjórnarinnar.

I. Stjórnarráðið.

2. Stjórnarráðið:

a. Laun:

3. Fjármálaráðuneytið	kr.	11 209.34
4. Viðskiptamálaráðuneytið	—	20 550.00
5. Utanríkisráðuneytið	—	8 147.67
6. Aðrir starfsmenn	—	600.96
b. Annar kostnaður	—	104 056.01
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:		
a. Laun	—	11 483.33
b. Annar kostnaður	—	5 775.14
5. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
b. Til pappírs og prentunar	—	15 530.40
6. Til umb. og viðh. á ráðherrabúst. og stjrn.húsi	—	48 392.94
Flutt af 22. gr.	—	5 842.50

II. Hagstofan.

1. Laun og aðstoð	—	71 142.26
4. Húsaleiga	—	1 994.82

III. Utanríkismál.

2. Til sendiráðsins í Stokkhólmi:		
a.—c. Laun o. fl.	—	24 762.94
3. Til sendiráðsins í London:		
a.—c. Laun o. fl.	—	72 173.68
4. Til sendiráðsins í Washington:		
a.—c. Laun o. fl.	—	94 535.62

496 197.61

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

1. Hæstiréttur:		
b. Annar kostnaður	kr.	6 401.20
2. Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglu- stjóra	—	1 072.17
3. Laun hreppstjóra	—	8 034.30
4. Skrifstofukostnaður lögmansins í Reykjavík:		
a. Laun og aðstoð	—	17 300.00
b. Húsaleiga o. fl.	—	3 360.00
c. Ýmis gjöld	—	22 255.81

5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:			91
a. Laun og aðstoð	kr.	37 850.57	5. júní
b. Húsaleiga o. fl.	—	6 074.16	
c. Ýmis gjöld	—	65 050.41	
6. Skrifstofukostn. lögreglustjórans í Reykjavík:			
a. Laun	—	900.00	
b. Ljós, hiti og ræsting	—	31 623.50	
c. Ýmis gjöld	—	26 437.42	
7. Skrifstofukostnaður sakadómara:			
a. Laun	—	2 800.00	
b. Ýmis gjöld	—	18 697.28	
c. Húsaleiga, ljós og hiti	—	16 951.48	
8. Toll- og löggæzla:			
a. Í Reykjavík:			
1. Laun og aðstoð	—	40 974.50	
2. Annar kostnaður	—	54 746.77	
c. Vegæftirlit:			
1. Laun	—	600.00	
2. Annar kostnaður	—	9 439.21	
9. Bifreiðæftirlit:			
a. Laun	kr.	5 400.00	
b. Annar kostnaður	—	92 398.32	
		kr. 97 798.32	
÷ prófgjöld og skoðunargjöld			
umfram áætlun	—	47 544.44	
		50 253.88	
10. Hluti rikissjóðs af lögreglukostnaði	—	408 048.82	
11. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfóg.	—	28 455.00	
12. Til landhelgisgæzlu	—	1 718 585.60	
13. Til hegningarhússins í Reykjavík o. fl.	—	52 366.59	
14. Til vinnuhælisins á Litla Hrauni	—	77 599.17	
15. Kostnaður við sakamál og lögreglumál	—	96 543.35	
16. Borgun til sjóðómsmanna	—	10 100.00	
18. Til setu- og varadómara	—	11 970.40	
19. Löggildingarstofan	—	46 115.21	
22. Kostnaður við ungmennaæftirlit	—	4 755.53	
23. Kostnaður við útlendingæftirlit	—	214.50	
Flutt af 22. og 24. gr.	—	14 664.90	
		kr. 2 890 241.73	

B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:

1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. og b.	kr.	76 948.06
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald nokkurra rikisfasteigna	—	726.14
4. Skatta- og fasteignamataskostnaður:		
a. Skattstofan í Reykjavík	—	145 450.02
b. Skattanefndir	—	135 170.69
c. Fasteignamat	—	8 011.82
5. Til rikisskattanefndar	—	54 457.22
6. Eyðublöð, bókbönd, auglýsingar	—	35 291.76

456 055.71

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Til læknaSKIPUNAR og heilbrigðismála:	
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis	kr. 2 470.00
3. Styrkur til læknisvítjana	— 4 140.00
4. Til augnlækningaferða	— 800.00
8. Heilsuhælið á Vífilstöðum:	
Rekstrarkostnaður	— 52 845.94
12. Til athugunarstöðvar barnaverndar	— 5 392.18
13. Önnur gjöld:	
c. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og lækna- bústaði	— 20 000.00
d. Vaxtagreiðslur af skuldum lækna- bústaða	— 900 00
g. Bólusetningarkostnaður	— 2 506.85
h. Varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma .	— 1 000.00
i. Varnir gegn því að næmir sjúkdómar ber- ist til Íslands	— 804.29
k. Heilbrigðiseftirlit með alþýðuskólum	— 707.30
14. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna ..	— 12 031.90
Flutt af 22. og 24. gr.	— 105 963.76

kr. 209 562.22

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:
Til samgöngumála.

A. Vegamál:

I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:	
4. Til aðstoðarmanna og mælinga	kr. 11 617.57
5. Skrifstofukostnaður	— 23 605.24
II. Þjóðvegir:	
a. Til nýrra akvega:	
4. Hálsasveitarvegur	— 647.86
5. Álftaneshreppsvegur	— 202.51
8. Ólafsvikurvegur	— 5 662.08
9. Eyrarsveitarvegur	— 5 388.03
10. Stykkishólmsvegur	— 9 174.21
11. Skógarstrandarvegur	— 1 603.27
12. Dalasýsluvegur	— 17 410.18
13. Klofningsvegur	— 11 923.28
14. Laxárdalsvegur	— 3 712.16
15. Reykhólavegur	— 205.33
16. Barðastrandarvegur	— 6 100.82
17. Tálknafjarðarvegur	— 2 153.15
18. Bildudalsvegur	— 712.35
19. Rafnseyrarheiðarvegur	— 406.05
21. Súðavíkurvegur	— 780.39
23. Kaldrananeshreppsvegur	— 524.35
24. Steingrímsfjarðarvegur	— 8 961.91
25. Bitruvegur	— 1 864.46
26. Vesturhópsvegur	— 3 802.14

27. Vatnsdalsvegur	kr.	1 340.31	91
31. Vatnsskarðsvegur	—	17 858.96	
32. Gönguskarðsvegur	—	4 555.76	5. júní
35. Hofsósvegur	—	67 518.24	
36. Fljótavegur	—	21 224.07	
40. Öxnadalshéiðarvegur	—	24 492.60	
41. Svalbarðsstrandarvegur	—	1 588.62	
42. Ljósavatnsskarðsvegur	—	3 657.24	
43. Kinnarbraut	—	3 423.69	
44. Kinnarbraut í Aðaldælahreppi	—	1 721.64	
45. Bárðardalsvegur	—	365.31	
46. Hvammsheiðarvegur	—	974.21	
48. Kelduhverfisvegur	—	207.48	
49. Kópaskersvegur	—	738.52	
50. Öxarfjarðarheiðarvegur	—	292.75	
51. Langanesvegur	—	4 808.52	
58. Úthéraðsvegur	—	524.60	
62. Fáskrúðsfjarðarvegur	—	310.03	
63. Oddskarðsvegur	—	54.83	
64. Berunes- og Breiðdalsvegur	—	1 650.05	
65. Geithellnahreppsvegur	—	588.69	
66. Almannaskarðsvegur	—	507.97	
67. Inn-Nesjavegur	—	413.12	
68. Innbyggðar- og Mýravegur	—	173.59	
69. Melatangavegur	—	843.51	
72. Skaftártunguvegur	—	1 431.60	
73. Siðuvegur	—	43.02	
74. Meðallandsvegur	—	341.84	
75. Mýrdalsvegur	—	1 241.78	
79. Miðeyjarvegur	—	1 405.96	
b. Viðhald og endurbætur	—	2 362 102.15	
III. Til brúagerða:			
3. Eldvatnsskorur í Meðallandi	—	18 084.54	
4. Kambsá o. fl.	—	8 436.60	
7. Laxá í Hvammssveit	—	7 156.32	
8. Bjarnardalsá	—	1 839.90	
10. Langadalsá	—	34 189.24	
13. Holtsá í Svarfaðardal	—	5 298.46	
22. Ýmsar smábrýr	—	52 411.60	
23. Brýr á sýsluvegum:			
a. Laxá hjá Arnarvatni	—	} 20 280.08	
b. Leirá í Leirársveit	—		
IV. Til fjallvega	—	3 018.86	
VI. Til sýsluvega:			
2. Til sýsluvegasjóða	—	49 930.66	
XIII. Iðgjöld til sýsatryggingarinnar	—	16 509.52	
			kr. 2 860 013.78
B. Samgöngur á sjó:			
1. Til strandferða:			
a. Ríkissjóðs	kr.	1 857 152.58	
Flutt af 22. og 24. gr.	—	49 000.00	
			1 906 152.58

91

5. júní

C. Vitamál og hafnargerðir:

I. Stjórn og undirbúningur vita og hafnarmála:			
3. Húsaleiga, ljós og hiti	kr.	1 416.09	
4. Til skrifstofuhalds	—	634.46	
5. Ferðakostnaður og fæðispeningar	—	349.10	
III. Reksturskostnaður vitanna	—	111 934.74	
XI. Til bryggjugerðar og lendingarbóta gegn jöfnu framlagi annars staðar að:			
1. Til bryggjugerðar í Vopnafirði	—	784.88	
3. Til bryggjugerðar í Hnífsdal	—	25 000.00	
Flutt af 24. gr.	—	3 300 000.00	
			kr. 3 440 119.27

D. Til flugmála:

a. Samkvæmt ákv. ríkisstjórnarinnar	kr.	1 001.48	
Flutt af 22. gr.	—	33 000.00	
			34 001.48

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

Til kirkju- og kennslumála:

A. Kirkjumál:

a. Biskupsdæmið:			
2. Húsaleigustyrkur	kr.	5 981.02	
3. Skrifstofukostnaður	—	2 000.00	
b. Önnur gjöld:			
1. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta ..	—	12.82	
2. Framlög til prestlaunasjóðs	—	59 681.02	
4. Embættiskostnaður presta	—	1 395.83	
5. Til húsabóta á prestssetrum	—	23 420.79	
6. Til endurbóta á íbúðarhúsum prestssetra	—	56 396.96	
Flutt af 22. og 24. gr.	—	84 276.47	
			233 164.91

B. Kennslumál:

I. Háskólinn:			
1. Laun	kr.	6 570.69	
6. Til bóka-vörzlu	—	725.00	
8. Til breytingar tannlæknadeildar	—	14 114.47	
11. Til kennslu í efnafræði	—	1 260.00	
12. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	—	44 112.14	
13. Til kennslu í verkfræði	—	16 996.09	
16. Ýmis gjöld	—		
Prófkostn. og prentun	—		84 087.38
Viðhald og tryggingar	—		
Kostn. við Rockefellerstofnunina	—		
25. Til tímakennslu í viðskiptafræði	—	3 385.92	
29. Til íþróttakennslu	—	2 652.57	
II. Námsstyrkur erlendis:			
2. Námsstyrkur skv. ákv. menntamálaráðs	—	9 104.13	
3. Námsstyrkur samkv. þál. 30. apr. 1942	—	14 693.62	

III. Fræðslumálastjórnin:		
1. og 2. Föst laun og persónuuppbót	kr.	2 450.00
3. Skrifstofu- og ferðakostnaður	—	16 238.56
IV. Menntaskólinn í Reykjavík:		
a. Laun	—	191.51
b. Önnur gjöld:		
3. Til viðhalds	—	17 522.53
4. Til stundak. og prófd.	—	37 173.58
7. Ýmis gjöld	—	570.43
12. Húsaleiga eftir leikfímihús	—	7 819.17
13. Til skólalæknis	—	780.00
14. Opinber gjöld af skólahúsum	—	1 623.51
V. Menntaskólinn á Akureyri:		
a. Laun	—	12 138.17
b. Önnur gjöld:		
1. Til aukakennara og stundakennslu	—	6 524.12
3. Til bóka- og kennsluáhalda	—	518.82
6. Til dyravörzlu	—	355.70
7. Til viðhalds og endurbóta	—	30 024.72
8. Til ýmissa gjalda	—	15 602.14
9. Til verðlaunabóka	—	28.25
13. Opinber gjöld	—	1 569.43
VI. Kennaraskólinn:		
a. Laun	—	1 486.00
b. Önnur gjöld:		
1. Stundakennsla	—	3 925.32
6. Ýmis gjöld	—	15 140.49
VII. Stýrimannaskólinn:		
a. Laun	—	46.00
c. Önnur gjöld:		
2. Til eldiviðar og ljósa	—	2 318.34
3. Til Sveinbjarnar Egilson	—	425.83
VIII. Vélstjóráskólinn:		
a. Laun	—	1 646.33
b. Önnur gjöld:		
3. Ljós, hiti og ræsting	—	2 592.19
IX. Bændakennsla:		
1. Til bændaskólans á Hólum:		
a. Laun	—	768.71
b. Til smíðakennslu o. fl.	—	2 475.00
c. Önnur gjöld:		
1. Til verklegs náms	—	3 075.00
2. Til kennsluáhalda	—	559.90
3. Til eldiviðar og ljósa	—	1 623.24
4. Til viðhalds	—	477.49
5. Verkfæri	—	2 327.76
6. Ýmis gjöld	—	2 556.98
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:		
a. Laun	—	2 864.74
b. Til smíða- og leikfímikennslu	—	683.75

91

5. júní

	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms	kr.	15 257.15
	2. Til kennsluáhalda	—	399.49
	3. Til eldiviðar og ljósa	—	1 322.37
	4. Til viðhalds	—	7.64
	6. Ýmis gjöld	—	5 507.80
	3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum:		
	d. Önnur gjöld:		
	2. Til kennsluáhalda	—	1 086.88
	3. Til viðhalds	—	4 197.39
	4. Ýmis gjöld	—	2 593.95
	6. Til gróðurhúsabygginga	—	10 000.00
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
	1. Laun kennara við fasta skóla	—	10 308.84
	2. Laun farkennara	—	8 097.00
	3. Til aukakennslu og eftirlits	—	16 522.20
	4. Til kennslueftirlits	—	595.61
	5. Til framkv. sundskyldu í barnaskólum ..	—	39 746.12
	6. Til ferðakennslu í íþróttum	—	1 255.60
XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar:		
	1. Til alþýðuskólans á Eiðum:		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til kennsluáhalda	—	143.40
	2. Til eldiviðar og ljósa	—	3 256.18
	3.—4. Viðhald og ýmis gjöld	—	6 100.42
	2. Til héraðsskóla, rekstrarstyrkur	—	10 485.00
	6. Til gagnfræðaskóla	—	13 557.58
	9. Til unglingafræðslu utan kaupstaða ..	—	1 750.00
XV.	Húsmæðrafræðsla:		
	1. Styrkur til húsmæðraskóla	—	98 170.05
	2. Til byggingar húsmæðraskóla í sveitum ..	—	500.84
	4. Til húsmæðrakennaraskóla	—	12 595.01
	6. Til húsmæðrafræðslu Árnýjar Filippusd. ..	—	1 312.50
XVI.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja:		
	2. Annar kostnaður	—	37 878.79
XVIII.	Sundkennsla:		
	1. Laun Ólafs Pálssonar	—	1 350.00
XXIII.	Til íþróttakennaraskóla ríkisins á Laugarvatni	—	4 746.00
XXVIII.	Til íþróttasjóðs	—	7 500.00
	Flutt af 22. og 24. gr.	—	82 278.77

kr. 792 348.30

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Til vísinda, bókmennta og lista.

1. Landsbókasafnið:

a.—c. Laun o. fl.	kr.	5 974.99
d. Til að kaupa bækur o. fl.	—	19 373.80
j. Brunaábyrgðargjald	—	90 00
k. Húsaleiga	—	367 00

2.	Þjóðskjalasafnið:		
	a. Laun	kr.	6 236.67
	d. Til Björns K. Þórólfssonar	—	2 600.00
3.	Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
	a. Laun þjóðminjavarðar	—	2 100.00
4.	Til Náttúrufræðifélagsins	—	19 000.00
5.	Landsbókasafnshúsið:		
	a. Til eldiviðar, ljósa o. fl.	—	3 889.97
	d. Skattar og tryggingar	—	8 481.87
	2. Annar kostnaður	—	6 182.97
6.	Til kaupstaðabókasafna	—	1 800.00
7.	Aukastyrkur til bókasafna:		
	h. Til bókasafns Vestmannaeyja	—	550.00
9.	Til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi	—	1 500.00
18.	Til sýslubókasafna	—	4 500.00
28.	Til fornritaútgáfunnar	—	4 000.00
29.	Til sama vegna útgáfu Heimskringlu	—	4 000.00
54.	Styrkur til skálda, rithöfunda og listamanna	—	6 005.48
55.	Til vísinda- og fræðimanna	—	128.52
58.	Til listasafnshúss Einarssonar	—	2 776.72
61.	Til greiðslu á byggingarlánnum málaranna Ásgrims Jónssonar og Jóns Stefánssonar ..	—	3 128.47
62.	Kostnaður við friðun Þingvalla	—	9 065.73
	Flutt af 22. og 24. gr.	—	247 093.65

kr. 358 845.84

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Til verklegra fyrirtækja:

2.	Til Búnaðarfélags Íslands	kr.	35 000.00
7.	Gjöld samkv. jarðræktarlögum:		
	a. Jarðabótastyrkur	—	93 428.65
9.	c. Til bygginga á jörðum ríkisins	—	1 915.77
12.	Til tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins ..	—	3 257.10
14.	Kreppulánasjóður bæjar- og sveitarfélaga ..	—	42 210.40
19.	Til skógræktar:		
	b. Skógræðsla	—	48 150.16
20.	Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu ..	—	5 455.00
27.	Til kaupa á skurðgröfum og graftarvél	—	1 500.00
29.	a. Laun 6 dýralækna	—	1 087.41
	c. Til Guðbr. Hlíðar	—	309.36
	d. Til Páls Pálssonar	—	309.36
32.	Til rannsóknarstofu atvinnuveganna:		
	a. Annar kostnaður	—	6 408.69
	b. Annar kostnaður	—	5 965.52
	e. Tilraunabú á Keldum:		
	Laun:	—	13 200.00
	Annar kostnaður	—	117 411.13
	f. Fjárræktarabú á Hesti	—	21 332.40
35.	Til veðurstofu Íslands:		
	b. Til aðstoðar	—	2 122.80
36.	Rafmagnseftirlit ríkisins:		
	b. Annar kostnaður	—	193 714.53

91	37. Eftirlit með verksmiðjum og vélum:		
5. júní	a.—b. Laun og annar kostnaður	kr.	24 806.45
	40. Kostnaður vegna laga um lax- og silungsveiði	—	7 748.22
	44. Til matvælaeftirlits a.—b.	—	7 912.00
	45. Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskimatsmenn	—	6.00
	b. 4 ullarmatsmenn	—	2 000.00
	c. 3 kjötmatsmenn	—	750.00
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	—	22 613.19
	46. Eftirlit með skipum og bátum:		
	b. Skrifstofukostn. og aðstoð	—	3 835.22
	54. Til Guðmundar Kristinssonar myndskera ..	—	500.00
	57. Til Sambands norðlenzkra kvenna	—	1 000.00
	68. Til vinnumiðlunar	—	23 729.99
	76. Til húsameistara ríkisins:		
	b. Skrifstofukostnaður	—	32 606.02
	79. Til skuldaskilasjóðs útvegsmanna	—	21 774.41
	84. Kostnaður við sauðfjársjúkdóma	—	649 146.76
	86. Kostnaður vegna húsaleigunefnda	—	65 568.30
	Flutt af 22. og 24. gr.	—	10 809 340.94
			kr. 12 266 115.78

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

Til almennrar styrktarstarfsemi:

1. Styrkur til berklavarna:		
c. Annar kostnaður	kr.	58 342.65
3. Gjöld vegna laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna	—	3 733.19
5. Til alþýðutrygginga	—	385 363.86
6. Til jöfnunarsjóðs sveitar- og bæjarfélaga ..	—	150 806.30
12. Til barnaheimila og barnaverndar	—	12 822.60
17. Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erl.	—	10 301.79
30. Til sjúkrasjóðs verkamannafél. á Þingeyri ..	—	300.00
48. Kostnaður við sumardvöl barna í sveit	—	44 863.12
Flutt af 24. gr.	—	3 016 266.67
		— 3 682 800.18

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

Eftirlaun og styrktarfé

14. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

Uppbætur	kr.	2 813 610.40
4. Til annarra útgjalda	—	1 939 579.49
		— 4 753 189.89
		Samtals kr. 34 652 512.97

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

92

5. júní

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

försætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að reisa 2400 ha. raforkuver við Fossá í Fróðárhreppi og leggja háspennulínu þaðan til Ólafsvíkur og Sands;
2. að reisa 1500 ha. raforkuver við Gönguskarðsá við Sauðárkrók, og
3. að koma upp aðalspennistöð fyrir Voga og Vatnsleysuströnd á Reykjanesi.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd rikissjóðs, að upphæð allt að sex milljónir króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að tveim milljónum króna, þó eigi meira en sem nemur $\frac{1}{3}$ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitna, sem um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

L Ö G

93

5. júní

um aðstoð til vatnsveitna.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

försætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkissjóður veitir sveitarfélögum fjárhagslega aðstoð til að koma upp vatnsveitum, sem gerðar eru samkvæmt fyrirráðum þessara laga.

93

5. júní

Nú vill sveitarfélag koma upp vatnsveitu og fá til þess fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði, og skal sveitarstjórn þá, að loknum undirbúningi eins og fyrir er mælt í 28. gr. l. nr. 15 20. júní 1923, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna. Jafnframt skal senda ráðherra frumdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um framkvæmd verksins, sem nauðsynleg þykja til að tryggja almenningshagsmuni.

3. gr.

Þegar ráðherra hefur veitt samþykki til vatnsveitugerðar, getur sveitarstjórn hafið framkvæmdir, sem skulu gerðar undir yfirumsjón vegamálastjóra eða annars manns, sem ráðherra samþykkir.

4. gr.

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Styrkurinn nemi þó ekki meir en helmingi kostnaðar þessa.

Styrkur skal því aðeins veittur, að fyrirsjáanlegt sé, að sveitarfélag geti ekki með hæfilegum vatnsskatti staðið straum af stofn- og rekstrarkostnaði veitunnar.

Ráðherra ákveður styrk til einstakra vatnsveitna samkv. lögum þessum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn tryggingum, er hún metur gildar, nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til að koma upp vatnsveitu samkv. 2. og 3. gr. þessara laga. Má ábyrgðin og styrkur samkv. 4. gr. þó aldrei fara sameiginlega yfir 85% af stofnkostnaði allrar veitunnar.

6. gr.

Þau sveitarfélög, sem þegar hafa hafizt handa um að koma upp vatnsveitu eða hafa eignast hana eftir 1942 og megna ekki fjárhagslega að standa undir stofnkostnaði, geta einnig notið sams konar fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr. þessara laga, enda uppfylli þau fyrirmæli laganna, eftir því sem við á.

7. gr.

Nú óskar sveitarfélag að kaupa vatnsveitu einstaklinga eða félaga, sem fyrir kann að vera á veitusvæði þess, og vill fá til þess fjárhagsaðstoð ríkissjóðs. Skal sveitarstjórnin þá senda ráðherra um það beiðni, ásamt frumdráttum að mannvirkjum. Beiðninni fylgi einnig upplýsingar um samningsverð eða matsverð dómkvaddra manna. Samþykki ráðherra kaupin, nýtur sveitarfélagið sama réttar til fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr., enda uppfylli það fyrirmæli laganna, eftir því sem við á.

Náist ekki samkomulag við eigendur um sölu veitunnar, er heimilt að taka hana eignarnámi.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum, er vatnsins njóta. Vatnsskatt skal miða við fasteignamatsverð húseigna, og einnig má ákveða lágmark vatnsskattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna.

Sveitarstjórn er og heimilt að selja vatnið eftir mæli skv. gjaldskrá, er ráðherra staðfestir. Slíka gjaldskrá má setja um einstök hús eða einstakar atvinnu-

stöðvar, eða hús og stöðvar nánar tilgreint eftir notkun, eða um vatnssölu á nánar skilgreindu svæði innan kaupþúsins eða kaupstaðarins. Einnig er heimilt að krefjast endurgjalds fyrir vatnið að nokkru með vatnsskatti og að nokkru skv. vatnsmæli eftir reglum, sem ráðherra setur. **93**
5. júní

Sérstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kaupþúsins eða kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal og í gjaldskrá.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

Vatnsskatt skal ákveða í reglugerð. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjald-daga með forgöngurétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta ákvæði laganna ná einnig til vatnsveitufélaga, sem stofnuð eru af a. m. k. helmingi íbúðarhúsaeygenda á veitusvæðinu og hafa eftir árið 1942 gert eða gera vatnsveitur fyrir hluta úr sveitarfélögum, án þess að sveitarfélag sé eigandi veitunnar, enda mæli hlutaðeigandi sveitarstjórn með því og veiti ábyrgð sveitarfélagsins fyrir láni ríkissjóðs til vatnsveitufélagsins.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 22. gr. laga nr. 15 20. júní 1923 og lög nr. 129 9. des. 1941. Enn fremur eru úr gildi felld lög nr. 84 22. nóv. 1907, um vatnsveitu fyrir Reykjavík, og gilda um þá vatnsveitu ákvæði vatna-laganna og þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Stefán Jóh. Stefánsson.

94

5. júní

L Ö G

um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

í forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Um skipan og verkefni framleiðsluráðs.

1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara, og skal það skipað þannig: 5 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda á fulltrúa-ráðsfundi þess, og sé einn þeirra formaður framleiðsluráðs, og 4 mönnum, er stjórn

94 Stéttarsambandsins skipar samkvæmt tilnefningu eftirgreindra aðila, einn frá hverjum: þeirri deild Sambands isl. samvinnufélaga, er fer með sölu landbúnaðarafurða, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Sláturfél. Suðurlands og mjólkurbúunum utan mjólkursölusvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, allir til tveggja ára í senn. Framleiðsluráð kýs sér formann til sama tíma.

Framleiðsluráð kýs úr sínum flokki 3 menn í framkvæmdanefnd og jafnmarga til vara. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál, sem ekki þykir fært að fresta til fundar framleiðsluráðs.

Framleiðsluráð ræður sér fulltrúa, er annast dagleg störf, það getur einnig valið sér trúnaðarmenn til eftirlits, eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Aðalverkefni framleiðsluráðs (auk þess sem um ræðir í 1. gr.) eru:

1. að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara;
2. að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, svo að hún fullnægi, eftir því sem kostur er á, þörfum þjóðarinnar;
3. að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð varanna;
4. að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir þessar vörur utan lands og innan;
5. að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma;
6. að ákveða verðmiðlun á kindakjöti, mjólk og mjólkurvörum samkv. fyrirmælum laga þessara;
7. að ákveða mjólkursölusvæði samkv. lögum þessum;
8. að verðskrá landbúnaðarvörur í samræmi við vísitölu hagstofunnar, sbr. 2. málsg. 6. gr. og 7. gr.

3. gr.

Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu landbúnaðarvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma.

Skýlt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, er hafa með höndum vinnslu eða sölu landbúnaðarafurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þær geta veitt.

II. KAFLI

Um verðskráningu.

4. gr.

Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.

Hagstofu Íslands er skýlt að afla nauðsynlegra gagna fyrir 1. júlí ár hvert um framleiðslukostnað landbúnaðarvara og tekjur annarra vinnandi stétta á sama tíma.

5. gr.

Við útreikning framleiðslukostnaðar og verðlagningu á söluvörum landbúnaðarins á innlendum markaði í heildsölu og smásölu skal samkvæmt ákvæðum 4. gr. byggt á verðgrundvelli, sem fenginn er með samkomulagi milli þriggja fulltrúa, sem tilnefndir eru af stjórn Stéttarsambands bænda, og þriggja fulltrúa frá þessum fé-

lagssamtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, 94
Sjómannafélagi Reykjavíkur.

5. júní

Nefndinni til aðstoðar eru hagstofustjóri og formaður búreikningaskrifstofu landbúnaðarins.

Verði samkomulag með öllum nefndarmönnum, er það bindandi.

Nú næst ekki samkomulag um einhver atriði snertandi útreikning framleiðslu-
kostnaðar eða verðlagningu landbúnaðarvara, og skal þá vísa þeim atriðum, er ágrein-
ingi valda, til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefnd þessi skal skipuð 3 mönnum, einum
tilnefndum af fulltrúum Stéttarsambands bænda, öðrum af fulltrúum neytenda og
hagstofustjóra sem oddamanni.

Fellir hún fullnaðarúrskurð um ágreiningsmálin.

Ákvæðin um yfirnefnd gilda á meðan greitt er niður með ríkiséfni verð land-
búnaðarafurða eða ef útflutningsuppbætur eru greiddar á þær.

6. gr.

Verðlagsgrundvöllur sá, er um ræðir í 4.—5. gr., svo og verðlagning söluvar-
anna, skal ákveðinn í fyrsta skipti fyrir 1. ágúst 1947 og gildir eftir það þar til annar
verðlagsgrundvöllur er fundinn. Fulltrúar framleiðenda og neytenda geta hvor um
sig óskað endurskoðunar á verðlagsgrundvællinum. Ef ósk fulltrúa um endurskoðun
er komin til gagnaðila fyrir lok febrúarmánaðar það ár, sem óskað er eftir að endur-
skoðunin verði látin fram fara, skal hún þegar tekin til greina. Við endurskoðun
þessa skal fylgja fyrirmælum 4. og 5. gr., og skal henni lokið svo tímanlega, að sölu-
verð á landbúnaðarvörum verði ákveðið í samræmi við hana fyrir 1. ágúst sama ár.

Hagstofa Íslands reiknar árlega framleiðslukostnað landbúnaðarvara eða vísi-
tölu hans á grundvelli áðurgreinds samkomulags eða tillagna yfirnefndar (sbr. 5.
gr.), og skal framleiðsluráð miða verðlagning á landbúnaðarvörum árlega við þann
útreikning.

Hið nýja verðlag tekur gildi 1. ágúst ár hvert. Enginn má kaupa eða selja búfjár-
afurðir eða garðávexti, sem verðskráðir eru samkv. lögum þessum, fyrir annað verð
en það, sem ákveðið er á hverjum stað og tíma.

7. gr.

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir
15. sept., skal framleiðsluráð verðskrá kjöt af því fé þeim mun hærra en hið ákveðna
haustverð, sem nemur væntanlegum þyngdarauka kindanna að viðbættum þeim
aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í slátur-
tið að haustinu.

8. gr.

Ákveða skal á hverju hausti verðlag það á helztu innlendum garðávöxtum,
er gilda skal um uppskerutímamann frá 15. sept. til 1. nóv. Eftir það skal verðið fara
hækkandi, svo að fullt tillit sé tekið til geymslukostnaðar þeirra garðávaxta, sem
síðar verða seldir. Nýir innlendir garðávextir, sem koma á markaðinn fyrir 15. sept.,
skulu skráðir hærra verði, því fyrr sem þeir eru afhentir til sölu. Skal verðið miðað
við, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

9. gr.

Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði.

III. KAFLI

Um sauðfjárafurðir.

10. gr.

Framleiðsluráð úthlutar slátrunarleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis framleiðsluráðs. Heimilt skal þó sauðfjáreigendum, er verka hangikjöt á heimilum sínum, að selja það beint til neytenda, en fá skulu þeir leyfi til þess og greiða af því verðjöfnunargjald. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum féлага, sem hætta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annarra féлага. Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðlima sinna. Enn fremur getur nefndin veitt leyfi samvinnufélögum bænda, er stofnuð kunna að verða eftir að lög þessi öðlast gildi, á svæði, þar sem ekki eru samvinnufélög fyrir, og ekki falla undir ákvæði 4. másl. þessarar greinar, sömuleiðis þeim verzlunum öðrum, sem uppfylla skilyrði þau, sem sett eru um sláturhús og verzlun kjöts samkvæmt ákvæðum laga um kjötmat o. fl. frá 19. júní 1933. Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárens til sláturhúss, að illfært sé að dómi framleiðsluráðs.

Í leyfi getur framleiðsluráð ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands, svo og hvernig kjötið af því fé skuli verkað.

11. gr.

Þeir, sem slátra fé til sölu, gefa ráðinu skýrslu um daglega slátrun, staðfesta af kjötmatismönnum, og standa skil á verðmiðlunargjaldinu til framleiðsluráðs. Stjórn neytendafélags, er fengið hefur slátrunarleyfi, skal einnig senda slíka skýrslu og standa skil á verðmiðlunargjaldinu. Gjaldalagi er, þegar slátrun fer fram, nema framleiðsluráð heimili annað.

12. gr.

Framleiðsluráð ákveður um leið og það veitir slátrunarleyfi ár hvert, hversu miklu hverjum leyfishafa ber að halda eftir af verði kjötsins til verðmiðlunar.

13. gr.

Skylt er öllum, sem verzla með sauðfjárafurðir, að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar og skýrslur, er það óskar eftir og þeir geta veitt, viðvíkjandi sölu og sóluhorfum á sláturfjárafurðum bæði innan lands og utan.

14. gr.

Framleiðsluráð gerir þær ráðstafanir, er það telur þurfa, til þess að innlendi markaðurinn fyrir kjöt og slátur notist sem allra bezt og fullnægt verði sanngjörnum óskum neytenda. Það hefur eftirlit með allri meðferð sláturfjárafurða, stuðlar að notkun beztu aðferða við geymslu kjötsins og leiðbeinir eða hlutast til um, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og alla meðferð þessara vara og verzlun með þær. Það getur enn fremur takmarkað flutning á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum milli markaðsstaða, ef það telur það hagkvæmara fyrir söluna.

15. gr.

Framleiðsluráði er heimilt, ef það telur þess þörf, að láta ákvæði þessara laga um sölu og verðmiðlun gilda um aðrar sauðfjárafurðir.

IV. KAFLI

Um sölu stórgripakjöts.

94

5. júní

16. gr.

Framleiðsluráð hefur eftirlit með sölu nautgripakjöts og vinnur að því, að það verði flokkað og metið eftir tegundum og gæðum, enda verði verðskráning á kjötinu í heildsölu og smásölu miðuð við þá flokkun. Það getur enn fremur ákveðið, að því aðeins sé heimilt að selja nautgripakjöt á opinberum markaði, að gripunum hafi verið slátrað á sláturstöðum, sem framleiðsluráð eða umboðsmaður þess hefur viðurkennt.

17. gr.

Framleiðsluráð verðskráir hrossakjöt á innlendum markaði, ef Búnaðarfélag Íslands eða félag framleiðenda, sem framleiðsluráð viðurkennir, óskar þess.

Nú hafa framleiðendur sláturhrossa myndað með sér félag, sem framleiðsluráð viðurkennir, og skal þá framleiðsluráð setja reglugerð um sölu og meðferð sláturhrossa og hrossakjöts, ef félagið, er að framan greinir, óskar þess.

Í reglugerð þessari skal tekið fram meðal annars:

1. Um skiptingu landsins í sölusvæði.
2. Bann gegn sölu afsláttarhrossa og hrossakjöts milli sölusvæða nema með samþykki framleiðsluráðs.
3. Að framleiðsluráð ákveði kjötverð í heildsölu og smásölu eftir árstíðum og gæðum.
4. Um mat og flokkun hrossakjöts.
5. Um skipun söluráðs hvers sölusvæðis, er starfi undir yfirumsjón framleiðsluráðs.
6. Um úthlutun söluleyfa, er miðist við markaðshorfur á hverjum tíma og hrossaeign manna á hverju sölusvæði samkv. síðasta skattframtali, eftir því sem við verður komið.

V. KAFLI

Um sölu mjólkur og mjólkurafurða.

18. gr.

Framleiðsluráð ákveður skipun mjólkursölusvæða. Að jafnaði markar sú aðstaða mjólkursölusvæði, að hægt sé að selja daglega til kaupstaða eða kaupstúna innan mjólkursölusvæðisins óskemmda mjólk af öllu svæðinu, annaðhvort frá einstaklingum eða viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á því mjólkursölusvæði.

Nú getur sveit eða hérað ekki flutt mjólk daglega til sölustaðar, og er framleiðsluráði þó engu að síður heimilt, ef svæði þetta hentar sérstaklega til mjólkurframleiðslu eða ef þar er sérstök þörf á aukningu mjólkurframleiðslu, að færa þar byggðir undir það mjólkursölusvæði, er bezt hentar vegna samgangna og annarrar aðstöðu, enda sé þá jafnframt tekið tillit til þess, hvar mjólkurinnar er mest þörf.

Við skiptingu í mjólkursölusvæði skal framleiðsluráð enn fremur taka tillit til þess, hvar einstaklingar eða mjólkurbú hafa selt neytlumjólk sína. Óheimilt er öllum mjólkurframleiðendum að selja mjólk eða rjóma og nýtt skyr (ófryst) utan þess mjólkursölusvæðis, sem þeir eru búsettir á, nema með leyfi framleiðsluráðs.

19. gr.

Framleiðendur sölumjólkur á hverju mjólkursölusvæði velja sér stjórn, er hefur á hendi stjórn mjólkurmálanna, þar á meðal mjólkursöluna á því sölusvæði. Hún annast enn fremur innheimtu verðmiðlunargjalds af neytlumjólk og afhendingu

94 þess til framleiðsluráðs. Þar, sem starfandi eru fleiri en eitt mjólkurbú, sem viður-
5. júní kennd eru af ríkisstjórninni og hafa á hendi daglega sölu á mjólk og rjóma til neyt-
enda, skulu þau hafa sameiginlega yfirstjórn, er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa
á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkur-
sölusvæðið, sem svo kýs stjórn samsölnunnar á því svæði.

Nú er ekkert mjólkurbú starfandi á mjólkursölusvæði, og getur þá framleiðslu-
ráð hlutast til um og fyrirskipað, að bændur þeir, er mjólk selja í kaupstað eða kaup-
tún innan þess svæðis, myndi með sér félagsskap og kjósi stjórn, er sjái um mjólkur-
sölna og annað, er hana snertir.

20. gr.

Á mjólkursölusvæðum, þar sem starfandi er samsölustjórn samkv. 19. gr., skal
greiða sérstakt gjald af allri neytlumjólk og rjóma, sem samsalan selur frá mjólkur-
húunum, félögum eða einstökum mönnum á svæðinu. Gjald þetta nefnist verðjöfn-
unargjald mjólkursvæða og ákveðst fyrirfram af stjórn hlutaðeigandi mjólkursam-
sölu, og má breyta því eftir því, sem þurfa þykir.

Tekjuafgangur mjólkursamsölu skal renna í verðjöfnunarsjóð hlutaðeigandi
mjólkursölusvæðis eftir að nauðsynlegar afskriftir hafa farið fram og aðrar greiðsl-
ur, er stjórn samsölnunnar telur nauðsynlegt að inna af hendi, enda hafi það þá
áhrif á ákvörðun verðjöfnunargjaldsins.

Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til
vinnslu á viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á mjólkursölusvæðinu. Verð-
jöfnun innan hvers mjólkursölusvæðis skal jafnan miðuð við það, eftir því sem
við verður komið, að allir mjólkurframleiðendur á mjólkursölusvæðinu fái sama
verð fyrir mjólk sína komna á sölustað. Þeir, sem ekki senda mjólk sína á sölustað,
heldur í mjólkurbú til vinnslu, skulu því fá þeim mun minna verð fyrir mjólk sína,
er svarar til flutningskostnaðar hennar frá því bú til sölustaðar, enda sé þá flut-
ningskostnaður vinnsluvaranna til sölustaðar innifalinn í stöðvargjaldi búans. Flut-
ningskostnaður þessi, bæði á mjólk og mjólkurafurðum, skal ákveðinn fyrir fram af
stjórn samsölnunnar, svo oft sem hún telur ástæðu til, þannig að hann sé sem næst
raunverulegum kostnaði á hverjum tíma, og með hæfilegri hliðsjón af reynslu und-
anfarandi ára. Stöðvar- og vinnslukostnaður skal talinn jafn hjá öllum mjólkur-
húum á sama mjólkursölusvæði fyrir hverja vörutegund, sem þau framleiða. Kostnað
þennan ákveður samsölustjórnin eftir því, sem hún telur hæfilegt að fengnum upp-
lýsingum um kostnað við rekstur mjólkurbúa af líkri stærð og skýrslum um starf-
rækslukostnað mjólkurbúanna á mjólkursölusvæðinu.

Verði ágreiningur milli mjólkurbúanna um flutningskostnað eða stöðvar- og
vinnslukostnað, sker framleiðsluráð úr.

Skýlt er að greiða framleiðendum mjólkur hæst verð fyrir 1. flokks mjólk,
en stíglækkandi fyrir aðra flokka.

21. gr.

Þar sem samsölustjórn er starfandi samkvæmt ákvæðum 19. gr., skal öll sala og
dreifing á neytlumjólk, rjóma og nýju skyri fara fram undir yfirstjórn hennar.
Heimilt er þó stjórn samsölnunnar með samþykki framleiðsluráðs að leyfa þeim, er
framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða eða kauptúna, að velja um,
hvort þeir afhenda samsölnunni sölumjólk sína og njóta undanþágu verðjöfnunar-
gjalds samkv. 22. gr., eða selja hana beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og
greiða af henni verðjöfnunargjald, svo sem samsölustjórnin ákveður á hverjum tíma.
Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 2800 lítra ársnyt úr hverri kú, nema meðal-
ársnyt hafi reynzt önnur samkv. skýrslu nautgriparéktarféлага á mjólkursölusvæð-
inu, og skal gjaldið þá miðað við það. Skýlt er að veita bæjarfélagi slíka undan-

þágu samkv. tillögu heilbrigðisstjórnarinnar fyrir barnamjólk, sem framleidd er á búí, sem það rekur innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins og er eign þess. Sama gildir um almenna neyzlumjólk, ef bæjarfélagið framleiðir svo mikla mjólk, að það fullnægi algerlega mjólkurþörf bæjarbúa.

Heimilt er hverjum framleiðanda, er nýtur framangreindrar undanþágu, að undanskilja til heimilisþarfa 1 lítra mjólkur á dag á hvern heimilismann hans. Heimilismenn teljast hér auk framleiðanda þeir, sem hann hefur á framfæri, og hjú hans. Framleiðandi tilkynnir tölu heimilismanna og færir sönnur á hana, ef samsölustjórnin óskar þess.

Skylt er þeim, er heimild hafa til að selja mjólk, að hlíta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti, sem tilskilin eru í lögum, heilbrigðissamþykktum og mjólkurreglugerðum á hverjum tíma.

22. gr.

Nú hefur mjólkurframleiðandi, sem búsettur er í þeim kaupstað eða kauptúni, þar sem mjólkinn er seld, ræktað land til fóðuröflunar innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, og skal hann þá undanþeginn verðjöfnunargjaldi af þeirri mjólk, sem hann framleiðir af því fóðri, er fæst af hinu ræktaða landi, og telst þá, að hektari gefi af sér kýrfóður. Fyrir það mjólkurmagn, sem þeir framleiðendur selja allt árið, jafnt sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem mjólkinn er seld, og ekki selja beint til neytenda, skal þeim greiddur einn eyrir á lítra umfram verðjöfnunarverð. Greiðist upphæð þessi eftir á fyrir næstliðið ár, og skal taka tillit til þess, þegar verðjöfnunargjaldið er ákveðið.

23. gr.

Þar sem aðeins eitt mjólkurbú er starfandi á mjólkursölusvæði, skal stjórn þess annast alla sölu og dreifingu mjólkur, rjóma og nýs skyrts í kaupstöðum eða kauptúnum innan mjólkursölusvæðisins, samanber þó 22. gr.

24. gr.

Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkurbú, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk eða rjóma í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem eru innan sama mjólkursölusvæðis, sbr. þó 22. gr.

Enn fremur er stjórn mjólkurmálanna á hverju mjólkursölusvæði heimilt að veita leyfi til að afhenda mjólk að gjöf og heimila framleiðanda að taka mjólk til eigin neyzlu utan heimilis síns, ef henni þykir sérstök ástæða til. Heimilt er samsölustjórnnum að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annarra mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða.

25. gr.

Skylt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum, svo sem framast er unnt. Öll mjólk og rjómi, sem selt er frá sölumíðstöð mjólkurbúa samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneydd.

Um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum skulu sett ákvæði í reglugerð, í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Sala á þeirri mjólk skal fara fram á sama hátt og sala á annarri neyzlumjólk.

Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður af framleiðsluráði, í samráði við stjórn heilbrigðismálanna, um framleiðslu barnamjólkur.

Nú telur héraðslæknir eða mjólkureftirlitsmaður, að sölumjólk sé óhæf til neyzlu, og getur hann þá með rökstuddum úrskurði, er lagður sé fyrir framkvæmda-

- 94 stjóra hlutaðeigandi mjólkurbús eða mjólkursamsölu stöðvað sölu á þeirri mjólk.
5. júní Sama gildir og um sölumjólk einstakra framleiðenda.

26. gr.

Framleiðsluráð hefur á hendi yfirstjórn mjólkursölumála landsins. Skal það stuðla að því, að ávallt sé næg neytlumjólk og mjólkurvörur til sölu í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem stöðugur markaður fyrir þessar vörur er fyrir hendi og líkur benda til, að markaður vinnist með skipulegri sölu.

Framleiðsluráð skal fylgjast með sölu mjólkur og mjólkurvara um land allt, ásamt þörfum neytenda fyrir þessar vörur. Það aflar sér nauðsynlegra skýrslna og upplýsinga, er að þessu lúta, og er mjólkurbúum og öðrum félögum eða fyrirtækjum, er að þessum málum starfa, skylt að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar um þessi efni, er þau geta.

27. gr.

Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum. Skal þá framleiðsluráð hlutast til um í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölusvæðum og forráðamenn viðkomandi kaupstaða og kauptúna, að bót fái á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu o. s. frv. Enn fremur er framleiðsluráði heimilt, ef mjólk vantar á vissum tíma árs, að fyrirskipa misjafnt mjólkurverð til framleiðenda eftir árstíðum og aðrar þær verðlagsbreytingar á mjólk, er líklegar þykja til að tryggja jafnari mjólkurframleiðslu á mjólkursölusvæðinu. Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf kauptúna eða kaupstaða verður aðeins fullnægt með sérstaklega kostnaðarsömum flutningum, og er framleiðsluráði þá heimilt, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar eða kauptúns óskar þess, að víkja frá gildandi mjólkurverði á staðnum og láta niður falla verðjöfnunargjald af þeirri mjólk, sem að er flutt. Aldrei skal greiða verðjöfnunargjald af sömu mjólk nema á einum stað. Verði ágreiningur um heildsöluverð einhverrar vöru, sem seld er milli verðjöfnunarsvæða, sker framleiðsluráð úr.

28. gr.

Framleiðsluráð hlutast til um, að mjólkurframleiðendur komi sér upp mjólkursölustöðvum í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem engar eru fyrir eða ófullnægjandi og þeirra er full þörf að dómi framleiðsluráðs. Getur framleiðsluráð krafizt þess, að bygging stöðvarinnar sé hagað þannig, að mjólkursölustöðin geti einnig tekið á móti mjólk til vinnslu, þegar þörf krefur. Í því sambandi er framleiðsluráði heimilt í samráði við stjórnir mjólkurmálanna á hlutaðeigandi mjólkursölusvæði að ákveða stofngjald á alla innvegna mjólk, er lagt sé í sérstakan sjóð, er varið sé til að bæta og tryggja skilyrði til vinnslu og sölu mjólkurinnar.

Mjólkursölustöðvar, sem jafnframt hafa vinnslu, skulu reistar þar, sem skilyrði til mjólkurframleiðslu þykja álitleg og framleiðsluráð telur þeirra þörf og þá samkvæmt fyrirsögn sérfróðs manns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Telji framleiðsluráð félagsskap framleiðenda, er að slíki byggingu stendur, svo traustan, að af framkvæmdum hans megi vænta varanlegra umbóta á sviði mjólkurmálanna, skal ríkissjóður styrkja þær stöðvar að $\frac{1}{4}$ stofnkostnaðar, enda leggi hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélag stöðinni til ókeypis lóð á hentugum stað. Hafa stöðvar þessar sömu réttindi og skyldur og mjólkurbú samkv. lögum þessum.

Framleiðsluráð getur í samráði við heilbrigðisstjórn ríkisins heimilað sölustöðvum þessum, er því þykir nauðsyn til bera, að selja ógerilsneydda mjólk, en lúta verða þær að öðru leyti öllum fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar um alla meðferð mjólkurinnar.

VI. KAFLI

Um verðmiðlun.

94

5. júní

29. gr.

Verðmiðlun á kjöti, mjólk og mjólkurvörum skal haga þannig:

- a. Á kjöti: Greiða skal verðmiðlunargjald á allt kindakjöt, er nægi til þess að sláturleyfishafar fái greitt sama verð fyrir sams konar vöru afhenta af framleiðanda á sláturstað.
- b. Á mjólk og mjólkurvörum: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af allri mjólk, sem seld er til neyzlu til að koma á hentugri vinnuskiptingu milli búanna, svo og til verðmiðlunar á milli mjólkursöluvæða, eftir því er framleiðsluráð telur þörf á, o. fl. (sjá 30. gr.).

30. gr.

Framleiðsluráð ákveður árlega, hve hátt verðmiðlunargjald skuli tekið í samræmi við a- og b-lið 29. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, er þar um ræðir, og standa straum af framkvæmdum laga þessara, þar á meðal kostnaði vegna framleiðsluráðs o. fl. (sjá þó 9. gr.).

31. gr.

Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkurmálanna á hverju mjólkursöluvæði skulu standa framleiðsluráði skil á verðmiðlunargjaldinu samkvæmt fyrirætlum þess. Gjald þetta er heimilt að taka lögtaki.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðmiðlunarinnar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita framleiðsluráði upplýsingar, er að þessu líta og þær geta í té látið.

VII. KAFLI

Um iðnað úr landbúnaðarvörum.

32. gr.

Framleiðsluráð safnar árlega skýrslum um öll iðnfyrirtæki hér á landi, er vinna úr íslenskum landbúnaðarvörum, hvers konar vinnsla þeirra er og magn hrávöru og vinnsluvöru. Enn fremur ber ráðinu að afla sér upplýsinga um markaði og markaðshorfur innan lands og utan fyrir íslenskar iðnaðarvörur, unnar úr framleiðsluvörum landbúnaðarins.

33. gr.

Nú telur framleiðsluráð, að skortur sé innanlands á iðnaðarvörum þeim, er um ræðir í 32. gr., eða að ónotuð séu góð markaðsskilyrði erlendis, svo að til tjóns sé fyrir landbúnaðinn, og ber þá framleiðsluráði að stuðla að því, að ný iðnaðarfyrirtæki verði stofnuð eða önnur eflað svo, að fullnægt verði varanlegri eftirspurn eftir þessum vörum og hinir erlendu markaðir nýtist eftir því sem bezt má verða.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum framleiðsluráðs.

94

5. júní

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber lögreglumál. Varða brot sektum frá 300—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ef aðili, sem samkv. lögum þessum er skylt að gefa framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té, má heita dagsektum frá 20—200 kr.

36. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð á sölu mjólkur og rjóma, og breyting á þeim lögum, nr. 66 1937 og nr. 33 1942. Enn fremur lög nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með sauðfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim, og breyting á þeim lögum, nr. 32 1943. Enn fremur lög nr. 11 19. marz 1946, um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl., og loks 1. og 2. málsgr. 7. gr. laga nr. 31 2. apríl 1943, svo og öll önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

95

5. júní

L Ö G

um lögræði.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Um lögræðisskilyrði.

1. gr.

Lögræði er tvenns konar, sjálfræði og fjárræði. Maður sjálfráða og fjárráða er fullráða.

Undanþága frá lögræðisskilyrðum verður ekki veitt.

2. gr.

Maður er sjálfráða 16 ára gamall, nema sviptur sé sjálfræði.

3. gr.

Maður er fjárráða 21 árs gamall, nema sviptur sé fjárræði.

4. gr.

Nú gengur maður, sem ólögráða er fyrir æsku sakir, í hjónaband, og er hann þá fullráða upp frá því, nema sviptur sé lögræði.

II. KAFLI

Um sviptingu lögræðis og brotnám lögræðissviptingar.

95

5. júní

5. gr.

Svipta má mann lögræði, sjálfræði einu saman, fjárræði einu sér eða hvoru tveggja:

1. Ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisljóleika, geðveiki eða annarrar sturlunar.
2. Ef hann stofnar efnahag sínum eða vandamanna sinna í hættu með óhæfilegri eyðslusemi, annarri ráðlausri breytni eða hirðuleysi um eignir, sem eru í umráðum hans.
3. Ef hann sökum ofdrykkju, notkunar deyfilyfja eða annarra lasta er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé, verður öðrum til byrðar, vanrækir framfærsluskyldur eða raskar þráfaldlega opinberum hagsmunum.
4. Ef nauðsyn ber til að vista hann án samþykkis hans í sjúkrahúsi eða á heilshæli sökum fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni.
5. Ef hann vegna líkamlegs vanþroska, heilsubrests eða annarra vanheilinda á óhægt með að ráða persónulegum högum sínum eða fé og æskir sjálfur lögræðissviptingar af þeim sökum.

6. gr.

Veita skal lögræðissviptum manni á ný sjálfræði, fjárræði eða hvort tveggja, eftir því sem við á, ef ástæður lögræðissviptingar eru ekki lengur fyrir hendi.

7. gr.

Kröfu um lögræðissviptingu geta gert:

1. Aðili sjálfur, sem lögræðissviptingu á að þola.
2. Eiginmaður aðila eða eiginkona, ættingjar hans í beinan legg og systkin.
3. Lögráðamaður aðila.
4. Sá, sem skyldur er að lögum til að framfæra aðila, sveitarstjórn þó því aðeins, að hann sé orðinn sveitarstyrksþurfi, svo og sá, sem framfærslurétt hefur á hendur honum að lögum.
5. Sá, sem næstur er erfingi aðila að lögum eða samkvæmt erfðaskrá, sem ekki er afturtæk.
6. Dómsmálaráðuneytið:
 - a. Þegar gæzla almannahags gerir þess þörf.
 - b. Þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vandananna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila, er það hefur fengið á annan hátt.

8. gr.

Kröfu um lögræðissviptingu skal bera upp við héraðsdómara (í Reykjavík borgardómara), þar sem maður sá, er krafan varðar, á heima eða dvelst. Nú er hvorki kunnugt um heimili hans né dvalarstað, og skal þá með mál farið, þar sem viðkomandi átti síðast heimili eða dvaldist.

9. gr.

Krafa um lögræðissviptingu skal vera skrifleg. Hún skal greina, hvort krafizt er sviptingar sjálfræðis, fjárræðis eða hvors tveggja.

Kröfunni skulu fylgja skrifleg gögn, eftir því sem við á og við verður komið, um aðild krefjanda, sbr. 2.—5. tölulið 7. gr., um ástæður fyrir kröfugerð og annað, er máli skiptir.

95

5. júní

Dómari skal þinga í málinu þegar í stað. Hann skipar þeim aðila talsmann, sem krafa um lögræðissviptingu er á hendur gerð, og rannsakar málavexti að hætti opinberra mála. Krefjandi getur þó afturkallað kröfu sína um sviptingu lögræðis á hverju stigi máls sem er.

Nú hefur maður sjálfur gert kröfu um að verða sviptur lögræði, og rannsakar dómari og metur samt sem áður, hvort grundvöllur lögræðissviptingar sé fyrir hendi.

Málið skal rekið með tilhlýðilegum hraða og úrskurður upp kveðinn án óþarfs dráttar.

Nú fellst dómari á kröfu um lögræðissviptingu, og skal þá skýrt greint í úrskurði, hvort aðili sé sviptur sjálfræði, fjárræði eða hvoru tveggja.

11. gr.

Nú er maður með dómsúrskurði sviptur lögræði, og skal þá dómari kynna aðila sjálfum úrskurðinn, nema það sé tilgangslaust vegna andlegra vanheilinda hans, en þá skal úrskurð birta einhverjum venzlamanni hans, er getur í 2. tölulið 7. gr., ef til næst.

Dómari skal geta lögræðissviptingar á skrá, er hann heldur um lögræðissvipta menn í lögsagnarumdæmi sínu. Hann skal og þegar senda dómsmálaráðuneytinu eftirrit af úrskurðinum, en það heldur spjaldskrá um lögræðissvipta menn hér á landi.

Ef um fjárræðissviptingu er að tefla, skal dómari einnig annast um, að niðurstaða úrskurðarins sé þegar birt í Lögbirtingablaði. Ef sá, sem sviptur er fjárræði, á fasteign eða hér skrásett skip, eða hann rekur atvinnu, sem geta ber eða getið er á verðlanaskrá, þá skal skrá athugasemd um úrskurðinn á varnarþingi fasteignar eða skips og í verðlanaskrá. Dómari sendir eftirrit af úrskurðinum þeim stjórnvöldum, sem um hann þurfa að vita.

12. gr.

Nú telur sá, sem í öndverðu krafðist lögræðissviptingar, eða einhver þeirra aðila, sem í 1.—3. og 6. tölulið 7. gr. getur, að ástæður til lögræðissviptingar séu ekki lengur fyrir hendi, og getur hann þá borið fram tilmæli við héraðsdómara, þar sem hinn lögræðissvipti maður dvelst, um að lögræðissviptingin sé úr gildi felld. Tilmælin skulu vera skrifleg og studd gögnum um breyttar ástæður hins lögræðissvipta aðila. Ef lögræðissvipting hefur verið reist á ástæðum, er greinir í 1. eða 4. tölulið 5. gr., skal tilmælunum að jafnaði ekki sinnt, nema þeim fylgi meðmæli embættislæknis.

Dómari heldur þing í málinu. Hann aflar, eftir því sem ástæður renna til, skýrslna þeirra manna, sem málið varðar, svo sem þess aðila, er tilmælin ber fram, hins lögræðissvipta manns sjálfs og lögráðamanns hans svo og þess aðila, sem í öndverðu krafðist lögræðissviptingar, ef til hans næst. Eftir að dómari hefur rannsakað málið, kveður hann upp úrskurð annaðhvort á þann veg, að tilmælin verði ekki tekin til greina, eða að lögræðissvipting sé úr gildi felld.

Nú hefur maður bæði verið sviptur sjálfræði og fjárræði, og má þá eftir atvikum fella lögræðissviptingu niður, að því er aðra greinina varðar.

Þegar lögræðissvipting er úr gildi felld að öllu leyti eða nokkru, annast dómari um, að afskráning og aflýsing lögræðissviptingar fari fram.

13. gr.

Áfrýjun dómsathafna, er í þessum kafla getur, fer eftir reglum um áfrýjun opinberra mála.

Eigi frestar áfrýjun framkvæmd úrskurðar.

Dómsmálaráðuneytið hefur jafnan heimild til áfrýjunar. Svo skal og skjóta máli til hæstaréttar, ef sá æskir þess, sem lögræðissviptingu á að þola eða þolir. Nú er

hann ekki fær til að taka ákvörðun um áfrýjun vegna andlegra annmarka, og getur þá hver sá, sem getið er í 2. og 3. tölulið 7. gr., krafizt áfrýjunar í hans stað. Loks skal áfrýja máli, ef sá æskir þess, er kröfu gerði í héraði um lögræðissviptingu eða brotnám lögræðissviptingar.

14. gr.

Hæstiréttur skipar sækjanda og verjanda fyrir dómnum úr flokki hæstaréttar-lögmanna. Í hæstarétti má færa fram ný gögn og nýjar varnir.

Eftirrit af dómi hæstaréttar skal þegar senda dómsmálaráðuneytinu og viðkomandi héraðsdómara. Nú er héraðsúrskurði breytt í hæstarétti, og gerir þá héraðsdómari þegar þær ráðstafanir, sem við eiga, sbr. 11. gr. og síðustu mgr. 12. gr.

15. gr.

Í málum til sviptingar lögræðis og brotnáms lögræðissviptingar skal engin réttargjöld greiða.

Eigi skal greiða gjald fyrir birtingu úrskurðar né skráningu hans eða afskráningu. Þóknun skipaðs talsmanns í héraði og kostnað af áfrýjun, þar á meðal laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, skal greiða úr ríkissjóði.

Ef krafa um áfrýjun hefur verið bersýnilega tilefnislaus, getur hæstiréttur þó gert þeim, er áfrýjunar krafðist, að endurgreiða ríkissjóði áfrýjunarkostnaðinn.

III. KAFLI

Um löggerninga ólögráða manna o. fl.

16. gr.

Sjálfráða maður ræður einn öðru en fé sínu, nema lög mæli sérstaklega fyrir á annan veg.

17. gr.

Fjárráða maður ræður einn fé sínu, nema öðruvísi sé sérstaklega um mælt í lögum.

18. gr.

Ófjárráða maður ræður sjálfur sjálfsaflafé sínu, sem hann hefur þegar unnið fyrir. Maður, sem sviptur hefur verið fjárræði, ræður þó aðeins því sjálfsaflafé, sem hann hefur unnið sér inn, eftir að úrskurður gekk um lögræðissviptinguna.

Ófjárráða maður ræður sjálfur gjafafé sínu, þar með taldar dánargjafir, nema gefandi hafi mælt fyrir á annan veg eða lög kveði sérstaklega öðruvísi á. Ef maður hefur verið sviptur fjárræði, ræður hann þó aðeins því gjafafé, sem hann hefur fengið, eftir að úrskurður gekk um sviptingu lögræðis.

Ef um tiltölulega mikið sjálfsaflafé eða gjafafé er að tefla, eða fari hinn ófjárráða maður ráðlauslega með féð, getur yfirlögráðandi, án tillits til fyrirmæla gefanda, ef því er að skipta, tekið eða heimilað lögráðamanni að taka féð að nokkru eða öllu leyti til varðveislu, og ræður hinn ófjárráða maður þá ekki því fé, meðan sú ráðstöfun helzt.

Forráð ófjárráða manns yfir sjálfsaflafé og gjafafé taka einnig til arðs af því fé svo og verðmælis, er í stað þess kemur. Ekki heimila þau ófjárráða manni að stofna til skuldar né veðsetja fjármuni.

19. gr.

Löggerningar ólögráða manns, sem hann hafði ekki heimild til að gera, binda hann ekki.

Nú hefur maður verið sviptur lögræði, og binda hann þá ekki löggerningar, sem fara í bág við lögræðissviptingu og hann gerir eftir skrásetningu úrskurðar, enda hafi

- 95 úrskurðurinn, ef um fjárræðissviptingu er að tefla, verið birtur í Lögbirtingablaði 5. júní innan 2 vikna, ef hann er kveðinn upp í Reykjavík eða Hafnarfirði, en ella 6 vikna frá skrasetningu hans. Gildir skulu eldri löggerningar, nema sá maður, sem löggerningnum er beint til, hafi vitað um lögræðissviptinguna eða mátt vera um hana kunnugt.

20. gr.

Nú hefur ólögráða maður sjálfur gert samning, sem hann skorti heimild til að gera, og getur þá hinn aðili sammingsins riftað honum, nema samningurinn hafi annaðhvort verið staðfestur af lögráðamanni eða honum hafi verið fullnægt, svo skuldbindandi sé fyrir hinn ólögráða mann.

Nú veit maður, að hann semur við ólögráða mann, og hefur ekki ástæðu til að ætla, að samþykki lögráðamanns sé fyrir hendi, og getur hann þá ekki riftað samningnum, fyrr en liðinn er tilskilinn frestur til að afla staðfestingar lögráðamanns, ef um slíkan frest hefur verið samið, en ella hæfilegur tími til þeirrar málaleitunar.

Ef maður hefur gert vinnusamning við ósjálfráða mann, og svo er ástatt, sem segir í upphafi undanfarandi málsgreinar, þá getur hann ekki riftað samningnum, meðan hinn ósjálfráða maður efnir hann af sinni hálfu.

Ákvörðun um riftun sammings má jafnt tilkynna hinum ólögráða manni sjálfum sem lögráðamanni hans.

21. gr.

Nú veldur lögræðisskortur ógildingunni sammings, og skal þá hvor aðila skila aftur þeim verðmætum, sem hann hefur veitt viðtöku. Ef ekki er unnt að skila hlut aftur, skal aðili greiða verð hans, eftir því sem hér segir:

1. Samningsaðili hins ólögráða manns skal greiða fullt verð hlutarins. Honum ber þó eigi að bæta hlut, sem hann átti að skila aftur samkvæmt samningi aðila, ef rýrnun eða eyðilegging hlutarins stafar af eiginleikum hans, sem fyrir hendi voru, þegar hann var afhentur. Hafi aðili fengið hlutinn eða verðmætið að gjöf eða til geymslu frá hinum ólögráða manni, má færa niður bætur úr hendi hans, eftir því sem sanngjarnt þykir.
2. Hinn ólögráða maður skal greiða fégjald, að því leyti sem verðmætin hafa orðið honum að notum.

Nú hefur hinn ólögráða maður haft svik í frammi eða á annan hátt brotið af sér við gerð sammings eða afhendingu umsáminna verðmæta, eða hann hefur á saknæman hátt valdið því, að hlutur hefur farið forgörðum, er honum bar samkvæmt samningnum eða vegna riftunar sammingsins að skila aftur, og skal hann þá bæta samningsaðila sínum tjón hans. Dómstólar geta þó fært bótafjárhæð niður með hæfilegu tilliti til þess, hve mikil sökinn var og tjónið, til efnahags hins ólögráða manns og annarra atvika.

Nú sannast í opinberu máli, að hinn ólögráða maður hefur gerzt sekur um refsivert athæfi í sambandi við gerð sammings eða framkvæmd, og skal hann þá bæta tjón eftir almennum reglum.

IV. KAFLI

Um foreldravald og lögráðendur.

22. gr.

Foreldrar barns, sem er ósjálfráða fyrir æsku sakir, og þeir, sem barni koma í foreldris stað, ráða persónulegum högum þess. Nefnast þau lögráð foreldravald.

Foreldrar ráða bæði saman skilgetnum börnum sínum, svo og kjörforeldri kjörbörnum sínum. Nú er annað foreldra látið, og ræður þá hitt börnunum eitt, nema

gengið hafi í hjónaband af nýju; þá ráða hjónin börnunum bæði saman. Ef bæði 95 foreldri eru látin, en stjúpforeldri á lífi, þá ræður það börnunum, enda séu þau á framfæri þess. Nú eru foreldri skilin að fullu eða að borði og sæng, og fer þá um forræði fyrir börnunum eftir því, sem kveðið er á í skilnaðarbréfi eða dómi. 5. júní

Óskilgetnu barni ræður móðir. Nú gíftist hún, og fara þá bæði hjónin með foreldravald, enda fylgi barnið móður sinni. Ef móðir barnsins andast, ræður stjúpinn barninu, sé það á framfæri hans.

Nú andast ógift kona frá óskilgetnu, ósjálfráða barni sínu, eða hún má ekki hafa foreldravald yfir því, og á þá faðir barnsins rétt til að fá umráð þess, ef það hefur erfðarétt eftir hann og hann framfærir það.

23. gr.

Foreldrar geta falið öðrum að fara með foreldravald yfir barni að nokkru eða öllu leyti. Þeir geta þó, hvenær sem er, heimt umráð barnsins aftur, nema almannavald telji barninu hentara, að ráðstöfunin haldist. Ákvæði þessi taka ekki til ættleiðingar.

Ef sá, sem fer með foreldravald, misbeitir því eða vanrækir skyldur, sem foreldravaldi fylgja, eða hann er hneigður til drykkjuskapar eða annarra lasta, þá getur dómismálaráðuneytið tekið af honum forráð barns og falið þau öðrum. Ef annað hjónanna er slíkum annmarka háð, má fela hinu hjónanna einu að fara með forráð barnsins. Svo getur og almannavaldið svipt mann foreldravaldi, eftir því sem lög leyfa.

24. gr.

Þeir menn, sem fara með foreldravald yfir barni, samkvæmt því er segir í 22. gr., skulu og hafa á hendi fjárhald þess, meðan það er ófjárráða fyrir æsku sakir.

25. gr.

Nú er maður með dómsúrskurði sviptur lögræði (sjálfræði, fjárræði eða hvoru tveggja), og skal þá yfirlögráðandi skipa honum lögráðamann.

Svo skal og yfirlögráðandi skipa þeim manni lögráðamann, sem ófjárráða er fyrir æsku sakir, ef lögborins lögráðamanns nýtur eigi eða hann æskir lausnar frá starfi af ástæðum, sem yfirlögráðandi metur gildar, svo og er fjármálum barns þykir ekki nægilega borgið í höndum hans.

26. gr.

Skipa má ólögráða manni sérstakan lögráðamann til þess að reka tiltekið erindi fyrir hann, er þess gerist þörf. Skal það jafnan gert, er fastur lögráðamaður hefur eiginna hagsmuna að gæta við þann erindrekstur.

27. gr.

Skipaður lögráðamaður skal vera fullráða og fjár síns ráðandi, ráðvandur og ráðdeildarsamur og að öðru leyti vel til starfans fallinn.

Nú hefur foreldri ákveðið, hver vera skuli að því látnu lögráðamaður barns, er það hefur foreldravald yfir, og skal þá skipa hann lögráðamann, nema annað þyki hentara vegna hagsmuna barnsins.

28. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar, í Reykjavík borgarfógeti, eru yfirlögráðendur, hver í sínu lögsagnarumdæmi, en dómismálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, er lögráð varða.

Lögráðamönnum er skylt að hegða sér eftir fyrirmælum yfirlögráðenda og dómismálaráðuneytisins.

95

5. júní

Lögráðamaður ósjálfráða manns ræður persónulegum högum hans, þar á meðal vistráðum og vinnusamningum, nema öðruvísi sé mælt í lögum.

Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ósjálfráða mann, svo sem sjálfráða hefði hann gert.

29. gr.

30. gr.

Ekki verður ósjálfráða maður ráðinn til að gegna starfi í skipi eða loftfari, nema hann samþykki það sjálfur.

31. gr.

Fyrirskipun eða samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess, að maður, eldri en 16 ára, verði án samþykkis síns vistaður í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli sökum fávitaskapar, geðveiki, ofnautnar áfengis eða deyfilyfja eða vegna fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni, enda hafi viðkomandi áður verið sviptur sjálfræði.

Framangreind ákvæði eru ekki því til fyrirstöðu, að unnt sé að hefta frelsi manna til bráðabirgða, þegar nauðsyn krefur, að þeir séu vistaðir í sjúkrahúsi eða á öðrum svipuðum stað, sem til þess er hæfur að dómi embættislæknis, til rannsóknar eða einangrunar vegna sjúkdóms, sem hættulegur getur talizt sjálfum þeim eða öðrum. Koma hér til greina farsóttir og aðrar næmar sóttir, geðveiki, nautn eiturlyfja og ölvun, sem valdið hefur því, að hlutaðeigandi hefur verið tekinn í umsjá löggæzlumanna. Aldrei má þó, án samþykkis hlutaðeiganda eða krafa sé gerð til dómara um sviptingu sjálfræðis hans, hefta frelsi manna tveimur sólarhringum lengur fyrir þessar sakir, nema í hlut eigi sjúklingur með bráða og hættulega farsótt, en honum er skylt að hlíta einangrun, á meðan hann er haldinn veikinni og sótthætta stafar af honum að dómi embættislæknis.

Ekki má dvöl ofangreindra manna í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli haldast lengur en nauðsyn krefur. Skulu lögráðamenn þeirra hafa eftirlit með því.

Dómsmálaráðherra setur í samráði við landlækni nánari fyrirmæli í reglugerð um tilhögun þessara mála. Hann getur og skipað nefnd manna sér til aðstoðar við framkvæmd þeirra.

Nú telur einhver sá, sem greinir í 2. og 3. tölulið 7. gr., að sjálfræðissviptum manni sé haldið ófyrirsynju í sjúkrahúsi eða á heilsuhæli, og getur hann þá borið málið undir dómstóla.

32. gr.

Lögráðamaður ófjárráða manns ræður fyrir fé hans, nema lög mæli um á annan veg.

Lögmæt ráðstöfun lögráðamanns bindur ófjárráða mann, svo sem fjárráða hefði hann gert.

33. gr.

Lögráðamaður skal varðveita og ávaxta með trúmennsku og hagsýni það fé skjólstæðings síns, sem er í umráðum hans. Hann skal bæta skjólstæðing sínum tjón af lögráðamannsstörfum sínum, ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi.

34. gr.

Lögráðamaður hefur ekki ráðstöfunarrétt á því fé skjólstæðings síns, sem yfir-lögráðandi hefur tekið í sínar vörzlur.

35. gr.

Ekki er unnt að binda ófjárráða mann við ábyrgð eða tryggingu fyrir þriðja mann.

36. gr.

Lögráðamaður skal leita samþykkis yfirlögráðanda til allra ráðstafana varðandi fjárhaldið, sem eru mikils háttar eða óvenjulegar, svo sem kaupa og sölu á lausafé, ef um tiltölulega mikið verðmæti er að tefla, leigu á fasteign um óvenjulega langan tíma eða með öðrum óvenjuligum kjörum og til ráðningar forstjóra fyrir atvinnufyrirtæki ófjárráða manns. Samþykki yfirlögráðanda þarf og til þess, að gengið sé á eignir ófjárráða manns til greiðslu kostnaðar af framfærslu hans, námi eða öðru.

95

5. júní

37. gr.

Samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess að binda ófjárráða mann við kaup eða sölu fasteignar eða skips, til lagningar veðbanda eða annarra eignarhafta á fasteign eða skip svo og til kaupa eða sölu á atvinnufyrirtæki.

Fasteign, skip eða atvinnufyrirtæki ófjárráða manns skal eigi láta af hendi, nema honum sé auðsýnilegur hagur að því.

38. gr.

Reiðufé ófjárráða manna má ávaxta í lánsstofnunum, enda sé ríkisábyrgð fyrir innstæðufénu eða lánsstofnunin hafi heimild að lögum til að geyma og ávaxta fé ófjárráða manna.

Lána má fé ófjárráða manna gegn fyrsta veðrétti í fasteign, en ekki má lánsfjárhæðin fara fram úr $\frac{2}{3}$ hlutum af fasteignamatni eignarinnar.

39. gr.

Í veðskuldabréfum fyrir láni af fé ófjárráða manna skal meðal annars taka fram, að lánið sé allt þegar afturkræft, ef vanskil verða á greiðslu vaxta eða afborgana, og má þá bjóða veðið upp án dóms eða sáttar og aðfarar. Uppboðið skal birta með venjulegum hætti, og skal það gert fjórum vikum fyrir uppboð. Með jafnlöngum fresti skal birta auglýsinguna eftir reglum um stefnubirtingar skuldunaut sjálfum eða tilgreindum umboðsmanni hans, séu þeir innan lögsagnarumdæmisins, en ella skal auglýsingin birt á fasteigninni sjálfri.

40. gr.

Lögráðamaður skal gera yfirlögráðanda grein fyrir fjárhaldinu og ráðstöfunum sínum, hvenær sem hann krefst þess, svo og er fjárhaldi slitur. Ef fé hins ólög-ráða manns í umráðum lögráðamanns nemur meiru en 5000 krónum, skal lögráðamaður gera yfirlögráðanda skriflega grein fjárhaldsins á ári hverju.

Ef starf lögráðamanns ófjárráða manns er sérstaklega umfangsmikið, getur yfirlögráðandi með samþykki dómsmálaráðuneytisins ákveðið honum þóknun fyrir fjárhaldið af árlegum tekjum skjólstæðings hans.

Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari fyriræli um störf lögráðamanna og eftirlit yfirlögráðenda með þeim.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um fjárforráð ómyndugra á Íslandi 18. febr. 1847, lög nr. 60 14. nóv. 1917, um lögræði, 32. og 33. gr. laga nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, og 20., 21. og 22. gr. laga nr. 57 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

95

42. gr.

5. júní

1. Sáttmála þennan má endurskoða í því skyni að koma á umbótum, sem til þess eru fallnar að fullkomna kerfi sambandsins.

2. Ofangreind mál og þau, er snerta á annan hátt þróun sambandsins, skulu fulltrúar sambandslandanna ræða á ráðstefnum, sem haldnar verða í sambandslöndunum, hverju eftir annað. Stjórn þess lands, þar er ráðstefnu skal halda, undirbýr störf hennar ásamt skrifstofu alþjóðasambandsins. Forstjóri skrifstofunnar er viðstaðdur á ráðstefnum þessum og tekur þátt í umræðunum, en eigi hefur hann atkvæðisrétt.

3. Sérhver breyting á sáttmála þessum þarf einróma samþykki sambandslandanna, ef hún á að hafa gildi fyrir sambandið.

25. gr.

1. Þeim löndum, sem eigi teljast til sambandsins, en veita lögvernd á þeim réttindum, sem í sáttmála þessum greinir, skal heimilt að ganga í sambandið, ef þau óska þess.

2. Þessi innganga skal tilkynnt skriflega sambandsstjórn Svisslands, er aftur skal tilkynna hana öllum hinum ríkisstjórnunum.

3. Af inngöngunni leiðir, að gengið er undir allar skyldukvaðir samningsins og fengin hlutdeild í öllum þeim hagsmunum, sem hann veitir. Inngangan tekur gildi einum mánuði eftir að sambandsstjórn Svisslands hefur sent tilkynningu um hana til hinna sambandslandanna, svo framarlega sem landið, sem inngöngunnar óskar, tiltekur ekki lengri frest. En í inngöngubeiðninni má taka fram, að viðkomandi land, í stað þess að vera bundið af 8. gr. í þessum sáttmála, áskilji sér að minnsta kosti fyrst í stað, að varðandi þýðingar sé það bundið af ákvæðum 5. gr. sáttmálans frá 1886 í því formi, sem hann hlaut í París 1896, að því leyti sem ákvæði þess snerta þýðingar á mál þess lands.

110

19. sept.

1. Sérhvert sambandsland getur, hvenær sem er, tilkynnt sambandsstjórn Svisslands skriflega, að þessi sáttmáli skuli hafa gildi að öllu leyti eða nokkru fyrir nýlendur þess, verndarsvæði og umboðssvæði eða önnur þau landsvæði, er það hefur fullveldi yfir; er þá sáttmálinn í gildi á þeim svæðum, sem getið er í tilkynningunni. Án slíkrar tilkynningar hefur sáttmálinn ekki gildi fyrir ofangreind svæði.

2. Sérhvert sambandsland getur, hvenær sem er, tilkynnt sambandsstjórn Svisslands skriflega, að sáttmáli þessi hafi ekki lengur gildi fyrir þau svæði eða hluta af þeim svæðum, sem nefnd eru í tilkynningu samkv. 1. mgr.; fellur þá sáttmálinn úr gildi á þeim svæðum, sem greind eru í tilkynningu þessari, einu ári eftir að hún barst sambandsstjórn Svisslands.

3. Allar tilkynningar, sem berast sambandsstjórn Svisslands samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., skulu sendar öllum sambandslöndunum.

27. gr.

1. Sáttmáli þessi skal, að því er snertir sambandslöndin sín á milli, koma í stað sáttmálans frá Bern 9. sept. 1886 og síðari endurskoðana á honum. Fyrri samningar halda gildi sínu varðandi þau lönd, sem ekki staðfesta þennan sáttmála.

2. Þau lönd, sem láta undirrita þennan sáttmála, geta haldið öllum þeim fyrirvara, er þau hafa áður gert, svo framarlega sem þau lýsa því yfir um leið og þau leggja fram fullgildingarskjöl sín á honum.

3. Þau lönd, sem nú eru í sambandinu, en undirrita eigi sáttmála þennan, geta gengið að honum hvenær sem er. Eiga þá ákvæði undanfarandi málsgreinar við um þau.

28. gr.

1. Sáttmála þennan skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin lögð fram í Rómaborg í síðasta lagi 1. júlí 1931.

2. Í þeim löndum, er hafa fullgilt hann, gengur hann í gildi einum mánuði eftir þann dag. En fari svo, að hann verði fullgiltur fyrr af sex sambandslöndum að minnsta kosti, þá skal hann ganga í gildi þeirra í milli einum mánuði eftir að sambandsstjórn Svisslands hefur tilkynnt þeim framlagningu sjötta fullgildingarskjalsins, en í hinum sambandslöndunum, sem fullgilda hann síðar, einum mánuði eftir að fullgilding viðkomandi ríkis hefur verið tilkynnt.

3. Lönd utan sambandsins geta gengið í það fram til 1. ágúst 1931, þannig að þau gangi annaðhvort að Berlínarsáttmálanum frá 13. nóv. 1908 eða að þessum sáttmála. Eftir 1. ágúst 1931 geta þau aðeins gengið að þessum sáttmála.

29. gr.

1. Sáttmáli þessi skal gilda um óákveðinn tíma, þar til honum er sagt upp með eins árs fyrirvara.

2. Uppsögn þessa skal senda sambandsstjórn Svisslands. Hún skal aðeins hafa gildi fyrir það land, sem hefur sent hana, en sáttmálinn heldur gildi sínu fyrir hin sambandslöndin eftir sem áður.

30. gr.

1. Þau lönd, sem innleiða í löggjöf sína 50 ára verndartímabil það, sem gert er ráð fyrir í 7. gr. 1. mgr. þessa sáttmála, skulu tilkynna það með skriflegri yfirlýsingu sambandsstjórn Svisslands, en hún tilkynnir það þegar öllum öðrum sambandslöndum.

2. Hið sama á við um þau lönd, sem falla frá þeim fyrirvara, er þau hafa gert eða haldið samkvæmt 25. og 27. gr.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar viðkomandi þjóða ritað nöfn sín undir sáttmála þennan. 110

Gjört í Rómaborg, 2. dag júnímánaðar 1928, í einu eintaki, er skal geymt í skjallasafni ríkisstjórnar ítalska konungsríkisins. Staðfest eftirrit skal látið í té sérhverju sambandslandi. 19. sept.

Fylgiskjal II.

Skrá yfir erlend ríki, sem aðilar eru að Bernarsáttmálanum.

Ástralía,	Indland,	Portugal,
Belgía,	Írland,	Rúmenía,
Brazília,	Ítalía,	Spánn,
Bretland,	Japan,	Suður-Afrika,
Búlgaría,	Júgóslavía,	Sviss,
Canada,	Liechtenstein,	Svíþjóð,
Danmörk,	Luxemburg,	Tékkóslóvakía,
Finnland,	Monaco,	Vatikanið,
Frakkland,	Noregur,	Þýzkaland.
Grikkland,	Nýja-Sjáland,	
Holland,	Pólland,	

TILSKIPUN

um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Sviss. 111

30. sept.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnáam, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Sviss, eins og eigin þegnum, þá vil ég samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki, 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir sem hér segir:

Þeir, sem í Sviss reka verksmiðjuiðnað eða handiðn, jarðrækt, málmnáam, verzlun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóv. 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hér greinir:

1. Tilkyningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Sviss fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sé varnarþing hans í öllum málum viðvikjandi vörumerkjum og tilnefna umboðsmann búsettan á Íslandi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.
3. Vörumerkið skal ekki njóta víðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í Sviss.
4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í Sviss, nema gagnstæft sé velsæmi og allsherjarreglu.
5. Nú er vörumerki tilkynnt til skrásetningar á Íslandi í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að það hefur verið tilkynnt í Sviss, og skal þá gagnvart öðrum tilkyningum telja, að þessi tilkyning hafi farið fram um leið og tilkyningin fer fram í Sviss.

- 111 6. Nú er synjað um skrásetningu samkvæmt 5. gr. nr. 5 framannefndra laga 13. 30. sept. nóv. 1903, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefur tilkynnt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en hinn hafi síðan tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með einkarétti til þess að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rétt þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgrein nefndra laga.

Gjört í Reykjavík, 30. september 1947.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.

112 30. sept.

L Ö G

um loðdýrarækt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 9. gr. laga nr. 69 5. júní 1947, um breytingar á lögum nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrarækt og loðdýralánadeild, og lögum nr. 94 14. maí 1940, um breytingar á þeim lögum, hefi látið fella meginmál hinna fyrstnefndu laga og laga nr. 94 14. maí 1940, inn í téð lög nr. 38 13. júní 1937, og gaf þau hér með út svo breytt, sem lög um loðdýrarækt.

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Verði ágreiningur um, hvort einhver dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki, sker landbúnaðarráðherra úr, enda skal hann hafa yfirumsjón með loðdýraræktinni í landinu.

2. gr.

Loðdýrarækt og loðdýrabú nefnist í lögum þessum, ef loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, en loðdýraeldi, ef dýrin eru alin um stundarsakir vegna skinnaf framleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýragarður nefnast girðingar og búr, sem loðdýr eru geymd í, en aðhald þar, sem loðdýr eru höfð í ógirtum eyjum.

3. gr.

Hver sá, er stunda vill loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skal fá til þess leyfi viðkomandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, enda hlíti hann í öllum greinum ákvæðum laga þessara og reglugerðar, er landbúnaðarráðherra setur um framkvæmd laganna. Nú synjar hreppsnefnd eða bæjarstjórn um leyfi, og skal hún þá láta umsækjanda í té skriflegar ástæður fyrir synjuninni. Getur þá umsækjandi skotið máli sínu til landbúnaðarráðherra, er fellir um það fullnaðarúrskurð, eftir að hafa leitað álits ráðunautar í loðdýrarækt.

4. gr.

Hreppur hver eða bæjarfélag er sérstakt leyfisumdæmi samkvæmt lögum þessum.

Ríkisráðunautur í loðdýrarækt hefur í umboði landbúnaðarráðherra og í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands yfirumsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra. 112 30. sept.

Hreppstjórar í hreppum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu vera trúnaðarmenn ráðunautar í málum varðandi loðdýraræktina, hver í sínu umdæmi, og framkvæma eða láta framkvæma í sínu umboði eftirlit með loðdýraræktinni eftir því, sem ráðunauturinn leggur fyrir, og ganga ríkt eftir, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Nú þykir ráðunaut áfátt vera um eftirlit trúnaðarmanna sinna, og getur þá ráðherra skipað aðra trúnaðarmenn að fengnum tillögum ráðunautar.

Hafi trúnaðarmaður sjálfur loðdýr undir höndum, þá skal ráðunauturinn hafa eftirlit með húi hans, eða skipa til þess annan mann, ef honum þykir ástæða til.

5. gr.

Leyfi til loðdýraræktar skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er landbúnaðarráðherra gefur út í samráði við Loðdýraræktarfélag Íslands.

Leyfi hvert gildir aðeins í því leyfisumdæmi, sem það er veitt fyrir, og einungis fyrir þá tegund loðdýra, sem í leyfinu greinir.

Óheimilt er að taka dýr í loðdýragarð eða aðhald fyrir en úttekt loðdýraræktarráðunautar eða trúnaðarmanna hans hefur farið fram og fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerða um, að girðingar og umbúnaður allur sé úr traustu efni og svo vandlega frá gengið, að öruggt sé, að dýr geti ekki sloppið nema einhver sérstök óhöpp beri að höndum.

Að lokinni úttekt og fullnægðum skilyrðum ber úttektarmanni að gefa leyfisa-hafa skriflega yfirlýsingu um, að honum sé heimilt að taka dýrin í garðinn eða aðhaldið. Sömu ákvæði gilda, ef loðdýragarður er fluttur eða stækkaður.

Nánari ákvæði um eftirlit og úttekt skal setja með reglugerð, þar á meðal um greiðslu fyrir verkið.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum, frá 200—4000 krónum, er renna í sveitar- eða bæjarsjóð.

6. gr.

Öll loðdýr skulu geymd í fulltryggu loðdýragirðingum og búrum. Skal ávallt setja dýrhelda ytri girðingu um minka- og refabúr. Girðingu þessa skal setja svo langt frá búrunum, að hún valdi ekki aðfenni að þeim. Nánari ákvæði um gerð búra og girðinga setur landbúnaðarráðherra með reglugerð.

Þegar loðdýr eru flutt, skal ávallt flytja þau í öruggu búi. Ef loðdýrin eru geymd í aðhaldi, er skylt að flytja þau í örugga vörzlu (sbr. 5. gr.) eða lóga þeim, hvenær sem hælt þykir á, að dómi trúnaðarmanns, að þau kunni að sleppa úr haldi, svo sem vegna ísalaga milli lands og eyja.

Vanræki sá, er leyfi hefur fengið til loðdýraræktar, að hafa vörzlu loðdýra nægilega trygga og lögum samkvæma, þrátt fyrir áminningar trúnaðarmanns eða ráðunautar, getur hreppsnefnd eða bæjarstjórn, að fengnu samþykki ráðunautar, afturkallað fyrirvaralaust hið áður veitta leyfi og krafizt þess, að dýrunum verði strax lógað, nema eigandi komi þeim í örugga vörzlu á öðru loðdýrabúi.

Loðdýraeigandi, sem uppvís verður að illri og ómannúðlegri meðferð á loðdýrum sínum, skal missa leyfi sitt til loðdýraræktar á sama hátt og segir í 3. mgr.

7. gr.

Hver sá, félag eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi til loðdýraræktar og tekið hefur dýr í vörzlu, svo og þeir loðdýraeigendur, sem koma dýrum sínum í fóður hjá öðrum, en hafa ekki sjálfir leyfi til loðdýraræktar, skulu, án sérstakrar

- 112 inntökubeiðni eða inntökuskirteinis, verða meðlimir í Loðdýraræktarfélagi Íslands
 30. sept. eða öðru félagi loðdýraeigenda, er komi í þess stað, með þeim skyldum og réttindum, er lög félagsins ákveða, enda hafi landbúnaðarráðherra staðfest lög þess. Gjöldum loðdýraeigenda, sem ákveðin eru í félagslögum, fylgi lögtaksréttur.

8. gr.

Bannað er að gera loðdýrum í aðhaldi eða loðdýragörðum nokkurt það ónæði, er eigendum verður tjón að, enda séu dýrin geymd svo fjarri alfaraleiðum, að ekki hljótist ónæði af umferðinni.

Í reglugerð skal kveða nánar á um öryggi loðdýraeigenda gegn tjóni, er hljótast kann af ónæði, er loðdýrum er gert í loðdýragörðum eða aðhaldi. Enn fremur á skemmdum á refagörðum eða búrum. Ákveða má sektir og bætur, ef um ásetning eða vítavert kæruleysi er að ræða, nema þyngri refsing liggja við að lögum, svo og hvernig með skuli fara kærumál um þessi efni.

9. gr.

Gangi hundapest eða aðrir næmir sjúkdómar, sem loðdýrum getur stafað hætta af, er landbúnaðarráðherra heimilt að gera ráðstafanir til varnar því, að pestin berist í loðdýragarða eða milli héraða.

10. gr.

Sleppi loðdýr úr vörzlu, skal sá, er vörzluna hefur, þegar gera gangskör að því að veiða dýrin. Samtímis skal hann tafarlaust tilkynna hreppstjóra eða lög-reglustjóra í leyfisumdæminu hvarfið, og varðar sektum frá 200 til 2000 kr., ef út af er brugðið.

Auk sekta samkvæmt framansögðu skal sá, er dýrin missir úr vörzlu, greiða skaðabætur eftir mati, ef sannanlegt tjón hlýzt af, nema sannað verði, að skemmdarverkum óviðkomandi manna eða öðrum óviðráðanlegum orsökum sé um að kenna, að dýrin sluppu. Nú hefur dýr, eitt eða fleiri, sloppið úr vörzlu og hvarfið verið tilkynnt samkvæmt 1. málslíð þessarar greinar, og skal þá hlutaðeigandi hreppstjóri eða lögreglustjóri tafarlaust tilkynna það loðdýraræktarráðunaut, og gera þeir þá í sameiningu ráðstafanir til þess, að dýrunum verði náð, dauðum eða lifandi, ef auðið er. Kostnað, er þær ráðstafanir hafa í för með sér, greiðir sá, er dýrin voru í vörzlu hjá, hvort sem þau eru hans eign eða tökudýr. Nú sannast, að umráðamanni dýranna var ekki um að kenna, að dýrin sluppu, og falla þá skaðabætur og kostnaður á þann, er fundinn verður sannur að sök, auk þess sem hann skal sæta sektum fyrir spellvirki, allt að 5000 kr., nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sannist ekki, hvaðan dýr hafa sloppið úr vörzlu, greiðir ríkissjóður kostnað þann, er um ræðir í þessari grein. Sektir samkv. þessari grein falla í ríkissjóð.

11. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt, er hafi umsjón með því, að hlýtt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra.

Ráðherra gefur út erindisbréf handa ráðunaut, og skal þar m. a. svo ákveðið, að ráðunauturinn skuli einnig vera í þjónustu Loðdýraræktarfélags Íslands og hlíta fyrir mælum þess um þau störf, er um ræðir í 6. gr., og vera félaginu að öðru leyti til aðstoðar og ráðuneytis um þau félagsstörf eða málefni, er stjórn félagsins óskar eftir og samrýmt geta störfum hans í umboði ráðherra.

Laun ráðunautar, skrifstofufé og ferðakostnaður greiðist úr ríkissjóði.

12. gr.

Loðdýraræktarráðunauturinn hefur með höndum án endurgjalds frá loðdýraeigendum almenna fræðslu og leiðbeiningarstarfsemi í loðdýrarækt, bæði munnlega og í rituðu máli.

Hann skal ferðast á milli loðdýrabúa í samráði við stjórn Loðdýraræktarfélag Íslands til eftirlits og leiðbeininga, og skal hann þá einnig framkvæma merkingar loðdýra, eftir því sem við verður komið og óskað er.

Hann skal mæta á fundum Loðdýraræktarfélag Íslands og félagsdeilda þess, þegar óskað er og ástæður leyfa.

Ráðunauturinn skal vera dómari á loðdýrasýningum, eða skipa annan færann mann í sinn stað, ef hann er hindraður í að mæta. Hann skal og hafa yfirumsjón og eftirlit með því, að merking loðdýra sé lögmæt og framkvæmd árlega. Heimilt er í reglugerð að ákveða merkingargjald fyrir þau dýr, er ráðunautur merkir sjálfur, og greiðist gjaldið í ríkissjóð. Ráðunauturinn skal færa ættbók yfir öll fyrstu verðlauna dýr. Heimilt er ráðunaut að taka með í ættbókina veruleg úrvalsdýr, þó að þau hafi ekki verið á sýningu.

13. gr.

Loðdýraræktarfélag Íslands ákveður, í samráði við loðdýraræktarráðunaut, hverjar tegundir loðdýra skuli merktar og ættbókfærðar.

Dýr af þeim tegundum er óheimilt að selja eða láta á annan hátt af höndum til lífs, nema loðdýraræktarráðunautur eða fulltrúi hans hafi metið þau hæf til undaneldis.

Við athugun og merkingu loðdýra ber að sérmerkja þau loðdýr, sem óhæf teljast til undaneldis.

14. gr.

Kostnað við merkingar loðdýra greiðir Loðdýraræktarfélag Íslands, en heimilt er því að taka merkingargjald af eigendum merktra dýra, og ákveður aðalfundur félagsins gjaldið ár hvert. Sama gildir um ættbókarfærslu.

15. gr.

Um loðdýrasýningar, sýningarsvæði og verðlaunaveitingar sé ákveðið í reglugerð. Er heimilt að ákveða þar að leggja gjöld á loðdýraeigendur vegna sýninganna.

16. gr.

Eigi má flytja til landsins loðdýr, nema þau eða foreldrar þeirra hafi hlotið verðlaun á loðdýrasýningum, eða þau séu af viðurkenndu góðu kyni. Hverju innfluttu dýri skal fylgja vottorð dýralæknis á útflutningshöfn um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og um aldur dýranna.

Vottorð dýralæknis skal vera staðfest af lögreglustjóra á staðnum eða unboðsmanni hans.

17. gr.

Loðdýraræktarráðunauturinn skal annast eyðingu villiminka og annarra loðdýra, er sloppið hafa úr haldi. Skal hann vera í samvinnu við sýslunefndir landsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

112

30. sept.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 38 13. júní 1937, um loðdýrækt og loðdýralánadeild, lög nr. 94 14. maí 1940, um breyting á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. september 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

113

13. nóv.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna skal orða svo:

Vátryggingarupphæð kynbótanauta og kynbótahesta, sem tryggðir eru samkv. 3. gr. a-lið, ákveður vátryggjandi. Þyki stjórn Brunabótafélagsins vátryggingarupphæðin óeðlilega há, getur hún leitað álits ráðunauts Búnaðarfélags Íslands í viðkomandi búgrein um málið, og ákveður hann þá vátryggingarupphæðina. Er ákvörðun hans bindandi fyrir báða aðila.

Vátryggingarupphæð gripa, sem eru tryggðir samkv. 3. gr. b-lið, ákveður vátryggjandi, og má það vera hæst tvöfalt skattmat, nema á kynbótahrútum, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sýningu, þar má það vera allt að áttíöldu skattmati.

Vátryggingarupphæð gripa, sem tryggðir eru samkvæmt 4. gr., má vera tvöfalt skattmat, og þó allt að fimmföldu skattmati á karldýrum, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sýningum.

Eindagi á iðgjöldum er samtímis því, er tryggingar eru skráðar.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felldur V. kafli laga um búfjárrækt, nr. 32 8. sept. 1931.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. nóvember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

L Ö G

114

27. nóv.

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðar-samþykktir í sveitum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þó er ráðherra heimilt að veita styrk til að kaupa notaðar vélar, sem ekki hefur áður verið veittur styrkur til, ef verkfærakaupanefnd telur það nauðsynlegt og hagkvæmt til þess að bæta úr brýnni þörf ræktunarsambanda. Skal þá miða styrkinn við verð, er verkfæraneftindin telur hæfilegt eftir aldri og ásigkomulagi vélarinnar, miðað við verð nýrra véla af sömu gerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

L Ö G

115

8. ágúst

um breyting á lögum nr. 28 frá 14. apríl 1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðunum „af benzíni“ í 1. gr. a. laganna komi: öðru en flugvélabenzíni.

2. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að endurgreiða gjald það, er um ræðir í 1. gr., af þeim birgðum, sem eru í vörzlum einstaklinga eða félaga, er lög þessi taka gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

116

27. nóv.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málslíður 6. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsgrundvöllur sá, er um ræðir í 4.—5. gr., svo og verðlagning söluvaranna, skal ákveðinn í fyrsta skipti fyrir 30. ágúst 1947 og gildir eftir það, þar til annar verðlagsgrundvöllur er fundinn.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. sept., skal framleiðsluráð verðskrá kjöt af því fé með hliðsjón af gildandi verðlagi og framleiðslukostnaði, en þeim mun hærra sem nemur áætluðum þyngdarauka kindanna að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

3. gr.

Aftan við 34. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóðar svo:

Komi ósk frá sölusamlögum eggjaframleiðenda eða grænmetisframleiðenda um, að framleiðsluráð hafi með höndum verðskráningu á framleiðsluvörum þeirra, getur landbúnaðarráðherra ákveðið það með reglugerð í samræði við framleiðsluráð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

117

27. nóv.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 116 7. nóv. 1941, um útgáfu krónuseðla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „500 þús. kr.“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: kr. 1000000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. nóvember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

118
8. des.

um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgr. 8. gr. laganna orðist þannig:

Árslaun ullarmatsformanns skulu vera 1600 krónur, en árslaun yfirullarmatsmanna skulu vera 900 krónur til hvers þeirra og greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1948, og falla samtímis úr gildi lög nr. 107 31. des. 1945, um breyting á lögum nr. 107 11. ágúst 1933, um ullarmat.

Gjört í Reykjavík, 8. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

L Ö G

119
22. des.

um viðauka við lög nr. 67 1947, um eignakönnun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Auk þeirra peningaseðla, sem innkalla ber samkvæmt III. kafla laganna, skulu á sama tíma innkallaðir þeir 1 og 2 krónu peningar og einnar krónu seðlar, sem í umferð eru á framtalsdegi, og fer um þá innköllun svo sem segir um innköllun peningaseðla Landsbanka Íslands í 21.—30. gr. laganna.

Nota má þó 1 og 2 krónu peninga og einnar krónu seðla, sem innkalla ber, með sama hætti og ákveðið er um 5 kr. og 10 kr. seðla í 4. mgr. 21. gr.

Ríkissjóður gefur út nýja eins og tveggja krónu peninga, og verða þeir látnir í skiptum fyrir þá, sem innkallaðir verða samkvæmt framanskráðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

120
22. des.

L Ö G

um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með auglýsingu, hvenær skemmtunum, dansleikum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagahéimilum eða veitingahúsum, skuli í síðasta lagi slitið.

Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum varða sektum allt að 10000 kr.

2. gr.

Öll ákvæði, er koma í bága við lög þessi, falla úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

121
22. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1948 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1948 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestagjald.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að innheimta á sama tíma með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkv. 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1948.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

22. des.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

121

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann P. Jósefsson.***L Ö G**

122

um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla.

22. des.

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsgr. 15. gr. laga nr. 58/1946, um menntaskóla, hljóði þannig:

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna. Svo skulu og þeir, er lokið hafa umræddu fullnaðarprófi innan ársloka 1948, vera undanþegnir skilyrðinu um nám í uppeldisfræði og kennsluæfingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.***L Ö G**

123

um breyting á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám.

22. des.

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við a-lið 37. gr. laga nr. 48/1946, um gagnfræðanám, bætist:

Þó má skipa menn, er lokið hafa kennaraprófi eða meistaraþrófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi við sambærilega stofnun, innan ársloka 1948, kennara við skóla gagnfræðastigsins, enda þótt þeir hafi eigi stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um dýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Héraðsdýralæknar skulu vera 9 á landinu, og skulu umdæmi þeirra vera sem hér segir:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi, nær yfir Reykjavík, Hafnarfjörð, Gullbringu- og Kjósarsýslu.
 2. Borgarfjarðarumdæmi, nær yfir Borgarfjarðarsýslu og Akranes, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu að Skógarstrandarhreppi.
 3. Dalasýsluumdæmi, nær yfir Skógarstrandarhrepp í Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu og Strandasýslu að Árneshreppi.
 4. Ísafjarðarumdæmi, nær yfir Vestur-Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslur báðar, Ísafjarðarkaupstað og Árneshrepp í Strandasýslu.
 5. Varmahlíðarumdæmi, nær yfir Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrók, Húnavatnsýslur og Siglufjörð.
 6. Akureyrarumdæmi, nær yfir Ólafsfjörð, Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslur.
 7. Austurlandsumdæmi, nær yfir Múlasýslur báðar, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
 8. Rangárvallaumdæmi, nær yfir Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu.
 9. Selfossumdæmi, nær yfir Árnassýslu og Vestmannaeyjar.
- Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi samkvæmt þessari grein, er héraðslæknum skylt án sérstakra launa úr rikissjóði að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Auk dýralækna þeirra, sem taldir eru í 1. gr., skal vera einn yfirdýralæknir, og skal hann hafa búsetu í Reykjavík. Yfirdýralæknir skal vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum, er búpening varða, hafa eftirlit með störfum héraðsdýralækna, yfirumsjón með sóttvörnum gegn næmum búfjárjúkdómum og innflutningi búfjár og búfjárafurða. Einnig skal hann annast kjötskoðun í Reykjavík og Hafnarfirði og dýralækniseftirlit á þeim heimilum, sem selja ógerilsneydda mjólk til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Einnig skal ávallt starfa að minnsta kosti einn dýralæknir sem sérfræðingur við tilraunastöð háskólans í meinafræði á Keldum.

Fyrst um sinn, meðan skortur er á dýralæknum, svo að einhver af umdæmunum, er um ræðir í 2.—9. tölulið 1. gr., eru dýralæknislaus af þeim sökum, gegnir yfirdýralæknir Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi með embætti sínu án sérstakra launa úr rikissjóði.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar dýralækna, sem taldir eru í 1. gr., svo og yfirdýralækni.

4. gr.

Dýralæknar skulu vinna að bættu heilsufari búpenings í landinu og aukinni arðsemi hans. Þeir skulu vera á verði gegn því, að þjóðfélagið biði tjón af völdum búfjársjúkdóma, og gegn hættum þeim, sem samfara eru neyzlu fæðutegunda, er eiga rót sína að rekja til sjúkra dýra og stafað geta af spilltum búfjárafurðum.

124

22. des.

5. gr.

Dýralæknar samkvæmt lögum þessum eru þeir einir, sem lokið hafa embættisprófi við viðurkenndan dýralæknaháskóla og fengið hafa lækningaleyfi hjá landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

6. gr.

Komi upp næmur búfjársjúkdómur eða grunur um næman búfjársjúkdóm í umdæmi dýralæknis, skal hann gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir til að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins og forða frá tjóni, er af honum getur stafað, og tilkynna það yfirdýralækni tafarlaust. Gerir yfirdýralæknir þá þær ráðstafanir, sem þurfa þykir, í samráði við hlutaðeigandi dýralækni.

Landbúnaðarráðherra skal að fengnum tillögum yfirdýralæknis setja reglugerð um næma búfjársjúkdóma og varnir gegn þeim og meðferð þeirra.

7. gr.

Læknisaðgerðir á dýrum, höldnum næmum sjúkdómum, skulu eingöngu framkvæmdar af dýralæknum eða í samráði við þá.

8. gr.

Dýralæknar skulu halda skýrslur um sjúkdóma og heilsufar búfjár, hver í sínu umdæmi. Skulu skýrslur þessar sendar yfirdýralækni fyrir 1. febrúar ár hvert. Úr skýrslum þessum skal yfirdýralæknir vinna heildaryfirlit um heilsufar búpenings um land allt samkvæmt nánari fyrirmælum landbúnaðarráðherra.

9. gr.

Dýralæknar annast kjötskoðun, hver í sínu umdæmi, eftir því sem aðstæður leyfa. Þar, sem dýralæknar ná eigi til, skulu héraðslæknar annast kjötskoðun samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er um það gilda, en í samráði og undir eftirliti hlutaðeigandi héraðsdýralæknis.

Héraðsdýralæknar safna skýrslum frá þeim, er kjötskoðun annast í umdæmum þeirra, og senda þær yfirdýralækni.

Yfirdýralæknir setur þeim, er kjötskoðun annast, reglur um framkvæmd kjötskoðunarinnar og hefur heilbrigðiseftirlit og aðalumsjón með öllum sláturhúsum landsins og frystihúsum, þar sem kjöt er geymt.

10. gr.

Héraðsdýralæknar skulu árlega annast eftirlit með nautgripum, heilbrigði þeirra, hirðingu, umgengni í fjósum og öðru því, er lýtur að mjólkurframleiðslu á þeim heimilum, sem framleiða sölumjólk. Skulu dýralæknar halda skýrslur um þetta eftirlit samkv. nánari fyrirmælum yfirdýralæknis. Skýrslur þessar skulu vera í 2 eintökum, og fær hlutaðeigandi mjólkurbú eða samsala annað eintakið, en yfirdýralæknir hitt. Skýrslurnar skulu sendar þessum aðilum eins fljótt og við verður komið. Yfirdýralæknir segir fyrir um skýrslugerð þessa og afgreiðslu þeirra.

124
22. des.

11. gr.

Þæt, sem ekki er sérstök lyfjabúð í næsta nágrenni dýralæknis, ber honum skylda til að hafa til sölu öll algengustu dýralyf samkvæmt nánari reglum, er yfirdýralæknir setur.

12. gr.

Héraðsdýralæknar og yfirdýralæknir skulu taka laun úr rikissjóði. Yfirdýralæknir samkvæmt V. flokki launalaganna. Honum skal greiddur skrifstofu- og ferðakostnaður samkvæmt reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Héraðsdýralæknar taka laun samkvæmt X. flokki launalaganna. Auk þess skal þeim greitt fyrir störf og ferðir fyrir einstaka menn eða hið opinbera samkvæmt gjaldskrá, er landbúnaðarráðherra setur að fengnum tillögum Dýralæknafélags Íslands.

13. gr.

Meðan svo er ástatt sem segir í síðustu málsgrein 1. gr., er sýslu- og bæjarfélögum í umdæminu heimilt að semja við menn þar búsetta, sem eigi eru dýralæknar að menntun, en reyndir að meiri hæfni en almennt er til að hjálpa búpeningi, að annast dýralæknisstörf, eftir því sem kunnátta þeirra leyfir, önnur en þau, er um getur í 7. og 9. gr., til hjálpar búfjáreigendum í umdæminu, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til, að fengnu álitni yfirdýralæknis. Bæjar- og sýslufélög njóta styrks úr rikissjóði til að greiða mönnum þeim, sem þannig eru ráðnir, hæfileg laun fyrir störf sínu. Styrkurinn greiðist án tillits til þess, hvort hlutaðeigandi aðilar leggja fram fé á móti eður eigi. Þó skal styrkur sá, sem greiddur er í hvert umdæmi, sem er án dýralæknis, aldrei nema hærri upphæð en $\frac{2}{3}$ þeirra launa, sem héraðsdýralæknum eru greidd samkv. launalögum. Leita skal tillagna yfirdýralæknis um þessar styrkveitingar. Styrkur þessi feilur niður, þegar dýralæknir fæst í umdæmið.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 12. júní 1939, um dýralækna, lög nr. 4 27. jan. 1943, um breytingar á lögum nr. 24 12. júní 1939, og lög nr. 31 22. apríl 1947, um breytingu á lögum nr. 4 27. jan. 1943, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum, er kynnu að koma í bága við lög þessi.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

L Ö G

125

22. des.

um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1948.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þar til samþykkt hafa verið og staðfest fjárlög fyrir árið 1948, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir 1947 öll venjuleg rekstrarútgjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1948.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

126

22. des.

um viðauka við lög nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða:

1. að III. kafli laga nr. 104 30. desember 1943, um sjúkratryggingar, skuli vera í gildi til ársloka 1948, með þeirri breytingu, að hámark framlaga ríkissjóðs og sveitarsjóða samkv. 47. gr. hækki úr 12 krónum í 18 krónur á ári, grunngjaldið, og að til sama tíma skuli frestað framkvæmd III. kafla laga nr. 50 7. maí 1946, um heilsugæzlu, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndar og/eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr., til ríkissjóðsstyrks samkv. 77. gr. helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. um skipun lækna við slíkar stöðvar;
2. að Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1948 að greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærrí tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi tvöfaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr.;
3. að Tryggingastofnun ríkisins skuli vera heimilt á árinu 1948 að greiða styrki til læknavitjanasjóða samkv. lögum nr. 59 1942, samtals allt að 100 þús. krónum auk vísitöluuppbótar, enda skiptist upphæðin milli sjóðanna að fengnum tillögum landlæknis;

- 126 4. að iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 112. gr. skuli á árinu 1948 lækka um
22. des. 25% á II. verðlagssvæði og að þessi lækking megi einnig ná til ársins 1947, enda
eigi aðilar ekki rétt til endurgreiðslu greiddra iðgjalda fyrr en í sambandi við
iðgjaldagreiðslur á árinu 1948;
5. að störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelur og starfar á heimili foreldra
sinna, skuli metin til vinnuviku samkv. 112. gr. á sama hátt og nú er gert um
störf unglunga á aldrinum 16—20 ára.
6. að iðgjöld samkv. 107. gr. og 112. gr. og framlög sveitarfélaga samkv. 114. gr.
skuli á árinu 1948 innheimt með visitöluálagi, er miðist við 315 visitölustig,
og að grunnupphæð heildarframlags sveitarfélaganna til tryggingasjóðs samkv.
114. gr. skuli á árinu lækka niður á 3.6 millj. króna;
7. að skrár þær, er sveitarstjórnnum ber að gera samkv. 118. gr., skuli á árinu 1948
vera fullgerðar einum mánuði fyrr en greinin ákveður og annað eintak þeirra
sent hlutaðeigandi innheimtumanni, svo og, að afhendingu nýrra tryggingaskír-
teina megi á árinu 1948 fresta, eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt,
og nota skírteini ársins 1947, meðan sú frestun varir;
8. að bráðabirgðaákvæði 11 skuli vera í gildi til ársloka 1948;
9. að vangreiðslur sjúkrasamlagsiðgjalda á árinu 1948 skuli varða skerðingu eða
missi réttinda til sjúkrahjálpar á árinu 1949;
10. að lágmarksiðgjald sjúkrasamlaga, annarra en skólasamlaga, skuli á árinu 1948
vera 5 kr. á mánuði;
11. að iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðastjóra
skuli hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum, er gangi fyrir
öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til rikissjóðs, og að iðgjöld sam-
kvæmt sömu grein vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skuli hafa
sams konar veðrétt í eignum þessum;
12. að rannsókn sú, er um ræðir í 7. tölulið bráðabirgðaákvæða, skuli hafin eigi
síðar en í byrjun ársins 1948 og að heildarendurskoðun laganna skuli hafin á
síðari hluta ársins 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 89 1946, um við-
auka við lög um almannatryggingar.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

127
29. des.

L Ö G

um breyting á lögum um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og
Danmerkur, nr. 85 frá 9. okt. 1946.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

2. gr. laga nr. 85 frá 9. október 1946 orðist þannig:

Meðan eigi er lokið samningum þeim, er nú standa yfir vegna niðurfellingar
dansk-íslenzka sambandslagasamningsins 30. nóvember 1918, heimilast ríkisstjórn

Íslands að gera þær ráðstafanir, sem þörf er á til að láta Færeyinga halda þeim rétti, 127
er þeir hafa haft til fiskveiða með handfæri á þilskipum með eða án gangvéla og 29. des.
opnum bátum hér við land fyrst um sinn, þó eigi lengur en til ársloka 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 29. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um dýrtíðarráðstafanir.

128

29. des.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Markmið laga þessara.

1. gr.

Til þess að vinna gegn verðbólgu og dýrtíð, tryggja áframhaldandi rekstur sjávarútvegsins, stemma stigu fyrir atvinnuleysi og auka framleiðslu til gjaldeyrisöflunar er sett löggjöf sú, sem hér fer á eftir.

II. KAFLI

Um eignaraukaskatt.

2. gr.

Á árinu 1948 skal leggja sérstakan skatt á eignarauka, sem orðið hefur á tímabilinu frá 1. janúar 1940 til 31. desember 1947. Skal sá skattur renna í framkvæmdasjóð ríkisins, sbr. lög nr. 55/1942.

Nú verður stofnaður afla- og hlutatryggingasjóður fyrir bátaútveginn með lögum, og skal þá skatturinn skiptast að jöfnu milli hans og framkvæmdasjóðsins.

Skatturinn skal lagður á þá skattþegna, sem 1. janúar 1948 eiga skuldlausu eign, er nemur yfir 100 þúsund krónum umfram skuldlausu eign þeirra 1. jan. 1940.

Undanþegin eignaraukaskatti eru:

- a. Eimskipafélag Íslands h/f.
 - b. Fé það, sem félög og einstaklingar, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnurekstri, hafa lagt í vara- og nýbyggingarsjóði og ekki hefur verið greiddur tekjuskattur af.
 - c. Fé það, sem samvinnufélög hafa lagt í varasjóði samkvæmt ákvæðum laga um samvinnufélög eða tekjuskattur hefur ekki verið greiddur af.
- Skatturinn ákveðst þannig:

Af 100—200 þús. kr. eignaraukningu greiðist 5% af því, sem er umfram 100 þús. kr.

- 128 Af 200—400 þús. kr. eignaraukningu greiðist 5 þúsund kr. af 200 þús. kr. og
29. des. 10% af afgangi.
Af 400—600 þús. kr. eignaraukningu greiðist 25 þúsund kr. af 400 þús. kr. og
15% af afgangi.
Af 600—800 þús. kr. eignaraukningu greiðist 55 þúsund kr. af 600 þús. kr. og
20% af afgangi.
Af 800 þús. kr. til 1 millj. kr. eignaraukningu greiðist 95 þúsund kr. af 800 þús.
kr. og 25% af afgangi.

Af 1 millj. kr. eignaraukningu greiðist 145 þúsund kr. og 30% af því, sem er þar fram yfir.

Eignaraukaskattur allra samvinnufélaga svo og félaga og einstaklinga, sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnurekstri, reiknast þannig:

Eignaraukning allt að 100 þús. kr. er skattfrjáls. Af eignaraukningu frá 100 þús. kr. til 200 þús. kr. greiðist 5% af því, sem er umfram 100 þús. kr. Ef eignaraukning nemur yfir 200 þús. kr., greiðist 5000 kr. af 200 þús. kr. og 10% af þeirri eignaraukningu, sem þar er fram yfir.

3. gr.

Eignarauka skal finna með því að bera saman skuldlausu eign gjaldþegns 1. janúar 1940, sem nefnist byrjunareign, og skuldlausu eign hans 31. desember 1947, sem nefnist lokaeign. Byrjunareign og lokaeign skal meta eftir skattaframtölum með leiðréttingum skattanefnda og þeim breytingum, sem þessi lög gera ráð fyrir. Ef skattaframtal 1940 er ekki til, skal miða við áætlun skattanefnda það ár, nema sannað sé, að eignir hafi verið aðrar. Ef gjaldþegn átti ekki fyrir skuldum 1. janúar 1940 eftir skattaframtali, skal taka tillit til þess, hvort eignir eru þar taldar með sannvirði. Ef skattanefndir telja vafa á því, skulu þær leiðrétta framtölin og hafa hliðsjón af vátryggingarverði eigna og sennilegu söluverði. Ef skuldir verða þrátt fyrir þær leiðréttingar meiri en eignir, skal enga byrjunareign telja (byrjunareign = 0). Ef ekki er til skattaframtal 1948, skal miða við áætlun skattanefnda. Með eignum einstaklinga skal telja eign þeirra í sameignar- og samlagsfélögum, og teljast slík félög ekki sjálfstæðir skattgreiðendur. Hlutabréf skulu bæði í byrjunareign og lokaeign metin með nafnverði.

Nú hefur maður flutzt til Íslands á tímabilinu 1. janúar 1940 til 31. desember 1947, og skal þá eign hans, er hann fluttist til landsins, talin byrjunareign.

4. gr.

Við ákvörðun eignarauka skal um einstakar eignir, sem skattþegn hefur átt óslitið frá 1. janúar 1940 til 31. desember 1947, miða við sama verð á byrjunareign og lokaeign, nema eignin hafi hækkað í verði vegna þess, að notagildi hennar hafi verið aukið verulega með endurbótum á eigninni eða viðaukum við hana. Skal eignin þá í lokaeign hækkuð í verði um það, sem skattanefndir telja verðgildi hennar hafa aukizt vegna breytinganna að frádreginni hæfilegri fyrningu endurbótanna.

Þegar búfé er metið til eignar, skal í byrjunareign og lokaeign leggja sama búfjármat til grundvallar, nema búfjármagn hafi aukizt, þá skal aukningin ákveðin eftir reglum, sem gilda um búfjármat við framtal á árinu 1948.

5. gr.*

Ef skattþegn hefur selt fasteign eða skip, sem hann átti 1. janúar 1940, á tímabili því, sem getur í næstu grein hér á undan, án þess að kaupa aðra fasteign eða annað skip í staðinn, skal leggja söluverð þessara eigna til grundvallar við ákvörðun byrjunareignar, enda sé ótvírætt sannað, hvert söluverðið hefur verið, og það í sam-

ræmi við gangverð á þeim tíma og stað, þegar salan fór fram. Liggi söluverð ekki fyrir, skal miða við fasteignamat að viðbættu sama álagi og segir í 6. gr., þegar um kaup er að ræða. Skip skulu þó talin með váttryggingarverði, þegar sala fór fram, nema sannað sé með mati dómkvaddra manna, að það hafi þá verið óeðlilega váttryggt. Ef skattþegn hefur keypt aðra fasteign eða skip í staðinn á tímabilinu eða samið um smíði skips, sem eigi er fullgert 1. janúar 1948, skal telja söluverð hinna seldu eigna í byrjunareign að svo miklu leyti, sem það gengur upp í kaupverð hinna nýju eigna.

Ákvæði þessi um hámarksverð eiga ekki við, þegar opinber aðili hefur verið kaupandi, og skal þá fara eftir sammingsverði.

6. gr.

Ef um er að tefla eignir, sem skattþegn hefur eignast á tímabilinu frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1947, skal í lokaeign miða við það verð, sem hann hefur greitt fyrir þær að frádreginni fyrningu í skattaframtali samkvæmt ákvæðum laga. Fasteignir og skip, sem skattþegn hefur eignast á tímabilinu, skulu ekki reiknuð með lægra verði en hér segir, sbr. þó 2. og 3. mgr.:

1. Jarðeignir með tilheyrandi húsum. Ef skattþegn hefur eignast jörðina árið 1940 eða 1941, skal telja fasteignamatsverð með 25% álagi lágmarksverð, hafi hann eignast jörðina árið 1942, telst fasteignamatsverð með 50% álagi lágmarksverð, árið 1943 með 100% álagi, árið 1944 með 150% álagi og árin 1945—47 með 200% álagi.

2. Fasteignir, aðrar en jarðir, í sveitarfélögum með yfir 1000 íbúa. Ef skattþegn hefur eignast fasteignina árið 1940, telst fasteignamatsverð með 25% álagi lágmarksverð, árið 1941 með 50% álagi, árið 1942 með 100% álagi, árið 1943 með 200% álagi, árið 1944 með 300% álagi, árið 1945 með 400% álagi og árin 1946—47 með 500% álagi.

3. Fasteignir, aðrar en jarðir, í sveitarfélögum með 1000 íbúum og þar undir:

Ef skattþegn hefur eignast fasteignina árið 1940 eða 1941, telst fasteignamat með 25% álagi lágmarksverð, árið 1942 með 50% álagi, árið 1943 með 150% álagi, árið 1944 með 200% álagi, árið 1945 með 250% álagi og árin 1946 og 1947 með 300% álagi.

4. Skip skal ekki reikna til eigna lægra verði en kaskováttrygging þess nemur á þeim tíma, sem skattþegn eignaðist skipið. Þó skal telja með þann hluta verðmætis skips, sem samkvæmt virðingargerð váttryggingarfélags er í sjálfstryggingu eiganda. Heimilt er skattþegni þó að sanna með mati dómkvaddra manna, að skip sé váttryggt of háu verði. Skattanefndir og skattþegn geta látið fara fram yfirmat. Ef skip er óváttryggt, skulu skattanefndir meta, en bera má mat þeirra undir mat dómkvaddra manna.

Ákvæði þessi um lágmarksverð eiga ekki við, þegar opinber aðili hefur verið seljandi. Þá skal fara eftir sammingsverði.

Nú þykir ótvírætt sannað, hvert verið hefur kaupverð fasteignar eða skips, sem skattþegn hefur eignast á nefndu tímabili, og skal þá leggja það til grundvallar í loka-eign, ef það er í samræmi við gangverð eigna á þeim tíma og stað, þar sem kaupun gerðust, að frádreginni lögleyfðri fyrningu.

7. gr.

Þegar miðað er við fasteignamat í lögum þessum, skal leggja fasteignamatið frá 1942 til grundvallar. Ef fasteign eða skipi, sem skattþegn hefur eignast á fyrrgreindu tímabili, hefur verið breytt eða endurbætt þannig, að verðgildi þess hafi aukizt verulega, eða eignin rýrnað verulega í verði, án þess að fasteignamati eða váttryggingarverði hafi verið breytt, skulu skattanefndir meta breytinguna til peningaverðs í loka-eign. Sama gildir um eignir, sem skattþegn átti 1. janúar 1940, en seldi síðar.

128

29. des.

8. gr.

Áður en byrjunareign er ákveðin, skal draga frá henni þá fjárhæð, sem skattþegn hefur greitt í útsvar, tekjuskatt, samvinnuskatt, eignarskatt og úthlutaðan tekjuafgang í samvinnufélögum árið 1940. Á sama hátt skal draga frá lokaeign útsvar, tekjuskatt, tekjuskattsviðauka, stríðsgróðaskatt, samvinnuskatt, úthlutaðan tekjuafgang í samvinnufélögum, greiddan á árinu 1948, auk tryggingariðgjalda samkvæmt 112. og 113. gr. laga um almannatryggingar.

9. gr.

Dánarbætur, útborgað lífsábyrgðarfé vegna látins framfæranda og slysbætur, sem menn hafa fengið á árunum 1940—1947, dragast frá lokaeign. Lífsábyrgð, útborguð í lífanda lífi, fallinn útborgaður arfur og dánargjafir skulu dragast að hálfu frá lokaeign. Fyrirframgreiðsla upp í arf á árunum 1946 og 1947 leggist við lokaeign þess, sem greiðsluna innti af hendi, en dregst frá hjá viðtakanda, sem þó ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Sama er um gjafir til einstakra manna, ef numið hafa meiru en 1000 krónum til hvers.

10. gr.

Ef kona hefur gengið að eiga mann á tímabilinu 1. janúar 1940 til 31. desember 1947, skal leggja byrjunareign hennar við byrjunareign manns hennar og síðan fara með eignirnar sem einn aðili væri. Ef hjón hafa skilið á tímabilinu eða fjárfélagi þeirra verið slitið fyrir 1. nóvember 1947, skiptist byrjunareign þeirra til helminga, nema að því leyti, sem um séreign hefur verið að ræða.

11. gr.

Framtalsnefnd samkvæmt lögum nr. 67/1947 annast álagningu eignaraukaskatts. Ráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum nefndarinnar, ákvæði um álagningu skattsins, kærur út af honum, fresti, úrskurði, gjalddaga, innheimtu og fleira, er að framkvæmd laganna lýtur. Um eignaraukaskattinn skal fara eftir því, sem við á, enda sé ekki á annan veg mælt í þessum lögum, eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög.

III. KAFLI

Um verðlagsuppbætur o. fl.

12. gr.

Hvarvetna þar, sem fjárhæð starfslauna eða annarra greiðslna er miðuð við verðlagsvísitölu samkvæmt lögum, samningum eða á annan hátt, má ekki miða verðlagsuppbót við hærri vísitölu en 300, meðan lög þessi eru í gildi. Elli- og örorkulífeyri samkv. lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, má þó greiða með verðlagsuppbót, er nemur allt að 315 vísitölustigum.

13. gr.

Nú fær fastlaunamaður heildarlaun, án þess að sérstök grunnlaun hafi verið ákveðin, og lækka þau þá eftir gildistöku laga þessara hlutfallslega við þá lækkun kaupvísitölnunnar, sem ákveðin er í 12. gr.

14. gr.

Undanþága sú frá greiðslu skatta og útsvara af áhættuþóknun, er getur í lögum nr. 61/1939, er úr lögum numin.

Nú stundar sjómaður atvinnu fjarri heimili sínu, og skal þá ekki telja honum til skattskyldra tekna fæðishlunnindi, sem hann kann að hafa hjá atvinnurekanda. En verði hann hins vegar að sjá sér sjálfur fyrir fæði, skal hann eiga rétt á því, að frá tekjum hans sé dreginn hæfilegur fæðiskostnaður, áður en skattur er á þær lagður, og skulu um það sett ákvæði í reglugerð.

15. gr.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku laganna gera ráðstafanir til þess að færa niður verð á hvers konar vörum, verðmæti og þjónustu til samræmingar við niðurfærslu kaupvísitölunnar. Tekur þetta til alls þess, sem greinir í 15. gr. laga nr. 70/1947, þar á meðal til hvers konar verzlunarkostnaðar, dreifingarkostnaðar, flutningsgjalda á sjó, landi og í lofti, greiðasölu, veitinga, skemmtana, umsjónar með húsbýggingum o. s. frv. Þá tekur þetta og til hvers konar verðmæta og þjónustu, sem bæjar- og sveitarfélög selja almenningi, svo sem verðs á rafmagni, gasi, o. s. frv. Ber að gæta þess, að þeir kostnaðarliðir, sem stafa af vinnulaunum, lækki a. m. k. í fullu hlutfalli við niðurfærslu kaupvísitölunnar. Vald það, er verðlagsyfirvöld hafa til frekari verðlækkunar samkvæmt lögum, eru í engu skert. Brot gegn fyrirætlum verðlagsyfirvalda samkvæmt þessari málsgrein varða viðurlögum samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1947.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fyrir húsaleigunefndir að færa niður um allt að 10% húsaleigu í húsum, sem reist hafa verið eftir árslok 1941, svo og húsaleigu í eldri húsum, þar sem nýr leigusamningur hefur verið gerður eftir árslok 1941. Ákvæði þetta skerðir í engu vald húsaleigunefnda samkvæmt gildandi lögum til niðurfærslu húsaleigu. Brot gegn ákvæðum þessarar málsgreinar varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 39/1943.

16. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal, þegar er lög þessi hafa tekið gildi, verðskrá landbúnaðarvörur af nýju. Skal þá við það miða, að laun þeirra, er að framleiðslunni vinna, bænda og annarra, haldist í sama hlutfalli við laun þeirra stétta, sem við var miðað við verðákvörðun varanna sumarið 1947, þangað til ný landbúnaðarverðlagsvísitala hefur verið ákveðin samkvæmt lögum nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

IV. KAFLI

Um ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins o. fl.

17. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs þær ráðstafanir, sem taldar eru í 18.—20. gr., í þeim tilgangi að tryggja bátaútveginum á árinu 1948 65 aura verð fyrir hvert kg af nýjum fiski, miðað við þorsk og ýsu, slægðan með haus.

18. gr.

Ríkissjóður ábyrgist hraðfrystihúsum það, sem á kann að vanta, að söluverð á þorsklökum ná kr. 1.33 hvert enskt pund fob. og samsvarandi verði á öðrum fisktegundum. Ákveða má með reglugerð, að greiða megi úr ríkissjóði hluta af geymslukostnaði hraðfrysts vetrarvertíðarfisks, sem fluttur er út eftir 1. ágúst.

19. gr.

Ríkissjóður ábyrgist saltfisksútlýtjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg fob., miðað við fullsaltan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi. Sambærilegt verð skal

- 128 ábyrgzt fyrir hertan fisk útfluttan. Ákveða skal með reglugerð, að greiða megi úr ríkissjóði rýrnun á saltfiski, er stafar af langri geymslu, enda eigi útflytjandi ekki sök á drættinum. Geymsla saltfisks er að öðru leyti á ábyrgð útflytjanda.

20. gr.

Til þess að tryggja 65 aura verð á nýjum fiski og sölu aflans er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast útflutningsverð á fiski, sem verkaður er á annan hátt en talið er í 18. og 19. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segja til.

21. gr.

Ríkisstjórnin ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1947 til 1. sept. 1948 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. lög nr. 94/1947.

22. gr.

Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáiast fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

Nú seljast afurðir, sem ábyrgð er tekin á, hærra verði en ábyrgðarverði, og rennur þá sá hluti andvirðis, sem umfram er, í ríkissjóð, unz hann er skaðlaus orðinn af ábyrgð á fiskafurðum samkvæmt þessum lögum.

23. gr.

Auglýsa skal svo fljótt sem unnt er lágmarksverð á nýjum fiski, sem miðast við 65 aura verð, sbr. 17. gr., og skal verð annarra fisktegunda vera samsvarandi. Leita skal tillagna Landssambands íslenzkra útvegsmanna um verðlagninguna.

24. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd þessa kafla laganna, þar á meðal um sönnunargögn fyrir því, að hlutarsjóðmönnum og útgerðarmönnum, er selja fisk sinn öðrum, hafi verið greitt það lágmarksverð, sem ákveðið er samkvæmt 17. gr., enda er greiðsla þess fiskverðs skilyrði fyrir öllum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og ábyrgðum samkvæmt lögum þessum.

Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

25. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50000 króna sekt til ríkissjóðs.

26. gr.

Þegar innflutnings- og gjaldeyrisdeild, sbr. III. kafla laga nr. 70/1947, tekur ákvarðanir varðandi verðlagningu á veiðarfærum og viðgerðum skipa, skal kveðja til tvo fulltrúa, annan frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og hinn frá Fiskifélagi Íslands. Skulu þeir hafa atkvæðisrétt um þau mál.

128

29. des.

27. gr.

Meðan ríkisábyrgð vegna bátaútvegsins samkv. 17.—20. gr. er í gildi, mega vextir af rekstrarlánnum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af ábyrgðarverðinu.

V. KAFLI

Um aðstoðarlán til útvegsmanna, er sildveiðar stunduðu sumarið 1947.

28. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 5 milljónum króna eða ábyrgjast jafnháa fjárhæð, er varið skal til aðstoðar sildarútvegsmönnum árið 1947.

29. gr.

Útgerðarmenn og útgerðarfyrirtæki, sem stunduðu sildveiðar með herpinót sumarið 1947, geta sótt um lán samkvæmt lögum þessum, ef þeir eða þau eiga vegna aflabrests á sildarvertíðinni erfitt með áframhaldandi rekstur.

30. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd til að hafa á hendi lánveitingar samkvæmt þessum kafla laganna. Umsóknir um lán skulu sendar nefndinni. Nefndin ákveður, hve langan frest umsækjendur hafa til lánbeiðninnar.

Lánbeiðnir skulu vera skriflegar. Þeim skulu fylgja skilríki sem hér segir:

1. staðfest eftirrit af skattaframtali umsækjanda 1947.
2. efnahagsreikningur umsækjanda pr. 31. des. 1947,
3. rekstrarreikningur sildarútgerðar umsækjanda 1947,
4. veðbókarvottorð skipa og fasteigna umsækjandans.

Auk þess er umsækjanda skylt að gefa nefndinni allar þær skýrslur, er hún telur nauðsynlegar. Með allar skýrslur varðandi lánin skal farið sem trúnaðarmál.

31. gr.

Þegar lánveitinganefnd hefur fengið tilskilin skjöl í hendur, skal hún sannprófa, eins og unnt er, hvort þau eru rétt. Ef nefndin telur, að umsækjandi eigi erfitt með áframhaldandi rekstur, skal honum veitt lán, ef hann getur sett tryggingar, sem nefndin metur gildar. Nú sækir hlutafélag eða annað félag með takmarkaðri ábyrgð um lán eftir lögum þessum, og skal þá setja það skilyrði fyrir lánveitingunni, að aðalhluthafar eða aðaleigendur fyrirtækisins taki persónulega ábyrgð á láninu í hlutfalli við hlutfjáreign eða stofnfjáreign þeirra í félaginu, nema aðrar fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir láninu. Nefndin ákveður, hver fjárhæð hvers láns skal vera. Einnig ákveður hún lánstíma og skiptingu afborgana. Lánstími má þó ekki vera yfir 5 ár. Ársvextir skulu vera 5%.

32. gr.

Ekkert lán má afgreiða fyrr en ráðherra hefur veitt samþykki sitt til þess.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um afgreiðslu lánanna og um bókhald og innheimtu þeirra fyrir þóknun, sem ráðherra ákveður.

128

29. des.

Ef lántakandi selur skip sitt eða aðrar eignir, sem settar hafa verið að tryggingu fyrir láninu, má innheimta lánið að nokkru eða öllu leyti þegar í stað.

33. gr.

34. gr.

Þeir, sem fá lán samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem lánin eru við miðuð, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

35. gr.

Ráðherra og lánveitinganefnd geta sett nánari reglur um lánveitingar þessar, ef þurfa þykir.

VI. KAFLI

Um framlengingu á ákvæðum laga nr. 28/1947, um hækkun á aðflutningsgjöldum.

36. gr.

Vörumagnstollur.

Til ársloka 1948 skal innheimta vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari lögum um breytingu á þeim lögum með þeim hækkunum, sem hér greinir:

- a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárlaganna, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
- b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi með þeim undantekningum, sem getur í 38. gr.

37. gr.

Verðtollur.

Á sama tíma skal verðtollur innheimtur með 65% álagi, með þeim undantekningum, sem getur í 38. gr.

38. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, sem í 36. og 37. gr. getur, eru eftirtaldar vörur: Tollskrárkafla 9 nr. 1—2, kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.

— 10 nr. 1—7, korn ómalað.

— 11 — 1—12, mjöl og grjón.

— 17 — 1—6, sykur.

— 22 — 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.

— 24 — 1—9, tóbak.

— 25 — 10, salt.

— 27 — 1—4, kol.

— 27 — 14, steinolía.

Enn fremur eru allar vörur, sem tollur er greiddur af samkvæmt milliríkjasamningum, undanskildar tollhækkun samkvæmt þessum kafla laganna.

39. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollhækkana samkvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollhækkunina eða með því að breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki í krónutölu vegna tollhækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

VII. KAFLI

128

Um álagningu söluskatts vegna ábyrgðar á fiskafurðum og niðurgreiðslu á innlendum vörum.

29. des.

40. gr.

Einstaklingar og félög, sem hafa með höndum skattskyldan atvinnurekstur, skulu greiða skatt í ríkissjóð af sölu ársins 1948 eftir reglum þeim, sem settar eru í þessum kafla laganna.

41. gr.

Söluskattur skal greiðast af heildarandvirði seldrar vöru og þjónustu, hverju nafni sem nefnist, án frádráttar nokkurs kostnaðar, þar með talið andvirði vöru seldrar í umboðssölu svo og tilboðasöfnun, úttekt eigenda úr sjálfs sín fyrirtæki og skipti gegn vöru eða þjónustu. Sala fasteigna, skipa, einkaleyfa, verðbréfa, krafna eða annarra slíkra verðmæta og iðgjaldstekjur váttryggingarfélaganna eru undanþegnar söluskatti. Söluskattur greiðist hins vegar af andvirði vinnu, sem seld er með álagningu (smíði, viðgerðir o. þ. h.), af andvirði vinnu, sem gjaldandi hefur umsjón með gegn álagningu (málun, raflögn, trésmíði o. þ. h.), af greiðslum til verktaka, flutningsgjöldum og afgreiðslugjöldum, heildartekjum prentsmiðja, bókaútfenda, þvottahúsa, fatapressna, rakara- og hárgreiðslustofa og þess háttar fyrirtækja, af sölu klæðskeraverkstæða og saumastofa, af matsölu og sölu veitinga- og gistihúsa, af aðgangseyri að skemmtunum, sem skemmtanaskattur er greiddur af, og yfirleitt af heildartekjum þeirra fyrirtækja, sem selja vöru, efni, vinnu eða aðra þjónustu með álagningu.

42. gr.

Söluskattur skal nema því, sem hér segir:

1. Af heildsölu og umboðssölu 2%,
2. Af smásölu 1½%,
3. Af sölu iðju- og iðnfyrirtækja sem og allra annarra fyrirtækja, sem gjaldskyld eru samkvæmt 40. gr. 1½%.

Eigi skal þó greiða skatt af sölu þeirri, sem hér segir:

1. a. andvirði vöru, sem seld er úr landi,
- b. andvirði mjólkur- og mjólkurafurða, garðávaxta, kjöts, nýs, frosins, reyktis, niðursoðins og saltaðs, fisks, nýs, frosins, niðursoðins og saltaðs, að sild meðtalinni,
- c. sölu á veiðarfærum, hvers konar fiskumbúðum, salti, hráolíu, brennsluolíu, smurningsolíum öllum, svo og viðgerðum á skipum,
2. sölu þeirra, sem eru ekki bókhaldsskyldir, sbr. lög um bókhald, nr. 62 11. júní 1938.

43. gr.

Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt lögum þessum, skulu innan tveggja vikna eftir 30. júní, 30. september og 31. desember senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um viðskipti sín og sölu á undangengnu tímabili. Skulu hinir síðarnefndu ákveða gjaldið innan tveggja vikna og það síðan greiðast tollstjóranum í Reykjavík eða sýslumönnum og bæjarfógetum utan Reykjavíkur fyrsta dag næsta mánaðar. Ef skatturinn hefur eigi verið greiddur innan eins mánaðar frá gjalddaga, reiknast af honum dráttarvextir, ½% á mánuði, og telst hver byrjaður mánuður sem heill.

128

29. des.

Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af gjaldendum hverra þeirra gagna, sem telja má nauðsynleg til skýringar á framtalinu. Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína og viðskipti á tilskildum tíma, eða telji skattstjóri eða skattanefnd framtali ábótavant, skal þeim heimilt að áætla sölu gjaldandans og ákveða gjaldið eftir því. Komi í ljós, að söluskatturinn hafi verið ákveðinn á röngum forsendum, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að breyta fyrri ákvörðun sinni. Telji gjaldþegn söluskatt ranglega ákveðinn, hefur hann rétt til að áfrýja þeirri ákvörðun til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

44. gr.

Skattstjóri og skattanefndir skulu hafa aðgang að gögnum innflutnings- og gjald-eyrisdeildar fjárhagsráðs, verðlagsstjóra og tollyfirvalda til notkunar við endurskoðun skattaframtala og ákvörðun skattsins.

45. gr.

Verð vöru má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana eða fyrirtækja vegna hans.

46. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að vissir flokkar gjaldenda auk þeirra, sem áður voru nefndir, skuli undanþegnir söluskatti, ef álagning hans er talin sérstökum erfiðleikum bundin. Í reglugerð skal og ákveða um meðferð kærna og kærufrest.

47. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn þessum kafla laganna fer samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 9/1935, og lögum nr. 70/1947, um verðlagseftirlit o. fl.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

48. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera tillögur um árlegan visitöluútreikning, miðaðan við magn og verðmæti útflutningsframleiðslunnar.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1948.

50. gr.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

129

29. des.

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 90 17. des. 1946, skulu gilda til ársloka 1948.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

130

29. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1948.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1948 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

131
20. des.

FORSETA BRÉF
um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 67. löggjafarþings, frá 20. desember 1947, enda verði þingið kvatt til framhaldsfunda eigi síðar en 20. janúar 1948.

Ritað í Reykjavík, 20. desember 1947.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

132
24. des.

AUGLÝSING
um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Belgíu.

Með erindum sendiráða Íslands og Belgíu í París, dags. 20. nóvember og 5. desember 1947, hefur náðst samkomulag um afnám vegabréfsáritana fyrir borgara Íslands, sem ferðast vilja til Belgíu, og gagnkvæmt, enda sé ekki um lengri dvöl en tveggja mánaða að ræða.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 24. desember 1947.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG**um viðauka við lög nr. 128/1947 um dýrtíðarráðstafanir.**

133

31. des.

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér eftirfarandi:

Hinn 19. des. s. l. reiknaði Kauplagnesnefnd út húsaleiguvisitölu samkvæmt 6. gr. laga nr. 39/1943, og lagði þá til grundvallar hina almennu vísitölu eins og hún var 1. des. 1947. Nú er svo mælt í 12. gr. laga nr. 128/1947, að hvarvetna, þar sem fjárhæð starfslauna og annarra greiðslna er miðuð við verðlagsvísitölu, megi ekki, meðan þau lög eru í gildi, miða við verðlagsuppbót hærri en 300, og í 15. gr. sömu laga er m. a. svo ákveðið, að gerðar skuli ráðstafanir til að færa niður verð á hvers konar vörum, verðmæti og þjónustu til samræmingar við niðurfærslu vísitölnnar, enda er þar sérstök áherzla lögð á það, að þeir kostnaðarliðir, sem stafa af vinnulaunum lækki a. m. k. í fullu hlutfalli við niðurfærslu vísitölnnar. Þegar þessi ákvæði voru samin og sett var til þess ætlazt, að húsaleiguvisitölan yrði frá 1. janúar 1948 reiknuð út á grundvelli almennrar vísitölu 300. Samkvæmt þessu kveðst forsætisráðherra hafa með bréfi, dags. 30. des. s. l., falið Kauplagnesnefnd að reikna út nýja húsaleiguvisitölu, þar sem hin almenna vísitala 300 væri lögð til grundvallar, en Kauplagnesnefnd hafi í bréfi sínu í dag neitað að verða við þessum fyrirmælum og véfengt heimild til þeirra. Til þess að girða fyrir þá töf, sem þessi neitun Kauplagnesnefndar gæti valdið á framkvæmd laga nr. 128/1947, þykir brýna nauðsyn til bera að setja henni í lagaformi þau fyrirmæli, er hún fái ekki véfengt.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Kauplagnesnefnd skal nú þegar reikna út nýja húsaleiguvisitölu, er gildi frá 1. janúar til 31. marz 1948, þar sem lögð er til grundvallar hin almenna vísitala 300.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. desember 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 47 frá 30. júní 1942.

Samkvæmt tillögu ráðuneytisins hefur forseti Íslands í dag staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð Háskóla Íslands:

1. gr.

29. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Í guðfræðideildinni er veitt kennsla í þessum greinum:

1. *Gamla-testamentisfræði:*

- a. Skýringar á völdum köflum úr Gamla-testamentinu.
- b. Trúarsaga Ísraels.
- c. Inngangsfræði Gamla-testamentisins.
- d. Stutt yfirlit yfir Ísraelssögu.

2. *Nýja-testamentisfræði:*

- a. Nákvæm skýring á þessum ritum Nýja-testamentisins á grísku:
Guðspjöllunum fjórum,
Rómverjabréfinu,
Fyrri Korintubrési,
Galatabréfi,
Fyrri Pétursbrési.
- b. Skýring á öðrum ritum Nýja-testamentisins á íslenzku.
- c. Guðfræði Nýja-testamentisins.
- d. Inngangsfræði Nýja-testamentisins.

3. *Kristileg trúfræði:*

- a. Kristileg trúfræði.
- b. Trúvarnarfræði.
- c. Játningafraði.

Tvær síðasttöldu fræðigreinarnar (b. og c.) skulu þó því aðeins kenndar, að ekki sé tekið það tillit til þeirra í trúfræðikennslunni, er geri óþarfa kennslu í þeim sérstaklega.

4. *Kristileg siðfræði.*5. *Kirkjusaga:*

- a. Almenn kirkjusaga.
- b. Kirkjusaga Íslands.
- c. Trúarlærdómasaga.

Síðasttalda fræðigreinin (c.) skal þó því aðeins kennd, að ekki sé tekið það tillit til hennar í kennslu almennrar kirkjusögu eða kristilegrar trúfræði, er geri óþarfa kennslu í henni sérstaklega.

6. *Almenn trúarbragðafraði:*

- a. Almenn trúarbragðasaga.
- b. Trúarheimspeki.
- c. Trúarlífssálarfræði.

7. *Kennimannleg guðfræði:*

- a. Bókleg tilsögn í höfuðatriðum prédikunarfræði, trúkennslufræði, sálgæzlufræði og helgisíðafræði.
- b. Verkleg tilsögn í barnaspurningum, ræðugerð, ræðuflutningi og messuflutningi.

Minnstu kröfur um verklegt nám eru, að stúdentinn hafi tekið stöðugan þátt í barnaspurningum eitt kennslumisseri, samið 4 ræður og flutt 2 messur.

8. *Kirkjuréttur.*

Skriflegar æfingar skal hafa með stúdentum í þeim námsgreinum, sem skriflegt próf er haldið í, og veita þeim leiðbeiningar um sérnám í þeim (sbr. 47. gr. B.).

2. gr.

- a. Eftir 12. tölulið 30. gr. komi nýr liður: Geð- og taugasjúkdómar. Kennslan er verkleg og munnleg.
- b. Í 14. tölulið sömu greinar (sem verður 15. töluliður) komi í stað orðanna „3 mánuðir í lyflæknisdeild“: 2 mánuðir í geðveikrahæli og að því loknu 1 mánuður í lyflæknisdeild.

3. gr.

47. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Próf í guðfræðideild.*A. Undirbúningspróf í grísku.*

Stúdentum er heimilt að ganga undir próf þetta eftir eins misseris nám við háskólann.

Prófið er aðeins munnlegt. Skulu þeir stúdentar, sem undir prófið ganga, hafa lesið að minnsta kosti 100 blaðsíður í almennri grísku, og Markúsarguðspjall, og skal ávallt prófað í hvorri tveggja grískunni.

Enginn stenz prófið, ef hann nær ekki einkunninni miður vel. Kennarinn í grísku prófar og dæmir um úrlausnirnar ásamt einum af kennurum guðfræðideildarinnar.

Kennarinn lætur af hendi prófvottorð endurgjaldslaust.

*B. Embættispróf í guðfræði.***I. Próf í afloknum greinum.**

Eftir tveggja missera nám í guðfræðideild er stúdentum heimilt að ganga undir próf í þessum námsgreinum:

1. Inngangsfræði Gamla-testamentisins.
2. Ísraelssögu.
3. Inngangsfræði Nýja-testamentisins.
4. Almennri trúarbragðasögu.

Próf þetta er aðeins munnlegt. Einkunnir reiknast við embættispróf þannig, að einkunnir í inngangsfræði Gamla-testamentisins og Ísraelssögu gilda hvor að $\frac{1}{4}$ í heildareinkunn munnlegs prófs í Gamla-testamentisfræðum, einkunn í inngangsfræði Nýja-testamentisins að $\frac{1}{5}$ í heildareinkunn munnlegs prófs í Nýja-testamentisfræðum, en einkunn í almennri trúarbragðasögu telst hálf einkunn í almennri trúarbragðafræði.

134
13. nóv.

Tveimur misserum eftir að stúdent hefur lokið prófi í almennri trúarbragðasögu, er honum heimilt að ganga undir próf í öðrum greinum almennrar trúarbragðafræði. Telst sú prófseinkunn hálf einkunn í almennri trúarbragðafræði.

5. Í kirkjusögu.

Stúdentum er heimilt að ganga undir munnlegt próf í almennri kirkjusögu eða kirkjusögu Íslands eftir tveggja missera nám, og tveimur misserum síðar undir próf í þeirri grein kirkjusögunnar, sem þeir eiga ólokið prófi í. Auk þess tekur stúdentinn samtímis skriflegt próf í annarri grein kirkjusögunnar eftir eigin vali. Ef stúdentinn kys það heldur, getur hann þó lokið öllu kirkjusöguprófinu eða síðari hluta þess við kandidatspróf. Ef hann velur efni til sérnáms úr kirkjusögu, fer um það eftir reglum um sérefni.

Eigi má líða lengri tími en 10 kennslumisseri milli prófs í aflokinni grein og kandidatsprófs.

II. Kandidatspróf.

Áður en stúdent segir sig til kandidatsprófs, skal hann hafa lokið prófi í grísku, inngangsfraði Gamla-testamentisins, Ísraelssögu, inngangsfraði Nýja-testamentisins og almennri trúarbragðasögu. Svo skal hann og sýna vottorð um, að hann hafi fært sér í nyt kennslu þá, sem veitt er í þeim námsgreinum, sem nefndar eru í 29. gr. og ekki er prófað í sérstaklega. Enn fremur skal hann, a. m. k. þremur mánuðum áður en kandidatspróf hefst að öðru leyti, skila ritgerð um efni úr sérnámi sínu í samráði við kennarann, og gengur hann þá ekki undir annað skriflegt próf í þeirri grein.

Prófið er haldið í þessum námsgreinum:

1. Gamla-testamentisfræðum.
2. Nýja-testamentisfræðum.
3. Kristilegri trúfræði.
4. Kristilegri siðfræði.
5. Kirkjusögu, hafi því prófi eigi verið áður lokið.
6. Almennri trúarbragðafræði, hafi því prófi eigi verið áður lokið.
7. Barnaspurningum.
8. Prédikun.

Prófið í 5 fyrstu greinunum er bæði skriflegt og munnlegt, í 6. grein munnlegt, en í 7. og 8. verklegt.

Barnaspurningar fara fram með þeim hætti, að kandidatarinn spyrja börn í heyranda hljóði út úr efni, sem þeim hefur verið tilkynnt degi áður en spurningar fara fram.

Prédikun semja kandidatarinn út af texta, sem þeim hefur verið tilkynntur viku áður en þeir flytja prédikanirnar. Skal það vera í heyranda hljóði í kirkju eða kapellu.

Gefa skal eina einkunn fyrir hverja grein í skriflegu og í munnlegu prófi, svo og í verklegu prófi. Einkunn fyrir ritgerð úr sérnámi og munnlegar úrlausnir í Nýja-testamentisfræðum skal tvöfalda.

Þetta tilkynnist þeim, er hlut eiga að máli.

Menntamálaráðuneytið, 13. nóvember 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.